2. Í þættinum er varðar skoðunarstöðvar á landamærum í BELGÍU:
   eftirfarandi færsla bætist við:
   Oostende (Zeehaven) P 0502599.
3. Í þættinum er varðar skoðunarstöðvar á landamærum í BRESKA KONUNGSRÍKINU:
   öll færslan 0711499 P Dover falli brott
   öll færslan 0712599 P Great Yarmouth falli brott
   öll færslan 0710899 P Harwich falli brott
   öll færslan 0720299 P Milford Haven falli brott
   öll færslan 0730199 P Scabster falli brott
   öll færslan 0713899 P Teesport falli brott
   öll færslan 0713699 P Teignmouth falli brott
   öll færslan 0731299 P Wick falli brott.
4. Í þættinum er varðar skoðunarstöðvar á landamærum á ÍRLANDI:
   öll færslan 0802699 P Cork falli brott
   öll færslan 08027099 P Killybegs falli brott.
5. Í þættinum er varðar skoðunarstöðvar á landamærum í PORTÚGAL:
   öll færslan 120499 P Figuera da Foz falli brott
   öll færslan 1204799 P Olhao falli brott
   öll færslan 1204199 P Portimao falli brott.
6. Í þættinum er varðar skoðunarstöðvar á landamærum í FINNLANDI:
   öll færslan 1400599 P Kotka falli brott.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR** **2007/EES/16/02**

**frá 29. ágúst 2003**

**um bráðabirgðaráðstafanir sem gera skal í Ungverjalandi með tilliti til heilbrigðiseftirlits með afurðum úr dýraríkinu frá Rúmeníu (*)**

*(tilkynnt með númeri C(2003) 3074)*

(2003/630/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ([1]), eins og henni var breytt með b-lið 53. liðar 1. liðar B-hluta 6. kafla í II. viðauka við lögin um aðild Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu, einkum 21. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðildarskilmála Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu að Evrópusambandinu og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið er grundvallað á, einkum 42. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Ungverjalandi hefur verið veitt þriggja ára aðlögunartímabil í tengslum við tiltekna þætti heilbrigðiseftirlits dýralæknis sem varða staðla fyrir nauðsynlega aðstöðu á landamærunum að Rúmeníu fyrir eftirlit með afurðum úr dýraríkinu.

2) Þetta ákvæði takmarkast eingöngu við kröfur um aðstöðu og skulu aðrir þættir heilbrigðiseftirlits dýralæknis framkvæmdir í samræmi við kröfur ESB.

3) Því skal tilgreina þær skoðunarstöðvar á landamærum Ungverjalands þar sem eftirlit með afurðum úr dýraríkinu frá Rúmeníu fer fram og veita viðeigandi undanþágu frá kröfum um skoðunaraðstöðu fyrir afurðir úr dýraríkinu á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum.

4) Undanþágan frá reglunni um aðskilnað á skoðunarstöðvum á landamærum með lítið gegnumstreymi, sem kveðið er á um í 5. mgr. 4. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/812/EB ([2]), gildir óháð þeim hámarksfjölda sendinga sem undanþágan kveður á um.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Flytja verður afurðir úr dýraríkinu, sem eru fluttar landleiðina frá Rúmeníu inn á yfirráðasvæði Ungverjalands, í gegnum skoðunarstöðina sem er skráð í viðaukanum.

*2. gr.*

Ákvæði 5. mgr. 4. gr. ákvörðunar 2001/812/EB gilda um skoðunarstöðina á landamærunum, sem er skráð í viðaukanum, óháð fjölda sendinga sem fer um skoðunarstöðina.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi við gildistöku aðildarlaganna.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi gildir til 30. apríl 2007.

*5. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. ágúst 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 218, 30.8.2003, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2004, 9. júli 2004 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

([2]) Stjtíð. EB L 306, 23.11.2001, bls. 28.

*VIÐAUKI*

Skoðunarstöðvar á landamærum Ungverjalands og Rúmeníu

Nagylak

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2007/EES/16/03**

**frá 23. maí 2003**
**um breytingu á ákvörðun 2002/300/EB um skrá yfir svæði sem eru viðurkennd með tilliti til bónamíósis (*Bonamia ostreae*) og/eða marteilíósis (*Marteilia refringens*) (*)**

*(tilkynnt með númeri C(2003) 1639)*

(2003/378/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ([1]), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB ([2]), einkum 5. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/300/EB ([3]) er mælt fyrir um að tiltekin svæði á Írlandi teljist laus við sjúkdómana ostruveiki (ɔ: bónamíósis (*Bonamia ostreae)*) og/eða martelíuveiki (ɔ: marteilíósis (*Marteilia refringens)*).

2) Lögbæra dýraheilbrigðisyfirvaldið á Írlandi hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum að ostruveiki (*Bonamia ostreae)* hafi greinst í Achill Sound, svæði sem áður var talið að væri laust við sjúkdóminn. Þetta svæði getur því ekki talist laust við ostruveiki (*Bonamia ostreae)*.

3) Breyta ber ákvörðun 2002/300/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað viðaukans við ákvörðun 2002/300/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. maí 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 130, 27.5.2003, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2004, 9. júli 2004 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 8.

([1]) Stjtíð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.

([3]) Stjtíð. EB L 103, 19.4.2002, bls. 24.

*VIÐAUKI*

*„VIÐAUKI*

**SVÆÐI SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL SJÚKDÓMANNA OSTRUVEIKI (*BONAMIA OSTREAE)* OG MARTELÍUVEIKI (*MARTEILIA REFRINGENS)* Í LINDÝRUM**

1.A. **Svæði á Írlandi sem eru viðurkennd með tilliti til ostruveiki (*B. ostreae)***

— öll strandlengja Írlands, að eftirtöldum fimm svæðum undanskildum:

  — Cork Harbour,

  — Galway Bay,

  — Ballinakill Harbour,

  — Clew Bay,

  — Achill Sound.

1.B. **Svæði á Írlandi sem eru viðurkennd með tilliti til martelíuveiki (*M. refringens)***

— öll strandlengja Írlands.

2.A. **Svæði í Breska konungsríkinu, á Ermarsundseyjum og Mön sem eru viðurkennd með tilliti til ostruveiki (*B. ostreae)***

— öll strandlengja Stóra-Bretlands, að eftirtöldum svæðum undanskildum:

  — suðurströnd Cornwall frá Lizard að Start Point,

  — svæðið umhverfis ármynni Solent frá Portland Bill að Selsey Bill,

  — svæðið með fram strönd Essex frá Shoeburyness að Landguard point,

— öll strandlengja Norður-Írlands,

— öll strandlengjan á Guernsey og Herm,

— svæði á Jersey: svæðið samanstendur af ströndinni, þar sem sjávarfalla gætir, og svæðinu næst ströndinni milli meðalflóðmarka á eyjunni Jersey og ímyndaðrar línu sem dregin er þrjár sjómílur frá meðalfjörumörkum á eyjunni Jersey. Svæðið er í flóanum milli Normandí og Bretagne, á sunnanverðu Ermarsundi,

— öll strandlengja Manar.

2.B. **Svæði í Breska konungsríkinu, á Ermarsundseyjum og Mön sem eru viðurkennd með tilliti til martelíuveiki (*M. refringens)***

— öll strandlengja Stóra-Bretlands,

— öll strandlengja Norður-Írlands,

— öll strandlengjan á Guernsey og Herm,

— svæði á Jersey: svæðið samanstendur af ströndinni, þar sem sjávarfalla gætir, og svæðinu næst ströndinni milli meðalflóðmarka á eyjunni Jersey og ímyndaðrar línu sem dregin er þrjár sjómílur frá meðalfjörumörkum á eyjunni Jersey. Svæðið er í flóanum milli Normandí og Bretagne, á sunnanverðu Ermarsundi,

— öll strandlengja Manar.“

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR** **2007/EES/16/04**

**frá 23. maí 2003**

**um að setja sérstök skilyrði fyrir markaðssetningu á dýrategundum, sem eru aldar og ræktaðar í sjó eða vatni og eru ekki taldar næmar fyrir tilteknum sjúkdómum, og afurðum úr þeim dýrum (*)**

**(tilkynnt með númeri C(2003) 1641)**

(2003/390/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ([1]), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB ([2]), einkum 10. gr. (3. mgr.), 14. gr. (1. og 3. mgr.) og 14. gr. (önnur undirgrein 4. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Í tilskipun 91/67/EBE eru settar kröfur og ákvæði um setningu viðeigandi skilyrða fyrir markaðssetningu á svæðum og eldisstöðvum, sem eru með viðurkennda áætlun eða stöðu, á lifandi eldisfiski, lindýrum og krabbadýrum, ásamt hrognum þeirra og sviljum, sem eru ekki af smitnæmu tegundunum sem um getur í 2. dálki II. skrár í viðauka A við þá tilskipun.

2) Í tilskipun 91/67/EBE er kveðið á um undantekningar frá þessum kröfum að því er varðar tegundir, sem eru ekki smitberar viðkomandi sjúkdóms, þ.e. þegar sýnt þykir að ekkert aðfengið smit berst þegar dýr, sem eru alin og ræktuð í sjó og vatni, ásamt hrognum þeirra og sviljum, sem eru ekki af smitnæmu tegundunum, eru flutt frá svæði, sem er ekki viðurkennt, til viðurkennds svæðis. Í þeirri tilskipun er einnig kveðið á um að gerð skuli skrá yfir dýr sem eru alin og ræktuð í sjó og vatni og undanþágan gildir um.

3) Nægar vísbendingar liggja fyrir um að tilteknar lindýrategundir eru ekki smitnæmar að því er varðar ostruveiki (*Bonamia ostreae*) og martelíuveiki (*Marteilia refringens*) og ekkert aðfengið smit berst með þeim. Því skal þeim bætt við skrána.

4) Í tilskipun 91/67/EBE er kveðið á um að lifandi eldisfiski og lindýrum skuli fylgja flutningsskýrslur þegar þau eru flutt inn á svæði og eldisstöðvar sem eru með viðurkennda áætlun eða stöðu. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/22/EBE frá 11. desember 1992 um fyrirmyndir að flutningsskýrslunum, sem um getur í 14. gr. tilskipunar ráðsins 91/67/EBE ([3]), eru settar fram fyrirmyndir að flutningsskýrslunum. Til glöggvunar skulu fyrirmyndirnar að flutningsskýrslunum uppfærðar og í stað ákvörðunar 93/22/EBE komi þessi ákvörðun.

5) Í tilskipun 91/67/EBE er kveðið á um að markaðssetning lindýra, sem um getur í 2. dálki II. skrár í viðauka A við þá tilskipun, skuli vera háð viðbótartryggingum, m.a. varðandi uppruna lindýranna. Notkun þessara trygginga leiðir til þess að nægt framboð á lindýrum verður erfiðleikum háð. Til samræmis við það verður með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/55/EBE ([4]), eins og henni var breytt með ákvörðun 93/169/EBE ([5]), breyting á tryggingum í tengslum við flutning lindýra til svæða þar sem áætlun um að sýna fram á að svæðið sé laust við ostruveiki (*Bonamia ostreae*) og martelíuveiki (*Marteilia refringens*) hefur verið samþykkt. Uppfæra ber ákvæði ákvörðunar 93/55/EBE og til frekari glöggvunar komi ákvæði þessarar ákvörðunar í þeirra stað.

6) Í þessari ákvörðun er tekið tillit til nýrra, vísindalegra gagna og tilmæla frá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni (OIE).

7) Þessi ákvörðun er með fyrirvara um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð og því eru fyrirmyndir hennar að skýrslunum ekki nauðsynlegar þegar dýr, sem eru alin og ræktuð í sjó og vatni, ásamt hrognum þeirra og sviljum eru markaðssett beint til manneldis.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 135, 3.6.3004, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2004, 9. júli 2004 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 8.

([1]) Stjtíð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.

([3]) Stjtíð. EB L 16, 25.1.1993, bls. 8.

([4]) Stjtíð. EB L 14, 22.1.1993, bls. 24.

([5]) Stjtíð. EB L 71, 24.3.1993, bls. 16.

8) Veita skal nægan tíma til að fullnægja þessum nýju kröfum um vottorð.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Gildissvið og viðfangsefni**

1. Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um:

a) heilbrigðisskilyrði sem hafa áhrif á markaðssetningu á dýrum, sem eru alin og ræktuð í sjó og vatni, ásamt hrognum þeirra og sviljum sem eru ekki smitnæm fyrir sjúkdómunum sem um getur í 1. dálki II. skrár í viðauka A við tilskipun 91/67/EBE á svæðum og eldisstöðvum sem hafa viðurkennda áætlun eða stöðu,

b) fyrirmyndir að flutningsskýrslunni sem kveðið er á um í 1. og 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 91/67/EBE og

c) skrá yfir dýrategundir, sem eru aldar og ræktaðar í sjó og vatni, sem undanþágan, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 4. mgr. 14. gr. í þeirri tilskipun, gildir um.

2. Þessi ákvörðun gildir ekki um markaðssetningu beint til manneldis á dýrum, sem eru alin og ræktuð í sjó og vatni, hrognum þeirra og sviljum og um getur í 1. mgr.

*2. gr.*

Í þessari ákvörðun gilda skilgreiningarnar í 2. gr. tilskipunar 91/67/EBE, 2. gr. tilskipunar ráðsins 93/53/EBE frá 24. júní 1993 um lágmarksráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum ([1]), eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/288/EB ([2]), og 2. gr. tilskipunar ráðsins 95/70/EB frá 22. desember 1995 um lágmarksráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum sjúkdómum sem herja á lindýr ([3]), eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/83/EB ([4]).

*3. gr.*

**Flutningsskýrslur**

Þegar dýr, sem eru alin og ræktuð í sjó og vatni, ásamt hrognum þeirra og sviljum og sem þessi ákvörðun gildir um, eru flutt inn á svæði og eldisstöðvar með viðurkennda áætlun eða stöðu, skulu fylgja þeim flutningsskýrslur og þau skulu uppfylla kröfurnar sem um getur í fyrirmyndinni að flutningsskýrslu, sem er sett fram í I. viðauka, með tilliti til skýringanna í II. viðauka.

*4. gr.*

**Tegundir sem eru ekki smitberar**

Samkvæmt annarri undirgrein 4. mgr. 14. gr. tilskipunar 91/67/EBE er í III. viðauka við þessa ákvörðun sett fram skrá yfir dýrategundir, sem eru aldar og ræktaðar í sjó og vatni og undanþágan, sem um getur í fyrstu undirgrein, gildir um.

*5. gr.*

**Niðurfelling**

Ákvarðanir 93/22/EBE og 93/55/EBE eru felldar úr gildi. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvarðanirnar sem tilvísanir í þessa ákvörðun.

*6. gr.*

**Gildissvið**

Ákvörðun þessi gildir frá 2. ágúst 2003.

*7. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. maí 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

([1]) Stjtíð. EB L 175, 19.7.1993, bls. 23.
([2]) Stjtíð. EB L 99, 10.4.2001, bls. 11.
([3]) Stjtíð. EB L 332, 30.12.1995, bls. 33.
([4]) Stjtíð. EB L 32, 7.2.2003, bls. 13.

*I. VIÐAUKI*

**Flutningsskýrsla vegna markaðssetningar á [lifandi fiski,] [1] [lindýrum,] [1] [krabbadýrum,] [1] [hrognum þeirra og sviljum] [1], sem eru ekki af smitnæmu tegundunum sem um getur í 2. dálki II. skrár í viðauka A við tilskipun ráðsins 91/67/EBE, til ræktunar, undaneldis, frekari ræktunar, slátureldis eða umlagningar á svæðum og eldisstöðvum ef Bandalagið hefur viðurkennt áætlun eða stöðu þeirra með tilliti til [ostruveiki (*Bonamia ostreae*)] [1], [iðradreps (*Marteilia refringens*)] [1], [og] [1] [veirublæðis (VHS)] [1] [og] [1] [iðradreps (IHN)] [1]**

| Tilvísunarkóðanúmer | FRUMRIT |
|---|---|

| 1. **Upprunastaður sendingar** | 2. **Viðtökustaður sendingar** |
|---|---|
| 1.1. Upprunaaðildarríki: ..... | 2.1. Aðildarríki: ..... |
| ..... | ..... |
| 1.3. Upprunaeldisstöð, heiti [1]: ..... | 2.2. Svæði eða hluti [3] [4] aðildarríkisins: ..... |
| ..... | ..... |
| 1.4. Heimilisfang eða staðsetning eldisstöðvar: ..... | 2.3. Viðtökueldisstöð [1], heiti: ..... |
| ..... | ..... |
| 1.5. Uppskerustaður [2]: ..... | 2.4. Heimilisfang eða staðsetning eldisstöðvar: ..... |
| ..... | ..... |
| ..... | ..... |
| 1.6. Nafn, heimilisfang og símanúmer sendanda: | 2.5. Viðtökustaður [5]: ..... |
| ..... | ..... |
| ..... | 2.6. Nafn, heimilisfang og símanúmer viðtakanda: |
| ..... | ..... |
| | ..... |

3. **Flutningatæki og auðkenning sendingar** [6]

3.1. [Vöruflutningabifreið] [1] [Járnbrautarvagn] [1] [Skip] [1] [Loftfar] [1]: .....

3.2. [Skráningarnúmer] [Heiti skips] [1] [Flugnúmer] [1]: .....

3.3. Upplýsingar um auðkenningu vörusendingar: .....

4. **Lýsing á sendingunni**

☐ Fiskar

☐ Lindýr

☐ Krabbadýr

☐ Stofnar í eldi ☐ Villtir stofnar ☐ Lifandi dýr ☐ Svil ☐ Frjóvguð hrogn

☐ Ófrjóvguð hrogn ☐ Lirfur/seiði

| Tegundir | | Heildarþyngd sendingar | Rúmmál [hrogna] [1] [svilja] [1] | Aldur lifandi dýra |
|---|---|---|---|---|
| Vísindaheiti: | Almennt heiti: | Fjöldi [fiska] [1] [lindýra] [1] [krabbadýra] [1] | | |
| | | | | ☐ >24 mánuðir<br>☐ 12–24 mánuðir<br>☐ 0–11 mánuðir<br>☐ ekki vitað |

5. **Heilbrigðisvottun**

Ég, undirritaður, votta hér með að [fiskur] ([1]) [og] ([1]) [lindýr] ([1]) [og] ([1]) [krabbadýr] ([1]) [og] ([1]) [hrogn] ([1]) [og] ([1]) [svil] ([1]) í þessari sendingu eru ekki af smitnæmu tegundunum sem um getur í 2. dálki II. skrár í viðauka A í tilskipun 91/67/EBE og:

5.1. annaðhvort ([1]) [eru þau upprunnin á eftirfarandi svæði: ..... ([1]), sem er viðurkennt með tilliti til: [ostruveiki (*Bonamia ostreae*)] ([1]) [og] ([1]) [martelíuveiki (*Marteilia refringens*)] ([1]) [og] ([1]) [veirublæðis] ([1]) [og] ([1]) [iðradreps] ([1]), í samræmi við ákvörðun ..... ([4]) og]

eða ([1]) [eru upprunnin í eftirfarandi eldisstöð: ..... ([7]), sem er viðurkennd með tilliti til: [ostruveiki (*Bonamia ostreae*)] ([1]) [og] ([1]) [martelíuveiki (*Marteilia refringens*)] ([1]) [og] ([1]) [veirublæðis] ([1]) [og] ([1]) [iðradreps] ([1]), í samræmi við ákvörðun ..... ([4]) og]

eða ([1]) [eru upprunnin í eftirfarandi eldisstöð ..... ([7]) þar sem er enginn [fiskur] ([1]) [eða] ([1]) [lindýr] ([1]) [eða] ([1]) [krabbadýr] ([1]) af smitnæmu tegundunum, sem um getur í 2. dálki II. skrár í viðauka A við tilskipun 91/67/EBE, og sem tengist ekki árfarvegi eða vatnasvæði við strönd eða ármynni og]

eða ([1]) [eru af tegundunum sem um getur í III. viðauka við ákvörðun 2003/390/EB ([8]) og]

5.2. uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þau hafa ekki frá því þau voru [upp skorin] ([1]) [veidd] ([1]) komist í snertingu við önnur óheilbrigðari, lifandi lagardýr, hrogn eða svil eða aðrar tegundir en þær sem eru skráðar í III. viðauka við ákvörðun 2003/390/EB ([8]) og

b) þau eru hvorki ætluð til eyðingar né slátrunar vegna upprætingar á sjúkdómunum sem eru skráðir í 1. dálki í viðauka A við tilskipun 91/67/EBE eða í viðauka D við tilskipun 95/70/EB [eða vegna óeðlilegra affalla sem stafa af öðrum sjúkdómsvaldi] ([9]) og

c) þau eru ekki upprunnin í eldisstöð sem fellur undir bann af ástæðum sem flokkast undir dýraheilbrigði og

d) þau voru rannsökuð á fermingardegi og sýndu engin klínísk merki um sjúkdóma, [þ.m.t. engin óeðlileg afföll] ([9]) og

e) þau voru skoðuð sjónrænt [a.m.k. 1000 lindýr sem voru valin handahófskennt úr sendingunni] ([9]) ([10]) [dæmigerður hluti sendingarinnar sem var valinn handahófskennt] ([11]), þ.m.t. hver hluti af mismunandi uppruna, og ekki fundust aðrar tegundir en þær sem voru tilgreindar í 4. lið þessa vottorðs og

f) gæði [vatns] ([1]) [íss] ([1]), sem þau eru sett í, breyta ekki heilbrigðisástandi þeirra og

g) þau hafa verið sett í [innsiglaða, hreina, vatnsþétta gáma sem áður hafa verið sótthreinsaðir með viðurkenndu sótthreinsiefni og skulu hafa læsilegan merkimiða á ytra byrði] ([1]) [skip, þar sem lestin og röra- og dælukerfin hafa áður verið sótthreinsuð með viðurkenndu sótthreinsiefni og sem fylgir farmskrá] ([1]) með viðeigandi ([12]) upplýsingum sem um getur í 1. og 2. lið þessa vottorðs og með eftirfarandi yfirlýsingu:

[Lifandi [fiskur] ([1]) [og] ([1]) [lindýr] ([1]) [og] ([1]) [krabbadýr] ([1])] ([1]), [hrogn [fiska] ([1]) [og] ([1]) [lindýra] ([1]) [og] ([1]) [krabbadýra] ([1])] ([1]) [og] ([1]) [svil [fiska] ([1]) [og] ([1]) [lindýra] ([1]) [og] ([1]) [krabbadýra] ([1])] ([1]) sem eru ekki af smitnæmu tegundunum sem um getur í 2. dálki II. skrár í viðauka A við tilskipun 91/67/EBE, sem er heimilt að setja á markað í Bandalaginu, þ.m.t. ef Bandalagið hefur viðurkennt áætlun eða stöðu svæðisins og eldisstöðvanna með tilliti til [ostruveiki (*Bonamia ostreae*)] ([1]) [og] ([1]) [iðradreps (*Marteilia refringens*)] ([1]) [og] ([1]) [veirublæðis] ([1]) [og] ([1]) [iðradreps] ([1])

| | |
|---|---|
| Gjört í .....<br>(Staður)<br><br>Opinber stimpill | hinn .....<br>(Dags.)<br><br>.....<br>(Undirritun opinbers eftirlitsmanns)<br><br>.....<br>(Nafn með hástöfum, menntun og titill) |

*Athugasemdir*

([1]) Strikið yfir það sem á ekki við.
([2]) Tilgreinist ef staðurinn er annar en upprunastaður.
([3]) Lýsing á svæðinu.
([4]) Tilvísun í þá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem er viðurkenningunni til grundvallar.
([5]) Tilgreinist ef eldisstöð er önnur en viðtökueldisstöð.
([6]) Tilgreina skal skráningarnúmer járnbrautarvagna eða vöruflutningabíla og heiti skips eftir því sem við á. Tilgreina skal flugnúmer loftfarsins ef það er þekkt. Þegar um er að ræða flutning í gámum eða kössum skal tilgreina heildarfjölda þeirra, skráningarnúmer og innsiglisnúmer, ef um slíkt er að ræða, skv. lið 3.3.
([7]) Heiti og heimilisfang eldisstöðvar.
([8]) Stjtíð. EB L 135, 3.6.2003, bls. 19.
([9]) Á við um sendingar lindýra: strikið yfir það sem á ekki við.
([10]) Allar samlokur skulu skoðaðar sjónrænt ef færri en 1000 dýr eru í sendingunni.
([11]) Á við um sendingar fisks og/eða krabbadýra: strikið yfir það sem á ekki við.
([12]) Aðildarríki og viðtökusvæði (eftir því sem við á), ásamt nafni og símanúmeri sendanda og viðtakanda.

*II. VIÐAUKI*

*Skýringar fyrir flutningsskýrslur og merkingu*

a) Lögbær yfirvöld upprunaaðildarríkisins skulu gefa út flutningsskýrslur á grundvelli fyrirmyndarinnar í I. viðauka við þessa ákvörðun, að teknu tilliti til tegundanna í sendingunni og stöðu viðtökustaðarins.

b) Frumrit hverrar flutningsskýrslu skal vera á einu blaði, áprentað báðum megin, eða form þess skal vera þannig, ef þörf er á tveimur blöðum eða fleiri, að allar síðurnar myndi hluta af samþættri og órjúfanlegri heild.

Merkja skal hverja síðu frumritsins með orðinu „frumrit“ efst hægra megin og það skal bera sérstakt kóðanúmer sem lögbæra yfirvaldið gefur út. Allar síður flutningsskýrslunnar skulu tölusettar — (*blaðsíðunúmer*) af (*heildarsíðufjölda*).

c) Frumrit flutningsskýrslunnar og merkimiðarnir, sem um getur í fyrirmynd að flutningsskýrslu, skulu vera a.m.k. á einu opinberu tungumáli viðtökuaðildarríkisins. Aðildarríkin geta þó heimilað önnur tungumál ásamt opinberri þýðingu ef þörf krefur.

d) Frumrit flutningsskýrslunnar verður að vera fullgert á fermingardegi sendingarinnar með opinberum stimpli og áritað af opinberum skoðunarmanni sem lögbæra yfirvaldið tilnefnir. Með því skal lögbært yfirvald upprunaaðildarríkisins tryggja að fylgt sé meginreglunum um vottorð sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 96/93/EB (Stjtíð. EB L 13, 16.1.1997, bls. 28).

Undirskrift og stimpill, nema hann sé upphleyptur, skulu vera í öðrum lit en prentaði textinn.

e) Ef viðbótarblöð eru fest við flutningsskýrsluna til auðkenningar á vörum í sendingunni skulu þau teljast hluti af frumritinu og skal opinber skoðunarmaður árita og stimpla hverja síðu.

f) Frumrit flutningsskýrslunnar verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur á viðtökustað.

g) Flutningsskýrslan skal gilda í 10 daga frá útgáfudegi. Þegar um er að ræða flutninga með skipi skal gildistíminn lengdur sem nemur lengd sjóferðarinnar.

h) Lagardýrin, hrogn þeirra og svil skulu ekki flutt með öðrum óheilbrigðari lagardýrum eða hrognum þeirra og sviljum. Ekki má heldur flytja þau við nein önnur skilyrði sem hafa áhrif á heilbrigðisástand þeirra.

---

*III. VIÐAUKI*

**Skrá yfir tegundir eldisdýra sem teljast ekki smitnæmar eða smitberar fyrir tiltekna sjúkdóma**

| Lindýrasjúkdómur (sjúkdómsvaldur) | Lindýrategund |
|---|---|
| Ostruveiki *(Bonamia ostreae)* | Risaostra *Crassostrea gigas*<br>Kræklingar *Mytilus edulis* og *M. galloprovincialis*<br>Dúkaskel *Ruditapes decussatus*<br>Maniluskel *Ruditapes philippinarum* |
| Martelíuveiki *(Marteilia refringens)* | Risaostra *Crassostrea gigas* |

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR** **2007/EES/16/05**

**frá 12. júní 2003**

**um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2002/308/EB um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og/eða iðradreps (*)**

**(tilkynnt með númeri C(2003) 1813)**

(2003/458/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ([1]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 ([2]), einkum 5. og 6. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Til að öðlast stöðu viðurkennds svæðis og viðurkenndrar eldisstöðvar á svæði sem ekki er viðurkennt með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðis (ↄ: veirublæðing) (VHS) og/eða iðradreps (IHN), skulu aðildarríkin leggja fram viðeigandi skjöl sem tryggja ásamt innlendum ákvæðum að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/67/EBE, séu uppfyllt.

2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/308/EB ([3]), eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2003/114/EB ([4]), eru settar fram skrár yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar sem eru á svæðum sem hafa ekki verið viðurkennd með tilliti til tiltekinna fisksjúkdóma.

3) Frakkland, Þýskaland, Ítalía og Spánn hafa lagt fram skjöl til að tiltekin svæði innan yfirráðasvæða þeirra öðlist stöðu viðurkenndra svæða með tilliti til veirublæðis og iðradreps. Af gögnunum, sem voru lögð fram, má ráða að þessi svæði standist kröfur 5. gr. tilskipunar 91/67/EBE. Þau eiga því rétt á stöðu viðurkennds svæðis og skal þeim bætt á skrána yfir viðurkennd svæði.

4) Austurríki, Danmörk, Frakkland, Þýskaland og Ítalía hafa lagt fram skjöl til að eldisstöðvar á yfirráðasvæði þeirra öðlist stöðu viðurkenndra stöðva á svæði sem ekki er viðurkennt með tilliti til veirublæðis og iðradreps. Af gögnunum, sem voru lögð fram, má ráða að þessar eldisstöðvar standist kröfur 6. gr. tilskipunar 91/67/EBE. Þær eiga því rétt á stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar á svæði sem ekki er viðurkennt og þeim skal bætt við skrána yfir viðurkenndar eldisstöðvar.

5) Þýskaland hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni að veirublæði hafi greinst í einni eldisstöð sem hefur viðurkennda stöðu með tilliti til veirublæðis og iðradreps. Því skal fella eldisstöðina úr skránni yfir viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til veirublæðis.

6) Breyta ber ákvörðun 2002/308/EB til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvörðun 2002/308/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað I. viðauka komi texti I. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Í stað II. viðauka komi texti II. viðauka við þessa ákvörðun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 93. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2004, 9. júli 2004 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 8.

([1]) Stjtíð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 106, 23.4.2002, bls. 28.

([4]) Stjtíð. ESB L 46, 20.2.2003, bls. 29.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. júní 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

*I. VIÐAUKI*

**SVÆÐI SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL FISKSJÚKDÓMANNA VEIRUBLÆÐIS OG/EÐA IÐRADREPS**

1.A. **Svæði ([1]) í Danmörku sem eru viðurkennd með tilliti til veirublæðis**

— Hansted Å
— Hovmølle Å
— Grenå
— Treå
— Alling Å
— Kastbjerg
— Villestrup Å
— Korup Å
— Sæby Å
— Elling Å
— Uggerby Å
— Lindenborg Å
— Øster Å
— Hasseris Å
— Binderup Å
— Vidkær Å
— Dybvad Å
— Bjørnsholm Å
— Trend Å
— Lerkenfeld Å
— Vester Å
— Lønnerup med tilløb
— Slette Å
— Bredkær Bæk
— Vandløb til Kilen
— Resenkær Å
— Klostermølle Å
— Hvidbjerg Å
— Knidals Å
— Spang Å
— Simested Å
— Skals Å
— Jordbro Å
— Fåremølle Å
— Flynder Å
— Damhus Å
— Karup Å
— Gudenåen
— Halkær Å
— Storåen
— Århus Å
— Bygholm Å
— Grejs Å
— Ørum Å

1.B. **Svæði í Danmörku sem eru viðurkennd með tilliti til iðradreps**

— Danmörk ([2])

2. **Svæði í Þýskalandi sem eru viðurkennd með tilliti til veirublæðis og iðradreps**

2.1. *Baden-Württemberg* ([3])

— Isenburger Tal frá upptökum að vatnsfrárás eldisstöðvarinnar Falkenstein,

— Eyach og þverár hennar frá upptökunum að fyrsta stíflugarðinum forstreymis nálægt bænum Haigerloch,

— Andelsbach og þverár hennar frá upptökum að hverflinum nálægt bænum Krauchenwies,

— Lauchert og þverár hennar frá upptökum að hindruninni við hverfilinn nálægt bænum Sigmaringendorf,

— Grosse Lauter og þverár hennar frá upptökum að hindruninni við fossinn nálægt Lauterach.

3. **Svæði á Spáni sem eru viðurkennd með tilliti til veirublæðis og iðradreps**

3.1. *Hérað: Sjálfstjórnarhéraðið Astúría*

Svæði inn til landsins

— Allt vatnasvið Astúríu.

([1]) Vatnasvið og tilheyrandi strandsvæði.
([2]) Að meðtöldum öllum svæðum inn til landsins og strandsvæðum á yfirráðasvæði landsins.
([3]) Hlutar af vatnasviðinu.

Strandsvæði

— Öll strandlengja Astúríu.

3.2. *Hérað: Sjálfstjórnarhéraðið Galisía*

Svæði inn til landsins

— Vatnasvið Galisíu:

  — að meðtöldu vatnasviði árinnar Eo, árinnar Sil frá upptökum í sýslunni Léon, árinnar Miño frá upptökum að hindruninni við Frieira og árinnar Limia frá upptökum að hindruninni við Das Conchas,

  — að undanskildu vatnasviði árinnar Tamega.

Strandsvæði

— Strandsvæði Galisíu frá mynni árinnar Eo (Isla Pancha) að Cabo Silliero í Ría de Vigo,

— strandsvæðið frá Cabo Silliero að Punta Picos (mynni árinnar Miño) telst vera sóttvarnabelti.

3.3. *Hérað: Sjálfstjórnarhéraðið Aragónía*

Svæði inn til landsins

— Áin Aragón frá upptökum að hindruninni við Caparroso í sýslunni Navarra,

— áin Gállego frá upptökum að hindruninni við Ardisa,

— áin Sotón frá upptökum að hindruninni við Sotonera,

— áin Isuela frá upptökum að hindruninni við Arguis,

— áin Flúmen frá upptökum að hindruninni við Santa María de Belsue,

— áin Guatizalema frá upptökum að hindruninni við Vadiello,

— áin Cinca frá upptökum að hindruninni við Grado,

— áin Esera frá upptökum að hindruninni við Barasona,

— áin Noguera-Ribagorzana frá upptökum að hindruninni við Santa Ana,

— áin Huecha frá upptökum að Alcalá de Moncayo-stíflunni,

— áin Jalón frá upptökum að Alagón-stíflunni,

— áin Huerva frá upptökum að hindruninni við Mezalocha,

— áin Aguasvivas frá upptökum að hindruninni við Moneva,

— áin Martin frá upptökum að hindruninni við Cueva Foradada,

— áin Escuriza frá upptökum að hindruninni við Escuriza,

— áin Guadalope frá upptökum að hindruninni við Caspe,

— áin Matarraña frá upptökum að hindruninni við Aguas de Pena,

— áin Pena frá upptökum að hindruninni við Pena,

— áin Gadalaviar-Turia frá upptökum að hindruninni við Gerneralísimo í sýslunni Valencia,

— áin Mijares frá upptökum að hindruninni við Arenós í sýslunni Castellón.

Önnur vatnsföll í sjálfstjórnarhéraðinu Aragóníu og fljótið Ebro, þar sem það rennur um héraðið, teljast vera sóttvarnabelti.

3.4. *Hérað: Sjálfstjórnarhéraðið Navarre*

Svæði inn til landsins

— Áin Bidasoa frá upptökum að mynni hennar,

— áin Leizarán frá upptökum að hindruninni við Leizarán (Muga),

— áin Arakil-Arga frá upptökum að hindruninni við Falces,

— áin Ega frá upptökum að hindruninni við Allo,

— áin Aragón frá upptökum í sýslunni Huesca (Aragón) að hindruninni við Caparroso (Navarre).

Önnur vatnsföll í sjálfstjórnarhéraðinu Navarre og fljótið Ebro, þar sem það rennur um héraðið, teljast vera sóttvarnabelti.

3.5. *Hérað: Sjálfstjórnarhéraðið Kastilía-León*

Svæði inn til landsins

— Áin Duero frá upptökum að hindruninni við Aldeávila,

— fljótið Ebro frá upptökum í sjálfstjórnarhéraðinu Kantabríu að hindruninni við Sobrón,

— áin Queiles frá upptökum að hindruninni við Los Fayos,

— áin Tiétar frá upptökum að hindruninni við Rosarito,

— áin Alberche frá upptökum að hindruninni við Burguillo.

Önnur vatnsföll í sjálfstjórnarhéraðinu Kastilíu-León teljast vera sóttvarnabelti.

3.6. *Hérað: Sjálfstjórnarhéraðið Kantabría*

Svæði inn til landsins

Vatnasvið eftirtalinna áa frá upptökum til sjávar:

— Árinnar Deva,

— árinnar Nansa,

— árinnar Saja-Besaya,

— árinnar Pas-Pisueña,

— árinnar Asón,

— árinnar Agüera.

Vatnasvið ánna Gandraillas, Escudo og Miera y Campiazo teljast vera sóttvarnabelti.

Strandsvæði

— Öll strandlengja Kantabríu frá mynni árinnar Deva að Ontón-víkinni.

3.7. *Hérað: Sjálfstjórnarhéraðið La Rioja*

Svæði inn til landsins

Vatnasvið fljótsins Ebro frá upptökum að Mequinenza-stíflunni í sjálfstjórnarhéraðinu Aragóníu.

4.A. **Svæði í Frakklandi sem eru viðurkennd með tilliti til veirublæðis og iðradreps**

4.A.1. *Adour-Garonne*

Vatnasvið

— Charente-lægðin,

— Seudre-lægðin,

— lægðir strandfljóta Gironde-ármynnisins í Charente-Maritime sýslu,

— vatnasvið Nive og Nivelles (Pyrénées Atlantiques),

— Forges-lægðin (Landes),

— vatnasvið Dronne (Dordogne) frá upptökum að Eglisottes-stíflunni við Monfourat,

— vatnasvið Beauronne (Dordogne) frá upptökum að Faye-stíflunni,

— vatnasvið Valouse (Dordogne) frá upptökum að Etang des Roches Noires-stíflunni,

— vatnasvið Paillasse (Gironde) frá upptökum að Grand Forge-stíflunni,

— vatnasvið Ciron (Lot-et-Garonne, Gironde) frá upptökum að Moulin de Castaing-stíflunni,

— vatnasvið Petite Leyre (Landes) frá upptökum að Pont de l'Espine-stíflunni við Argelouse,

— vatnasvið Pave (Landes) frá upptökum að Pave-stíflunni,

— vatnasvið Escource (Landes) frá upptökum að Moulin de Barbe-stíflunni,

— vatnasvið Geloux (Landes) frá upptökum að D38-stíflunni við Saint Martin d'Oney,

— vatnasvið Estrigon (Landes) frá upptökum að Campet et Lamolère-stíflunni,

— vatnasvið Estampon (Landes) frá upptökum að Ancienne Minoterie-stíflunni við Roquefort,

— vatnasvið Gélise (Landes, Lot-et-Garonne) frá upptökum að stíflunni neðan við ármót Gélise og Osse,

— vatnasvið Magescq (Landes) frá upptökum að mynni,

— vatnasvið Luys (Pyrénées Atlantiques) frá upptökum að Moulin d'Oro-stíflunni,

— vatnasvið Neez (Pyrénées Atlantiques) frá upptökum að Jurançon-stíflunni,

— vatnasvið Beez (Pyrénées Atlantiques) frá upptökum að Nay-stíflunni,

— vatnasvið Gave de Cauterets (Hautes Pyrénées) frá upptökum að Calypso-stíflunni við Soulom-virkjunina.

Strandsvæði

— Öll Atlantshafsströndin milli norðurmarka Vendée-umdæmis og suðurmarka Charente-Maritime-umdæmis.

4.A.2. *Loire-Bretagne*

Svæði inn til landsins

— Öll vatnasvið á Bretagneskaga, að undanskildum vatnasviðum eftirtalinna áa:

  — Vilaine,

  — Aven,

  — Ster-Goz,

  — neðri hluta vatnasviðs árinnar Elorn,

— Sèvre Niortaise-lægðin,

— Lay-lægðin,

— eftirtalin vatnasvið Vienne-lægðarinnar:

  — vatnasvið árinnar Vienne frá upptökum að Châtellerault-stíflunni í Vienne-umdæmi,

  — vatnasvið árinnar Gartempe frá upptökum að Saint Pierre de Maillé-stíflunni (með rist) í Vienne-umdæmi,

  — vatnasvið árinnar Creuse frá upptökum að Bénavent-stíflunni í Indre-umdæmi,

  — vatnasvið árinnar Suin frá upptökum að Douadic-stíflunni í Indre-umdæmi,

  — vatnasvið árinnar Claise frá upptökum að Bossay-sur-Claise-stíflunni í Indre-et-Loire-umdæmi,

  — vatnasvið lækjanna Velleches og Trois Moulins frá upptökum að Trois Moulins-stíflunum í Vienne-umdæmi,

  — lægðir við árnar sem renna í Atlantshaf í Vendée-umdæmi.

Strandsvæði

— Öll strandlengja Bretagneskaga, að undanskildum eftirtöldum svæðum:

— Rade de Brest,

— Anse de Camaret,

— strandsvæðinu milli Trévignon-odda og mynnis árinnar Laïta,

— strandsvæðinu milli mynnis árinnar Tohon og marka umdæmisins.

4.A.3. *Seine-Normandie*

Svæði inn til landsins

— Sélune-lægðin

4.A.4. *Aquitaine*

Vatnasvið

— Vatnasvið árinnar Vignac frá upptökum að hindruninni við la Forge,

— vatnasvið árinnar Gouaneyre frá upptökum að hindruninni við Maillières-stífluna,

— vatnasvið árinnar Susselgue frá upptökum að hindruninni við de Susselgue,

— vatnasvið árinnar Luzou frá upptökum að hindruninni við eldisstöðina de Laluque,

— vatnasvið árinnar Gouadas frá upptökum að hindruninni við l'Etange de la Glacière à Saint Vincent de Paul,

— vatnasvið árinnar Bayse frá upptökum að hindruninni við Moulin de Lartia et de Manobre.

4.A.5. *Midi-Pyrénées*

Vatnasvið

— Vatnasvið árinnar Cernon frá upptökum að hindruninni við Saint George de Luzençon.

4.B. **Svæði í Frakklandi sem eru viðurkennd með tilliti til veirublæðis**

4.B.1. *Loire-Bretagne*

Svæði inn til landsins

— Sá hluti Loire-lægðarinnar sem er efri hluti Huisne-vatnasviðsins frá upptökum vatnsfallanna að Ferté-Bernard-stíflunum.

4.C. **Svæði í Frakklandi sem eru viðurkennd með tilliti til iðradreps**

4.C.1. *Loire-Bretagne*

Svæði inn til landsins

— Eftirtalin vatnasvið Vienne-lægðarinnar:

— vatnasvið Anglin-ár frá upptökum að stíflunum við:

— orkuverið í Châtellerault í ánni Vienne í Vienne-umdæmi,

— Saint Pierre de Maillé við ána Gartempe í Vienne-umdæmi,

— Bénavent við ána Creuse í Indre-umdæmi,

— Douadic við ána Suin í Indre-umdæmi,

— Bossay-sur-Claise við ána Claise í Indre-et-Loire-umdæmi.

5.A. **Svæði á Írlandi sem eru viðurkennd með tilliti til veirublæðis**

— Írland ([4]), að undanskilinni Cape Clear eyju.

([4]) Að meðtöldum öllum svæðum inn til landsins og strandsvæðum á yfirráðasvæði landsins.

5.B. **Svæði á Írlandi sem eru viðurkennd með tilliti til iðradreps**

— Írland ([5])

6.A. **Svæði á Ítalíu sem eru viðurkennd með tilliti til veirublæðis og iðradreps**

6.A.1. *Héraðið Trentino alto Adige, sjálfstjórnarsýslan Trento*

Svæði inn til landsins

— Val di Fiemme e Cembra: vatnasvið árinnar Avisio frá upptökum að manngerðu hindruninni við Serra San Giorgio í sveitarfélaginu Giovo,

— Val delle Sorne: vatnasvið árinnar Sorna frá upptökum að manngerðu hindruninni sem vatnsaflsvirkjunin í Chizzola (Ala) myndar, áður en hún fellur í ána Adige,

— Torrente Adanà: vatnasvið árinnar Adanà frá upptökum að manngerðri röð hindrana forstreymis við eldisstöðina Armani Cornelio-Lardaro,

— Zona Rio Manes: vatnasvið Manes-árinnar að fossi 200 metra forstreymis við eldisstöðina Troticoltura Giovanelli á La Zinquantina-svæðinu,

— Val Rendena: vatnasvið frá upptökum árinnar Sarca að Oltresarca-stíflunni í héraðinu Villa Rendena,

— Val di Ledro: vatnasvið ánna Massangla og Ponale frá upptökum að vatnsaflsvirkjuninni við Centrale í héraðinu Molina di Ledro,

— Valsugana: vatnasvið árinnar Brenta frá upptökum að Marzotto-stíflunni við Mantincelli í sveitarfélaginu Grigno,

— Val del Fersina: vatnasvið árinnar Fersina frá upptökum að fossinum í Ponte Alto.

6.A.2. *Héraðið Lombardía, sýslan Brescia*

Svæði inn til landsins

— Ogliolo: vatnasvið Ogliolo frá upptökum að fossinum, forstreymis við fiskeldisstöðina Adamello þar sem Ogliolo rennur í ána Oglio,

— Fiume Caffaro: vatnasvið Cafarro frá upptökum að manngerðu hindruninni, 1 km forstreymis frá eldisstöðinni.

6.A.3. *Héraðið Úmbría, sýslan Perúgía*

Svæði inn til landsins

— Lago Trasimeno: Trasimeno-vatn.

6.A.4. *Héraðið Veneto*

Svæði inn til landsins

— Belluno: vatnasvið í Belluno-sýslu frá upptökum Ardo að hindruninni forstreymis (áður en Ardo rennur í ána Piave) við eldisstöðina Centro Sperimentale di Acquacoltura, Valli di Bolzano Bellunese, Belluno.

6.A.5. *Héraðið Toscana*

Svæði inn til landsins

— Valle del fiume Serchio: vatnasvið árinnar Serchio frá upptökum að hindruninni við Piaggione-stífluna.

([5]) Að meðtöldum öllum svæðum inn til landsins og strandsvæðum á yfirráðasvæði landsins.

6.A.6. *Héraðið Úmbría*

Svæði inn til landsins

— Fosso di Terrìa: vatnasvið árinnar Terrìa frá upptökum að hindruninni neðan við fiskeldisstöðina Ditta Mountain Fish þar sem árnar Terrìa og Nera sameinast.

6.B. **Svæði á Ítalíu sem eru viðurkennd með tilliti til veirublæðis**

6.B.1. *Héraðið Trentino alto Adige, sjálfstjórnarsýslan Trento*

Svæði inn til landsins

— Valle dei Laghi: vatnasvið stöðuvatnanna San Massenza, Toblino og Cavedine að hindruninni forstreymis í suðurhluta Cavedine-vatns sem nær að vatnsaflsvirkjuninni í sveitarfélaginu Torbole.

7.A. **Svæði í Svíþjóð sem eru viðurkennd með tilliti til veirublæðis**

— Svíþjóð ([6]):

— að undanskildu svæði á vesturströndinni, sem er innan hálfhrings með 20 kílómetra geisla umhverfis fiskeldisstöðina á eynni Björkö, ásamt ármynnum og vatnasviðum ánna Göta og Säve að fyrstu gönguhindruninni í hvorri á (við Trollhättan annars vegar og aðrennslið í stöðuvatnið Aspen hins vegar).

7.B. **Svæði í Svíþjóð sem eru viðurkennd með tilliti til iðradreps**

— Svíþjóð ([6])

8. **Svæði í Breska konungsríkinu, á Ermarsundseyjum og Mön sem eru viðurkennd með tilliti til veirublæðis og iðradreps**

— Stóra-Bretland ([6]),

— Norður-Írland ([6]),

— Guernsey ([6]),

— Mön ([6]).

([6]) Að meðtöldum öllum svæðum inn til landsins og strandsvæðum á yfirráðasvæði landsins.

*II. VIÐAUKI*

**FISKELDISSTÖÐVAR SEM ERU VIÐURKENNDAR MEÐ TILLITI TIL FISKSJÚKDÓMANNA VEIRUBLÆÐIS OG/EÐA IÐRADREPS**

1. **Fiskeldisstöðvar í Belgíu sem eru viðurkenndar með tilliti til veirublæðis og iðradreps**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | La Fontaine aux truites | B-6769 Gérouville |

2. **Fiskeldisstöðvar í Danmörku sem eru viðurkenndar með tilliti til veirublæðis og iðradreps**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Vork Dambrug | DK-6040 Egtved |
| 2. | Egebæk Dambrug | DK-6880 Tarm |
| 3. | Bækkelund Dambrug | DK-6950 Ringkøbing |
| 4. | Borups Geddeopdræt | DK-6950 Ringkøbing |
| 5. | Bornholms Lakseklækkeri | DK-3730 Nexø |
| 6. | Langes Dambrug | DK-6940 Lem St. |
| 7. | Brænderigårdens Dambrug | DK-6971 Spjald |
| 8. | Siglund Fiskeopdræt | DK-4780 Stege |
| 9. | Ravning Fiskeri | DK-7182 Bredsten |
| 10. | Ravnkær Dambrug | DK-7182 Bredsten |

3.A. **Fiskeldisstöðvar í Þýskalandi sem eru viðurkenndar með tilliti til veirublæðis og iðradreps**

3.1. *Neðra-Saxland*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Jochen Moeller | Fischzucht Harkenbleck<br>D-30966 Hemmingen-Harkenbleck |
| 2. | Versuchsgut Relliehausen der Universität Göttingen | (klakstöð eingöngu)<br>D-37586 Dassel |
| 3. | Dr. R. Rosengarten | Forellenzucht Sieben Quellen<br>D-49124 Georgsmarienhütte |
| 4. | Klaus Kröger | Fischzucht Klaus Kröger<br>D-21256 Handeloh Wörme |
| 5. | Ingeborg Riggert-Schlumbohm | Forellenzucht W. Riggert<br>D-29465 Schnega |
| 6. | Volker Buchtmann | Fischzucht Nordbach<br>D-21441 Garstedt |
| 7. | Sven Kramer | Forellenzucht Kaierde<br>D-31073 Delligsen |
| 8. | Hans-Peter Klusak | Fischzucht Grönegau<br>D-49328 Melle |
| 9. | F. Feuerhake | Forellenzucht Rheden<br>D-31039 Rheden |
| 10. | Horst Pöpke | Fischzucht Pöpke<br>Hauptstraße 14<br>D-21745 Hemmoor |

3.2. *Thüringen*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Firma Tautenhahn | D-98646 Trostadt |
| 2. | Fischzucht Salza GmbH | D-99734 Nordhausen-Salza |
| 3. | Fischzucht Kindelbrück GmbH | D-99638 Kindelbrück |
| 4. | Reinhardt Strecker | Forellenzucht Orgelmühle<br>D-37351 Dingelstadt |

3.3. *Baden-Württemberg*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Heiner Feldmann | Riedlingen/Neufra<br>D-88630 Pfullendorf |
| 2. | Walter Dietmayer | Forellenzucht Walter Dietmayer<br>Hettingen<br>D-72501 Gammertingen |
| 3. | Heiner Feldmann | Bad Waldsee<br>D-88630 Pfullendorf |
| 4. | Heiner Feldmann | Bergatreute<br>D-88630 Pfullendorf |
| 5. | Oliver Fricke | Anlage Wuchzenhofen<br>Boschenmühle<br>D-87764 Mariasteinbach-Legau 13 ½ |
| 6. | Peter Schmaus | Fischzucht Schmaus, Steinental<br>D-88410 Steinental/Hauerz |
| 7. | Josef Schnetz | Fenkenmühle<br>D-88263 Horgenzell |
| 8. | Erwin Steinhart | Quellwasseranlage Steinhart<br>Hettingen<br>D-72513 Hettingen |
| 9. | Hugo Strobel | Quellwasseranlage Otterswang<br>Sägmühle<br>D-72505 Hausen am Andelsbach |
| 10. | Reinhard Lenz | Forsthaus<br>Gaimühle<br>D-64759 Sensbachtal |
| 11. | Peter Hofer | Sulzbach<br>D-78727 Aisteig/Oberndorf |
| 12. | Stephan Hofer | Oberer Lautenbach<br>D-78727 Aisteig/Oberndorf |
| 13. | Stephan Hofer | Unterer Lautenbach<br>D-78727 Aisteig/Oberndorf |
| 14. | Stephan Hofer | Schelklingen<br>D-78727 Aistaig/Oberndorf |
| 15. | Hubert Schuppert | Brutanlage: Obere Fischzucht<br>Mastanlage: Untere Fischzucht<br>D-88454 Unteressendorf |
| 16. | Johannes Dreier | Brunnentobel<br>D-88299 Leutkirch/Hebrazhofen |
| 17. | Peter Störk | Wagenhausen<br>D-88348 Saulgau |
| 18. | Erwin Steinhart | Geislingen/St.<br>D-73312 Geislingen/St. |

| | | |
|---|---|---|
| 19. | Joachim Schindler | Forellenzucht Lohmühle<br>D-72275 Alpirsbach |
| 20. | Heribert Wolf | Forellenzucht Sohnius<br>D-72160 Horb-Diessen |
| 21. | Claus Lehr | Forellenzucht Reinerzau<br>D-72275 Alpirsbach-Reinerzau |
| 22. | Hugo Hager | Bruthausanlage<br>D-88639 Walbertsweiler |
| 23. | Hugo Hager | Waldanlage<br>D-88639 Walbertsweiler |
| 24. | Gumpper und Stöll GmbH | Forellenhof Rössle<br>Honau<br>D-72805 Liechtenstein |
| 25. | Ulrich Ibele | Pfrungen<br>D-88271 Pfrungen |
| 26. | Hans Schmutz | Brutanlage 1, Brutanlage 2, Brut- und Setzlingsanlage 3 (Hausanlage)<br>D-89155 Erbach |
| 27. | Wilhelm Drafehn | Obersimonswald<br>D-77960 Seelbach |
| 28. | Wilhelm Drafehn | Brutanlage Seelbach<br>D-77960 Seelbach |
| 29. | Franz Schwarz | Oberharmersbach<br>D-77784 Oberharmersbach |
| 30. | Meinrad Nuber | Langenenslingen<br>D-88515 Langenenslingen |
| 31. | Anton Spieß | Höhmühle<br>D-88353 Kißleg |
| 32. | Karl Servay | Osterhofen<br>D-88339 Bad Waldsee |
| 33. | Kreissportfischereiverein Biberach | Warthausen<br>D-88400 Biberach |
| 34. | Hans Schmutz | Gossenzugen<br>D-89155 Erbach |
| 35. | Reinhard Rösch | Haigerach<br>D-77723 Gengenbach |
| 36. | Harald Tress | Unterlauchringen<br>D-79787 Unterlauchringen |
| 37. | Alfred Tröndle | Tiefenstein<br>D-79774 Albbruck |
| 38. | Alfred Tröndle | Unteralpfen<br>D-79774 Unteralpfen |
| 39. | Peter Hofer | Schenkenbach<br>D-78727 Aisteig/Oberndorf |
| 40. | Heiner Feldmann | Bainders<br>D-88630 Pfullendorf |
| 41. | Andreas Zordel | Fischzucht Im Gänsebrunnen<br>D-75305 Neuenbürg |
| 42. | Hans Fischböck | Forellenzucht am Kocherursprung<br>D-73447 Oberkochen |

| | | |
|---|---|---|
| 43. | Hans Fischböck | Fischzucht<br>D-73447 Oberkochen |
| 44. | Josef Dürr | Forellenzucht Igersheim<br>D-97980 Bad Mergentheim |
| 45. | Kurt Englerth und Sohn GBR | Anlage Berneck<br>D-72297 Seewald |
| 46. | Fischzucht Anton Jung | Anlage Rohrsee<br>D-88353 Kisslegg |
| 47. | Staatliches Forstamt Wangen | Anlage Karsee<br>D-88239 Wangen i. A. |
| 48. | Simon Phillipson | Anlage Weissenbronnen<br>D-88364 Wolfegg |
| 49. | Hans Klaiber | Anlage Bad Wildbad<br>D-75337 Enzklösterle |
| 50. | Josef Hönig | Forellenzucht Hönig<br>D-76646 Bruchsal-Heidelsheim |
| 51. | Werner Baur | Blitzenreute<br>D-88273 Fronreute-Blitzenreute |
| 52. | Gerhard Weihmann | Mägerkingen<br>D-72574 Bad Urach-Seeburg |
| 53. | Hans und Hubert Belser GBR | Dettingen<br>D-72401 Haigerloch-Gruol |
| 54. | Staatliche Forstämter Ravensburg und Wangen | Altdorfer Wald<br>D-88214 Ravensburg |
| 55. | Anton Jung | Bunkhoferweiher, Schanzwiesweiher und Häcklerweiher<br>D-88353 Kisslegg |
| 56. | Hildegart Litke | Holzweiher<br>D-88480 Achstetten |
| 57. | Werner Wägele | Ellerazhofer Weiher<br>D-88319 Aitrach |
| 58. | Ernst Graf | Hatzenweiler<br>Osterbergstraße 8<br>D-88239 Wangen-Hatzenweiler |
| 59. | Fischbrutanstalt des Landes Baden-Württemberg | Obereisenbach<br>Argenweg 50<br>D-88085 Langenargen |
| 60. | Johann-Georg Huchler | Gutenzell<br>Ochsenhauserstraße 17<br>D-88484 Gutenzell |
| 61. | Meinrad Nuber | Ochsenhausen<br>Obere Wiesen 1<br>D-88416 Ochsenhausen |
| 62. | Bezirksfischereiverein Nagoldtal e. V. | Kentheim<br>Lange Steige 34<br>D-75365 Calw |
| 63. | Berd und Volker Fähnrich | Neumühle<br>D-88260 Ratzenried-Argenbühl |
| 64. | Klaiber „An der Tierwiese“ | Hans Klaiber<br>Rathausweg 7<br>D-75377 Enzklösterle |

| | | |
|---|---|---|
| 65. | Parey, Bittigkoffer — Unterreichenbach | Klaus Parey, Mörikeweg 17<br>D-75331 Engelsbran 2 |
| 66. | Farm Sauter<br>Anlage Pflegelberg | Gerhard Sauter<br>D-88239 Wangen-Pflegelberg 6 |
| 67. | Krattenmacher<br>Anlage Osterhofen | Krattenmacher, Hittelhofen Gasthaus<br>D-8339 Bad Waldsee |
| 68. | Fähnrich<br>Anlage Argenmühle<br>D88260 Ratzenried-Argenmühle | Bernd und Volker Fähnrich<br>Von Rütistraße<br>D-8339 Bad Waldsee |
| 69. | Gumpper und Stoll<br>Anlage Unterhausen | Gumpper und Stoll GmbH und Co.KG<br>Heerstraße 20<br>D-72805 Lichtenstein-Honau |
| 70. | Durach<br>Anlage Altann | Antonie Durach<br>Panoramastraße 23<br>D-88346 Wolfegg-Altann |
| 71. | Städler<br>Anlage Raunsmühle | Paul Städler<br>Raunsmühle<br>D-88499 Riedlingen-Pfummern |
| 72. | König<br>Anlage Erisdorf | Sigfried König<br>Helfenstraße 2/1<br>D-88499 Riedlingen-Neufra |
| 73. | Forellenzucht Drafehn<br>Anlage Wittelbach | Wilhelm Drafehn<br>Schuttertalsstraße 1<br>D-77960 Seelbach-Wittelbach |
| 74. | Wirth<br>Anlage Dengelshofen | Günther Wirth<br>D-88316 Isny-Dengelshofen 219 |
| 75. | Krämer, Bad Teinach | Sascha Krämer<br>Postrstraße 11<br>D-75385 Bad Teinach-Zavelstein |
| 76. | Muffler<br>Anlage Eigeltingen | Emil Muffler<br>Brielholzer Hof<br>D-78253 Eigeltingen |

3.4. *Nordrhein-Westfalen*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Wolfgang Lindhorst-Emme | Hirschquelle<br>D-33758 Schloss Holte-Stukenbrock |
| 2. | Wolfgang Lindhorst-Emme | Am Oelbach<br>D-33758 Schloss Holte-Stukenbrock |
| 3. | Hugo Rameil und Söhne | Sauerländer Forellenzucht<br>D-57368 Lennestadt-Gleierbrück |
| 4. | Peter Horres | Ovenhausen, Jätzer Mühle<br>D-37671 Höxter |
| 5. | Wolfgang Middendorf | Fischzuchtbetrieb Middendorf<br>D-46348 Raesfeld |

3.5. *Bæjaraland*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Gerstner Peter | (Forellenzuchtbetrieb Juraquell)<br>Wellheim<br>D-97332 Volkach |
| 2. | Werner Ruf | Fischzucht Wildbad<br>86925 Fuchstal-Leeder |
| 3. | Rogg | Fisch Rogg<br>87751 Heimertingen |

| | | |
|---|---|---|
| 4. | Fischzucht Graf<br>Anlage D-87737 Reichau | Fischzucht Graf GbR<br>Engishausen 64<br>87743 Egg an der Günz |
| 5. | Fischzucht Graf<br>Anlage D-87727 Klosterbeuren | Fischzucht Graf GbR<br>Engishausen 64<br>87743 Egg an der Günz |
| 6. | Fischzucht Graf<br>Anlage D-87743 Egg an der Günz | Fischzucht Graf GbR<br>Engishausen 64<br>D-87743 Egg an der Günz |
| 7. | Anlage Am Grossen Dürrmaul<br>D-95671 Bärnau | Andreas Rösch<br>Am großen Dürrmaul 2<br>D-95671 Bärnau |
| 8. | Andreas Hofer<br>Anlage D-84524 Mitterhausen | Andreas Hofer<br>Vils 6<br>D-8419 Velden |

3.6. *Saxland*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Anglerverband Südsachsen „Mulde/Elster“ e. V. | Forellenanlage Schlettau<br>D-09487 Schlettau |
| 2. | H. und G. Ermisch GbR | Forellen- und Lachszucht<br>D-01844 Langburkersdorf |

3.7. *Hessen*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hermann Rameil | Fischzuchtbetriebe Hermann Rameil<br>D-34311 Naumburg OT Altendorf |

3.8. *Schleswig-Holstein*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hubert Mertin | Forellenzucht Mertin<br>Mühlenweg 6<br>D-24247 Roderbek |

3.B. **Fiskeldisstöðvar í Þýskalandi sem eru viðurkenndar með tilliti til iðradreps**

3.B.1. *Thüringen*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Thüringer Forstamt Leinefelde | Fischzucht Worbis<br>D-37327 Leinefelde |

4. **Fiskeldisstöðvar á Spáni sem eru viðurkenndar með tilliti til veirublæðis og iðradreps**

4.1. *Hérað: Sjálfstjórnarhéraðið Aragónía*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Truchas del Prado | í Alcalá de Ebro, sýslunni Zaragoza (Aragóníu) |

5.A. **Fiskeldisstöðvar í Frakklandi sem eru viðurkenndar með tilliti til veirublæðis og iðradreps**

5.A.1. *Adour-Garonne*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Pisciculture de Sarrance | F-64490 Sarrance (Pyrénées-Atlantiques) |
| 2. | Pisciculture des Sources | F-12540 Cornus (Aveyron) |
| 3. | Pisciculture de Pissos | F-40410 Pissos (Landes) |
| 4. | Pisciculture de Tambareau | F-40000 Mont de Marsan (Landes) |
| 5. | Pisciculture „Les Fontaines d'Escot“ | F-64490 Escot (Pyrénées-Atlantiques) |
| 6. | Pisciculture de la Forge | F-47700 Casteljaloux (Lot-et-Garonne) |

5.A.2. *Artois-Picardie*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Pisciculture du Moulin du Roy | F-62156 Rémy (Pas-de-Calais) |
| 2. | Pisciculture du Bléquin | F-62380 Séninghem (Pas-de-Calais) |
| 3. | Pisciculture de Earls Feldmann<br>76340 Hodeng Au Bosc | F-80580 Bray-Les-Mareuil |
| 4. | Pisciculture Bonnelle à Ponthoile | Bonnelle 80133 Ponthoile<br>M. Sohier<br>26, rue George Deray<br>F-80100 Abeville |
| 5. | Pisciculture Bretel à Gezaincourt | Bretel 80600 Gezaincourt-Doulens<br>M. Sohier<br>26, rue George Deray<br>F-80100 Abeville |

5.A.3. *Aquitaine*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | SARL Salmoniculture de la Ponte — Station d'Alevinage du Ruisseau Blanc | Le Meysout — F-40120 Arue |
| 2. | L'EPST-INRA Pisciculture à Lees Athas | Saillet et Esquit — F-64490 Lees Athas<br>INRA — BP 3 — F-64310 Saint Pee sur Nivelle |

5.A.4. *Drôme*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Pisciculture „Sources de la Fabrique“ | 40, Chemin de Robinson<br>F-26000 Valence |

5.A.5. *Haute-Normandie*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Pisciculture des Godeliers | F-27210 Le Torpt |
| 2. | Pisciculture fédérale de Saint Gertrude<br>F-76490 Maulevrier | Fédération des association pour la pêche et la protection de milieu aquatique de Seine-Maritime-11<br>F-76490 Maulevrier |

5.A.6. *Loire-Bretagne*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | SCEA „Truites du lac de Cartravers“ | Bois-Boscher<br>F-22460 Merleac (Côtes-d'Armor) |
| 2. | Pisciculture du Thélohier | F-35190 Cardroc (Ille-et-Vilaine) |
| 3. | Pisciculture de Plainville | F-28400 Marolles Les Buis (Eure-et-Loir) |
| 4. | Pisciculture Rémon à Parné sur Roc | SARL Remon<br>21, rue de la Véquerie<br>F-53260 Parné sur Roc (Mayenne) |

5.A.7. *Rhin-Meuse*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Pisciculture du ruisseau de Dompierre | F-55300 Lacroix sur Meuse (Meuse) |
| 2. | Pisciculture de la source de la Deüe | F-55500 Cousances-aux-Bois (Meuse) |

5.A.8. *Rhône-Méditerranée-Corse*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Pisciculture Charles Murgat | Les Fontaines<br>F-38270 Beaufort (Isère) |

5.A.9. *Seine-Normandie*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Pisciculture du Vaucheron | F-55130 Gondrecourt-Le-Château (Meuse) |

5.A.10. *Languedoc Roussillon*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Pisciculture de Pêcher<br>48400 Florac | Fédération de la Lozère pour la pêche et la protection du milieu aquatique<br>F-48400 Florac |

5.A.11. *Midi-Pyrénées*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Pisciculture de la source du Durzon | SCEA Pisciculture du mas de pommiers<br>F-12230 Nant |

5.A.12. *Alpes de Haute Provence*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Centre Piscicole de Roquebilière<br>F-06450 Roquebilière | Fédération des Alpes-Maritimes pour la pêche et la protection du milieu aquatique<br>F-06450 Roquebilière |

5.B. **Fiskeldisstöðvar í Frakklandi sem eru viðurkenndar með tilliti til veirublæðis**

5.B.1. *Artois-Picardie*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Pisciculture de Sangheen | F-62102 Calais (Pas-de-Calais) |

6. **Fiskeldisstöðvar á Ítalíu sem eru viðurkenndar með tilliti til veirublæðis og iðradreps**

6.1. *Hérað: Friuli Venezia Giulia*

| | | |
|---|---|---|
| Stella-lægðin | | |
| 1. | Azienda ittica agricola Collavini Mario | Via Tiepolo 12<br>I-33032 Bertiolo (UD)<br>N. I096UD005 |
| Tagliamento-lægðin | | |
| 2. | Nuova Azzurra SpA | Nuova Azzurra SpA<br>Via Molino del Cucco 38<br>Rivoli di Osoppo (UD) |
| 3. | Impianto ittiogenico di Forni di Sotto | Ente tutela pesca del Friuli<br>Via Colugna 3<br>I-33100 Udine |
| 4. | Impianto di Grauzaria di Moggio Udinese | Ente tutela pesca del Friuli<br>Via Colugna 3<br>I-33100 Udine |
| 5. | Impianto ittiogenico di Amaro | Ente tutela pesca del Friuli<br>Via Colugna 3<br>I-33100 Udine |
| 6. | Impianto ittiogenico di Somplago — Mena di Cavazzo Carnico | Ente tutela pesca del Friuli<br>Via Colugna 3<br>I-33100 Udine |

6.2. *Sýsla: Sjálfstjórnarsýslan Trento*

| | | |
|---|---|---|
| Noce-lægðin | | |
| 1. | Ass. Pescatori Solandri (Loc. Fucine) | Cavizzana |
| 2. | Troticoltura di Grossi Roberto | Grossi Roberto<br>Via Molini n. 11<br>Monoclassico (TN)<br>N. 121TN010 |
| Brenta-lægðin | | |
| 3. | Campestrin Giovanni | Telve Valsugana (Fontane) |
| 4. | Ittica Resenzola Serafini | Grigno |
| 5. | Ittica Resenzola Selva | Grigno |
| 6. | Leonardi F.lli | Levico Terme (S. Giuliana) |
| 7. | Dellai Giuseppe-Trot. Valsugana | Grigno (Fontana Secca, Maso Puele) |
| 8. | Cappello Paolo | Via Zacconi 21<br>Loc. Maso Fontane, Roncegno |
| Adlige-lægðin | | |
| 9. | Celva Remo | Pomarolo |
| 10. | Margonar Domenico | Ala (Pilcante) |
| 11. | Degiuli Pasquale | Mattarello (Regole) |
| 12. | Tamanini Livio | Vigolo Vattaro |
| 13. | Troticultura Istituto Agrario di S. Michele a/A. | S. Michele all'Adige |
| Sarca-lægðin | | |
| 14. | Ass. Pescatori Basso Sarca | Ragoli (Pez) |
| 15. | Stab. Giudicariese La Mola | Tione (Delizia d'Ombra) |
| 16. | Azienda Agricola La Sorgente ss | Tione (Saone) |
| 17. | Fonti del Dal ss | Lomaso (Dasindo) |
| 18. | Comfish Srl (ex. Paletti) | Preore (Molina) |
| 19. | Ass. Pescatori Basso Sarca | Tenno (Pranzo) |
| 20. | Troticultura „La Fiana“ | Di Valenti Claudio (Bondo) |
| Chiese-lægðin | | |
| 21. | Facchini Emiliano | Pieve di Bono (Agrone) |

6.3. *Hérað: Úmbría*

| | | |
|---|---|---|
| Nera-árdalurinn | | |
| 1. | Impianto Ittogenico provinciale | Loc Ponte di Cerreto di Spoleto (PG)—ríkisrekið iðjuver (sýslunni Perúgíu) |

6.4. *Hérað: Veneto*

| | | |
|---|---|---|
| Astico-lægðin | | |
| 1. | Centro Ittico Valdastico | Valdastico (Veneto, sýslunni Vicenza) |
| Lietta-lægðin | | |
| 2. | Azienda Agricola Lietta sas | Via Rai 3<br>I-31010 Ormelle (TV)<br>n. 052TV074 |
| Bacchiglione-lægðin | | |
| 3. | Azienda Agricola Troticoltura Grosselle Massimo | Massimo Grosselle<br>Via Palmirona 18<br>Sandrigo (VI) N. 091VI831 |
| Brenta-lægðin | | |
| 4. | Polo Guerrino,<br>Via S. Martino 51<br>Loc. Campese<br>I -36061 Bassano del Grappa | Polo Guerrino<br>Via Tre Case 4<br>I-36056 Tezze sul Brenta |
| Áin Tione in Fattolé | | |
| 5. | Piscicoltura Menozzi di Franco e Davide Menozzi ss | Davide Menozzi<br>Via Mazzini 32<br>Bonferraro de Sorga |

6.5. *Hérað: Valle d'Aosta*

| | | |
|---|---|---|
| Dora Balte-lægðin | | |
| 1. | Stabilimento ittiogenico regionale | Rue Mont Blanc 14, Morgex (AO) |

6.6. *Hérað: Lombardía*

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Azienda Troticoltura Foglio Ass | Troticoltura Foglio Angelo, SS<br>Piazza Marconi 3<br>I-25072 Bagolino |
| 2. | Azienda Agricola Pisani<br>Dossi Cascina Oldani, Cisliano (MI) | Giorgio Peterlongo<br>Via Veneto 20 — Milano |

7. **Fiskeldisstöðvar í Austurríki sem eru viðurkenndar með tilliti til veirublæðis og iðradreps**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Alois Köttl | Forellenzucht Alois Köttl<br>A-4872 Neukirchen a.d. Vöckla |
| 2. | Herbert Böck | Forellenhof Kaumberg<br>Höfnergraben 1<br>A-2572 Kaumberg |
| 3. | Forellenzucht Glück | Erick und Sylvia Glück<br>Hammerweg 13<br>A-5270 Mauerkirchen |

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR** **2007/EES/16/06**

**frá 13. júní 2003**

**um viðmiðanir við skilgreiningu svæða og opinbert eftirlit ef upp kemur grunur um blóðþorra eða tilvist hans er staðfest (tilkynnt með númeri C(2003) 1831) (*)**

(2003/466/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ([1]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 ([2]), einkum 15. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/53/EB frá 24. júní 1993 um lágmarksráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum ([3]), eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/288/EB ([4]), einkum 2. mgr. 5. gr. og 6. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með tilskipun 93/53/EBE er ákveðið að sýnataka og prófanir á rannsóknarstofu til að greina sjúkdóma í skrá I og skrá II (sem um getur í viðauka A við tilskipun 91/67/EBE) skuli fara fram samkvæmt þeim aðferðum sem eru fastsettar í samræmi við 15. gr. tilskipunar 91/67/EBE.

2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/183/EB ([5]) er mælt fyrir um sýnatökuáætlanir og aðferðir við greiningu og staðfestingu á veirublæði [e: veirublæðingu] og iðradrepi.

3) Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. og 6. gr. tilskipunar 93/53/EBE skulu allar eldisstöðvar, sem eru á sama vatnasviði eða strandsvæði og eldisstöð þar sem grunur leikur á um blóðþorrasmit (ISA) eða það hefur verið staðfest, vera undir opinberu eftirliti. Setja skal viðmiðanir vegna skilgreiningar svæða og opinbers eftirlits.

4) Haft hefur verið samráð við sérfræðinga í fisksjúkdómum og rannsóknarstofustörfum í því skyni að skilgreina sýnatökuáætlanir og aðferðir við greiningu og staðfestingu á blóðþorra og setja viðmiðanir við skilgreiningu svæða og opinbert eftirlit ef upp kemur grunur um blóðþorra eða tilvist blóðþorra er staðfest. Enn fremur verður að taka tillit til viðmiðunarreglna um greiningu blóðþorra sem mælt er fyrir um í gildandi útgáfu greiningarhandbókar Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (International Office of Epizootics (OIE)) um sjúkdóma í lagardýrum.

5) Veita skal nægan tíma til framkvæmdar þessum nýju kröfum.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í viðaukanum við þessa ákvörðun er mælt fyrir um sýnatökuáætlanir og aðferðir við greiningu og staðfestingu á blóðþorra og einnig viðmiðanir við skilgreiningu svæða og opinbert eftirlit ef upp kemur grunur um blóðþorra eða tilvist blóðþorra er staðfest.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi gildir frá 23. október 2003.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 61. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2004, 9. júli 2004 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 8.

([1]) Stjtíð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 175, 19.7.1993, bls. 23.

([4]) Stjtíð. EB L 99, 10.4.2001, bls. 11.

([5]) Stjtíð. EB L 67, 9.3.2001, bls. 65.

*3. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júní 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

*VIÐAUKI*

**Sýnatökuáætlanir og aðferðir við greiningu og staðfestingu á blóðþorra og viðmiðanir við skilgreiningu svæða og opinbert eftirlit ef upp kemur grunur um blóðþorra eða tilvist blóðþorra er staðfest**

INNGANGUR OG SKILGREININGAR

Í þessum viðauka:

a) er kveðið á um viðmiðunarreglur og lágmarkskröfur um sýnatökuáætlanir og aðferðir við greiningu og staðfestingu á tilvist blóðþorra,

b) eru ákvæði og skilgreiningar, sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/67/EBE og tilskipun 93/53/EBE, samþætt,

c) eru sett fram ákvæði um rétta greiningu, varnaraðgerðir og eftirlit með blóðþorra komi upp grunur um blóðþorra eða sé blóðþorri staðfestur,

d) eru ákvæði sem beint er bæði að yfirvöldum sem sjá um varnir gegn blóðþorra og starfsfólki á rannsóknarstofum sem sér um prófanir með tilliti til þess sjúkdóms. Lögð er áhersla á aðferðir við sýnatöku, meginreglur og framkvæmd rannsóknastofuprófana og mat á niðurstöðum úr þeim sem og nákvæma rannsóknarstofutækni. Þrátt fyrir það geta rannsóknarstofur, ef við á, breytt þeim prófunum sem er lýst í þessum viðauka eða viðhaft aðrar prófanir, að því tilskildu að unnt sé að sýna fram á jafnmikla eða meiri næmni og sérhæfni. Enn fremur er mælt fyrir um viðmiðanir við skilgreiningu svæða og opinbert eftirlit ef upp kemur grunur um blóðþorra eða tilvist blóðþorra er staðfest.

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„Vatnasvið“: allt vatnasviðið frá upptökum vatnsfallsins að ármynninu eða hluti vatnasviðs frá upptökum vatnsfallsins að náttúrulegri eða tilbúinni hindrun sem kemur í veg fyrir að fiskurinn fari niður fyrir þá hindrun.

„Strandsvæði“: hluti af strönd, sjó eða ármynni, skýrt afmarkaður landfræðilega, sem er einsleitt, straumfræðilegt kerfi eða nokkur slík kerfi.

Í I. hluta er mælt fyrir um almennar meginreglur og viðmiðanir við greiningu og staðfestingu á blóðþorra og viðmiðanir við skilgreiningu svæða og opinbert eftirlit, sem halda skal uppi, ef upp kemur grunur um blóðþorra eða tilvist blóðþorra er staðfest.

Í II. hluta er tilgreint hvers konar skoðun og sýnataka skuli fara fram svo að greina megi blóðþorra.

Í III. hluta er mælt fyrir um aðferðir sem á að nota við veirufræðilegar rannsóknir.

Í IV. hluta er gerð grein fyrir aðferðum við rannsókn sýna með víxlritakjarnsýrumögnun (RT-PCR) í því skyni að greina blóðþorra.

Í V. hluta er aðferðarlýsing sem á að nota við óbeina flúrskinsmótefnaprófun (IFAT) á nýrnaþrykkjum með tilliti til blóðþorra.

Í VI. hluta eru tilgreindar aðferðir í vefjafræði.

Í VII. hluta er skrá yfir þau upphafsstafaorð og þær skammstafanir sem eru notaðar.

I. **Viðmiðanir við greiningu blóðþorra og skilgreiningu svæða, tilteknar varnarráðstafanir og opinbert eftirlit**

I.1. *Almennar meginreglur um greiningu blóðþorra*

Gildar ástæður fyrir því að telja að fiskur sé sýktur af blóðþorraveiru eru settar fram í hluta I.2 í þessum viðauka. Ef upp kemur grunur um að fiskur í eldisstöð sé sýktur af blóðþorraveiru skulu aðildarríkin sjá til þess að eins skjótt og unnt er fari fram opinber rannsókn til að staðfesta eða útiloka tilvist sjúkdómsins með skoðunum og klínískum rannsóknum, auk þess að taka og velja sýni og velja aðferðir til rannsókna á rannsóknastofu eins og mælt er fyrir um í III.–VI. hluta þessa viðauka. Til þess að fá opinbera staðfestingu á tilvist blóðþorra verður að uppfylla einhvern af þeim þremur flokkum viðmiðana sem mælt er fyrir um í hluta I.3 í þessum viðauka.

I.2. *Grunur um blóðþorrasýkingu*

I.2.1. Ástæða er til að hafa grun um tilvist blóðþorra ef a.m.k. ein af eftirfarandi viðmiðunum er uppfyllt:

a) einkenni við skoðun eftir dauða samræmast einkennum blóðþorra, með eða án klínískra einkenna um sjúkdóminn. Einkenni við skoðun eftir dauða og klínísk einkenni sjúkdóms skulu vera í samræmi við einkenni sem mælt er fyrir um í gildandi útgáfu greiningarhandbókar Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (International Office of Epizootics (OIE)) um sjúkdóma í lagardýrum,

b) einangrun og greining blóðþorraveiru í frumurækt úr einu sýni úr einhverjum fiski í eldisstöðinni, eins og lýst er í III. hluta,

c) rökstudd vísbending um tilvist blóðþorraveiru úr tveimur sjálfstæðum rannsóknastofuprófunum á borð við víxlritakjarnsýrumögnun (IV. hluti) og óbeina flúrskinsmótefnaprófun (V. hluti),

d) flutningur á lifandi fiski í eldisstöð þar sem gildar ástæður eru fyrir grun um tilvist blóðþorra á þeim tíma þegar fiskurinn var fluttur,

e) ef rannsókn leiðir í ljós önnur mikilvæg, faraldsfræðileg tengsl við eldisstöðvar þar sem upp kemur grunur um blóðþorra eða tilvist blóðþorra er staðfest.

I.2.2. Hægt er að eyða grun um blóðþorra ef áframhaldandi rannsóknir, sem fela í sér a.m.k. eina klíníska rannsókn á mánuði á sex mánaða tímabili, gefa engar frekari marktækar vísbendingar um tilvist blóðþorra.

I.3. *Staðfesting á blóðþorra*

Tilvist blóðþorra telst vera staðfest ef viðmiðanir a-, b- eða c-liðar eru uppfylltar:

a) klínísk einkenni og einkenni við skoðun eftir dauða samræmast einkennum blóðþorra samkvæmt gildandi útgáfu greiningarhandbókar Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um sjúkdóma í lagardýrum, þ.m.t. dauður eða veikburða fiskur eða fiskur sem hagar sér óeðlilega, merki um blóðleysi, önnur einkenni við skoðun eftir dauða og sjúklegar breytingar greinast og blóðþorraveira greinist með einni eða fleiri af eftirfarandi aðferðum:

i) einangrun og greiningu blóðþorraveiru í frumurækt úr a.m.k einu sýni úr einhverjum fiski í eldisstöðinni, eins og lýst er í III. hluta,

ii) greiningu blóðþorraveiru með víxlritakjarnsýrumögnun með þeim aðferðum sem er lýst í IV. hluta,

iii) greiningu blóðþorraveiru í vef eða vefjasýnum með sértækum mótefnum gegn blóðþorraveiru (t.d. óbein flúrskinsmótefnaprófun á nýrnaþrykki eins og lýst er í V. hluta),

b) einangrun og greiningu blóðþorraveiru í tveimur sýnum úr einum eða fleiri fiskum í eldisstöð sem eru rannsakaðir á mismunandi tíma með aðferðinni sem er lýst í III. hluta,

c) einangrun og greiningu blóðþorraveiru úr a.m.k. einu sýni úr hvaða fiski í eldisstöðinni sem er með aðferðinni, sem er lýst í III. hluta, með staðfestri vísbendingu um blóðþorraveiru í vefjasýni úr hvaða fiski í eldisstöðinni sem er með því að nota annaðhvort víxlritakjarnsýrumögnun (IV. hluti) eða óbeina flúrskinsmótefnaprófun (V. hluti).

I.4. *Viðmiðanir við skilgreiningu og afnám svæða fyrir varnaraðgerðir og opinbert eftirlit ef upp kemur grunur um blóðþorra sem er svo staðfestur.*

I.4.1. Við gerð opinberrar eftirlitsáætlunar, byggðri á áhættumati, skulu aðildarríkin skilgreina viðeigandi varnar- og eftirlitssvæði í grennd við eldisstöðina þar sem opinber grunur leikur á um blóðþorra eða tilvist blóðþorra er staðfest.

I.4.2. Skilgreining svæða skal byggjast á greiningu í hverju tilviki fyrir sig á hættu á frekari útbreiðslu sjúkdómsins. Í samræmi við faraldsfræðilegt ástand skal viðkomandi vatnasvið eða strandsvæði:

— skilgreint sem varnarsvæði eða

— því má skipta, ef um víðáttumikil vatnasvið eða strandsvæði er að ræða, í varnarsvæði og eftirlitssvæði ef það dregur ekki úr líkum á því að útbreiðsla blóðþorra verði heft.

Enn fremur er heimilt að skilgreina viðbótareftirlitssvæði, eftir því sem þörf krefur, utan vatnasviðsins eða strandsvæðisins.

I.4.3. Helstu þættir, sem ber að hafa í huga við skilgreiningu framangreindra svæða, eru þeir sem hafa áhrif á hættuna á að sjúkdómurinn berist í eldisfisk eða villtan fisk, s.s.: fjöldi, hlutfall og dreifing dauðra fiska í eldisstöð þar sem upp kemur grunur um blóðþorraveiru eða tilvist hennar er staðfest; orsök dauðsfalla í viðkomandi eldisstöð; hve langt er til nærliggjandi eldisstöðva og hve þétt þær liggja; smithættueldisstöðvar; hvaða tegundir eru í eldisstöðvunum; rekstrarform smitaðra og nærliggjandi eldisstöðva; straumfræðileg skilyrði og aðrir faraldsfræðilegir þættir, greindir í tengslum við faraldsfræðilega athugun, sem fer fram í samræmi við 2. mgr. 5. gr. og 8. gr. tilskipunar 93/53/EBE.

I.4.4. Eftirfarandi lágmarksviðmiðanir skulu gilda um skilgreiningu svæða.

I.4.4.1. Aðildarríki skal skilgreina „varnarsvæði“ í næsta nágrenni eldisstöðvar þar sem blóðþorraveirusmit er staðfest, sem hér segir:

— á strandsvæðum: svæði innan hrings með geisla sem svarar a.m.k til hreyfingar sjávarfalla eða er a.m.k. 5 km, með miðpunkt í eldisstöð þar sem blóðþorraveirusmit er staðfest, eða samsvarandi svæði sem er ákvarðað samkvæmt viðeigandi straumfræðilegum eða faraldsfræðilegum gögnum eða

— á svæðum á landi: allt vatnasvið eldisstöðvar þar sem blóðþorrasmit er staðfest; aðildarríki er heimilt, á víðfeðmum vatnasviðum, að takmarka umfang svæðisins við hluta vatnasviðs, að því tilskildu að það dragi ekki úr líkum á því að útbreiðsla blóðþorra verði heft.

I.4.4.2. Ef upp kemur grunur um tilvist blóðþorra skal skilgreina „bráðabirgðavarnarsvæði“ sem byggist á sömu viðmiðunum og tilgreindar eru fyrir varnarsvæði.

I.4.4.3. Aðildarríki skal skilgreina „eftirlitssvæði“, eftir því sem þörf krefur, utan varnarsvæðis á svæðum þar sem minna eftirlit er talið nægja, og skal það svara til:

— á strandsvæðum: svæðis umhverfis varnarsvæði sem nær yfir hreyfingar sjávarfalla, svæðis umhverfis varnarsvæði og innan hrings með geisla sem nær 10 km út frá miðju varnarsvæðis eða samsvarandi svæðis, ákvarðað samkvæmt viðeigandi straumfræðilegum eða faraldsfræðilegum gögnum eða

— á svæðum á landi: útvíkkaðs svæðis utan við skilgreint varnarsvæði ef þörf krefur.

I.5. *Rekstrarhvíld og afnám skilgreindra svæða*

I.5.1. Lögbært yfirvald aðildarríkjanna skal sjá til þess að allar eldisstöðvar innan varnarsvæðis séu settar í rekstrarhvíld í hæfilegan tíma eftir að allur fiskur hefur verið fjarlægður úr þeim og sótthreinsaðar eins og nauðsyn krefur. Rekstrarhvíld eldisstöðva, sem staðfest er að séu sýktar af blóðþorra, skal ekki vera styttri en sex mánuðir. Lögbæra yfirvaldið skal ákveða lengd rekstrarhvíldar annarra eldisstöðva á varnarsvæðum samkvæmt áhættumati í hverju tilviki fyrir sig . Þegar allar eldisstöðvar á varnarsvæðinu hafa verið tæmdar tekur við samstillt rekstrarhvíld sem er a.m.k. sex vikur.

Enn fremur er lögbæru yfirvaldi heimilt að ákveða rekstrarhvíld eldisstöðva á skilgreindum eftirlitssvæðum.

I.5.2. Ekki má afnema eða endurnýja skilgreind svæði fyrr en allar eldisstöðvar á svæðunum hafa verið tæmdar af fiski, sótthreinsaðar eins og nauðsyn ber til og settar í hvíld í samræmi við I.5.1. Við endurnýjun svæða skal breyta varnarsvæðum í eftirlitssvæði eins og mælt er fyrir um í 1.4.4.3.

I.5.3. Ekki má endurnýja skilgreind bráðabirgðavarnarsvæði fyrr en grun um blóðþorra hefur verið eytt í samræmi við hluta I.2.2. Þegar blóðþorri hefur verið staðfestur í samræmi við hluta I.3 skal breyta bráðabirgðavarnarsvæðinu í varnarsvæði..

I.5.4. Ekki má endurnýja skilgreind eftirlitssvæði fyrr en tveimur árum eftir endurnýjun varnarsvæðisins.

I.6. *Opinbert eftirlit í kjölfar gruns eða staðfestingar á blóðþorra*

I.6.1. Með vísan til 2. mgr. 5. gr. og 6. gr. tilskipunar 93/53/EBE og til að staðfesta dreifingu og þróun sjúkdómsins í kjölfar gruns eða staðfestingar á blóðþorra í eldisstöð skal lögbært yfirvald eða viðurkenndur þjónustuaðili á sviði heilbrigðiseftirlits með fiskum í samráði við og undir stjórn lögbæra yfirvaldsins framfylgja opinberri eftirlitsáætlun, byggðri á áhættumati, á öllum eldisstöðvum á skilgreindu svæðunum.

I.6.2. Til að beita slíkri opinberri eftirlitsáætlun verður lögbæra yfirvaldið, með vettvangsskoðun ef nauðsyn krefur, að tilgreina allar eldisstöðvar á skilgreindu svæðunum og gera opinbera heildarúttekt á tegundum, flokkum og fjölda fiska í eldisstöðvunum, þ.m.t. dánarhlutfall.

I.6.3. Eftir upphaflegu, opinberu heildarúttektina skulu eldisstöðvar á skilgreindum bráðabirgðavarnarsvæðum sem rækta lax (*Salmo salar*) eða aðrar tegundir sem eru tilgreindar í nýjustu útgáfu alþjóðaheilbrigðisreglna Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar fyrir eldisdýr, sem eru næmar fyrir blóðþorrra eða hugsanlegir smitberar hans, tilkynna lögbæra yfirvaldinu um dánartölu á fjórtán daga fresti. Ef dánartalan hækkar skal tilkynna hana fyrir hvern dag og hverja kví. Lögbært yfirvald skal rannsaka alla marktæka hækkun dánartölu í eldisstöð.

Ef grunur er staðfestur skulu allar eldisstöðvar á skilgreindu varnarsvæði tilkynna lögbæra yfirvaldinu vikulega um dánartölu fyrir hverja kví og hvern dag.

Eldisstöðvar á eftirlitssvæðum skulu tilkynna um dánartölu á 14 daga fresti.

Enn fremur skal skoðun vera með reglubundnu millibili allt árið á skilgreindum svæðum og jafnoft og tilgreint er í töflu 1. Ef veðurskilyrði koma í veg fyrir slíka skoðun hluta úr ári geta aðildarríkin þó mælt fyrir um aðra skoðunartíðni í viðbragðsáætluninni.

*Tafla 1*

Opinber eftirlitsáætlun

| Staðsetning eldisstöðvar | Lágmarksfjöldi skoðana á ári | Lágmarksfjöldi skoðana á ári eftir að varnarsvæði hefur verið afnumið |
|---|---|---|
| Varnarsvæði | 12 | |
| Eftirlitssvæði | 6 | 6 |
| Bráðabirgðavarnarsvæði | 6 | |

Eftirlitsáætluninni skal fram haldið þar til svæðin hafa verið afnumin.

I.6.4. Skoðun, svo og val, söfnun, undirbúningur og sending sýna, skal fara fram samkvæmt skilgreiningu í hluta II.1 til II.4. Rannsókn sýnanna skal vera í samræmi við III. til VI. hluta.

## II. **Skoðun og sýnataka**

### II.1. *Skoðun, val og söfnun sýna í eldisstöð þar sem upp kemur grunur um tilvist blóðþorra*

II.1.1. Í reglubundnum skoðunum, sem fara fram innan ramma opinberrar eftirlitsáætlunar, sem gerð er grein fyrir í hluta I.6, og í eldisstöðvum, sem grunur leikur á að séu sýktar af blóðþorra, skal skoða alla hluta eldisstöðvar (kvíar, ker eða tjarnir) með tilliti til þess hvort þar finnst dauður eða veikburða fiskur eða fiskur sem hagar sér óeðlilega. Ef unnt er skal rannsaka hvort klínísk einkenni um blóðþorra eða einkenni við skoðun eftir dauða um blóðþorra, eins og lýst er í gildandi útgáfu greiningarhandbókar Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um sjúkdóma í lagardýrum, finnast í nýdauðum (órotnuðum) og veikburða fiski eða fiski sem hagar sér óeðlilega.

II.1.2. Ef nýleg, klínísk einkenni greinast sem samræmast blóðþorra eða ef skoðunarmaður eða dýralæknir hefur rökstuddan grun um að fiskur kunni að vera sýktur skal taka sýni úr minnst tíu fiskum. Ef unnt er skal sýnið vera úr nýdauðum (órotnuðum) og veikburða fiski eða fiski sem hagar sér óeðlilega. Ef ekki finnast nógu margir fiskar með klínísk einkenni skal taka viðbótarsýni úr heilbrigðum fiskum sem eru valdir úr þeim kvíum, kerum eða tjörnum sem hafa hæsta dánartölu eða flesta fiska með klínísk einkenni sjúkdóms.

II.1.3. Ef nýdauður eða veikburða fiskur eða fiskur, sem hagar sér óeðlilega, finnst en klínísk einkenni og einkenni eftir dauða samræmast ekki blóðþorra er sýnataka ekki skyldubundin en þó getur skoðunarmaður eða dýralæknir, að eigin ákvörðun, tekið þau sýni sem nauðsynleg eru til samanburðargreiningar.

II.1.4. Ef grunur leikur á að fiskur úr náttúrunni sé sýktur af blóðþorra skulu aðildarríkin sjá til þess að viðeigandi sýni séu tekin og rannsökuð með viðeigandi, klínískum aðferðum eða rannsóknarstofuaðferðum, sem mælt er fyrir um í II. til VI. hluta, í því skyni að útiloka eða staðfesta tilvist blóðþorra og meta hvort eldisfiski stafi umtalsverð hætta af uppkomu sjúkdómsins.

II.2. *Fisksýni undirbúin*

II.2.1. Einungis skal taka sýni til vefjafræðilegrar rannsóknar úr nýslátruðum fiski sem sýnir klínísk einkenni eða einkenni eftir dauða sem samræmast sjúkdómseinkennunum. Taka skal sýni með öllum ytri eða innri vefjaskemmdum og í öllum tilvikum skulu sýni úr lifur, miðhluta nýrans, hjarta og milta skorin úr hverjum fiski með skurðarhníf og lögð í 8–10% (rúmmálshlutfall) jafnalausn sem er formalín/saltlausn. Hlutfallið milli festingarvökva og vefjar verður að vera a.m.k. 20:1 til að tryggja fullnægjandi varðveislu vefjanna.

II.2.2. Taka skal vefi til veirufræðilegrar rannsóknar úr öllum fisksýnunum. Taka skal tvöföld sýni til frekari staðfestingar. Bitar úr lifur, framhluta nýra, hjarta og milta skulu teknir úr fiskinum með dauðhreinsuðu áhaldi og færðir yfir í plastpípur með 9 ml flutningslausn, þ.e. frumuræktaræti með sýklalyfjum. Unnt er að mæla með samsetningunni12,5 μg $ml^{-1}$ fungison, 200 a.e. $ml^{-1}$ pólýmixín B og 200 μg $ml^{-1}$ kanamýsín en einnig er heimilt að nota aðra samsetningu með staðfestri virkni. Heimilt er að safna saman vefjum úr allt að fimm fiskum í eina pípu með flutningslausn og leggja fram sem eitt safnsýni. Þyngd vefja í einu sýni skal vera 1,0 ± 0,5 g.

II.2.3. Nýrnaþrykk til óbeinnar flúrskinsmótefnaprófunar skal einungis taka úr nýslátruðum fiski, þ.e. innan tveggja klukkustunda frá dauða hans. Biti úr miðhluta nýrans skal tekinn úr fiskinum með dauðhreinsuðum áhöldum. Vefnum er þrýst á þerripappír til að fjarlægja afgangsblóð og síðan þrýst endurtekið á sýnisgler sem er húðað með pólý-L-lýsíni. Stök þrykk skulu liggja hvert að öðru, en ekki skarast, þannig að úr verði eitt samfellt lag af frumum. Ekki þarf að nota blóð eða holdvessa í þessari prófun. Forðast skal að láta nýrnasýnið þorna upp á þerripappírnum því það getur leitt til blóðstorknunar og til þess að mikið af sermiprótínum fari á sýnisglerið. Þrykkin skal loftþurrka og halda svölum og þurrum ef ekki á að festa þau þegar í stað. Festing þrykkja skal fara fram innan 72 klukkustunda frá því að sýni eru tekin úr fiskinum. Að öðrum kosti má frysta þrykk að lokinni loftþurrkun og geyma í allt að því einn mánuð við –20 °C áður en festing fer fram.

II.2.4. Heimilt er að rota fisk sem hefur einkenni blóðleysis og taka þegar í stað blóðsýni, meðhöndluð með heparíni, til blóðfræðirannsóknar á borð við blóðkornaskil.

II.2.5. Taka skal vefi til greiningar með víxlritakjarnsýrumögnun úr öllum fisksýnum. Biti úr fram- eða miðhluta nýrans skal tekinn úr fiskinum með dauðhreinsuðu áhaldi og færður yfir í örskilvinduglas með 1 ml RNA-rotvarnarlausn með staðfestri virkni. Heimilt er að safna saman vefjum úr allt að fimm fiskum í eina pípu með rotvarnarlausn og leggja fram sem eitt safnsýni. Þyngd vefja í einu sýni skal vera u.þ.b. 0,5 g. Ef fiskur er smærri en svo að ná megi sýni af tilskilinni þyngd úr honum má taka hluta úr nýra, hjarta, milta, lifur eða skúflanga, í þessari forgangsröð, þannig að sýnið verði 0,5 g.

II.3. *Flutningur á sýnum úr fiski*

II.3.1. Blóðsýni og pípur sem innihalda fiskvefi til veirufræðilegrar rannsóknar eða greiningar með víxlritakjarnsýrumögnun, skulu sett í einangruð ílát (t.d. pólýstýrenkassa með þykkum veggjum) ásamt nægum ís eða „ísklumpum“ til að tryggja kælingu sýnanna meðan á flutningi til rannsóknarstofu stendur. Sýnin mega ekki frjósa og á viðtökustað skal enn vera ís í flutningskassanum eða einn eða fleiri ísklumpar verða að hafa haldist frosnir að hluta eða alveg. Í undantekningartilvikum má hraðfrysta sýni sem á að greina með víxlritakjarnsýrumögnun og sýni til veirufræðilegrar rannsóknar og flytja á rannsóknarstofuna við –20 °C eða minna.

II.3.2. Senda skal sýnisgler fyrir óbeina flúrskinsmótefnaprófun í sérstökum hylkjum með svo miklu rakadrægu efni að þrykkin haldist þurr og kæld eins og að framan greinir.

II.3.3. Ef fiskvefir eru fluttir í festingarvökva til vefjafræðilegrar rannsóknar skulu þeir sendir í lekaþéttum pípum í ílátum sem standast högg, t.d. pólýstýrenkössum með þykkum veggjum.

II.3.4. Svo fremi sýnin séu ekki fryst skal hefja veirufræðilega rannsókn eins fljótt og auðið er og ekki seinna en 72 klukkustundum eftir að sýnunum er safnað saman. Sýni sem er tekið til frekari staðfestingar skal geymt við –20 °C eða lægra hitastig eftir viðtöku á rannsóknarstofu.

II.3.5. Flytja má heilan fisk á rannsóknarstofu ef kröfunum um hitastig í flutningi, sem lýst er í hluta II.3.1, er fullnægt. Vefja má heilan fisk inn í rakadrægan pappír og senda í plastpoka sem er kældur eins og áður er getið.

II.3.6. Einnig má senda lifandi fisk, en aðeins undir eftirliti opinbera þjónustuaðilans.

II.3.7. Við greiningu vefjasýna, sem eru rotvarin í RNAlater-geymslulausn, með víxlritakjarnsýrumögnun verður RNA-útdráttur að fara fram innan tiltekins tíma að því er varðar sýni sem eru geymd við misháan hita. Sá tími er sem hér segir:

— 37 °C einn dagur

— 25 °C ein vika

— 4 °C einn mánuður

— –20 °C ótakmarkaður

II.3.8. Öll pökkun og merking verður að vera í samræmi við gildandi, innlendar og alþjóðlegar flutningsreglur eftir því sem við á.

II.4. *Söfnun viðbótargreiningarefnis*

Með samkomulagi við rannsóknarstofuna, sem annast greininguna, má einnig að safna öðrum fiskvefjum og undirbúa fyrir viðbótarrannsókn.

## III. **Veirufræðileg rannsókn**

III.1. *Sýnin undirbúin*

III.1.1. Ef upp koma erfiðleikar í framkvæmd sem koma í veg fyrir að hægt sé að sá á frumur innan 72 klukkustunda frá því að vefjasýnin eru tekin er heimilt að frysta vefinn við –80 °C í allt að því 28 daga. Aðeins er heimilt að frysta og þíða vefina einu sinni áður en rannsókn fer fram.

III.1.2. Gera skal hvert sýni (vefjasafnsýni í flutningslausn) fullkomlega einsleitt og nota til þess eltimaga (stomacher), blandara eða mortél og staut, skilja í skilvindu við 2000 til 4000 × g í 15 mínútur við 0 til 6 °C en flotið skal sía (með 0,45 µm síu og rækta með sama rúmmáli af hæfilega þynntri blöndu af mótsermi gegn staðbundnum (indigenous) sermigerðum brisdrepsveiru (IPN-veiru). Títri mótsermisins skal vera minnst 1:2000 í 50% hlutleysandi eyðuprófun. Blandan er höfð í eina klukkustund við 15 °C. Úr þessu verður til sáð.

Markmiðið með því að meðhöndla allt sáð með mótsermi gegn brisdrepsveiru (veiru sem finnst sums staðar í Evrópu í 50% fisksýna) er að koma í veg fyrir að frumuskemmdir (CPE), sem stafa af brisdrepsveiru, komi fram í frumurækt sem sáð hefur verið í. Þetta styttir veirufræðilegu rannsóknina og fækkar þeim tilfellum þar sem telja verður að frumuskemmdir séu hugsanleg vísbending um blóðþorraveiru.

Þegar sýni eru úr framleiðslueiningum sem álitnar eru lausar við brisdrep er heimilt að sleppa því að meðhöndla sáð með mótsermi gegn brisdrepsveiru.

III.2. *Sáning á frumurækt*

III.2.1. SHK-1-frumur (umsáning (pass) 80 eða undir) eða TO-frumur skulu ræktaðar í L-15-æti með 5% nautgripafósturssermi, 2% (rúmmálshlutfall) 200 mM L-glútamíni og 0,08% (rúmmálshlutfall) 50 mM 2-merkaptóetanóli úr bökkum með 12 eða 24 brunnum. Heimilt er að nota aðrar frumulínur með viðurkennda verkun og næmi fyrir einangrun blóðþorraveiru, að teknu tilliti til breytileika stofna og hæfni mismunandi stofna til eftirmyndunar í mismunandi frumulínum. Sviflausn úr líffærum, meðhöndluð með mótsermi, skal sáð á nýja frumurækt í góðum vexti sem gefur endanlega þynningu vefjarefnis í ræktunaræti sem er 1:1000. Fyrir hverja sviflausn úr líffærum skal setja 40 µl af sáði í brunna með 2 ml af ræktunaræti. Til að minnka hættuna á víxlmengun er ráðlagt að nota bakka með 12 eða 24 brunnum undir fisksýni frá mismunandi eldisstöðvum.

III.2.2. Í einn af bökkunum skal ekki sáð heldur skal nota hann fyrir neikvæðan samanburð. Í sérstakan bakka fyrir jákvæðan samanburð skal sáð með tilvísunareinangri með blóðþorraveiru, sem hér segir. Sáð skal í fyrsta brunninn eitt hundrað µl af stofnlausn blóðþorraveirunnar (lágmarkstítri $10^7$ $TCID_{50}$ $ml^{-1}$) og blanda vel. Taka skal tiltekið magn af þessu efni úr fyrsta brunninum og setja í annan brunn til að ná þynningu sem er 1:10 og blanda vel. Þetta er endurtekið á öllum bakkanum til að ná sex tíföldum þynningum. Stofn blóðþorraveirunnar má geyma við –80 °C í .a.m.k. tvö á en hafi hann þiðnað verður að nota hann innan þriggja daga. Athugasemd: Koma skal í veg fyrir víxlmengun prófunarbakka við efni fyrir jákvæðan samanburð. Til að forðast þá hættu skal setja upp jákvæðan samanburð og meðhöndla á annan hátt en prófunarbakkana.

III.2.3. Sýni skulu höfð við 14 ± 2 °C í allt að því 15 daga.

III.3. *Smásjárskoðun*

Skoða skal frumurækt tvisvar með smásjá til að kanna frumuskemmdir, fimm til sjö dögum og 12–14 dögum eftir sáningu. Ef frumuskemmdir sjást í einhverju safnsýni skal þegar í stað hefja sanngreiningu veira (III.6). Hafi engar frumuskemmdir greinst á fjórtánda degi skal viðhafa hemaðsogsprófun (haemadsorption test) (III.4).

III.4. *Hemaðsog*

Eftirmyndun blóðþorraveira í frumurækt leiðir ekki alltaf til frumuskemmda. Því skal viðhafa hemaðsogsprófun í hverjum brunni, eins og lýst er hér á eftir, eða að öðrum kosti IF-prófun, eins og lýst er í III.6.1, í hverjum brunni.

III.4.1. Fjarlægja skal frumuræktaræti úr hverjum brunni, einnig þeim sem eru fyrir jákvæðan og neikvæðan samanburð, og setja í merktar, sótthreinsaðar pípur. Í hvern brunn skal setja fimm hundruð µl af 0,2% (rúmmálshlutfall) sviflausn úr þvegnum rauðkornum úr kanínu eða hrossi eða 0,05% (rúmmálshlutfall) sviflausn úr þvegnum rauðkornum úr regnbogasilungi eða laxi og rækta við stofuhita í 45 mínútur. Fjarlægja skal rauðkornin og þvo hvern brunn tvisvar með L-15-miðli. Skoða skal hvern brunn í smásjá.

III.4.2. Klasi af rauðkornum á yfirborði SHK-1- eða TO-frumna benda til sýkingar af ortómýxóveiru. Ef hemaðsogsprófun reynist jákvæð skal þegar í stað viðhafa sanngreiningarprófun fyrir veirur (III.6).

III.5. *Ræktun undirræktа eða umsáning*

III.5.1 Umsáning fer fram frá 13. degi til 15. dags. Tvö hundruð tuttugu og fimm µl af floti úr rækt skulu settir í brunn með nýjum SHK-1-frumum í góðum vexti í bökkum með 12 brunnum og þetta skal haft við 14 ± 2 °C í allt að því 18 daga. Skoða skal frumuræktir tvisvar í smásjá til að kanna frumuskemmdir, fimm til sjö dögum og 14 til 18 dögum eftir sáningu. Ef frumuskemmdir sjást í einhverju safnsýni skal þegar í stað hefja sanngreiningu veira (III.6). Hafi engar frumuskemmdir greinst á fjórtánda til átjánda degi skal viðhafa hemaðsogsprófun (III.4).

III.5.2. Komi frumueiturhrif fram á fyrstu sjö dögum ræktunar skal umsáning fara fram á því stigi og frumurnar ræktaðar í 14–18 daga og síðan skal umsá þeim aftur og rækta í 14–18 daga til viðbótar. Komi frumueiturhrif fram eftir sjö daga skal umsáning fara fram þegar í stað og frumurnar ræktaðar þar til samanlagður ræktunartími frá frumsáningu er 28–36 dagar.

III.5.3. Verði bakteríusmitun í frumurækt verður að endurtaka prófun þar sem notaður er vefjajafningur sem geymdur er við –80 °C. Fyrir sáningu er vefjajafningurinn skilinn í skilvindu við 4000 × g í 30 mínútur við 0 til 6 °C og flotið síað með 0,22 µm síu. Verði bakteríusmitun við umsáningu skal flotið síað með 0,22 µm síu, sáð á nýjar frumur og ræktað í 14–18 daga til viðbótar.

III.6. *Prófanir til sanngreiningar veira*

Ef vísbending um frumuskemmdir kemur fram á einhverju stigi eða hemaðsogsprófun reynist jákvæð skal gera prófanir til sanngreiningar veira. Aðferðir sem hægt er að velja um til sanngreiningar á blóðþorraveiru eru IF (III.6.1) og víxlritakjarnsýrumögnun (RT-PCR) (IV. hluti). Ef talið er að um aðrar veirur sé að ræða er ráðlagt að grípa til annarra sanngreiningarprófana fyrir veirur. Leiði prófanirnar ekki til öruggrar sanngreiningar veirunnar á einni viku skal senda flotið til innlendrar tilvísunarrannsóknarstofu í fisksjúkdómum eða til tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins í fisksjúkdómum til skjótrar sanngreiningar.

III.6.1. Ónæmisflúrskin (IF)

III.6.1.1. SHK-1-frumur (umsáning 80 eða lægri) eða TO-frumur skulu ræktaðar í L-15-æti með 5% nautgripafóstursermi, 2% (rúmmálshlutfall) 200 mM L-glútamíni og 0,08% (rúmmálshlutfall) 50 mM 2-merkaptóetanóli í bökkum með 24 eða 96 brunnum og notaðar við meira en 50% samrennsli. Einnig er heimilt að nota aðrar frumulínur eða vaxtaræti með viðurkennda verkun. Í hvorn af tveimur brunnum skal setja tvö hundruð tuttugu og fimm µl af floti úr þeirri rækt, sem talin er vera smituð af veiru, blanda og flytja 225 µl í aðra tvo brunna, þ.e. þynning sem er 1:5. Í tvo brunna til viðbótar er ekki sáð heldur eru þeir notaðir til samanburðar. Sýni úr hverri eldisstöð skulu meðhöndluð á aðskildum bökkum og það sama gildir um samanburð fyrir veirur. Setja skal upp veirusamanburð með tilvísunareinangri með blóðþorraveiru.

III.6.1.2. Bakkar skulu hafðir við 14 ± 2 °C og skoðaðir í smásjá í allt að því sjö daga. Þegar fyrstu frumuskemmdir greinast, eða hafi engar frumuskemmdir greinst á sjöunda degi, skal næsta skref vera festing. Brunnarnir eru þá skolaðir með PBS og festir með því að hafa þá með 80% asetoni í 20 mínútur við stofuhita. Bakkarnir eru loftþurrkaðir og litaðir þegar í stað eða geymdir við 0–6 °C í mesta lagi í 24 klukkustundir fyrir litun.

III.6.1.3. Lita skal samhliða brunna með einstofna mótefni 3H6F8 gegn blóðþorraveiru eða öðru einstofna mótefni með viðurkennda verkun og sérhæfni, þynna í PBS og hafa við 37 ± 4 °C í 30 mínútur. Fjarlægja skal einstofna mótefni með því að skola bakkana þrisvar með 0,05% Tween 20 í PBS. FITC-merkt mótefni gegn músa-IgG, er sett í hvern brunn, þynnt í PBS og haft við 37 ± 4 °C í 30 mínútur. Athugasemd: finna skal heppilegustu þynningu úr mismunandi lögnum einstofna mótefnis og FITC-merkts mótefnis á hverri rannsóknarstofu. Fjarlægja skal mótefni með því að skola bakkana þrisvar með 0,05% Tween 20 í PBS.

III.6.1.4. Brunnana skal þegar í stað skoða í umhverfðri smásjá sem er gerð fyrir flúrljómssmásjárrannsókn með hentugri síu fyrir örvun á FITC. Prófun telst vera jákvæð ef í ljós koma flúrljómandi frumur. Til að prófun sé gild verða niðurstöður úr jákvæðum samanburði að vera jákvæðar og úr neikvæðum samanburði verða niðurstöðurnar að vera neikvæðar.

IV. **Rannsókn sýna með víxlritakjarnsýrumögnun (RT-PCR)**

IV.1. *Í þessum þætti er lýst tilskildum aðferðum við kjarnsýrumögnun á hluta af bút 8 af genamengi blóðþorraveiru sem beita má á fiskvef eða blóðþorraveiru í rækt*

IV.1.1. RNA-útdráttur

a) RNAlater-geymslulausn er fjarlægð úr hverju sýni. Í hverja pípu skal setja 1 ml af DEPC-meðhöndluðu $dH_2O$ og hafa pípurnar í skilvindu við 13 000 snúninga á mínútu í fimm mínútur við 0–6 °C.

b) Flotið skal tekið úr hverju sýni og 800 µl TRIzol (Invitrogen) eða öðru prófefni, sem staðfest er að hefur jafnmikla eða meiri verkun, skal bætt í hvert sýni og samanburðarpípu með viðeigandi samanburðarefni (400 µl $dH_2O$ eða nýrnajafningur úr tilteknum fiski sem er laus við sjúkdómsvalda). Ef nauðsyn krefur skal leysa upp vefina með því að pípla þá margsinnis. Pípurnar skulu hafðar við stofuhita í fimm mínútur. Í hverja pípu skal setja 160 µl klóróforms, þær skal hrista kröftuglega í þrjár mínútur og skilja síðan í skilvindu við 13 000 snúninga á mínútu í 15 mínútur við 0–6 °C.

c) Flytja skal efra vatnslagið í merkt 1,5 ml örvinduglas, sem inniheldur 500 µl ísóprópanól, láta glösin standa í 10 mínútur við stofuhita og setja þau síðan í skilvindu við 6500 snúninga á mínútu í 15 mínútur við 0–6 °C.

d) Fjarlægja skal flotið og bæta 1 ml 75% etanóls við RNA-botnfallið sem hefur myndast. Glösin skulu síðan sett í skilvindu og skilin við 6500 snúninga á mínútu í fimm mínútur við 0–6 °C.

e) Fjarlægja skal flotið og láta glösin standa opin í u.þ.b. þrjár mínútur þannig að það sem eftir er af etanólinu gufi upp. Bæta skal 15 µl af DEPC-meðhöndluðu $dH_2O$ við til að koma botnfallinu aftur í lausn og, ef nauðsyn krefur, hrista örstutt í iðublandara.

f) Nota skal litrófsmæli til að reikna út RNA-styrk og hreinleika sýna. Ljósþéttni er mæld við 260 og 280 nm.

g) RNA, sem á að nota þegar í stað (sama dag), má geyma til bráðabirgða við 0–6 °C. RNA, sem ekki á að nota þegar í stað, skal geymt við –80 °C.

IV.1.2. Víxlritun (RT)

a) Þynna skal tvö µg RNA í DEPC-meðhöndluðu $dH_2O$ í 1,5 ml örvinduglösum. Ef RNA-styrkur sýnis er minni en svo að unnt sé að nota 2 µg í víxlritunarhvarfi skal nota svo mikið RNA sem framast er unnt. Þynnt RNA skal haft við 55–60 °C í tíu mínútur.

b) Glös, sem innihalda RNA, skulu síðan sett á ís og víxlritunarprófefnum bætt við til að fá endanlegan styrk sem er 1 × jafnalausn, 1mM dNTPs, 100 ng slembivalin sexkirni (random hexamers), 20 einingar RNasa-lati og 200 einingar MMLV-RT í heildarrúmmálinu 20 µl.

c) Glösin skulu höfð við 37 °C í eina klukkustund.

d) Geyma skal cDNA við 0–6 °C fram að notkun og nota við kjarnsýrumögnun eins fljótt og unnt er.

IV.1.3. Kjarnsýrumögnun (PCR)

a) Bæta skal fimm µl cDNA við 45 µl PCR-blöndu til að fá endanlega styrkleika sem er 1 × jafnalausn, 1,5 mM $MgCl_2$, 0,2 mM af hverju dNTP, 25 pmol af hverjum vísi (primer) og 1 eining af Taq-pólýmerasa. Vísar eru ISA+ (5'-GGC-TAT-CTA-CCA-TGA-ACG-AAT-C-3') („framvísir“, „forward primer“) og ISA- (5'-GCC-AAG-TGT-AAG-TAG-CAC-TCC-3') („bakvísir“, „reverse primer“). Setja skal upp neikvæðan samanburð fyrir útdrátt, víxlritun og kjarnsýrumögnun.

b) Setja skal glös í lotuhitara (thermocycler) sem er stilltur á 94 °C í fimm mínútur, síðan 35 lotur á 94 °C í eina mínútu, 55 °C í eina mínútu og 72 °C í eina mínútu og í lokin skal hafa glösin við 72 °C í fimm mínútur.

c) Niðurstöður úr kjarnsýrumögnun skulu metnar í kjölfar rafdráttar með 2% agarósageli sem er litað með etidíumbrómíði og með stærðarmerkjum meðfram sýnum og neikvæða samanburðinum úr víxlritun og kjarnsýrumögnun. Ein stök afurð, sem er15 5bp, úr kjarnsýrumögnun telst vísbending um tilvist RNA úr blóðþorraveiru. Sýni með einni afurð til viðbótar, sem er 310 bp, skal einnig teljast innihalda RNA úr blóðþorraveiru. Sýni sem gefa af sér margar afurðir úr kjarnsýrumögnun, þ.m.t. minnst eina sem er u.þ.b. 155 bp, kunna að innihalda RNA úr blóðþorraveiru. Þetta má rannsaka frekar með því að nota DNA-þreifara eða greina núkleótíðaröðina.

IV.1.4. Staðfesting með kjarnsýrumögnun á einangrun blóðþorraveiru í vefjarækt

Ef algerar frumuskemmdir hafa orðið við veirufræðilega rannsókn á vefjasýnum í SHK-1-frumum skal taka 400 µl af floti úr bollanum og setja í dauðhreinsaða 1,5 ml pípu. Draga skal RNA út úr þessu sýni, sbr. III.1, og beita víxlritakjarnsýrumögnun. Ef notaðar eru ræktir þar sem frumuskemmdir eru ekki algerar skal fjarlægja flotið, skrapa frumurnar af yfirborði brunnsins eða flöskunnar og setja í sótthreinsaða 1,5 ml pípu fyrir RNA-útdrátt og víxlritakjarnsýrumögnun.

IV.1.5. Staðfesting á afurðum kjarnsýrumögnunar með DNA-þreifara

a) Meta má sérhæfni 155 bp afurðar kjarnsýrumögnunar með þreifun með fákirni sem þáttaparast við svæði afurðarinnar úr kjarnsýrumögnuninni, innan vísanna. Afurðirnar úr kjarnsýrumögnun skulu rafdregnar í 1% agarósageli meðfram stærðarmerkjum og jákvæðum og neikvæðum samanburði úr víxlritun og kjarnsýrumögnun.

b) DNA skal suðurþrykkt (Southern blotted) og merkta fákirnið (5'-CGGGAGTTGATCAGACATGCACTGA AGGTG-3') haft með himnunni að loknum viðeigandi skrefum í forþáttapörun.

c) Óbundnir þreifarar og þreifarar, sem ekki eru bundnir sértækt, skulu þvegnir af himnunni og bundnir þreifarar gerðir sýnilegir.

d) Þreifari, bundinn við bút sem er 155 bp (og 310 bp ef slíkur bútur finnst) er sönnun á sérhæfni PCR og vísbending um að RNA úr blóðþorraveiru fyrirfannst í sýninu.

IV.1.6. Greining á núkleótíðaröð afurða kjarnsýrumögnunar

Hægt er að meta sérhæfni kjarnsýrumögnunar með því að rannsaka núkleótíðaröð 155 bp afurðar kjarnsýrumögnunar.

a) Hreinsa skal agarósagel eða -lausn af afurðum kjarnsýrumögnunar.

b) Raðgreina skal bútinn með því að nota sömu vísa og voru notaðir í kjarnsýrumögnunar- eða genaferjuvísunum ef klónað er í genaferju fyrir raðgreiningu.

c) Bera skal núkleótíðröðina saman við röðina í bút 8 hjá blóðþorraveiru, sem liggur fyrir í EMBL-gagnabankanum yfir núkleótíðaraðir (vörslunúmer Y10404, AJ012285, AJ242016).

d) Tilvist raðar sem samsvarar röðinni í bút 8 hjá blóðþorraveiru er sönnun þess að sýnið innihélt RNA úr blóðþorraveiru.

V. **Rannsókn á nýrnaþrykkjum með óbeinni flúrskinsmótefnaprófun (IFAT)**

V.1. *Eftirfarandi aðferðarlýsing hefur verið samin fyrir rannsókn á nýrnaþrykkjum með óbeinni flúrskinsmótefnaprófun*

V.2. *Þrykk undirbúin og lituð*

V.2.1. Sýnisgler skulu fest í asetoni eða metanól/asetoni (1:1) í þrjár mínútur og loftþurrka. Hvert sýnisgler skal skoðað áður en litun fer fram og viðeigandi svæði á sýnisglerinu afmarkað með ImmEdgeTM-penna, eða áþekkum merkipenna, og síðan loftþurrkað. Að því loknu eru sýnisglerin sett í blokklausn (6% undanrenna í PBS sem inniheldur 0,2% Tween 20) og höfð við vægan hristing í 30 mínútur við stofuhita. Vökvi er látinn renna af hverju sýnisgleri og því komið lárétt fyrir í sýnisglerjakassa með vættum pappír sem heldur andrúmsloftinu röku.

V.2.2. Þekja skal hvert þrykk með lausn úr einstofna mótefni 3H6F8 gegn blóðþorraveiru (eða öðru einstofna mótefni með viðurkennda verkun og sérhæfni), síðan skal loka sýnisglerjakassanum og hafa við hristing í 60 mínútur við stofuhita. Mótefnið skal að öllu jöfnu þynnt í hlutfalli frá 1:10 til 1:100 í 1% undanrennu en þynninguna þarf í reynd að ákvarða fyrir hverja lögn. Sýnisglerin skulu þvegin þrisvar í tvær mínútur í PBS sem inniheldur 0,1% Tween 20. Þekja skal hvert þrykk með lausn sem inniheldur FITC-merkt mótefni úr geit gegn mús, þynnt 1:1000 í 1% undanrennu, og hafa við stofuhita og raka í 60 mínútur. Sýnisglerin skulu þvegin þrisvar í tvær mínútur í PBS sem inniheldur 0,1% Tween 20. Þekja skal hvert sýnisgler með CITIFLUOR$^{TM}$-lausn (500 µl CITIFLUOR$^{TM}$, sem er blönduð með 1,5 ml 0,1% (rúmmálshlutfall) Tween 20 í PBS) eða öðru heppilegu steypiefni í 10 mínútur. Sýnisglerin skulu þvegin þrisvar í PBS sem inniheldur 0,1% Tween 20. Ef þörf er á mótlitun má þekja hvert þrykk með própidíumjoðíði (0,01 mg/ml) í PBS, sem inniheldur 0,1% Tween 20, og hafa í þrjár mínútur við stofuhita. Sýnisglerin skulu þvegin þrisvar í tvær mínútur í PBS sem inniheldur 0,1% Tween 20. Vökvi er látinn renna af hverju sýnisgleri og það haft í CITIFLUOR$^{TM}$ eða öðru hentugu steypiefni Sýnisglerin skulu geymd í myrkri við 4 °C áður en smásjárrannsókn fer fram.

V.3. *Rannsókn þar sem notuð er flúrljómandi smásjárrannsókn*

Skoða skal hvert sýnisgler í smásjá, sem hentar til epi-flúrljómunar, með hentugri síu sem örvar FITC þannig að það gefur frá sér hið einkennandi, græna flúrskin. Allir reitir á svæðum, sem eru afmörkuð með ImmEdge$^{TM}$-pennanum, skulu skoðaðir með × 10 og × 20 hlutlinsum og grunsamleg svæði (þau sem eru með grænu flúrskini) skulu skoðuð nánar með × 40 hlutlinsu og fasa-/flúrljómandi lýsingu til að tryggja að flúrlitunin tengist frumum. Hnitin fyrir grunsamlegu svæðin skulu skráð með tilliti til þess að annar athugandi muni síðar staðfesta eðli flúrljómunarinnar. Að lokinni skoðun fyrsta athuganda skal annar athugandi skoða aftur þau sýnisgler sem eru jákvæð eða grunsamleg og skulu niðurstöður staðfestar.

V.4. *Samanburður*

V.4.1. Þrenns konar samanburður skal hafður fyrir hvert sett sýnisglerja sem eru lituð vegna óbeinnar flúrskinsmótefnaprófunar:

— nýrnaþrykk af ósýktum laxi (neikvæður samanburður),

— ósýkt SHK-1-frumurækt eða önnur smitnæm frumurækt (neikvæður samanburður),

— SHK-1-frumurækt, sýkt af blóðþorraveiru, eða önnur smitnæm frumurækt (jákvæður samanburður).

V.4.2. Ef nýrnaþrykk af laxi, smituðum af blóðþorraveiru, er tiltækt er mælt með því að það sé notað fyrir frekari jákvæðan samanburð.

V.4.3. Ef jákvæðar niðurstöður fást úr neikvæðum samanburði telst prófunin vera ógild fyrir öll sýnisglerin í því setti. Ef öll sýnisgler í tilteknu setti, þ.m.t. jákvæður samanburður, eru neikvæð telst prófunin vera ógild á öllum sýnisglerjunum í því setti. Í þeim tilvikum þar sem misheppnaður samanburður leiðir til þess að sett af sýnisglerjum verður ógilt skal eyðileggja þau sýnisgler og endurtaka prófunina og nota þau þrykk sem voru höfð til vara.

V.5. *Rannsókn á öðrum vefjum*

Þessari tækni er hægt að beita á aðra fiskvefi, s.s. úr lifur, milta og hjarta, svo framarlega sem hægt er að setja nægilegt magn af þelfrumum, hvítkornum eða eitilfrumum á sýnisglerið. Litunaraðferðin skal vera sú sama fyrir hvern vef, enda þótt það geti verið hentugra að sleppa litun með própidíumjoðíði fyrir suma vefi og nota þess í stað fasalýsingu (phase contrast illumination) til að sanngreina þær frumugerðir sem finnast í þrykkinu.

VI. **VEFJAFRÆÐI**

Rannsóknarsýni, sem eru steypt í paraffín, eru skorin í 5 µm þykkar sneiðar og lituð með hematóxýlíni og eósíni. Vefjabreytingum, sem tengjast blóðþorra, er lýst í gildandi útgáfu greiningarhandbókar Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (International Office of Epizootics (OIE)) um sjúkdóma í lagardýrum.

VII. **Skammstafanir**

| | |
|---|---|
| cDNA | samfallandi deoxýríbósakjarnasýra |
| CPE | frumuskemmdir (cytopathic effect) |
| DEPC | díetýlpýrókarbónat |
| dNTP | deoxýnúkleótíðþrífosfat |
| FITC | ísóþíósýanat í flúrskinslausn |
| IF | ónæmisflúrskin (immunofluorescence) |
| IFAT | óbein flúrskinsmótefnaprófun |
| OIE | Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin |
| IPN(V) | smitnæmt drep í brisi (veira) |
| ISA(V) | blóðþorri (veira) |
| PBS | fosfatstillt saltlausn |
| RNA | ríbósakjarnsýra |
| RT-(PCR) | víxlritakjarnsýrumögnun (reverse transcriptase (polymerase chain reaction)) |
| SHK-1 | nýrnafrumur úr laxi |
| $TCID_{50}$ | smitandi skammtur vefjaræktar við 50% endapunkt (tissue culture infective dose at the 50 % end point) |

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR** **2007/EES/16/07**

**frá 28. ágúst 2003**

**um samþykkt áætlana um að ná stöðu viðurkenndra svæða og viðurkenndra eldisstöðva á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til veirublæðingar og iðradreps í fiski (*)**

*(tilkynnt með númeri C(2003) 3101)*

(2003/634/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ([1]), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB ([2]), einkum 2. mgr. 10. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt tilskipun 91/67/EBE getur aðildarríki lagt áætlun fyrir framkvæmdastjórnina, sem gerir kleift að hefja málsmeðferð síðar meir til þess að svæði eða eldisstöð á svæði, sem ekki er viðurkennt, geti öðlast stöðu viðurkennds svæðis eða viðurkenndrar eldisstöðvar á svæði, sem er ekki viðurkennt, með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðis (e: veirublæðingar) (VHS) og/eða iðradreps (IHN).

2) Tiltekin aðildarríki lögðu fram slíkar áætlanir sem voru samþykktar með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/304/EB ([3]) eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2003/376/EB ([4]).

3) Í bréfum, dagsettum 12. mars 2003 og 12. júní 2003, fór dýraheilbrigðisyfirvaldið í Finnlandi fram á breytingar á áætluninni sem er skráð í lið 6B í I. viðauka við ákvörðun 2002/304/EB. Til þess að varðveita hinar viðkvæmu tegundir eystrasaltslax (*Salmo salar*), sjóbirting (*Salmo trutta m trutta*) og tjarnarsíld (*Coregonus lavaretus lavaretus*) er endurnýjun stofnanna nauðsynleg í ánum Kymijoki og Summanjoki. Finnland hefur lagt fram breytingar á áætlun sinni þar sem kveðið er á um að lifandi hrogn séu flutt af Pyhtää-svæðinu, sem takmarkanir gilda um, að því tilskildu að gripið sé til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að hrognin séu laus við veirublæði og iðradrep. Afmörkun svæðisins, sem kveðið var á um í I. viðauka við ákvörðun 2002/304/EB, er ekki breytt.

4) Í bréfi, dagsettu 4. mars 2003, lagði dýraheilbrigðisyfirvaldið á Ítalíu til breytingu á áætluninni sem er skráð í lið 5.1 í I. viðauka við ákvörðun 2002/304/EB. Til þess að auka vernd að því er varðar aðflutning á fiski inn á svæðið, sem áætlunin nær til, verður lifandi silungur og annar fiskur, sem er ætlaður til beinnar neyslu á veitingahúsum, svo og regnbogasilungur, sem á að flytja í manngerð vötn eða fiskivötn, að vera upprunninn í eldisstöðvum eða á svæðum sem viðurkennt er að séu laus við veirublæði og iðradrep. Afmörkun svæðisins, sem kveðið var á um í I. viðauka við ákvörðun 2002/304/EB, er ekki breytt.

5) Í ljós hefur komið að breytingarnar, sem lagðar voru fram, eru í samræmi við 10. gr. tilskipunar 91/67/EBE og skal því samþykkja þær.

6) Ákvörðun 2002/304/EB hefur verið breytt mörgum sinnum. Til glöggvunar og hagræðingar skal hún felld úr gildi og skal þessi ákvörðun koma í hennar stað.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

1. Áætlanirnar, sem eru skráðar í I. viðauka og lagðar fram skv. 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 91/67/EBE til að ná stöðu viðurkennds svæðis, með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðis og iðradreps, eru hér með samþykktar.

2. Áætlanirnar, sem eru skráðar í II. viðauka og lagðar fram skv. 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 91/67/EBE til að ná stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar, á svæði sem er ekki viðurkennt, með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðis og iðradreps, eru hér með samþykktar.

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fylgja þessum viðurkenndu áætlunum.

*3. gr.*

Ákvörðun 2002/304/EB er hér með felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa ákvörðun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 220, 3.9.2003, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2004, 9. júli 2004 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 8.

([1]) Stjtíð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.

([3]) Stjtíð. EB L 104, 20.4.2002, bls. 37.

([4]) Stjtíð. EB L 130, 27.5.2003, bls. 21.

*4. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. ágúst 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

*I. VIÐAUKI*

**ÁÆTLANIR SEM ERU LAGÐAR FRAM TIL AÐ NÁ STÖÐU VIÐURKENNDS SVÆÐIS MEÐ TILLITI TIL FISKSJÚKDÓMANNA VEIRUBLÆÐIS OG IÐRADREPS**

1. *DANMÖRK*

ÁÆTLANIRNAR, SEM DANMÖRK LAGÐI FRAM 22. MAÍ 1995, NÁ YFIR:

— vatnsöflunarsvæði FISKEBÆK Å,

— ALLT JÓTLAND sunnan og vestan vatnsöflunarsvæða Storåen, Karup Å, Gudenåen og Grejs Å,

— allar DANSKAR EYJAR.

2. *ÞÝSKALAND*

ÁÆTLANIRNAR, SEM ÞÝSKALAND LAGÐI FRAM 25. FEBRÚAR 1999, NÁ YFIR:

— svæði á vatnsöflunarsvæði „WOLFEGGER AACH OG ROHRSEE“,

— svæði á vatnsöflunarsvæði „OBERN NAGOLD“.

3. *SPÁNN*

ÁÆTLUNIN, SEM SPÁNN LAGÐI FRAM 1. ÁGÚST 2002, NÆR YFIR:

— SJÁLFSTJÓRNARHÉRAÐIÐ LA RIOJA.

4. *FRAKKLAND*

ÁÆTLANIRNAR, SEM FRAKKLAND LAGÐI FRAM 16. SEPTEMBER 1994, NÁ YFIR:

— LES FORGES,

— LA NIVE OG LES NIVELLES,

— L'ÉLORN.

5. *ÍTALÍA*

5.1. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR SJÁLFSTJÓRNARSÝSLUNA BOLZANO 6. OKTÓBER 2001, EINS OG HENNI VAR BREYTT Í BRÉFI FRÁ 27. MARS 2003, NÆR YFIR:

**Zona Provincia di Bolzano**

— Svæðið samanstendur af öllum vatnsöflunarsvæðum í sýslunni Bolzano.

Svæðið tekur til efri hluta svæðisins ZONA VAL DELL'ADIGE, þ.e. vatnsöflunarsvæðis árinnar Adige, frá upptökum hennar í sýslunni Bolzano að landamærum sýslunnar Trento.

(Ath.: Neðri hluti svæðisins ZONA VAL DELL'ADIGE fellur undir viðurkenndu áætlunina um sjálfstjórnarsýsluna Trento. Litið er svo á að efri og neðri hluti þessa svæðis séu ein heild í faraldsfræðilegu tilliti.)

5.2. ÁÆTLANIRNAR, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR SJÁLFSTJÓRNARSÝSLUNA TRENTO 23. DESEMBER 1996 OG 14. JÚLÍ 1997, NÁ YFIR:

**Zona Val di Sole e di Non**

— Vatnsöflunarsvæðið frá upptökum vatnsfallsins Noce að stíflunni við S. Giustina.

**Zona val dell'Adige — neðri hlutinn**

— Vatnsöflunarsvæði árinnar Adige ásamt upptökum hennar á yfirráðasvæði sjálfstjórnarsýslunnar Trento frá landamærum sýslunnar Bolzano að Ala-stíflunni (vatnsorkuver).

(Ath.: Efri hluti svæðisins ZONA VAL DELL'ADIGE fellur undir samþykktu áætlunina um sýsluna Bolzano. Litið er svo á að efri og neðri hluti þessa svæðis séu ein heild í faraldsfræðilegu tilliti.)

**Zona Torrente Arnò**

— Vatnsöflunarsvæðið frá upptökum fljótsins Arnò að hindrununum forstreymis áður en Arnò rennur í ána Sarca.

**Zona Val Banale**

— Vatnsöflunarsvæðið Ambies að stíflunni sem er við vatnsorkuver.

**Zona Varone**

— Vatnsöflunarsvæðið frá upptökum fljótsins Magnone að fossinum.

**Zona Alto e Basso Chiese**

— Vatnsöflunarsvæði árinnar Chiese frá upptökum að stíflunni við Condino, að frátöldu vatnasvæði fljótanna Adanà og Palvico.

**Zona Torrente Palvico**

— Vatnsöflunarsvæðið á vatnasvæði Palvico að hindrun úr steinsteypu og grjóti.

5.3. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR HÉRAÐIÐ VENETO 21. FEBRÚAR 2001, NÆR YFIR:

**Zona Torrente Astico**

— Vatnsöflunarsvæði árinnar Astico, frá upptökum hennar (í sjálfstjórnarsýslunni Trento og í sýslunni Vincenza í héraðinu Veneto) að stíflunni sem er í grennd við Pedescala-brúna í sýslunni Vicenza.

Litið er svo á að áin Astico, forstreymis á milli stíflunnar, sem er í grennd við Pedescala-brúna, og Pria Maglio-stíflunnar, sé sóttvarnabelti.

5.4. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR HÉRAÐIÐ UMBRIA 20. FEBRÚAR 2002, NÆR YFIR:

Zona Fosso de Monterivoso: vatnsöflunarsvæði árinnar Monterivoso, frá upptökum hennar að ófæru hindrununum við Ferentillo.

5.5. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR HÉRAÐIÐ LOMBARDIA 1. FEBRÚAR 2002, NÆR YFIR:

Zona Val Brembana: vatnsöflunarsvæði árinnar Brembo, frá upptökum hennar að ófæru hindrununum í bæjarfélaginu de Ponte S. Pietro.

6. *FINNLAND*

6.1. ÁÆTLUNIN, SEM FINNLAND LAGÐI FRAM 29. MAÍ 1995, NÆR YFIR:

— öll meginlands- og strandsvæði FINNLANDS nema Åland-sýslu og það svæði í Pyhtää sem takmarkanir gilda um.

6.2. ÁÆTLUNIN, SEM FINNLAND LAGÐI FRAM 29. MAÍ 1995 OG FELUR Í SÉR SÉRSTAKAR RÁÐSTAFANIR TIL ÚTRÝMINGAR, EINS OG HENNI VAR BREYTT Í BRÉFI FRÁ 12. MARS OG 12. JÚNÍ 2003, NÆR YFIR:

— alla ÅLAND-SÝSLU og það svæði í PYHTÄÄ sem takmarkanir gilda um.

*II. VIÐAUKI*

**ÁÆTLANIR SEM ERU LAGÐAR FRAM TIL AÐ NÁ STÖÐU VIÐURKENNDRAR ELDISSTÖÐVAR Á SVÆÐI SEM ER EKKI VIÐURKENNT MEÐ TILLITI TIL FISKSJÚKDÓMANNA VEIRUBLÆÐIS OG IDRADREPS**

1. *ÍTALÍA*

1.1. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR SÝSLUNA UDINE Í HÉRAÐINU FRIULI VENEZIA GIULIA 2. MAÍ 2000, NÆR YFIR:

**Eldisstöðvar á framræslusvæði árinnar Tagliamento:**

— Azienda Vidotti Giulio snc, Sutrio.

1.2. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR HÉRAÐIÐ VENETO 5. APRÍL 2002, NÆR YFIR:

**Eldisstöðvar á framræslusvæði árinnar Sile:**

— Azienda Troticoltura S. Cristina, Via Chiesa Vecchia 14 — Loc. S. Cristina di Quinto.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2007/EES/16/08**

**frá 6. október 2003**

**um breytingu á ákvörðun 2002/300/EB um skrá yfir svæði sem eru viðurkennd með tilliti til bónamíósis (Bonamia ostreae) og/eða marteilíósis (Marteilia refringens) (*)**

*(tilkynnt með númeri C(2003) 3463)*

(2003/729/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ([1]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 ([2]), einkum 5. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/300/EB ([3]), eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2003/378/EB ([4]), er mælt fyrir um að tiltekin svæði á Írlandi teljist laus við sjúkdómsvaldana *Bonamia ostreae* og/eða *Marteilia refringens*.

2) Írland tilkynnti framkvæmdastjórninni í bréfi, dagsettu 24. júní 2003, um að *Bonamia ostreae* hafi greinst í Blacksod Bay við strandlengjuna í Mayo-sýslu, á svæði sem áður var talið að væri laust við þann sjúkdómsvald. Þetta svæði getur því ekki lengur talist laust við *Bonamia ostreae*.

3) Breyta ber ákvörðun 2002/300/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað viðaukans við ákvörðun 2002/300/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. október 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 262, 14.10.2003, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2004, 9. júli 2004 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 8.

([1]) Stjtíð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 122, 16.5.2003, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 103, 19.4.2002, bls. 24.

([4]) Stjtíð. EB L 130, 27.5.2003, bls. 27.

*VIÐAUKI*

*„VIÐAUKI*

**SVÆÐI SEM ERU VIÐURKENND MEÐ TILLITI TIL SJÚKDÓMSVALDANNA *BONAMIA OSTREAE* OG *MARTEILIA REFRINGENS* Í LINDÝRUM**

1.A. **Svæði á Írlandi sem eru viðurkennd með tilliti til *B. Ostreae***

— Öll strandlengja Írlands, að eftirtöldum sex svæðum undanskildum:

— Cork Harbour

— Galway Bay

— Ballinakill Harbour

— Clew Bay

— Achill Sound

— Loughmore, Blacksod Bay.

1.B. **Svæði á Írlandi sem eru viðurkennd með tilliti til *M. Refringens***

— Öll strandlengja Írlands

2.A. **Svæði í Breska konungsríkinu, á Ermarsundseyjum og Mön sem eru viðurkennd með tilliti til *B. Ostreae***

— Öll strandlengja Stóra-Bretlands, að eftirtöldum svæðum undanskildum:

— suðurströnd Cornwall frá Lizard að Start Point

— svæðið umhverfis ármynni Solent frá Portland Bill að Selsey Bill

— svæðið með fram strönd Essex frá Shoeburyness að Landguard point.

— Öll strandlengja Norður-Írlands

— Öll strandlengja Guernsey og Herm

— Svæði á Jersey: svæðið samanstendur af ströndinni, þar sem sjávarfalla gætir, og svæðinu næst ströndinni milli meðalflóðmarka á eyjunni Jersey og ímyndaðrar línu sem dregin er þrjár sjómílur frá meðalfjörumörkum á eyjunni Jersey. Svæðið er í flóanum milli Normandí og Bretagne, sunnan við Ermarsund

— Öll strandlengja Manar

2.B. **Svæði í Breska konungsríkinu, á Ermarsundseyjum og Mön sem eru viðurkennd með tilliti til *M. Refringens***

— Öll strandlengja Stóra-Bretlands

— Öll strandlengja Norður-Írlands

— Öll strandlengja Guernsey og Herm

— Svæði á Jersey: svæðið samanstendur af ströndinni, þar sem sjávarfalla gætir, og svæðinu næst ströndinni milli meðalflóðmarka á eyjunni Jersey og ímyndaðrar línu sem dregin er þrjár sjómílur frá meðalfjörumörkum á eyjunni Jersey. Svæðið er í flóanum milli Normandí og Bretagne, sunnan við Ermarsund

— Öll strandlengja Manar.“

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/126/EB 2007/EES/16/09**

**frá 23. desember 2003**

**um greiningaraðferð til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna opinbers eftirlits með fóðri (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/373/EBE frá 20. júlí 1970 um að taka upp í Bandalaginu aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri ([1]), einkum 2. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt tilskipun 70/373/EBE skal við opinbert eftirlit með fóðri beita aðferðum Bandalagsins við sýnatöku og greiningu í því skyni að kanna hvort kröfum laga og stjórnsýslufyrirmæla, sem fjalla um eiginleika þess og samsetningu, sé fullnægt.

2) Ákvæði um merkingar fóðurs og kröfur, sem banna notkun tiltekinna dýraprótína í fóðri fyrir tiltekna flokka dýra, fela í sér nauðsyn þess að kveða á um áreiðanlegar greiningaraðferðir til að staðfesta tilvist þeirra og, ef við á, hundraðshluta þeirra.

3) Aðferðin, sem lýst er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/88/EB frá 13. nóvember 1998 um að taka upp viðmiðunarreglur vegna opinbers eftirlits með fóðri ([2]) varðandi greiningu með smásjárrannsókn og mat á innihaldsefnum úr dýraríkinu, er eins og sakir standa eina aðferðin sem er fullgilt til eftirlits með tilvist dýraprótína, þ.m.t. þau prótín sem meðhöndluð eru við 133 °C og 3 bör í 20 mínútur, í fóðri.

4) Í samanburðarrannsókn rannsóknarstofa, sem var gerð nýlega þar sem unnin dýraprótín voru ákvörðuð í fóðri, leiddi í ljós að breytileiki við beitingu smásjárrannsóknanna, sem mælt er fyrir um í tilskipun 98/88/EB, leiddi til verulegs munar á næmi, sérhæfni og nákvæmni aðferðarinnar. Í því skyni að samræma og bæta ákvörðun á unnum dýraprótínum skulu ákvæðin er varða smásjáraðferðina tilgreind nánar og þau lögboðin. Nauðsynlegt er að tryggja að þeir sem beita aðferðinni hafi fullnægjandi þjálfun þar sem árangurinn fer eftir færni greinandans.

5) Því ber að skipta út tilskipun 98/88/EB.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Aðildarríkin skulu kveða á um að ef opinber greining á fóðri fer fram í því skyni að hafa opinbert eftirlit með tilvist, sanngreiningu og/eða mati á magni innihaldsefna úr dýraríkinu í fóðri innan rammans um samræmdu skoðunaráætlunina á sviði fóðurs í samræmi við tilskipun ráðsins 95/53/EB ([3]) skuli hún fara fram í samræmi við ákvæði viðaukans við þessa tilskipun.

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu tryggja að rannsóknarstofur, sem framkvæma opinbert eftirlit með tilvist innihaldsefna úr dýraríkinu í fóðri, taki reglulega þátt í hæfnisprófun á greiningaraðferðunum og að starfsfólk á rannsóknarstofum, sem framkvæmir greiningarnar, hljóti fullnægjandi þjálfun.

*3. gr.*

Tilskipun 98/88/EBE falli úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun.

*4. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 2004. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 339, 24.12.2003, bls. 78. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2004, 9. júli 2004 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 13.

([1]) Stjtíð. EB L 170, 3.8.1970, bls. 2 Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 807/2003 (Stjtíð. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 36).

([2]) Stjtíð. EB L 318, 27.11.1998, bls. 45.

([3]) Stjtíð. EB L 265, 8.11.1995, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/46/EB (Stjtíð. EB L 234, 1.9.2001, bls. 55).

*5. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*6. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. desember 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

*VIÐAUKI*

**Skilyrði fyrir staðfestingu á tilvist innihaldsefna úr dýraríkinu í fóðri með smásjárrannsókn, sanngreiningu eða mati**

1. **Markmið og notkunarsvið**

Styðjast skal við þessi skilyrði þegar greining á innihaldsefnum úr dýraríkinu (skilgreind sem afurðir sem fást við vinnslu á spendýrum, alifuglum og fiski, heilum eða hlutum þeirra) í fóðri fer fram með smásjárrannsókn innan rammans um samræmdu skoðunaráætlunina á sviði fóðurs í samræmi við tilskipun ráðsins 95/53/EB. Að því tilskildu að aðferðirnar í þessum viðauka séu notaðar í öllum opinberum prófunum er einnig heimilt að framkvæma aftur prófanir þar sem notaðar eru aðrar aðferðir í því skyni að auka nákvæmni við staðfestingu á tilvist ákveðinna tegunda innihaldsefna úr dýraríkinu eða tilgreina frekar uppruna innihaldsefna úr dýraríkinu. Enn fremur er heimilt að nota annars konar aðferðalýsingu þegar ákveðin innihaldsefni úr dýraríkinu eru rannsökuð, svo sem blóðvökvi eða bein í tólg (sjá einnig 9. lið), að því tilskildu að þessar greiningar séu framkvæmdar til viðbótar við þær greiningar sem fyrirhugaðar eru í samræmdu skoðunaráætluninni.

2. **Næmi**

Hægt er að greina mjög lítið magn (< 0,1%) innihaldsefna úr dýraríkinu í fóðri, en það er háð eðli viðkomandi innihaldsefna.

3. **Meginregla**

Við greininguna er notað dæmigert sýni sem er tekið í samræmi við þau ákvæði, sem mælt er fyrir um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 76/371/EBE frá 1. mars 1976 um aðferðir Bandalagsins við sýnatöku vegna opinbers eftirlits með fóðri ([1]), og hefur hlotið viðeigandi undirbúning. Eftirfarandi aðferðarlýsing hentar til að meðhöndla fóður með litlu rakainnihaldi. Fóður, sem er með meira en 14% rakainnihaldi, skal þurrkað (þétt) áður en það er meðhöndlað. Sérstakt fóður eða fóðurefni (t.d. fita, olíur) þurfa sérstaka meðhöndlun (sjá 9. lið). Innihaldsefni úr dýraríkinu eru greind á grundvelli dæmigerðra eiginleika sem greina má í smásjá (þ.e. vöðvaþræðir og aðrar agnir í kjöti, brjósk, bein landdýra, horn, hár, burstir, blóð, fiður, eggjaskurn, fiskibein og hreistur). Greininguna skal framkvæma bæði á sáldunarhlutanum (sieve fraction) (6.1) og hreinsaða botnfallinu (6.2) úr sýninu.

4. **Prófefni**

4.1. *Ílagnarefni*

4.1.1. Klóralhýdrat (vatnslausn, 60%, þyngd miðað við rúmmál)

4.1.2. Lútur (NaOH 2,5%, þyngd miðað við rúmmál, eða KOH 2,5%, þyngd miðað við rúmmál) ) fyrir sáldunarhlutann

4.1.3. Paraffínolía eða glýseról (seigja 68–81) fyrir smásjárskoðun botnfalls

4.2. *Skolefni*

4.2.1. Alkóhól, 96%

4.2.2. Aseton

4.3. *Hreinsunarefni*

4.3.1. Tetraklóretýlen (eðlismassi 1,62)

4.4. *Litunarefni*

4.4.1. Joð-joðkalíum (2 g af kalíumjoðíði eru leyst upp í 100 ml af vatni og 1 g af joði bætt við og hrist á meðan)

4.4.2. Alisarínrauður (2,5 ml af 1M saltsýru eru leystir upp í 100 ml af vatni og 200 mg af alisarínrauðum er bætt út í lausnina)

4.4.3. Systínprófefni (2 g blýasetat, 10 g NaOH/100 ml $H_2O$)

4.4.4. Joð-joðkalíum (leyst up í 70% etanóli)

([1]) Stjtíð. EB L 102, 15.4.1976, bls. 1.

4.5. *Bleikingarefni*

4.5.1. Natríumhýpóklórítlausn sem fæst í verslunum (9,6% virkur klór)

5. **Búnaður og fylgihlutir**

5.1. Fínvog (nákvæmni 0,01 g nema fyrir hreinsaða botnfallið: 0,001 g)

5.2. Búnaður til að mala með (kvörn eða mortél, sérstaklega fyrir fóður sem inniheldur > 15% af fitu við greiningu)

5.3. Sigti með ferningslaga möskvum og möskvastærð sem er að hámarki 0,50 mm

5.4. Skiltrekt eða bikarglas til botnfellingar með keilulaga botni

5.5. Víðsjá (að lágmarki fertugföld stækkun)

5.6. Smásjá (að lágmarki 400-föld stækkun) með lýsingu/skautaðri lýsingu

5.7. Stöðluð glervara fyrir rannsóknarstofur

Allur búnaður skal hreinsaður vandlega. Nauðsynlegt er að þvo skiltrektir og glervöruna í uppþvottavél. Nauðsynlegt er að hreinsa sigti með stífum bursta.

6. **Aðferð**

Heimilt er að sigta kögglað fóður áður ef báðir hlutarnir eru greindir sem sérstakt sýni.

Meðhöndla skal að minnsta kosti 50 g af sýninu (mala skal varlega með viðeigandi búnaði (5.2) ef nauðsynlegt er til að fá viðeigandi byggingu). Taka skal tvo dæmigerða hluta úr mulda efninu, einn fyrir sáldunarhlutann (a.m.k. 5 g) (6.1) og einn fyrir hreinsaða botnfallið (a.m.k. 5 g) (6.2). Enn fremur má beita litun með litunarefnum (6.3) fyrir sanngreininguna.

Til að tilgreina eðli dýraprótínanna og uppruna agnanna er hægt að nota Aries eða annað stoðkerfi fyrir ákvarðanir og hægt er að skrá viðmiðunarsýni.

6.1. *Greining innihaldsefna úr dýraríkinu í sáldunarhlutanum*

Að minnsta kosti 5 g af sýninu er skipt í tvo hluta með sigtun (5.3).

Sáldunarhlutinn (-hlutarnir) með stóru ögnunum (eða dæmigerður hluti hans) er borinn sem þunnt lag á heppilegt undirlag og skimaður skipulega í víðsjánni (5.5) við mismunandi stækkun í leit að innihaldsefnum úr dýraríkinu.

Sýnisgler með sýni af sáldunarhlutanum (-hlutunum) með fíngerðu ögnunum eru skimuð skipulega í smásjá (5.6) við mismunandi stækkun í leit að innihaldsefnum úr dýraríkinu.

6.2. *Greining innihaldsefna úr dýraríkinu í hreinsaða botnfallinu*

Að minnsta kosti 5 g (nákvæmni 0,01 g) af sýninu eru flutt í skiltrekt eða bikarglas með keilulaga botni til botnfellingar og meðhöndluð með minnst 50 ml af tetraklóretýleni (4.3.1). Blandan skal hrist eða hrærð margoft.

— Ef lokuð skiltrekt er notuð skal botnfallið látið standa nægilega lengi (í a.m.k. þrjár mínútur) áður en botnfallið er skilið frá. Hrist er aftur og látið botnfalla á ný í þrjár mínútur. Botnfallið er skilið frá á ný.

— Ef opið bikarglas er notað skal botnfallið látið standa í a.m.k. fimm mínútur áður en það er skilið frá.

Heildarbotnfallið skal þurrkað og síðan vegið (nákvæmni 0,001 g). Vigtun er því aðeins nauðsynleg að farið hafi verið fram á mat á innihaldinu. Ef botnfallið samanstendur af mörgum stórum ögnum er hægt að sigta það með sigti (5.3) og skipta því þannig í tvo hluta. Þurrkaða botnfallið skal rannsakað í víðsjánni (5.5) og smásjánni (5.6) og leitað eftir innihaldsefnum úr beini.

6.3. *Notkun ílagnarefna og litunarefna*

Notkun sérstakra ílagnarefna og litunarefna getur auðveldað smásjárgreiningu á innihaldsefnum úr dýraríkinu.

| | |
|---|---|
| Klóralhýdrat (4.1.1): | Frumuhlutar sjást skýrar við varfærnislega hitun vegna þess að sterkjukornin breytast í hlaup og óæskilegt frumuinnihald hverfur. |
| Lútur (4.1.2): | Natríumhýdroxíð eða kalíumhýdroxíð hreinsa efnið í fóðrinu og auðvelda þannig greiningu á vöðvaþráðum, hárum og öðrum hlutum úr hyrni (keratíni). |
| Paraffínolía og glýseról (4.1.3): | Innihaldsefni úr beini eru auðgreind í þessu ílagnarefni vegna þess að flest holrými haldast loftfyllt og koma fram sem svartar holur sem eru um 5–15 μm að stærð. |
| Joð-joðkalíum (4.4.1): | Notað til þess að greina sterkju (blár-fjólublár litur) og prótín (gulur-rauðgulur litur). Þynna má lausnir ef þess er þörf. |
| Lausn með alasarínrauðum (4.4.2): | Rauð/bleik litun beina úr landdýrum, fiskibeina eða hreisturs. Áður en botnfallið er þurrkað (sjá lið 6.2) skal flytja allt botnfallið í tilraunaglas úr gleri og skola það tvisvar með u.þ.b. 5 ml af alkóhóli (4.2.1) (í bæði skiptin skal nota iðublandara, lausnin skal látin standa í um eina mínútu og síðan hellt af). Áður en þetta litunarefni er notað skal bleikja botnfallið með því að bæta við a.m.k. 1 ml af natríumhýpóklórítlausn (4.5.1). Efnahvarfið skal látið halda áfram í 10 mínútur. Tilraunaglasið skal fyllt með vatni og botnfallið látið setjast til í tvær til þrjár mínútur og vatninu og svifögnunum skal hellt af. Botnfallið skal skolað tvisvar í viðbót með um 10 ml af vatni (iðublandari skal notaður, látið setjast og hellið vatninu af í hvert skipti). Tveimur til tíu eða fleiri dropum (eftir því hversu mikil leifin er) af lausninni með alasarínrauðum skal bætt við. Blandan skal hrist og efnahvarfið látið ganga í nokkrar sekúndur. Litaða botnfallið skal skolað tvisvar með u.þ.b. 5 ml af alkóhóli (4.2.1) og síðan skolað einu sinni með asetoni (4.2.2) (í bæði skiptin skal nota iðublandara, lausnin skal látin setjast til í um eina mínútu og henni síðan hellt af). Botnfallið er þá tilbúið til þurrkunar. |
| Systínprófefni (4.4.3): | Innihaldsefni, sem í er systín (hár, fiður o.s.frv.), verða svarbrún við varfærnislega hitun. |

6.4. *Rannsókn á fóðri sem inniheldur hugsanlega fiskimjöl*

Að minnsta kosti eitt sýnisgler af fína sáldunarhlutanum og af fína hluta botnfallsins skal rannsakað undir smásjánni (sjá liði 6.1 og 6.2).

Ef tilgreint er á merkimiðanum að á meðal innihaldsefna sé fiskimjöl eða ef grunur leikur á að fiskimjöl sé til staðar eða það finnst í upphaflegu rannsókninni skal rannsaka a.m.k. tvö sýnisgler til viðbótar af fína sáldunarhlutanum úr upphaflega sýninu og hluti heildarbotnfallsins skal rannsakaður.

7. **Útreikningar og mat**

Aðildarríkin skulu sjá til þess að aðferðirnar, sem lýst er í þessum lið, séu notaðar þegar opinber greining er gerð í því skyni að meta magn (og ekki einungis tilvist) innihaldsefna úr dýraríkinu.

Útreikningar verða því aðeins gerðir að beinhlutar finnist í innihaldsefnum úr dýraríkinu.

Í smásjársýni má greina beinhluta úr tegundum landdýra með heitu blóði (þ.e. spendýra og fugla) frá beinhlutum mismunandi fisktegunda á grundvelli einkennandi holrúma. Hlutfall innihaldsefna úr dýraríkinu í efni sýnisins er metið með því að taka tillit til:

— áætlaðs hlutfalls (% miðað við þyngd) beinhluta í hreina botnfallinu og

— hlutfalls (% miðað við þyngd) beinhluta í innihaldsefnunum úr dýraríkinu.

Matið verður að byggjast á að minnsta kosti þremur sýnisglerjum (ef því verður við komið) og á að minnsta kosti fimm svæðum (fields) á hverju sýnisgleri. Í fóðurblöndum inniheldur hreinsaða botnfallið að öllu jöfnu ekki aðeins beinhluta úr landdýrum og fiskum heldur einnig aðrar eðlisþungar agnir, svo sem steinefni, sandkorn, trénaða plöntuhluta og þess háttar.

7.1. *Áætlaður hundraðshluti beinhluta*

beinhlutar landdýra í % = (S × c)/W

fiskibeinhlutar og hreisturbrot í % = (S × d)/W

(S = þyngd botnfalls (mg), c = leiðréttingarstuðull (%) fyrir áætlaðan hluta beina úr landdýrum í botnfallinu, d = leiðréttingarstuðull (%) fyrir áætlaðan hluta fiskibeina og hreisturbrota í botnfallinu, W = þyngd efnis í sýninu fyrir botnfellingu (mg)).

7.2. *Áætlað hlutfall innihaldsefna úr dýraríkinu*

Hlutfall beins í afurðum úr dýraríkinu er ákaflega mismunandi. (Hundraðshluti beins þegar um mjöl úr beinum er að ræða ætti að vera 50 til 60% og ætti að vera 20 til 30% þegar um kjötmjöl er að ræða. Í fiskimjöli er hlutfall beina og hreisturs breytilegt eftir flokkum og uppruna mjölsins, en er að jafnaði 10 til 20%.)

Ef tegund þess dýramjöls, sem er í sýninu, er þekkt er mögulegt að meta innihald þess þannig:

Áætlað hlutfall innihaldsefna úr afurðum úr landdýrum (%) = (S × c)/(W × f) × 100

Áætlað hlutfall innihaldsefna úr fiskafurðum (%) = (S × c)/(W × f) × 100

(S = þyngd botnfalls (mg), c = leiðréttingarstuðull (%) fyrir áætlaðan hluta innihaldsefna úr beinum landdýra í botnfallinu, d = leiðréttingarstuðull fyrir áætlaðan hluta fiskibeina og hreisturbrota í botnfallinu, f = leiðréttingarstuðull fyrir hlutfall beins í innihaldsefnum úr dýraríkinu í því sýni sem er til rannsóknar, W = þyngd efnis í sýninu fyrir botnfellingu (mg)).

8. **Framsetning niðurstaðna úr rannsókninni**

Skýrslan skal a.m.k. innihalda upplýsingar um tilvist innihaldsefna úr landdýrum og fiskimjöli. Eftir því sem við á skal greina frá niðurstöðunni á eftirfarandi hátt:

8.1. *Tilvist innihaldsefna úr landdýrum*:

— Við athugun í smásjá var ekki að finna nein innihaldsefni úr dýraríkinu í framlagða sýninu,

eða:

— Við athugun í smásjá fundust innihaldsefni úr dýraríkinu í framlagða sýninu.

8.2. *Tilvist fiskimjöls:*

— Við athugun í smásjá var ekki að finna nein innihaldsefni úr fiski í framlagða sýninu,

eða:

— Við athugun í smásjá fundust innihaldsefni úr fiski í framlagða sýninu.

Ef innihaldsefni úr fiskum eða landdýrum finnast er hægt, sé þess krafist, að láta enn fremur koma fram í niðurstöðum rannsóknarskýrslunnar mat á magni innihaldsefna sem greinast (x%, < 0,1%, 0,1–0,5%, 0,5–5% eða > 5%) og greina nánar frá á tegund landdýrsins ef mögulegt er og þeim hlutum úr dýraríkinu sem greinast (vöðvaþræðir, brjósk, bein landdýra, horn, hár, burstir, blóð, fiður, eggjaskurn, fiskibein eða hreistur).

Í tilvikum, þar sem magn innihaldsefna úr dýraríkinu er metið, skal tilgreina leiðréttingarstuðullinn f sem notaður er.

Í tilvikum, þar sem innihaldsefni úr beinum landdýra greinast, skal í skýrslunni bæta við eftirfarandi:

„Ekki er hægt að útiloka þann möguleika að framangreind innihaldsefni séu úr spendýrum.“

Ekki er nauðsynlegt að bæta þessu við ef beinhlutar landdýranna hafa verið greindir sem beinhlutar úr alifuglum eða spendýrum.

9. **Valkvæð aðferðarlýsing greiningar á fitu eða olíu**

Nota má eftirfarandi aðferðarlýsingu greiningar á fitu eða olíu:

— Ef fitan er í föstu formi er hún hituð, t.d. í örbylgjuofni, þar til hún er orðin að vökva.

— Með rennipípu eru 40 ml af fitu teknir neðst úr sýninu og fluttir í tilraunaglas fyrir skilvindu.

— Sýnið skal skilið í 10 mínútur við 4000 snúninga á mínútu.

— Ef fitan er í föstu formi eftir að hún hefur verið skilin í skilvindunni er hún hituð einu sinni enn í ofninum þar til hún er orðin að vökva. Skiljunin er endurtekin í fimm mínútur við 4000 snúninga á mínútu.

— Með lítilli skeið eða spaða er helmingurinn af umhelltu óhreinindunum fluttur í litla ræktunarskál eða á sýnisgler til greiningar með smásjá á hugsanlegum innihaldsefnum úr dýraríkinu (kjötþræðir, fiður, beinhlutar). Mælt er með paraffínolíu eða glýseróli sem ílagnarefni við smásjárrannsóknir.

— Óhreinindin, sem eftir eru, eru notuð við botnfellingu eins og lýst er í lið 6.2.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR** **2007/EES/16/10**

**frá 4. ágúst 2003**

**um breytingu á ákvörðun 2000/49/EB um niðurfellingu á ákvörðun 1999/356/EB og setningu sérstakra skilyrða vegna innflutnings á jarðhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr jarðhnetum, sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan (*)**

**(tilkynnt með númeri C(2003) 2800)**

(2003/580/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/43/EBE frá 14. júní 1993 um hollustuhætti í matvælaiðnaði ([1]), einkum 1. mgr. 10. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/49/EB frá 6. desember 1999 um niðurfellingu á ákvörðun 1999/356/EB og setningu sérstakra skilyrða vegna innflutnings á jarðhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr jarðhnetum, sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan ([2]), er kveðið á um endurskoðun þessarar ákvörðunar.

2) Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofa (FVO) framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna gerði út sendinefnd til Egyptalands frá 2. til 6. september 2001 til að meta aðstöðu og ráðstafanir þar til að ákvarða styrk aflatoxíns í jarðhnetum sem eru ætlaðar til útflutnings til Evrópusambandsins. Sendinefndin komst að því að egypsk yfirvöld höfðu gert talsverðar ráðstafanir til að bæta eftirlit með jarðhnetum sem fluttar eru út til Evrópusambandsins. Umbætur í tengslum við ræktun jarðhnetna voru einkum greinilegar í umfangsmikilli fræðsluáætlun. Enn fremur var litið svo á að ferli við útflutning og tengd greining og vottun fyrir aflatoxín væru fullnægjandi, að undanskildri sýnatökuaðferðinni. Fallist hefur verið á að framkvæmd rannsókna sé viðunandi með tilliti til útflutnings. Kom í ljós að ekki hafði öllum lagaskilyrðum fyrir geymslu jarðhnetna verið fullnægt.

3) Borist hafa skriflegar tryggingar frá yfirvöldum í Egyptalandi varðandi sýnatökuaðferðir og hert eftirlit með geymsluskilyrðum fyrir jarðhnetur.

4) Niðurstöður sendinefndarinnar, skriflegu tryggingarnar frá yfirvöldum í Egyptalandi og jákvæðar niðurstöður fram til október 2002 varðandi sýnatöku og greiningu innflutningsaðildaríkjanna á sendingum af jarðhnetum sýna að ekki er lengur þörf fyrir kerfisbundna sýnatöku og greiningu á sendingum af jarðhnetum sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan. Frá nóvember 2002 til febrúar 2003 fjölgaði þó verulega tilkynningum um sendingar sem uppfylltu ekki kröfur. Ástæðan virðist vera sú að uppskera var léleg 2002 auk þess sem eftirlit egypskra yfirvalda var ófullnægjandi. Þessi yfirvöld hafa gert viðbótarráðstafanir til að bæta ástandið.

5) Því þykir rétt að lögbært yfirvald innflutningsaðildarríkisins haldi áfram umfangsmikilli sýnatöku og greiningu til að vernda lýðheilsu.

6) Til að tryggja að slembisýni séu tekin úr sendingum af jarðhnetum og afurðum, unnum úr jarðhnetum, sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan, og þau greind á samræmdan hátt í Bandalaginu er viðeigandi að fastsetja nokkurn veginn tíðni slembisýnatöku og greiningar.

7) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([3]) er kveðið á um að taka skuli upp hraðviðvörunarkerfi fyrir matvæli og fóður (RASFF).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 197, 5.8.2003, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2004, 9. júli 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 14.

([1]) Stjtíð. EB L 175, 19.7.1993, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 19, 25.1.2000, bls. 46.

([3]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

8) Í þágu lýðheilsu skulu aðildarríkin afhenda framkvæmdastjórninni skýrslur, sem eru gerðar reglulega, yfir allar greiningarniðurstöður úr opinberu eftirliti með sendingum af jarðhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr þeim, sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan. Slíkar skýrslur skulu vera til viðbótar tilkynningaskyldunni samkvæmt hraðviðvörunarkerfinu fyrir matvæli og fóður.

9) Að beiðni tiltekinna aðildarríkja er nauðsynlegt að uppfæra skrána yfir komustaði, þar sem flytja má vörur, sem falla undir ákvörðun 2000/49/EB, inn í Bandalagið. Til glöggvunar skal ný skrá koma í hennar stað.

10) Breyta ber ákvörðun 2000/49/EB til samræmis við þetta.

11) Haft var samráð við fastanefndina um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvörðun 2000/49/EB er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað 5. mgr.:

„5. Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu taka sýni af handahófi úr sendingum af jarðhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr þeim, sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan og greina þau með tilliti til aflatoxíns B1 og heildarmagns aflatoxína.

Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni skýrslu þriðja hvern mánuð yfir allar greiningarniðurstöður úr opinberu eftirliti með sendingum af jarðhnetum og tilteknum afurðum, unnum úr þeim, sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan. Skýrslan skal send í fyrsta mánuði eftir lok hvers ársfjórðungs (*).

(*) Apríl, júlí, október, janúar.“

b) Eftirfarandi 6. og 7. mgr. bætist við:

„6. Taka skal slembisýni úr a.m.k 20 % sendinga fyrir hvern vöruflokk sem um getur í 1. mgr. og greina þau eins og um getur í 5. mgr.

Sendingar, sem taka á sýni úr og greina, má í mesta lagi kyrrsetja í 15 virka daga áður en kemur að markaðssetningu í Bandalaginu frá komustað. Í því tilviki skulu lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum gefa út opinbert fylgiskjal þar sem staðfest er að tekin hafi verið opinber sýni úr sendingunni og þau greind og greina frá greiningarniðurstöðum.

7. Þegar sendingu er skipt skulu afrit af heilbrigðisvottorði og fylgiskjölum, sem um getur í 1. og 6. mgr. og vottuð eru af lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem skiptingin hefur átt sér stað, fylgja hverjum hluta skiptu sendingarinnar.“

2. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi

*„2. gr.*

Stöðugt ber að endurskoða þessa ákvörðun í ljósi upplýsinga og trygginga sem lögbær yfirvöld í Egyptalandi láta í té og á grundvelli niðurstaðna prófana sem aðildarríkin hafa framkvæmt. Í þessari endurskoðun er metið hvort þau sérstöku skilyrði, sem um getur í 1. gr., veiti nægilega víðtæka vernd fyrir lýðheilsu í Bandalaginu. Við endurskoðunina skal einnig meta hvort áfram sé þörf fyrir þessi sérstöku skilyrði.“

3. Í stað II. viðauka komi texti viðaukans við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. ágúst 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

*VIÐAUKI*

*„II. VIÐAUKI*

**Skjal: yfir komustaði þar sem heimilt er að flytja inn í Evrópubandalagið jarðhnetur og afurðir, unnar úr jarðhnetum, sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan**

| Aðildarríki | Komustaður |
|---|---|
| België — Belgique | Antwerpen, Zeebrugge, Brussel/Bruxelles, Aalst |
| Danmark | Allar danskar hafnir og flugvellir |
| Deutschland | HZA Lörrach — ZA Weil-am-Rhein-Autobahn, HZA Stuttgart — ZA Flughafen, HZA München — ZA München — Flughafen, HZA Hof- Schirnding-Landstraße, HZA Weiden — ZA Furth im Wald-Schafberg, HZA Weiden — ZA Waidhaus-Autobahn, Bezirksamt Reinickendorf von Berlin, Abteilung Finanzen, Wirtschaft und Kultur, Veterinär- und Lebensmittelaufsichtsamt, Grenzkontrollstelle, HZA Frankfurt (Oder) — ZA Autobahn, HZA Cottbus — ZA Forst-Autobahn, HZA Bremen — ZA Neustädter Hafen, HZA Bremen — ZA Bremerhaven, HZA Hamburg-Hafen — ZA Waltershof, HZA Hamburg-Stadt, HZA Itzehoe — ZA Hamburg-Flughafen, HZA Frankfurt-am-Main-Flughafen, HZA Braunschweig-Abfertigungsstelle, HZA Hannover-Abfertigungsstelle, HZA Oldenburg — ZA Stade, HZA Dresden — ZA Dresden-Friedrichstadt, HZA Pirna — ZA Altenberg, HZA Löbau — Zollamt Ludwigsdorf-Autobahn, HZA Koblenz — ZA Hahn-Flughafen, HZA Oldenburg — ZA Wilhelmshaven, HZA Bielefeld — ZA Eckendorfer Straße Bielefeld, HZA Erfurt — ZA Eisenach, HZA Potsdam — ZA Ludwigsfelde, HZA Potsdam — ZA Berlin-Flughafen Schönefeld, HZA Augsburg — ZA Memmingen, HZA Ulm — ZA Ulm (Donautal), HZA Karlsruhe — ZA Karlsruhe, HZA Berlin — ZA Dreilinden, HZA Gießen — ZA Gießen, HZA Gießen — ZA Marburg, HZA Singen — ZA Bahnhof, HZA Lörrach — ZA Weil-am-Rhein-Schusterinsel, HZA Hamburg-Stadt — ZA Oberelbe, HZA Hamburg-Stadt — ZA Oberelbe — Abfertigungsstelle Billbrook, HZA Hamburg-Stadt — ZA Oberelbe — Abfertigungsstelle Großmarkt, HZA Potsdam — ZA Berlin — Flughafen Schönefeld, HZA Düsseldorf — ZA Düsseldorf Nord |
| Ελλάς | Athina, Pireas, Elefsis, Aerodromio ton Athinon, Thessaloniki, Volos, Patra, Iraklion tis Kritis, Aerodromio tis Kritis, Euzoni, Idomeni, Ormenio, Kipi, Kakavia, Niki, Promahonas, Pithio, Igoumenitsa, Kristalopigi |
| España | Algeciras (Puerto), Alicante (Aeropuerto, Puerto), Almeria (Aeropuerto, Puerto), Asturias (Aeropuerto), Barcelona (Aeropuerto, Puerto, Ferrocarril), Bilbao (Aeropuerto, Puerto), Cadiz (Puerto), Cartagena (Puerto), Castellon (Puerto), Ceuta (Puerto), Gijón (Puerto), Huelva (Puerto), Irun (Carretera), La Coruña (Puerto), La Junquera (Carretera), Las Palmas de Gran Canaria (Aeropuerto, Puerto), Madrid (Aeropuerto, Ferrocarril), Malaga (Aeropuerto, Puerto), Marin (Puerto), Melilla (Puerto), Murcia (Ferrocarril), Palma de Mallorca (Aeropuerto, Puerto), Pasajes (Puerto), San Sebastián (Aeropuerto), Santa Cruz de Tenerife (Puerto), Santander (Aeropuerto, Puerto), Santiago de Compostela (Aeropuerto), Sevilla (Aeropuerto, Puerto), Tarragona (Puerto), Tenerife Norte (Aeropuerto), Tenerife Sur (Aeropuerto), Valencia (Aeropuerto, Puerto), Vigo (Aeropuerto, Puerto), Villagarcia (Puerto), Vitoria (Aeropuerto), Zaragoza (Aeropuerto) |
| France | Marseille (Bouches-du-Rhône), Le Havre (Seine-Maritime), Rungis MIN (Val-de-Marne), Lyon Chassieu CRD (Rhône), Strasbourg CRD (Bas-Rhin), Lille CRD (Nord), Saint-Nazaire-Montoir CRD (Loire-Atlantique), Agen (Lot-et-Garonne), port de la Pointe des Galets à la Réunion |
| Ireland | Dublin — höfn og flugvöllur, Cork — höfn og flugvöllur, Shannon — flugvöllur |
| Italia | Ufficio Sanità Marittima ed Aerea di Ancona<br>Ufficio Sanità Marittima ed Aerea di Bari<br>Ufficio Sanità Marittima ed Aerea di Genova<br>Ufficio Sanità Marittima di Livorno<br>Ufficio Sanità Marittima ed Aerea di Napoli<br>Ufficio Sanità Marittima di Ravenna<br>Ufficio Sanità Marittima di Salerno<br>Ufficio Sanità Marittima ed Aerea di Trieste<br>Dogana di Fernetti-Interporto Monrupino (Trieste)<br>Ufficio di Sanità Marittima di La Spezia<br>Ufficio di Sanità Marittima e Aerea di Venezia<br>Ufficio di Sanità Marittima e Aerea di Reggio Calabria |

| Aðildarríki | Komustaður |
|---|---|
| Luxembourg | Centre douanier, Croix de Gasperich, Luxembourg |
| Nederland | Allar hafnir, flugvellir og landamærastöðvar |
| Österreich | HZA Feldkirch, HZA Graz, Nickelsdorf, Spielfeld, HZA Wien, ZA Wels, ZA Kledering, ZA Flughafen Wien, HZA Salzburg, ZA Klingenbach/Zweigstelle Sopron, ZA Karawankentunnel, ZA Villach |
| Portugal | Lisboa, Leixões |
| Suomi-Finland | Allar finnskar tollstöðvar |
| Sverige | Göteborg, Ystad, Stockholm, Helsingborg, Karlskrona, Karlsham, Landvetter, Arlanda |
| United Kingdom | Belfast, Channel Tunnel Terminal, Dover, Felixstowe, Gatwick Airport, Goole Grangemouth, Harwich, Heathrow Airport, Heysham, Hull, Immingham, Ipswich, King's Lynn, Leith, Liverpool, London (þ.m.t. Tilbury, Thamesport og Sheerness), Manchester Airport, Manchester Container Port, Manchester (þ.m.t. Ellesmere Port), Medway, Middlesborough, Newhaven, Poole, Shoreham, Southampton, Stansted Airport“ |

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2277/2003 2007/EES/16/11**

**frá 22. desember 2003**

**um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ([1]), einkum annarri undirgrein 13. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Skrárnar yfir fóðurefni, aukefni í fóðri, tiltekin efni og tæknileg hjálparefni, sem eru notuð í fóður, sem mælt er fyrir um í C- og D-hluta II. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, hafa verið endurskoðaðar í samræmi við lið 4.15 í B-hluta I. viðauka við þá reglugerð.

2) Ekki er lengur þörf á tilteknum, hefðbundnum fóðurefnum úr plönturíkinu í lífrænum búskap á vettvangi Bandalagsins. Hins vegar eru flest hefðbundin fóðurefni, einkum tilteknar prótínafurðir, enn ómissandi, a.m.k. í sumum aðildarríkjum. Hefðbundnar aukaafurðir mjólkur eru auk þess enn nauðsynlegar í lífrænum búskap og nauðsynlegt er að nota fleiri steinefni til að tryggja velferð búpenings sem er lífrænt alinn.

3) Í lífrænum búskap er eingöngu leyft að nota tiltekin rotvarnarefni sem aukefni í votheyi. Notkun þessara efna er á hinn bóginn einnig nauðsynleg í sumum aðildarríkjum til að rotverja plöntuafurðir. Af tæknilegum ástæðum er auk þess nauðsynlegt að nota önnur aukefni í fóður úr flokki bindiefna, kekkjavarnarefna og storkuefna.

4) Breyta ber skránum yfir fóðurefni og aukefni í fóðri til samræmis við þetta.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að allt blóð og blóðhlutar, sem eru flutt inn til Bandalagsins, séu prófuð í samræmi við kröfurnar í IV. viðauka.

*22. gr.*

**Skilyrði við geymslu, flutning og dreifingu**

Blóðþjónustustofnanir skulu sjá til þess að skilyrði við geymslu, flutning og dreifingu blóðs og blóðhluta samræmist kröfunum sem um getur í e-lið 29. gr.

*23. gr.*

**Kröfur um gæði og öryggi blóðs og blóðhluta**

Blóðþjónustustofnanir skulu sjá til þess að kröfur um öryggi og gæði blóðs fullnægi ströngum stöðlum sem samsvara kröfunum í f-lið 29. gr.

VII. KAFLI

**GAGNAVERND**

*24. gr.*

**Gagnavernd og þagnarskylda**

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll gögn, þ.m.t. erfðafræðilegar upplýsingar, sem aflað er innan ramma þessarar tilskipunar og sem þriðju aðilar hafa aðgang að, hafi verið aftengd persónuauðkennum þannig að ekki sé lengur unnt að sanngreina gjafann.

Í þessu skyni skulu aðildarríkin sjá til þess:

a) að gerðar hafi verið ráðstafanir til að tryggja öryggi þessara gagna og verndarráðstafanir til koma í veg fyrir að gögnum verði í leyfisleysi bætt við skrár um gjafa eða skrár um frávísun eða eytt úr þeim eða breytt og til að koma í veg fyrir óleyfilega miðlun upplýsinga,

b) að fyrir hendi séu verklagsreglur til að greiða úr ósamræmi milli gagna,

c) að ekki komi til óleyfilegrar miðlunar framangreindra upplýsinga en tryggja um leið að unnt sé að rekja feril blóðeininga.

VIII. KAFLI

**SKIPTI Á UPPLÝSINGUM, SKÝRSLUGJÖF OG VIÐURLÖG**

*25. gr.*

**Upplýsingaskipti**

Framkvæmdastjórnin skal halda reglulega fundi með lögbærum yfirvöldum sem aðildarríkin tilnefna, sendinefndum sérfræðinga frá blóðþjónustustofnunum og öðrum viðeigandi aðilum til að skiptast á upplýsingum um reynsluna af framkvæmd þessarar tilskipunar.

*26. gr.*

**Skýrslur**

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skýrslu, í fyrsta skipti 31. desember 2003 og síðan þriðja hvert ár, um þá starfsemi sem fram hefur farið í tengslum við ákvæði þessarar tilskipunar, þ.m.t. greinargerð um skoðun og eftirlitsaðgerðir.

2. Framkvæmdastjórnin skal framsenda skýrslur aðildarríkjanna um reynsluna af framkvæmd þessarar tilskipunar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar.

3. Framkvæmdastjórnin skal senda skýrslu, í fyrsta skipti 1. júlí 2004 og síðan þriðja hvert ár, um framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar, einkum þeirra sem varða skoðun og eftirlit, til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar.

*27. gr.*

**Viðurlög**

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn innlendum ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði í síðasta lagi á þeim degi sem er tiltekinn í 32. gr. og skulu tilkynna án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þessi ákvæði.

IX. KAFLI

**NEFNDIR**

**28. gr.**

**Stjórnsýslumálsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. í ákvörðun 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

*29. gr.*

**Tæknilegar kröfur og aðlögun þeirra að framförum á sviði tækni og vísinda**

Ákvörðun um aðlögun tæknilegra krafna í I.–IV. viðauka að framförum á sviði tækni og vísinda skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

Ákvörðun um eftirfarandi tæknilegar kröfur og aðlögun þeirra að framförum á sviði tækni og vísinda skal tekin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 28. gr.:

a) kröfur um rekjanleika,

b) upplýsingar sem veita ber gjöfum,

c) upplýsingar sem fengnar skulu frá gjöfum, þ.m.t. auðkenni þeirra, heilsufarssaga, og undirskrift,

d) kröfur er varða hæfi blóð- og blóðvökvagjafa og skimun gjafablóðs, þ.m.t.

   — viðmiðanir fyrir varanlega frávísun og hugsanlegar undantekningar frá þeim,

   — viðmiðanir fyrir tímabundna frávísun,

e) kröfur er varða geymslu, flutning og dreifingu,

f) kröfur um gæði og öryggi blóðs og blóðhluta,

g) kröfur sem gilda um eiginblóðsinngjafir,

h) Bandalagsstaðlar og -forskriftir er varða gæðakerfi fyrir blóðþjónustustofnanir,

i) málsmeðferð Bandalagsins við tilkynningu um alvarlegar aukaverkanir og meintilvik og snið tilkynninga.

*30. gr.*

**Samráð við vísindanefnd eða -nefndir**

Framkvæmdastjórninni er heimilt að hafa samráð við viðeigandi vísindanefnd eða -nefndir þegar hún setur fram tæknilegu kröfurnar, sem um getur í 29. gr., og þegar hún aðlagar tæknilegu kröfurnar í I.–IV. viðauka að framförum á sviði tækni og vísinda, m.a. í því skyni að tryggja jafngild gæði og öryggi blóðs og blóðhluta til blóðinngjafar og blóðs og blóðhluta sem eru notuð sem upphafsefni til framleiðslu lyfja.

X. KAFLI

**LOKAÁKVÆÐI**

*31. gr.*

**Breyting á tilskipun 2001/83/EB**

Í stað 109. gr. tilskipunar 2001/83/EB komi eftirfarandi:

*„109. gr.*

Þegar um er að ræða söfnun og prófun blóðs og blóðhluta úr mönnum gildir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB (*).

(*) Stjtíð. EB L 33, 8.2.2003, bls. 30.“

*32. gr.*

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 8. febrúar 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau hafa þegar samþykkt eða sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

*33. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*34. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. janúar 2003.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| P. COX | G. DRYS |
| *forseti.* | *forseti.* |

*ANNEX I*

**UPPLÝSINGAR SEM BLÓÐÞJÓNUSTUSTOFNUN BER AÐ VEITA LÖGBÆRU YFIRVALDI TIL AÐ FÁ TILNEFNINGU, HEIMILD, FAGGILDINGU EÐA STARFSLEYFI Í SAMRÆMI VIÐ 2. MGR. 5. GR.**

A-hluti Almennar upplýsingar:

— auðkenni blóðþjónustustofnunarinnar,

— nöfn, menntun og hæfi ábyrgðaraðila og hvernig unnt er að ná sambandi við þá,

— skrá yfir blóðstöðvar sjúkrahúsa sem stofnunin sér fyrir birgðum,

B-hluti Lýsing á gæðakerfinu, þ.m.t.:

— upplýsingaskjöl, s.s. skipurit þar sem fram koma verksvið ábyrgðaraðila og boðleiðir,

— upplýsingaskjöl, s.s. aðalmappa um framleiðslustað (site master file) eða gæðahandbók þar sem lýst er gæðakerfinu í samræmi við 1. mgr. 11. gr.,

— fjöldi og menntun og hæfi starfsmanna,

— ákvæði um þrifnað,

— athafnasvæði og búnaður,

— skrá yfir staðlaðar verklagsreglur um hvernig öflun gjafa skuli háttað, hvernig tryggja eigi framhald á blóðgjöf þeirra og hvernig gjafar eru metnir, um vinnslu og prófanir, dreifingu og innköllun blóðs og blóðhluta og um tilkynningu og skráningu alvarlegra aukaverkana og meintilvika.

---

*II. VIÐAUKI*

**SKÝRSLA UM STARFSEMI BLÓÐÞJÓNUSTUSTOFNUNARINNAR Á NÆSTLIÐNU ÁRI**

Í ársskýrslunni skal eftirfarandi koma fram:

— heildarfjöldi þeirra sem gefa blóð og blóðhluta,

— heildarfjöldi blóðeininga,

— uppfærð skrá yfir blóðstöðvar sjúkrahúsa sem stofnunin sér fyrir birgðum,

— heildarfjöldi óskertra blóðeininga sem voru ekki notaðar,

— fjöldi einstakra blóðhluta sem voru framleiddir og settir í dreifingu,

— nýgengi og algengi smitvísa, sem geta borist á milli við blóðinngjöf, í blóði og blóðhlutum gjafa,

— fjöldi innkallana á vörum,

— fjöldi alvarlegra meintilvika og aukaverkana sem tilkynnt var um.

---

*III. VIÐAUKI*

**KRÖFUR UM MERKINGAR**

Á merkimiða fyrir blóðhlutann skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

— opinbert heiti blóðhlutans,

— rúmmál eða þyngd eða fjöldi frumna í blóðhlutanum (eftir því sem við á),

— sérstakur auðkennistalnakóði eða auðkennisstafakóði blóðeiningar,

— heiti blóðþjónustustofnunarinnar sem framleiddi blóðhlutann,

— ABO-blóðflokkur (ekki nauðsynlegt fyrir blóðvökva sem er eingöngu ætlaður til þættingar),

— RhD-blóðflokkur, annaðhvort RhD-jákvæður eða RhD-neikvæður (ekki nauðsynlegt fyrir blóðvökva sem er eingöngu ætlaður til þættingar),

— dagsetning eða tímasetning fyrningar (eftir því sem við á),

— geymsluhitastig,

— heiti, samsetning og rúmmál storkuvara og/eða viðbótarlausnar (ef um slíkt er að ræða).

---

*IV. VIÐAUKI*

**GRUNNKRÖFUR UM PRÓFANIR Á HEILBLÓÐSEININGUM OG BLÓÐVÖKVA SEM SAFNAÐ ER**

Eftirfarandi prófanir skulu gerðar á heilblóðseiningum og á blóðhlutum úr blóðskilju, þ.m.t. eiginblóðseiningar sem safnað er til notkunar síðar:

— ABO-blóðflokkun (ekki nauðsynlegt fyrir blóðvökva sem er eingöngu ætlaður til þættingar),

— RhD-blóðflokkun (ekki nauðsynlegt fyrir blóðvökva sem er eingöngu ætlaður til þættingar),

— skimun á eftirfarandi sýkingum hjá gjöfum:

  — lifrarbólgu B (yfirborðsmótefnavaka lifrarbólguveiru B (HBs-Ag)),

  — lifrarbólgu C (mótefni gegn lifrarbólguveiru C (Anti-HCV)),

  — eyðniveiru 1 eða 2 (mótefni gegn eyðniveiru 1 eða 2 (Anti-HIV 1/2)).

Frekari prófanir kunna að vera nauðsynlegar þegar um er að ræða sérstaka blóðhluta eða gjafa eða þegar faraldur er í gangi.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2007/EES/16/14**

**frá 4. september 2003**

**um grundvallarkröfur varðandi fjarskiptabúnað um borð í skipum sem ætlaður er til notkunar í skipum, sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS), og til þátttöku í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu) (*)**

*(tilkynnt með númeri C(2003) 2912)*

(2004/71/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ([1]), einkum e-liður 3. mgr. 3. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Allmörg aðildarríki hafa komið á eða hyggjast koma á sameiginlegum meginreglum um öryggi og reglum um þráðlausan fjarskiptabúnað um borð í skipum sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS).

2) Samhæfing þráðlausrar fjarskiptaþjónustu ætti að stuðla að öruggari siglingum skipa sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu, einkum í neyðartilvikum og þegar veðurskilyrði eru slæm.

3) Í umburðarbréfi siglingaöryggisnefndarinnar nr. 803 um þátttöku skipa, sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu, í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu) og ályktun MSC.77(69) Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar eru ríkisstjórnir hvattar til að beita viðmiðunarreglum um þátttöku skipa, sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu, í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó og krefjast þess að tiltekinn búnaður, sem er nauðsynlegur með tilliti til GMDSS-kerfisins, sé til staðar í þráðlausum fjarskiptabúnaði allra skipa.

4) Í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) eru tilgreind tiltekin tíðnisvið sem hefur verið úthlutað til notkunar í GMDSS-kerfinu. Allur þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem er starfræktur á þessum tíðnisviðum og er ætlaður til notkunar í neyðartilvikum, skal samrýmast tilgreindri notkun þessara tíðnisviða og viðunandi ábyrgðartrygging skal vera fyrir því að hann virki rétt í neyðartilvikum.

5) Gildissvið ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/638/EB frá 22. september 2000 um beitingu e-liðar 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/5/EB gagnvart fjarskiptabúnaði um borð í skipum sem ætlaður er til uppsetningar í hafskip sem ekki falla undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS) og sem ætlaður er til þátttöku í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfið) og fellur ekki undir tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum ([2]) er takmarkað við búnað sem ætlaður er til ísetningar í hafskip. Gildissvið þeirrar ákvörðunar skal víkkað út þannig að það taki til GMDSS-búnaðar til notkunar um borð í öllum skipum sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu. Litið er svo á að hið háa öryggisstig, sem þessi ákvörðun veitir, skipti máli fyrir öll skip og því ber að breyta gildissviði ákvörðunarinnar þannig að sömu kröfur um GMDSS-búnað gildi einnig fyrir skip sem falla ekki undir gildissvið SOLAS-samþykktarinnar og tilskipunarinnar um búnað um borð í skipum hvort sem þau eru hafskip eða ekki. Því ber að skipta út ákvörðun 2000/638/EB.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samræmismat í fjarskiptum og markaðseftirlit (TCAM).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 16, 23.1.2004, bls. 54. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2004, 9. júli 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 18.

([1]) Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

([2]) Stjtíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 52.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Þessi ákvörðun skal gilda um þráðlausan fjarskiptabúnað sem ætlaður er til notkunar í skipum sem ekki falla undir samninginn um öryggi mannslífa á hafinu og sem er ætlað að taka þátt í alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS) eins og mælt er fyrir um í IV. kafla í SOLAS-samþykktinni og er starfræktur í

a) strandarstöðvaþjónustu, eins og hún er skilgreind í grein 1.28 í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins eða

b) farstöðvaþjónustu við skip um gervitungl, eins og hún er skilgreind í grein 1.29 í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins.

*2. gr.*

Þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem fellur undir gildissvið þessarar ákvörðunar eins og tilgreint er í 1. gr., skal þannig gerður að tryggt sé að hann virki rétt við siglingar á sjó, uppfylli allar kröfur um starfhæfni í GMDSS-kerfinu í neyðartilvikum og geri skýr og traust boðskipti möguleg, sem eru einnig mjög áreiðanleg, að því er varðar hliðrænt eða stafrænt fjarskiptasamband.

*3. gr.*

Ákvörðun 2000/638/EB er felld úr gildi.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi gildir frá 4. september 2004.

*5. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. september 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Erkki LIIKANEN

*framkvæmdastjóri.*

# REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) NR. 631/2004 2007/EES/16/15

**frá 31. mars 2004**

**um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, að því er varðar jöfnun réttinda og einföldun málsmeðferðar (*)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 42. og 308. gr.,

með hliðsjón af niðurstöðum fundar leiðtogaráðsins í Barcelona 15. og 16. mars 2002 um að koma á evrópsku sjúkratryggingakorti,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt niðurstöðum fundar leiðtogaráðsins í Barcelona 15. og 16. mars 2002 myndi evrópskt sjúkratryggingakort koma í stað núverandi eyðublaða á pappírsformi sem nauðsynleg eru til að njóta heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki. Þess var farið á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði fram tillögu í þessu skyni fyrir vorfund leiðtogaráðsins 2003. Slíkt kort myndi einfalda alla málsmeðferð.

2) Til að ná þessu markmiði, og jafnvel gott betur, með því að nýta sem best þá kosti sem evrópska sjúkratryggingakortið býður upp á fyrir tryggða einstaklinga og stofnanir, er nauðsynlegt að gera tilteknar breytingar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ([3]).

3) Í reglugerð (EBE) nr. 1408/71 er eins og sakir standa kveðið á um að tryggður einstaklingur hafi aðgang að ýmis konar aðstoð á meðan hann dvelst tímabundið í öðru aðildarríki en í hinu lögbæra aðildarríki eða búseturíki, sem fer eftir því hvaða hópi hinn tryggði tilheyrir og greinarmunur er gerður á „heilbrigðisaðstoð sem er nauðsynleg án tafar“ og „nauðsynlegri heilbrigðisaðstoð“. Til að auka vernd hinna tryggðu skal gera ráðstafanir til að jafna réttindi allra tryggðra einstaklinga til aðgangs að aðstoð á meðan þeir dveljast tímabundið í öðru aðildarríki en ríkinu þar sem þeir eru tryggðir eða hafa búsetu. Við slíkar aðstæður skulu allir tryggðir einstaklingar eiga rétt á aðstoð sem verður nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum á meðan þeir dveljast á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, sé mið tekið af eðli aðstoðarinnar og fyrirhugaðri lengd dvalarinnar.

4) Brýnt er að gerðar séu allar ráðstafanir til að tryggja rétta framkvæmd i-liðar a-liðar 1. mgr. 22. gr. í öllum aðildarríkjunum með sérstakri áherslu á veitendur heilbrigðisþjónustu.

5) Þegar um er að ræða tiltekna, viðvarandi meðferð sem krefst tiltekinnar aðstöðu, s.s. skilunarmeðferð, er mjög mikilvægt fyrir sjúklinginn að meðferðin sé til reiðu meðan á dvöl hans í öðru aðildarríki stendur. Í þessu sambandi skal framkvæmdaráðið taka saman skrá yfir þá aðstoð sem bundin er undanfarandi samkomulagi milli hins tryggða og stofnunarinnar, sem annast meðferðina, til þess að tryggja að hún sé til reiðu sem og frelsi hins tryggða til að dveljast tímabundið í öðru aðildarríki.

---

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 100, 6.4.2004, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2004, 9. júli 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 19.

([1]) Stjtíð. EB C 32, 5.2.2004, bls. 78.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 4. desember 2003 og ákvörðun ráðsins frá 4. mars 2004.

([3]) Stjtíð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2. Reglugerð eins og henni var steypt saman í einn texta með reglugerð (EB) nr. 118/97 (Stjtíð. EB L 28, 30.1.1997, bls. 1) og eins og henni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1386/2001 (Stjtíð. EB L 187, 10.7.2001, bls. 1).

6) Meginreglan er sú að veittur er aðgangur að aðstoð meðan á tímabundinni dvöl stendur í öðru aðildarríki gegn framvísun viðeigandi eyðublaðs, sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 ([1]). Sum aðildarríki krefjast þess enn, ef ekki í reynd þá a.m.k. formlega, að uppfyllt séu sérstök formsatriði við komu á yfirráðasvæði þeirra. Þessar kröfur, og sérstaklega sú skylda að þurfa að leggja fyrirfram og kerfisbundið fram staðfesta yfirlýsingu hjá stofnun á dvalarstað um að hlutaðeigandi eigi rétt á aðstoð, virðast í dag óþarflega takmarkandi og þess eðlis að þær hindri frjálsa för hlutaðeigandi einstaklinga.

7) Aðildarríkin skulu sjá til þess að viðeigandi upplýsingar séu veittar um þær breytingar á réttindum og skyldum sem þessi reglugerð hefur í för með sér.

8) Til að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 einkennist af skilvirkni og sanngirni er brýnt að stofnanir og einstaklingar, sem heyra undir hana, starfi saman. Með slíkri samvinnu er gengið út frá því að bæði stofnanir og hinir tryggðu veiti tæmandi upplýsingar um hvers kyns breytingar sem gætu haft áhrif á bótarétt s.s. ef hinn tryggði hættir að vinna eða skiptir um starf eða ef hann, eða aðstandandi hans, flyst búferlum eða skiptir um dvalarstað, breytingar verða á fjölskylduhögum eða ef breytingar verða á lögum.

9) Vegna þess hve aðstæður geta verið flóknar þegar för fólks er annars vegar, skal kveða á um kerfi sem heimilar stofnunum að úrskurða í einstökum málum þar sem ólík túlkun á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 og framkvæmdarreglugerð hennar gæti teflt réttindum hlutaðeigandi einstaklings í tvísýnu. Ef ekki er unnt að finna lausn þar sem öll réttindi hlutaðeigandi einstaklings eru virt skal kveða á um að hægt sé að vísa málinu til framkvæmdaráðsins.

10) Til að aðlaga reglugerðina þróun í gagnavinnslu, en evrópska sjúkratryggingakortið er mikilvægur þáttur í því vegna þess að því er ætlað að verða, til lengri tíma litið, að rafrænum miðli sem unnt er að lesa í öllum aðildarríkjunum, þarf að breyta tilteknum greinum reglugerðar (EBE) nr. 574/72 þannig að í þeim nái hugtakið skjal yfir hvers konar efni, sama á hvaða miðli það er, ritað á pappír eða vistað á rafrænu formi, eða sem hljóð eða mynd eða sem hljóð- og myndmiðlunarefni.

([1]) Stjtíð. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1. Reglugerð eins og henni var steypt saman í einn texta með reglugerð (EB) nr. 118/97 og eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1851/2003 (Stjtíð. EB L 271, 22.10.2003, bls. 3).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (EBE) nr. 1408/71 er hér með breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 22. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Í stað a-liðar 1. undirgreinar komi eftirfarandi:

   „a) sem af heilsufarsástæðum þarfnast aðstoðar sem verður nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum, meðan á dvöl stendur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, sé mið tekið af eðli aðstoðarinnar og fyrirhugaðri lengd dvalarinnar.“

   b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

   „1a. Framkvæmdaráðið skal taka saman skrá yfir þá aðstoð sem er bundin, til hagræðingar, undanfarandi samkomulagi milli hlutaðeigandi einstaklings og stofnunarinnar, sem lætur heilbrigðisþjónustuna í té til þess að hún sé veitt meðan á dvöl stendur í öðru aðildarríki,“

   c) Eftirfarandi komi í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr.:

   „Ákvæði 1. mgr., 1. mgr. a og 2. mgr. skulu gilda á hliðstæðan hátt um aðstandendur launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings.“

2. Í stað 22. gr. a komi eftirfarandi:

   *„22. gr. a*

   **Sérreglur fyrir tiltekna hópa fólks**

   Þrátt fyrir 2. gr. gilda a- og c-liður 1. mgr. og 1. mgr. a í 22. gr. einnig um þá sem eru ríkisborgarar aðildarríkis og eru tryggðir samkvæmt löggjöf aðildarríkis og um aðstandendur sem búa hjá þeim.“

3. Ákvæði 22. gr. b falli brott,

4. Ákvæðum 25. gr. er breytt sem hér segir:

   a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

   „1. Atvinnulaus einstaklingur, sem áður var launþegi eða sjálfstætt starfandi, heyrir undir 1. mgr. 69. gr. eða annan málslið ii-liðar í b-lið 1. mgr. 71. gr. og sem fullnægir skilyrðum sem mælt er fyrir um í lögum hins lögbæra ríkis fyrir aðstoð og bótum í peningum, með tilliti til ákvæða 18. gr., eftir því sem við á, skal fá fyrir tímabilið sem um getur í c-lið 1. mgr. 69. gr.:

a) aðstoð, sem verður nauðsynleg þessum einstaklingi af læknisfræðilegum ástæðum, meðan á dvöl hans stendur á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem hann leitar sér atvinnu, sé mið tekið af eðli aðstoðarinnar og fyrirhugaðri lengd dvalarinnar. Þessa aðstoð skal stofnun í aðildarríkinu þar sem hann leitar sér atvinnu láta honum í té fyrir hönd þar til bærrar stofnunar, samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir, eins og hann væri tryggður hjá henni,

b) bætur í peningum sem þar til bærri stofnun ber að greiða samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir. Þó má stofnun í aðildarríki þar sem atvinnulaus maður leitar sér atvinnu greiða honum bætur fyrir hönd þeirrar fyrrgreindu í samræmi við löggjöf hins lögbæra ríkis, hafi náðst samkomulag um það milli stofnananna. Atvinnuleysisbætur sem heyra undir 1. mgr. 69. gr. skulu þó ekki greiddar fyrir sama tímabil og bætur í peningum eru greiddar á.“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1. gr. a Ákvæði 1. mgr. a í 22. gr. skulu gilda á hliðstæðan hátt.“

5. Í stað 31. gr. komi eftirfarandi:

*„31. gr.*

**Dvöl lífeyrisþega og/eða aðstandenda hans í öðru aðildarríki en búseturíki þeirra**

1. Lífeyrisþegi sem á rétt á lífeyri samkvæmt löggjöf eins aðildarríkis eða rétt á lífeyri samkvæmt löggjöf tveggja eða fleiri aðildarríkja og á rétt á bótum samkvæmt löggjöf eins þeirra skal, ásamt aðstandendum sem dveljast á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en búseturíkis þeirra, fá;

a) aðstoð, sem verður nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum meðan á dvöl stendur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en búseturíkis, sé mið tekið af eðli aðstoðarinnar og fyrirhugaðri lengd dvalarinnar. Þessa aðstoð skal stofnun á dvalarstað láta í té samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir, fyrir hönd stofnunar á búsetustað lífeyrisþegans eða aðstandenda hans,

b) bætur í peningum, eftir því sem við á, frá þar til bærri stofnun sem ákveðin er í samræmi við ákvæði 27. gr. eða 2. mgr. 28. gr. og samkvæmt þeirri löggjöf sem hún starfar eftir. Þó getur stofnun á dvalarstaðnum tekið að sér að greiða slíkar bætur fyrir hönd þeirrar fyrrnefndu samkvæmt löggjöf hins lögbæra ríkis, hafi samkomulag náðst um það milli þessara stofnana.

2. Ákvæði 1. mgr. a í 22. gr. skulu gilda á hliðstæðan hátt.“

6. Í stað 34. gr. a komi eftirfarandi:

*„34. gr. a*

**Sérákvæði um námsmenn og aðstandendur þeirra**

Ákvæði 18. gr., 19. gr., 22. gr. (a- og c-liður 1. mgr., 1. mgr. a, önnur undirgrein 2. mgr. og 3. mgr.), 23. gr., 24. gr. og 6. og 7. þáttar gilda á hliðstæðan hátt um námsmenn og aðstandendur þeirra, eftir því sem þörf er á.“

7. Ákvæði 34. gr. b falli brott,

8. Eftirfarandi grein bætist við:

*„84. gr. a*

**Tengsl milli stofnana og einstaklinga sem heyra undir þessa reglugerð.**

1. Stofnanir og einstaklingar sem falla undir þessa reglugerð skulu bundin gagnkvæmri upplýsinga- og samstarfsskyldu til að tryggja rétta framkvæmd þessarar reglugerðar.

Stofnanir skulu, í samræmi við meginregluna um góða stjórnsýslu, svara öllum fyrirspurnum innan sanngjarns tíma og láta hlutaðeigandi einstaklingum, í þessu sambandi, í té allar upplýsingar sem þeir þurfa á að halda til að geta nýtt sér þau réttindi sem þeir öðlast með þessari reglugerð.

Hlutaðeigandi einstaklingar skulu tilkynna stofnunum lögbæra ríkisins og búseturíkisins eins fljótt og unnt er um allar breytingar á persónulegum aðstæðum sínum eða fjölskylduhögum sem hafa áhrif á bótarétt þeirra samkvæmt þessari reglugerð.

2. Sé upplýsingaskyldan, sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr., ekki virt getur það leitt til þess að gripið verði til ráðstafana, sem eru í réttu hlutfalli við brot, í samræmi við landslög. Slíkar ráðstafanir skulu þó vera jafngildar þeim sem gilda við svipaðar aðstæður samkvæmt landslögum og skulu ekki gera það ókleift eða óhóflega erfitt í framkvæmd að nýta sér þau réttindi sem þessi reglugerð veitir.

3. Komi upp erfiðleikar varðandi túlkun eða beitingu þessarar reglugerðar, sem gætu teflt réttindum einstaklings, sem heyrir undir hana, í tvísýnu, skal stofnun lögbærs ríkis eða búseturíkis hlutaðeigandi einstaklings hafa samband við stofnun eða stofnanir hlutaðeigandi aðildarríkis eða -ríkja. Sé ekki unnt að finna lausn innan sanngjarns tíma er hlutaðeigandi yfirvöldum heimilt að fara þess á leit við framkvæmdaráðið að það grípi inn í.“

*2. gr.*

Reglugerð (EBE) nr. 574/72 er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdaráð ber ábyrgð á hönnun fyrirmynda að skjölum sem nauðsynleg teljast við framkvæmd reglugerðarinnar og framkvæmdarreglugerðarinnar.

Heimilt er að senda þessi skjöl milli stofnana annaðhvort á pappír eða öðru formi eða sem stöðluð rafræn gögn með gagnaflutningi í samræmi við ákvæði VI. bálks a. Upplýsingaskipti með gagnaflutningi falla undir samning milli þar til bærra yfirvalda, eða aðila sem tilnefndir eru af þar til bærum yfirvöldum, í sendiríkinu og í viðtökuríkinu.“

2. Ákvæði 6. og 7. mgr. 17. gr. falli brott.

3. Í stað 2. mgr. 19. gr. a komi eftirfarandi:

„2. Ákvæði 9. mgr. 17. gr. í framkvæmdarreglugerðinni gilda á hliðstæðan hátt.“

4. Ákvæði 20. gr. falli brott,

5. Eftirfarandi komi í stað 21. gr.:

*„21. gr.*

**Aðstoð þegar dvalið er í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki**

1. Til að fá aðstoð skv. i-lið a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar skal launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur afhenda veitanda heilbrigðisþjónustu skjal, gefið út af þar til bærri stofnun, sem staðfestir að hann hafi rétt til aðstoðar. Skjalið skal samið í samræmi við 2. gr. Geti hlutaðeigandi einstaklingur ekki lagt fram þetta skjal skal hann hafa samband við stofnun á dvalarstað og skal hún óska eftir staðfestri yfirlýsingu frá þar til bærri stofnun um að hlutaðeigandi einstaklingur hafi rétt til aðstoðar.

Skjal, sem gefið er út af þar til bærri stofnun varðandi rétt til bóta í hverju einstöku tilviki, í samræmi við i-lið a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar, skal hafa sömu áhrif gagnvart veitanda heilbrigðisþjónustu og innlent skjal sem sýnir fram á rétt þeirra, sem tryggðir eru hjá stofnun á dvalarstað.

2. Ákvæði 9. mgr. 17. gr. í framkvæmdarreglugerðinni gilda á hliðstæðan hátt.“

6. Í stað 2. mgr. 22. gr. komi eftirfarandi:

„2. Ákvæði 9. mgr. 17. gr. í framkvæmdarreglugerðinni gilda á hliðstæðan hátt.“,

7. Í stað annarrar málsgreinar í 23. gr. komi eftirfarandi:

„Þó skal, í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar, litið á stofnun á búsetustað og löggjöf í búsetulandi aðstandenda sem þar til bæra stofnun og löggjöf hins lögbæra ríkis að því er varðar 9. mgr. 17. gr., 21. gr. og 22. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar.“

8. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 26. gr.:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Til að fá aðstoð skv. a-lið 1. mgr. og 1. mgr. a í 25. gr. reglugerðarinnar skal atvinnulaus einstaklingur eða aðstandandi hans sem fylgir honum afhenda veitanda heilbrigðisþjónustu skjal, gefið út af þar til bærri stofnun, sem staðfestir að hann hafi rétt til aðstoðar. Skjalið skal samið í samræmi við ákvæði 2. gr. Geti hlutaðeigandi einstaklingur ekki lagt fram þetta skjal skal hann hafa samband við stofnun á dvalarstað og skal hún óska eftir staðfestri yfirlýsingu frá þar til bærri stofnun um að hlutaðeigandi einstaklingur hafi rétt til aðstoðar.

Skjal, sem gefið er út af þar til bærri stofnun varðandi rétt til bóta í hverju einstöku tilviki, í samræmi við a-lið 1. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar, skal hafa sömu áhrif gagnvart veitanda heilbrigðisþjónustu og innlent skjal sem sýnir fram á rétt þeirra, sem tryggðir eru hjá stofnun á staðnum sem hinn atvinnulausi fór til.“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Atvinnulaus einstaklingur skal afhenda tryggingastofnun á staðnum sem hann fer til staðfesta yfirlýsingu, sem honum ber að sækja um hjá þar til bærri tryggingastofnun fyrir brottför, til þess að fá bætur í peningum fyrir sig og aðstandendur sína eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar. Leggi hinn atvinnulausi einstaklingur ekki fram umrædda yfirlýsingu skal stofnun á staðnum sem hann fer til afla hennar beint frá þar til bærri stofnun. Yfirlýsingin skal staðfesta rétt til téðra bóta samkvæmt skilyrðum sem sett eru fram í a-lið 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar, þar skal tilgreind lengd bótatímabils, með hliðsjón af ákvæðum c-liðar 1. mgr. 69. gr. reglugerðarinnar, og bótafjárhæð sem greiða skal, eftir því sem við á, vegna sjúkratrygginga á ofangreindu tímabili, verði hlutaðeigandi óvinnufær eða lagður inn á sjúkrahús.

c) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Ákvæði 9. mgr. 17. gr. í framkvæmdarreglugerðinni gilda á hliðstæðan hátt.“

9. Í stað 31. gr. komi eftirfarandi:

*„31. gr.*

**Aðstoð til handa lífeyrisþegum og aðstandendum þeirra sem dveljast í öðru aðildarríki en búseturíkinu**

1. Til að fá aðstoð skv. 31. gr. reglugerðarinnar, skal lífeyrisþegi afhenda veitanda heilbrigðisþjónustunnar skjal, gefið út af stofnun á búsetustað, sem staðfestir að hann hafi rétt til aðstoðar. Skjalið skal samið í samræmi við 2. gr. Geti hlutaðeigandi einstaklingur ekki lagt fram þetta skjal skal hann hafa samband við stofnun á dvalarstað og skal hún óska eftir staðfestri yfirlýsingu frá stofnun á búsetustað um að hlutaðeigandi einstaklingur hafi rétt til aðstoðar.

Skjal, sem gefið er út af þar til bærri stofnun varðandi rétt til bóta í hverju einstöku tilviki, í samræmi við 31. gr. reglugerðarinnar, skal hafa sömu áhrif gagnvart veitanda heilbrigðisþjónustunnar og innlent skjal sem sýnir fram á rétt þeirra, sem tryggðir eru hjá stofnun á dvalarstað.

2. Ákvæði 9. mgr. 17. gr. í framkvæmdarreglugerðinni gilda á hliðstæðan hátt.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda á hliðstæðan hátt að því er varðar veitingu aðstoðar til aðstandenda sem heyra undir 31. gr. reglugerðarinnar. Hafi þessir aðstandendur búsetu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en lífeyrisþeginn skal skjalið, sem um getur í 1. mgr., gefið út af stofnun á búsetustað þeirra.“

10. Í stað 1. mgr. 117. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdaráðið skal, á grundvelli rannsókna og tillagna tækninefndarinnar, sem um getur í 117. gr. c í framkvæmdarreglugerðinni, laga að nýrri gagnavinnslutækni fyrirmyndir að skjölum, boðleiðir og aðferðir til gagnasendinga sem eru nauðsynleg til beitingar reglugerðarinnar og framkvæmdarreglugerðarinnar.“

*3. gr.*

Aðildarríkin skulu sjá til þess að viðeigandi upplýsingar séu veittar um þær breytingar á réttindum og skyldum sem þessi reglugerð hefur í för með sér.

*4. gr.*

Til framkvæmdar þessari reglugerð skulu stofnanir í dvalarríki sjá til þess að öllum veitendum heilbrigðisþjónustu sé vel kunnugt um viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í i-lið a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

*5. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 2004.

Sjá ber til þess að beinn aðgangur sé að veitendum heilbrigðisþjónustu eigi síðar en 1. júní 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg, 31. mars 2004.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| P. COX | D. ROCHE |
| *forseti.* | *forseti.* |

**ÁKVÖRÐUN nr. 189** **2007/EES/16/16**

**frá 18. júní 2003**

**sem miðar að því að taka upp evrópskt sjúkratryggingakort í stað eyðublaða sem eru nauðsynleg til beitingar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 að því er varðar aðgang að heilbrigðisaðstoð meðan á tímabundinni dvöl stendur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki eða búseturíkinu (*)**

(2003/751/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ([1]) en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið um félagslegt öryggi farandlaunþega fjalla um allt er lýtur að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ([2]) en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið útbúa fyrirmyndir að vottorðum, staðfestum yfirlýsingum, yfirlýsingum, kröfum og öðrum skjölum sem eru nauðsynleg til beitingar á reglugerðunum,

með hliðsjón af 117. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið laga að nýrri gagnavinnslutækni fyrirmyndir að vottorðum, staðfestum yfirlýsingum, yfirlýsingum, kröfum og öðrum skjölum, svo og ferli og aðferðir við sendingu gagna sem lögð eru fram til framkvæmdar reglugerðunum,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 276, 17.10.2003, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2004, 9. júli 2004 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 20.

([1]) Stjtíð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1386/2001 (Stjtíð. EB L 187, 10.7.2001, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 410/2002 (Stjtíð. EB L 62, 5.3.2002, bls. 17).

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 veita núgildandi eyðublöð einstaklingum, sem falla undir reglugerðina, rétt til að fá endurgreiddan kostnað vegna heilbrigðisaðstoðar meðan þeir dvelja tímabundið í öðru aðildarríki en lögbæra ríkinu eða, þegar um er að ræða eftirlaunaþega eða aðra lífeyrisþega og aðstandendur þeirra sem ekki hafa búsetu í sama aðildarríki og starfsmaðurinn, meðan þeir dvelja tímabundið í öðru aðildarríki en búseturíkinu.

2) Á fundi leiðtogaráðsins í Barcelona, sem haldinn var 15. og 16. mars 2002, var ákveðið: „að Evrópska sjúkratryggingakortið kæmi í stað núverandi eyðublaða á pappírsformi sem nauðsynleg eru til að fá heilbrigðisaðstoð í öðru aðildarríki. Framkvæmdastjórnin mun leggja fram tillögu í þessu skyni fyrir vorfund leiðtogaráðsins 2003. Slíkt kort myndi einfalda alla málsmeðferð án þess að breyta gildandi réttindum og skuldbindingum “ (liður 34).

3) Þar eð notkun sjúkratrygginga- eða almannatryggingakorta er afar mismunandi eftir löndum skal Evrópska sjúkratryggingakortið (hér á eftir nefnt „evrópska kortið“) til að byrja með vera með því sniði að hægt sé að lesa berum augum þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að geta látið í té heilbrigðisaðstoð og endurgreitt kostnað. Þessum upplýsingum má auk þess koma fyrir á kortinu með rafrænum hætti. Notkun rafræns miðils verður enn fremur almennt tekin upp á síðari stigum upptöku evrópska kortsins.

4) Evrópska kortið verður að samrýmast einni fyrirmynd, sem framkvæmdaráðið skilgreinir, sem bæði ætti að auðvelda aðgang að heilbrigðisaðstoð og koma í veg fyrir ólögmæta notkun kortsins, misnotkun og svik.

5) Stofnanir í aðildarríkjunum skulu ákvarða gildistíma evrópskra korta sem þær gefa út. Gildistími korts skal einkum taka mið af lengd þess tímabils sem fyrirhugað er að réttur hins tryggða vari.

6) Þegar sérstakar aðstæður koma í veg fyrir að hlutaðeigandi einstaklingur geti framvísað evrópska kortinu skal þess í stað gefa út bráðabirgðavottorð með takmarkaðan gildistíma. „Sérstakar aðstæður“ geta verið þær að korti sé stolið, það glatist eða að brottför sé með of stuttum fyrirvara til að hægt sé að verða sér úti um kort.

7) Framkvæmdaráðið leggur til að sameiginlega EES-nefndin og sameiginlega nefndin fyrir ESB og Sviss semji ákvarðanir með hliðsjón af því hvaða áhrif það hefur að evrópska kortið komi í stað eyðublaðanna, sem eru nauðsynleg við beitingu reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72, að því er varðar aðgang að heilbrigðisaðstoð meðan dvalið er tímabundið í öðru aðildarríki en lögbæra ríkinu eða búseturíkinu.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Evrópska sjúkratryggingakortið (hér á eftir nefnt „evrópska kortið“) skal smám saman leysa af hólmi eyðublöðin sem kveðið er á um í reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 og veita rétt til endurgreiðslu kostnaðar vegna heilbrigðisaðstoðar meðan dvalið er tímabundið í öðru aðildarríki en lögbæra ríkinu eða búseturíkinu. Fjallað verður um áfanga í því ferli að skipta út eyðublöðunum í síðari ákvörðunum framkvæmdaráðsins um félagslegt öryggi farandlaunþega.

*2. gr.*

1. Gildistími evrópska kortsins er ákvarðaður hjá útgáfustofnun þess.

2. Viðkomandi stofnun á dvalarstað fær endurgreiddan kostnað vegna heilbrigðisaðstoðar, sem er veitt á grundvelli gilds korts, í samræmi við gildandi ákvæði.

*3. gr.*

Gefa má út evrópska kortið annaðhvort sem sérstakt kort eða á bakhlið sjúkratryggingakorts eða -korta sem þegar eru til í aðildarríkjunum.

*4. gr.*

Evrópska kortið skal vera persónukort gefið út á nafn korthafa.

*5. gr.*

Þegar sérstakar aðstæður koma í veg fyrir að hinn tryggði geti framvísað evrópska kortinu skal í þess stað gefa út bráðabirgðavottorð með takmarkaðan gildistíma.

*6. gr.*

1. Evrópska kortið og bráðabirgðavottorðið, sem kemur í þess stað, skulu samrýmast einni fyrirmynd sem fullnægir þeim eiginleikum og forskriftum sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdaráðsins um félagslegt öryggi farandlaunþega.

2. Evrópska kortið skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

— kenninafn og eiginnafn korthafa,

— kennitala korthafa eða, þegar slíkt númer er ekki til, númer hins tryggða sem réttindi korthafa byggjast á,

— fæðingardag korthafa,

— dagsetningu þegar gildistíma kortsins lýkur,

— ISO-kóða aðildarríkisins sem gefur út kortið,

— kennitala og upphafsstafaorð lögbærrar stofnunar,

— sérnúmer kortsins.

*7. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.* Hún tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir birtingu hennar.

*Fyrir hönd framkvæmdaráðsins,*

Theodora TSOTSOROU

*Formaður framkvæmdaráðsins.*

**ÁKVÖRÐUN nr. 190** **2007/EES/16/17**

**frá 18. júní 2003**

**um tækniforskriftir fyrir Evrópska sjúkratryggingakortið (*)**

(2003/752/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ HEFUR,

með hliðsjón af ákvörðun framkvæmdaráðsins nr. 189 frá 18. júní 2003 sem miðar að því að taka upp evrópskt sjúkratryggingakort í stað eyðublaða sem eru nauðsynleg til beitingar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72, að því er varðar aðgang að heilbrigðisaðstoð meðan á tímabundinni dvöl stendur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki eða búseturíkinu.

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Evrópska sjúkratryggingakortið verður gefið út af stofnun lögbæra ríkisins eða búseturíkisins. Til að auðvelda samþykkt og endurgreiðslu kostnaðar við meðferð á grundvelli evrópska kortsins er nauðsynlegt fyrir þá þrjá aðila, sem málið varðar aðallega, þ.e. hina tryggðu, veitendur heilbrigðisaðstoðar og stofnanirnar, að auðvelt sé að bera kennsl á og samþykkja evrópska kortið sem skal samrýmast einni fyrirmynd og samræmdum forskriftum.

2) Upplýsingarnar, sem skulu vera sýnilegar á evrópska kortinu, eru skilgreindar í 6. gr. ákvörðunar framkvæmdaráðsins nr. 189. Innleiðing evrópska kortsins með sýnilegum upplýsingum er fyrsta stig í ferli sem leiðir að lokum til afnáms núverandi pappírseyðublaða og til notkunar rafrænna miðla sem veita rétt til heilbrigðisaðstoðar á meðan dvalið er tímabundið í öðru aðildarríki en lögbæra ríkinu eða búseturíkinu. Þar af leiðandi geta þar til bærar stofnanir aðildarríkjanna, sem þess óska, einnig vistað frá upphafi, á rafrænum miðli, s.s. örflögu eða segulrönd, þær upplýsingar sem um getur í þessari forsendu.

3) Ef sérstakar aðstæður koma í veg fyrir að hlutaðeigandi einstaklingur geti framvísað evrópska kortinu skal þess í stað gefa út bráðabirgðavottorð eftir samræmdri fyrirmynd.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Hönnun og forskriftir Evrópska sjúkratryggingakortsins skulu vera í samræmi við 1. viðauka við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Fyrirmyndin að bráðabirgðavottorðinu skal vera í samræmi við 2. viðauka við þessa ákvörðun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 276, 17.10.2003, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2004, 9. júli 2004 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 20.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.* Hún tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir birtingu hennar.

*Fyrir hönd ráðsins,*

Theodora TSOTSOROU

*Formaður framkvæmdaráðsins.*

*1. VIÐAUKI*

**TÆKNILEG ÁKVÆÐI VARÐANDI HÖNNUN EVRÓPSKA SJÚKRATRYGGINGAKORTSINS**

1. **Inngangur**

Í samræmi við aðrar ákvarðanir framkvæmdaráðsins um félagslegt öryggi farandlaunþega eru á Evrópska sjúkratryggingakortinu lágmarksupplýsingar, sem lesa má með berum augum, til nota í öðru aðildarríki en ríkinu þar sem menn eru tryggðir eða búsettir, ætlaðar til að:

— bera kennsl á hinn tryggða, þar til bæra stofnun og kortið,

— gefa til kynna rétt til að njóta heilbrigðisþjónustu meðan á tímabundinni dvöl stendur í öðru aðildarríki.

Fyrirmyndirnar hér á eftir eru byggðar á tækniforskriftunum sem eru skilgreindar í þessu skjali en einungis ber að líta á þær sem sýnishorn.




*Mynd 1: Dæmi um framhlið*




*Mynd 2: Dæmi um bakhlið*

Þó að uppröðun upplýsinga, sem lesa má með berum augum, sé sú sama á báðum fyrirmyndunum, þ.e. óháð því hvor hlið Evrópska sjúkratryggingakortsins er notuð, eru framhlið og bakhlið með ólíku skipulagi. Þetta er niðurstaða málamiðlunar á milli þeirrar kröfu að evrópska kortið skuli samrýmast einni fyrirmynd og þess að munur er á skipulagi hliðanna en jafnframt er þess gætt að sama svip sé haldið á fram- og bakhlið kortsins.

2. **Tilvísun í staðla**

| Tilvísun: | Titill skjals/lýsing | Útgáfudagur |
|---|---|---|
| ISO 3166-1 | Codes for the representation of names of countries and their subdivisions — Part 1: Country codes | 1997 |
| ISO/IEC 7810 | Identification cards — Physical characteristics | 1995 |
| ISO/IEC 7816 | Identification cards — Integrated circuit(s) cards with contacts<br>Part 1: Physical characteristics<br>Part 2: Dimension and location of the contacts | <br>1998<br>1999 |
| ISO 8859-1 | 8-bit single-byte coded graphic character sets<br>Part 1: Latin alphabet No 1 | 1998 |
| EN 1867 | Machine readable cards — Health care application — Numbering system and registration procedure for issuer identifiers | 1997 |

3. **Forskriftir**

3.1. *Skilgreiningar*

Ef örgjörvi er á kortinu er hann staðsettur á framhliðinni. Ef segulrönd er á kortinu er hún á bakhliðinni. Ef hvorki er örgjörvi né segulrönd á kortinu eru upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í þessu skjali, á framhliðinni.

3.2. *Heildarskipulag*

Snið Evrópska sjúkratryggingakortsins er í samræmi við ID-1 sniðið (53,98 mm á hæð, 85,60 mm á breidd og 0,76 mm á þykkt). Ef Evrópska sjúkratryggingakortið er í formi límmiða sem er festur á bakhlið innlends korts gildir ID-1 viðmiðunin um þykkt ekki.

3.2.1. Evrópskt sjúkratryggingakort: framhlið kortsins

Bakgrunnurinn skiptist í tvennt um ás sem skiptir kortinu lóðrétt í hluta 1 vinstra megin (53 mm breiður) og hluta 2 hægra megin.

Eftirfarandi viðmiðunarlínur mynda fjóra reiti:

— þrjár lóðréttar viðmiðunarlínur

a) 5 mm frá vinstri brún kortsins,

b) 21,5 mm frá vinstri brún kortsins,

c) 1 mm frá hægri brún kortsins,


— þrjár láréttar viðmiðunarlínur

d) 2 mm frá efri brún kortsins,


e) 17 mm frá efri brún kortsins,

f) 5 mm frá neðri brún kortsins,

a) Kort án örflögu




b) Kort með örflögu




3.2.2. Evrópskt sjúkratryggingakort: bakhlið kortsins

Bakgrunnurinn skiptist um ás sem skiptir kortinu lárétt í tvo jafnstóra hluta. Hluti 1 er efri hlutinn og hluti 2 er neðri hlutinn.

Eftirfarandi viðmiðunarlínur mynda fimm reiti:

— samhverft:

g) 9 mm frá vinstri brún kortsins,

h) í miðju kortsins,

i) 9 mm frá hægri brún kortsins,

— lóðrétt:

j) 3 mm frá vinstri brún kortsins,


k) 3 mm frá hægri brún kortsins,

— lárétt:


l) í miðju kortsins,

m) 2 mm frá neðri brún kortsins,

c) Með segulrönd




d) Án segulrandar




3.3. *Bakgrunnur og myndeiningar*

3.3.1. Bakgrunnslitir

Litaskipan bakgrunnsins er sem hér segir ([1]):

— hluti 1 er dökkblár, blandaður með purpurarauðu ([2]),

— hluti 2 er gráblár ([3]) og dökknar lítillega frá miðju kortsins til hliðanna,

— upplýsingareiturinn samanstendur af hvítum röndum sem nota skal, hverja um sig, sem bakgrunn fyrir upplýsingalínu (sjá síðar).

Skygging er notuð á hluta 2 og á upplýsingareitnum til að reitirnir sýnist vera upphleyptir og virðist birtan koma frá ofanverðu vinstra horni kortsins.. Auða svæðið er annaðhvort í sama lit og hluti 2 (án skyggingar) eða upplýsingareiturinn.

([1]) Tæknilegar upplýsingar um litaskipanina eru fáanlegar samkvæmt beiðni á skrifstofu framkvæmdaráðsins. Þær eru látnar í té með viðeigandi sniði samkvæmt bestu starfsvenjum fagmanna í prentiðnaði (þ.e. sem Quark Xpress-skrá. Notuð er fjögurra lita CMYK-litaskipan og allar myndir eru með TIFF-sniði).
([2]) Tilvísun í CMYK-litaskipan fyrir þennan lit er C78 M65 Y21 K7.
([3]) Tilvísun í CMYK-litaskipan fyrir gráa litinn er C33 M21 Y13 K1 og fyrir bláa litinn C64 M46 Y16 K2.

3.3.2. ESB-merki

ESB-merkið samanstendur af Evrópustjörnunum í hvítum lit:

— ef það er á framhlið kortsins er það 15 mm að þverláli og staðsett neðan við viðmiðunarlínu „d“, lóðrétt, og á miðjum hluta 2 á bakgrunninum, lárétt,

— ef það er á bakhlið kortsins er það 10 mm að þverláli og staðsett samhverft á lóðrétta „i“-ásnum og fyrir miðju auða svæðinu.

Ef evrópska kortið er gefið út í löndum sem eru ekki aðilar að Evrópusambandinu er notað annað merki.

3.3.3. Upplýsingareitur

Upplýsingareiturinn samanstendur af 4 mm háum, hvítum gagnaröndum (fimm þegar hann er á framhliðinni og fjórar þegar hann er á bakhliðinni) með 2 mm millibili:

— þegar upplýsingareiturinn er á framhlið kortsins er hann staðsettur miðja vegu á milli lóðréttu viðmiðunarlínanna „b“ og „c“ og láréttu línanna „e“ og „f“,

— þegar upplýsingareiturinn er á bakhlið kortsins er hann staðsettur samhverft á lóðrétta „h“-ásnum og á milli lóðréttu viðmiðunarlínanna „j“ og „k“ og ofan við láréttu línuna „m“.

3.3.4. Autt svæði

Auða svæðið er staðsett á bakhlið evrópska kortsins og er til innlendra nota. Það má t.d. nota sem áritunarlínu eða fyrir texta, kennimerki eða aðrar merkingar. Það sem er á þessu svæði hefur ekkert lagalegt gildi heldur eingöngu upplýsingagildi.

Staðsetning þessa svæðis er sem hér segir:

— ef evrópska kortið er haft á framhlið korts er bakhlið þess auð og án allra forskrifta,

— ef evrópska kortið er haft á bakhlið annars korts er autt svæði aðgengilegt á bakhlið kortsins, án allra annarra forskrifta en stærð þess (10 mm hæð og 52 mm breidd). Það er staðsett samhverft á lóðrétta „h“-ásnum og á miðju svæðinu á milli segulrandarinnar og upplýsingareitsins. Útgefandi kortsins getur haft þar rönd fyrir áritun til sannvottunar eða texta,

— ef engin segulrönd er á kortinu er auða svæðið 20 mm að hæð í stað 10 mm.

3.4. Fyrir fram skilgreindir þættir upplýsinga

3.4.1. Heiti korts

| Heiti reits | Heiti korts |
|---|---|
| Lýsing | Almennt heiti kortsins samkvæmt ákvörðun framkvæmdaráðsins nr. 189 |
| Staðsetning | — Ef það er haft á framhlið, neðan við láréttu viðmiðunarlínuna „d“ og hægra megin við lóðréttu viðmiðunarlínuna „a“.<br>— Ef það er haft á bakhlið, samhverft á lóðrétta „h“-ásnum og á miðju svæðinu á milli segulrandarinnar og efri brúnar kortsins. |
| Gildi | Gildið „Evrópskt sjúkratryggingakort“ er ritað á opinberu tungumáli Evrópusambandsins |
| Snið | Leturgerðin er „Verdana true type“ eða sambærilegt, venjulegt letur með hástöfum, stærðin skal vera 7 punktar á framhlið korts en 6 punktar á bakhlið, í hvítum lit, breidd stafa skal vera 90 % af venjulegri stærð og staða og bil á milli stafa „venjulegt“ |
| Lengd | 40 stafir |
| Athugasemdir | Það er algerlega á ábyrgð aðildarríkis að farið sé rétt með heitið á tungumáli útgáfuríkisins |

3.4.2. Yfirskrift

| Heiti reits | Yfirskrift |
|---|---|
| Lýsing | Yfirskrift gefur til kynna innihald upplýsingareits |
| Staðsetning | Fyrir ofan hvern persónuupplýsingareit<br>Yfirskrift vinstra megin á kortinu er stillt að vinstri brún og yfirskrift hægra megin að hægri brún kortsins |
| Gildi | Gildi eru rituð á opinberu tungumáli Evrópusambandsins og eru eftirfarandi (enska lögð til grundvallar):<br>1. (Engin yfirskrift er fyrir kennimerki eyðublaðs)<br>2. (Engin yfirskrift er fyrir kenninúmer útgáfuaðildarríkis)<br>3. Kenninafn<br>4. Eiginnöfn<br>5. Fæðingardagur og –ár<br>6. Kennitala<br>7. Kennitala stofnunar<br>8. Númer korts<br>9. Gildir til |
| Snið | Leturgerðin er „Verdana true type“ eða sambærilegt, venjulegt letur með skáletri, stærðin skal vera 5 punktar, í hvítum lit, breidd stafa skal vera 90 %, af venjulegri stærð og staða og bil á milli stafa „venjulegt“.<br>Línubil skal vera 2 punktar auk stafastærðar |
| Lengd | Eftir þörfum fyrir hvert framangreint gildi |
| Athugasemdir | Hver yfirskrift er merkt ótvírætt með númeri til að kort séu samsvarandi á ólíkum tungumálum.<br>Það er algerlega á ábyrgð aðildarríkis að farið sé rétt með gildi yfirskriftar á tungumáli útgáfuríkisins |

3.4.3. Útgáfuríki

| Heiti reits | Kenninúmer útgáfuríkis |
|---|---|
| Lýsing | Kenninúmer útgáfuríkis kortsins |
| Staðsetning | Reitur 2: hvítur ferhyrningur, 4 mm á hæð og 4 mm á breidd, staðsettur í miðju ESB-merkisins |
| Gildi | Tveggja stafa ISO-landskóði (ISO 3166-1) |
| Snið | Leturgerðin er „Verdana true type“ eða sambærilegt, venjulegt letur með hástöfum, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90 % af venjulegri stærð og staða og bil á milli stafa „venjulegt“ |
| Lengd | 2 stafir |
| Athugasemdir | Staðlaður ISO-kóði fyrir Konungsríkið Bretland verður „UK“ í stað „GB“.<br>Aðeins einn kóði verður notaður fyrir hvert aðildarríki |

3.5. *Einstakir þættir persónuupplýsinga*


Einstakir þættir persónuupplýsinga hafa eftirfarandi sameiginlega eiginleika:

— þeir eru í samræmi við staðalinn EN 1387 að því er varðar stafamengið: latneska stafrófið nr. 1 (ISO 8859-1),

— ef nauðsynlegt er að skammstafa einstaka þætti, vegna takmarkaðs rýmis, verður að að gefa það til kynna með punkti.

Upplýsingar verða prentaðar með leysi- eða hitaprentun eða grafnar en ekki með upphleyptu letri.

Hver þáttur upplýsinganna verður settur í upplýsingareitinn samkvæmt eftirfarandi kerfi.




*Mynd 3: Dæmi um upplýsingareit á framhlið*




*Mynd 4: Dæmi um upplýsingareit á bakhlið*

3.5.1. Kennimerki eyðublaðs

| Heiti reits | Kennimerki eyðublaðs |
|---|---|
| Lýsing | Heiti eyðublaðsins sem kemur í stað korts |
| Staðsetning | Reitur 1:<br>— ef það er á framhlið; neðan við láréttu viðmiðunarlínuna „d“ og vinstra megin við lóðréttu viðmiðunarlínuna „c“,<br>— ef það er á bakhlið, staðsett samhverft á lóðrétta „g“-ásnum og fyrir miðju auða svæðinu.<br>Í báðum tilvikum er það staðsett í hvítum ferhyrningi sem er 4 mm á hæð og 10 mm á breidd. |
| Gildi | — „E-111“ veitir rétt til heilbrigðisaðstoðar án tafar<br>— „E-111 +“ veitir rétt til nauðsynlegrar heilbrigðisaðstoðar<br>— „E-111 B“ veitir rétt, sem takmarkast við sjúkrahússvist, í Belgíu |
| Snið | Leturgerðin er „Verdana true type“ eða sambærilegt, venjulegt letur með hástöfum, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90 % af venjulegri stærð og staða og bil á milli stafa „venjulegt“ |

| Heiti reits | Kennimerki eyðublaðs |
|---|---|
| Lengd | Sex stafir, annar stafurinn er bandstrik |
| Athugasemdir | Þegar jöfnun réttinda allra tryggðra einstaklinga hefur verið tryggð með viðeigandi breytingum á reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 verður þessi reitur aðeins notaður fyrir gildið „E-111 B“ |

3.5.2. Upplýsingar sem tengjast korthafa

Athugið að korthafi þarf ekki að vera hinn tryggði heldur getur hann verið greiðsluþegi þar eð kortið er persónukort.

| Heiti reits | Kenninafn korthafa |
|---|---|
| Lýsing | Kenninafn korthafa eins og það er notað í útgáfuaðildarríkinu |
| Staðsetning | Reitur 3: |
| Gildi | — |
| Snið | Leturgerðin er „Verdana true type“ eða sambærilegt, venjulegt letur með hástöfum, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90 % af venjulegri stærð og staða og bil á milli stafa „venjulegt“<br>Stillt að vinstri brún<br>Línubil skal vera 3 punktar auk stafastærðar |
| Lengd | Allt að 40 stafir |
| Athugasemdir | Í reit fyrir kenninafn mega vera titlar, styttingar á titlum eða aðrir nafnaukar |

| Heiti reits | Eiginnafn eða -nöfn eða millinafn eða -nöfn korthafa |
|---|---|
| Lýsing | Eiginnafn og millinafn (eða -nöfn) korthafa eins og þau eru notuð í útgáfuaðildarríkinu |
| Staðsetning | Reitur 4 |
| Gildi | — |
| Snið | Leturgerðin er „Verdana true type“ eða sambærilegt, venjulegt letur, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90 % af venjulegri stærð og staða og bil á milli stafa „venjulegt“<br>Staðsetning við vinstri brún<br>Línubil skal vera 3 punktar auk stafastærðar |
| Lengd | Allt að 35 stafir |
| Athugasemdir | Í nafnareit geta verið upphafsstafir, einn eða fleiri |

| Heiti reits | Fæðingardagur og -ár |
|---|---|
| Lýsing | Fæðingardagur og -ár korthafa eins og það er notað í útgáfuaðildarríkinu |
| Staðsetning | Reitur 5 |
| Gildi | DD/MM/ÁÁÁÁ, þar sem D er dagur, M er mánuður og Á er ár |
| Snið | Leturgerðin er „Verdana true type“ eða sambærilegt, venjulegt letur, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90 % af venjulegri stærð og staða og bil á milli stafa „venjulegt“.<br>Stillt að vinstri brún ef það er á framhlið kortsins en að hæri brún ef það er á bakhlið þess<br>Línubil skal vera 3 punktar auk stafastærðar |
| Lengd | 10 stafir, þ.m.t. skástrik á eftir hverri stafarunu |
| Athugasemdir | — |

| Heiti reits | Kennitala korthafa |
|---|---|
| Lýsing | Einstakir liðir kennitölunnar sem útgáfuaðildarríkið notar |
| Staðsetning | Reitur 6 |
| Gildi | Sjá gildandi kennitölu |
| Snið | Leturgerðin er „Verdana true type“ eða sambærilegt, venjulegt letur, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90 % af venjulegri stærð og staða og bil á milli stafa „venjulegt“<br>Stillt að hægri brún ef hún er á framhlið kortsins en að vinstri brún ef hún er á bakhlið þess<br>Línubil skal vera 3 punktar auk stafastærðar |
| Lengd | Allt að 20 stafir fyrir auðkenniskóða |
| Athugasemdir | Kennitala korthafa eða, þegar slík kennitala er ekki til, kennitala hins tryggða sem réttindi korthafa byggjast á<br>Ekki er hægt að hafa sérstakan reit á kortinu fyrir persónuleg atriði, s.s. kynferði eða stöðu innan fjölskyldu. Þau geta samt sem áður verið innifalin í kennitölunni |

3.5.3. Einstakir þættir upplýsinga sem varða þar til bæra stofnun

| Heiti reits | Heiti stofnunar |
|---|---|
| Lýsing | „Stofnun“ er þar til bær tryggingastofnun eða þar til bær stofnun í búsetulandinu eins og skilgreint er í 2. og 3. viðauka við. reglugerð (EBE) nr. 574/72. |
| Staðsetning | Reitur 7, hluti 1 |
| Gildi | Heiti stofnana eru skammstöfuð í stað þess að rita þau fullum stöfum |

| Heiti reits | Heiti stofnunar |
|---|---|
| Snið | Leturgerðin er „Verdana true type“ eða sambærilegt, venjulegt letur, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90 % af venjulegri stærð og staða og bil á milli stafa „venjulegt“<br>Reitur 7 er stilltur að hægri brún og hluti 1 er hægra megin við hluta 2<br>Línubil skal vera 3 punktar auk stafastærðar |
| Lengd | Allt að 15 stafir<br>Tvö stafbil og bandstrik aðskilja hluta 1 og hluta 2<br>Þennan hluta má lengja jafn mikið og hægt er að minnka hluta 2 |
| Athugasemdir | Skammstöfuninni er beitt sem aðferð til að leiða í ljós hugsanleg gagnaskráningarvandkvæði varðandi auðkenniskóða stofnunarinnar (reitur 7, hluti 2) og tryggja á þann hátt gæðaeftirlit með kennitölu stofnunarinnar<br>Hægt er að fá fullt heiti stofnunarinnar á grundvelli skammstöfunarinnar eða auðkenniskóðans, t.d. með beintengdum búnaði á Netinu<br>Engir punktar eru notaðir í skammstöfunum |

| Heiti reits | Kennitala stofnunar |
|---|---|
| Lýsing | Auðkenniskóði sem úthlutað er innanlands til „stofnunarinnar“, þ.e. til þar til bærrar tryggingastofnunar eða þar til bærrar stofnunar í búsetulandinu eins og skilgreint er í 2. og 3. viðauka við. reglugerð (EBE) nr. 574/72 |
| Staðsetning | Reitur 7, hluti 2 |
| Gildi | Sjá innlenda landsskrá yfir þar til bærar stofnanir |
| Snið | Leturgerðin er „Verdana true type“ eða sambærilegt, venjulegt letur, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90 % af venjulegri stærð og staða og bil á milli stafa „venjulegt“<br>Reitur 7 er stilltur að hægri brún og hluti 2 er vinstra megin við hluta 1<br>Línubil skal vera 3 punktar auk stafastærðar |
| Lengd | 4 til 10 stafir |
| Athugasemdir | Birta má viðbótarupplýsingar, uppfærðar og eldri, sem geta verið nauðsynlegar fyrir samskipti við stofnunina, á Netinu með hjálp búnaðar sem gegnir hlutverki þekkingarmiðstöðvar<br>Þar til bæra stofnunin getur verið önnur en samskiptastofnunin eða stofnunin sem annast endurgreiðslur yfir landamæri eða stofnunin sem annast tæknilegu hliðina á útgáfu Evrópska sjúkratryggingakortsins. Einnig má gera þessar upplýsingar aðgengilegar á Netinu með hjálp búnaðar sem gegnir hlutverki þekkingarmiðstöðvar |

3.5.4. Einstakir þættir upplýsinga sem tengjast kortinu

| Heiti reits | Sérnúmer korts |
|---|---|
| Lýsing | Sérnúmer, sem útgefandi úthlutar hverju korti, í þeim tilgangi að auðkenna það. Það samanstendur af tveimur hlutum, kenninúmeri útgefanda og raðnúmeri kortsins |
| Staðsetning | Reitur 8 |

| Heiti reits | Sérnúmer korts |
|---|---|
| Gildi | Fyrstu 10 stafirnir gefa til kynna útgefanda kortsins í samræmi við staðalinn EN 1867 frá 1997<br>Síðustu 10 stafirnir mynda einstakt raðnúmer |
| Snið | Leturgerðin er „Verdana true type“ eða sambærilegt, venjulegt letur, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90 % af venjulegri stærð og staða og bil á milli stafa „venjulegt“<br>Línubil skal vera 3 punktar auk stafastærðar |
| Lengd | 20 stafir (með núllum á undan eftir þörfum fyrir þá 10 stafi sem mynda einstakt raðnúmer kortsins) |
| Athugasemdir | Í þeim aðildarríkjum, sem gefa út evrópsk sjúkratryggingakort, sem eru ekki rafræn, má beita sérstakri skráningaraðferð við úthlutun kenninúmers til útgefanda í stað hinnar opinberu sem skilgreind er í staðlinum EN 1867<br>Hægt á að vera að bera saman, út frá sérnúmeri korts, upplýsingarnar á kortinu og upplýsingarnar sem útgáfustofnunin hefur um þetta sama númer, t.d. til að draga úr hættunni á svikum eða finna hugsanlegar villur í skráningu gagna þegar gögn á kortinu eru notuð í tengslum við endurgreiðslukröfur |

| Heiti reits | Gildir til |
|---|---|
| Lýsing | Síðasti dagur sem korthafi á rétt á heilbrigðisaðstoð meðan á tímabundinni dvöl hans stendur í aðildarríki, öðru en aðildarríkinu sem veitir sjúkratrygginguna |
| Staðsetning | Reitur 9 |
| Gildi | DD/MM/ÁÁÁÁ, þar sem D er dagur, M er mánuður og Á er ár |
| Snið | Leturgerðin er „Verdana true type“ eða sambærilegt, venjulegt letur, stærðin skal vera 7 punktar, í svörtum lit og breidd stafa skal vera 90 % af venjulegri stærð og staða og bil á milli stafa „venjulegt“<br>Stillt að hægri brún<br>Línubil skal vera 3 punktar auk stafastærðar |
| Lengd | 10 stafir, þ.m.t. skástrik milli stafaruna |
| Athugasemdir | Aðildarríki er heimilt að krefjast endurgreiðslu vegna kostnaðar við heilbrigðisaðstoð sem er veitt á gildistíma kortsins þótt réttindatímabilið kunni að vera annað en gildistími kortsins. |

3.6. *Öryggiskröfur*

Útgefandi kortsins ber fulla ábyrgð á öllum öryggisráðstöfunum þar eð hann hefur mestu möguleikana á að meta áhættu og gera viðeigandi gagnráðstafanir.

Þegar evrópska kortið er haft á bakhlið innlends korts ná allar öryggisráðstafanir, sem gilda um innlenda kortið, til þess. Þó er lagt til, sem viðbótaröryggisráðstöfun, að sumar upplýsingar séu á báðum hliðum kortsins.

Ef önnur atriði en þau sem eru tilgreind hér að framan eru talin til nauðsynlegra öryggisráðstafana (t.d.andlitsmynd af korthafa), verða þau sett á hina hlið kortsins.

*2. VIÐAUKI*

**FYRIRMYND AÐ BRÁÐABIRGÐAVOTTORÐI Í STAÐ EVRÓPSKA SJÚKRATRYGGINGAKORTSINS**

1. **Inngangur**

Evrópskt sjúkratryggingavottorð (hér á eftir kallað „vottorðið“) má einungis afhenda hinum tryggða samkvæmt beiðni og sem bráðabirgðavottorð í stað evrópska kortsins.

Vottorðið er með sama sniði í öllum aðildarríkjunum og á því eru, í sömu röð, sömu upplýsingar og á evrópska kortinu (reitir 1 til 9), auk upplýsinga sem votta uppruna og gildi vottorðsins (reitir a til d).

2. **Fyrirmynd að vottorðinu**

Sjá næstu bls.

**BRÁÐABIRGÐAVOTTORÐ Í STAÐ EVRÓPSKA SJÚKRATRYGGINGAKORTSINS**

*eins og skilgreint er í 2. viðauka við ákvörðun nr. 190 frá 18. júní 2003 um tækniforskriftir fyrir evrópska sjúkratryggingakortið*

*Tegund eyðublaðs*

1. E - □□□□

*Útgáfuaðildarríki*

2. □□

*Upplýsingar sem tengjast korthafa*

3. Kenninafn: □□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□

4. Eiginnafn: □□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□

5. Fæðingardagur og -ár: □□/□□/□□□□

6. Kennitala: □□□□□□□□□□□□□□□□□□□□

*Upplýsingar sem tengjast þar til bærri stofnun*

7. Kennitala stofnunar: □□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□

*Upplýsingar sem tengjast kortinu*

8. Númer korts: □□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□□

9. Gildir til: □□/□□/□□□□

*Gildistími vottorðs*

a) Frá: □□/□□/□□□□

b) Til: □□/□□/□□□□

*Afhendingardagur vottorðs*

c) □□/□□/□□□□

*Áritun og stimpill stofnunar*

d)

*Athugasemdir og upplýsingar*

*Allir staðlar, sem gilda um upplýsingar á evrópska kortinu sem lesa má með berum augum og tengjast lýsingu, gildi, lengd og athugasemdum við upplýsingareitina, gilda einnig um vottorðið.*

**ÁKVÖRÐUN nr. 191** **2007/EES/16/18**

**frá 18. júní 2003**

**um að evrópska sjúkratryggingakortið komi í stað eyðublaðanna E 111 og E 111 B (*)**

(2003/753/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ HEFUR,

með hliðsjón af ákvörðun framkvæmdaráðsins nr. 189 frá 18. júní 2003 sem miðar að því að taka upp evrópskt sjúkratryggingakort í stað eyðublaða sem eru nauðsynleg til beitingar reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72, að því er varðar aðgang að heilbrigðisaðstoð meðan á tímabundinni dvöl stendur í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki eða búseturíkinu ([1]),

með hliðsjón af ákvörðun framkvæmdaráðsins nr. 190 frá 18. júní 2003 um tækniforskriftir fyrir evrópska sjúkratryggingakortið ([2]),

með hliðsjón af ákvörðun framkvæmdaráðsins nr. 187 frá 27. júní 2002 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 111 og E 111 B) ([3]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í orðsendingu frá 17. febrúar 2003 um innleiðingu evrópska sjúkratryggingakortsins ([4]) setti framkvæmdastjórnin fram áætlun um að það leysi af hólmi, í þremur áföngum, þau eyðublöð sem nú er krafist til að geta fengið heilbrigðisaðstoð meðan á tímabundinni dvöl stendur í öðru aðildarríki en lögbæra ríkinu eða búseturíkinu. Í fyrsta áfanga (frá 1. júní 2004) felst að evrópska kortið komi einungis í stað eyðublaða E 111 og E 111 B sem algengast er að evrópskir ríkisborgarar, sem flytjast innan Bandalagsins, noti.

2) Til að forðast það að þurfa að afturkalla eyðublöð E 111 og E 111 B, sem gefin voru út áður en evrópska kortið tók gildi og eru ennþá gild, verður að tryggja að áfram verði tekið við eyðublöðunum á sama grundvelli og evrópska kortinu til 31. desember 2004.

3) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 ([5]) er, eins og sakir standa, kveðið á um að tryggðir einstaklingar hafi mismunandi rétt til aðgangs að heilbrigðisaðstoð á meðan dvalið er tímabundið í öðru aðildarríki en í hinu lögbæra aðildarríki eða búseturíki, sem fer eftir því hvaða hópi hinn tryggði tilheyrir, og greinarmunur er gerður á „heilbrigðisaðstoð sem er nauðsynleg án tafar“ og „nauðsynlegri heilbrigðisaðstoð“. Á meðan þessi aðgreining er til staðar verður að standa á kortum annaðhvort „E 111“ eða „E 111 +“.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 276, 17.10.2003, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2004, 9. júli 2004 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 20.

([1]) Stjtíð. ESB L 276, 27.10.2003, bls. 1 .

([2]) Stjtíð. ESB L 276, 27. 10. 2003, [...], bls. 4 .

([3]) Stjtíð. ESB L 93, 10.4.2003, bls. 40.

([4]) COM(2003) 73 lokaútg.

([5]) Stjtíð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2).

4) Vegna þess hversu fjölbreytilegar innlendar aðstæður eru að því er varðar sjúkratrygginga- og almannatryggingakort er nauðsynlegt að aðildarríki, sem hafa ekki sjúkratryggingakort sem stendur, geti óskað eftir aðlögunartímabili til að gera stofnunum sínum kleift að innleiða evrópska kortið við bestu mögulegu aðstæður. Slíkt tímabil, sem skyldar stofnanir hinna aðildarríkjanna til að halda áfram vinnslu pappírseyðublaða samhliða kortinu, má þó ekki lengra en nauðsyn krefur og skal því ljúka eigi síðar en 31. desember 2005.

5) Veita má nýjum aðildarríkjum aðlögunartíma með sama fyrirkomulagi. Þau verða að tilkynna framkvæmdaráðinu fyrir 1. júní 2004 að þau óski eftir slíku aðlögunartímabili.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Frá og með 1. júní 2004 skal evrópska sjúkratryggingakortið (hér á eftir nefnt „evrópska kortið“) leysa af hólmi eyðublöð E 111 og E 111 B, sem um getur í ákvörðun nr. 187 og veita rétt til endurgreiðslu kostnaðar vegna heilbrigðisaðstoðar meðan dvalið er tímabundið í öðru aðildarríki en lögbæra ríkinu eða búseturíkinu.

Eyðublöð E 111 og E 111 B, sem gefin eru út fyrir 31. maí 2004, gilda áfram til 31. desember 2004 í síðasta lagi nema að á þeim komi fram að gildistími þeirra sé styttri.

*2. gr.*

Á evrópska kortinu skal standa annaðhvort „E 111 +“, sem veitir handhafa rétt til nauðsynlegrar heilbrigðisaðstoðar meðan á tímabundinni dvöl stendur, eða „E 111“ sem veitir handhafa einungis rétt til heilbrigðisaðstoðar sem er nauðsynleg án tafar meðan á tímabundinni dvöl stendur.

*3. gr.*

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um hagnýtt og tæknilegt fyrirkomulag til að innleiða evrópska kortið frá 1. júní 2004.

Þetta fyrirkomulag getur t.d. falist í því að ný kort, sem þjóna einnig sem evrópsk kort, komi smám saman í stað gildandi innlendra sjúkratryggingakorta.

*4. gr.*

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdaráðinu fyrir 1. mars 2004 um áætlanir sínar varðandi innleiðingu evrópska kortsins.

*5. gr.*

Þrátt fyrir 1. gr. kann aðlögunartímabil, sem má þó ekki standa lengur en til 31. desember 2005, að gagnast aðildarríkjum þar sem stofnanir hafa ekki sjúkratryggingakort þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Aðildarríki, sem óska eftir aðlögunartímabili, skulu tilkynna framkvæmdaráðinu um það fyrir 1. desember 2003. Framkvæmdaráðið skal gera skrá yfir þau aðildarríki þar sem stofnanir mega halda áfram að gefa út pappírseyðublöðin E 111 og E 111 B og ákveða hvaða dag aðlögunartímabilinu, sem þau óska eftir, skuli ljúka.

Þar til aðlögunartímabilinu, sem aðildarríki þar til bærrar stofnunar eða stofnunar á búsetustað er veitt, lýkur skulu stofnanir hinna aðildarríkjanna viðurkenna og samþykkja eyðublöð E 111 og E 111 B með sömu skilyrðum og evrópska kortið og tilkynna það veitendum heilbrigðisþjónustu á yfirráðasvæði sínu.

*6. gr.*

Ákvörðun nr. 187 falli úr gildi frá og með 1. janúar 2006.

*7. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.* Hún tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir birtingu hennar.

*Fyrir hönd ráðsins,*

Theodora TSOTSOROU

*Formaður framkvæmdaráðsins.*

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2273/2003 2007/EES/16/19**

**frá 22. desember 2003**

**um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar undanþágur fyrir endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun ([1]), einkum 8. gr.,

að höfðu samráði við samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (CESR) ([2]) um tæknilega ráðgjöf,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í 8. gr. tilskipunar 2003/6/EB er kveðið á um að bannið, sem þar er mælt fyrir um, gildi ekki um viðskipti með eigin hlutabréf í „endurkaupaáætlunum“ eða verðjöfnun fjármálagerninga, ef slík viðskipti fara fram í samræmi við framkvæmdarráðstafanir sem hafa verið samþykktar í því skyni.

2) Viðskipti með eigin hlutabréf í „endurkaupaáætlunum“ og verðjöfnun fjármálagerninga, sem undanþágan frá banninu í tilskipun 2003/6/EB nær ekki til, eins og kveðið er á um í 8. gr. þeirrar tilskipunar, skulu ekki teljast markaðssvik í sjálfu sér.

3) Hins vegar ná undanþágur þessarar reglugerðar einungis til atferlis sem tengist beint tilganginum með endurkaupum og verðjöfnun. Atferli sem tengist ekki beint tilganginum með endurkaupum og verðjöfnun skal því flokkast undir aðrar aðgerðir sem falla undir tilskipun 2003/6/EB og er hægt að beita stjórnsýsluaðgerðum eða viðurlögum gegn því ef lögbært yfirvald kemst að þeirri niðurstöðu að viðkomandi aðgerð teljist markaðssvik.

4) Að því er varðar viðskipti með eigin hlutabréf í „endurkaupaáætlunum“ hafa reglurnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, ekki áhrif á beitingu tilskipunar ráðsins 77/91/EBE um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra ([3]).

5) Leyfileg „endurkaup“, sem falla undir undanþáguna frá banninu í tilskipun 2003/6/EB, fela í sér tilvik þar sem útgefendur þurfa að geta minnkað eigið hlutafé til þess að standa við skuldbindingar sínar í tengslum við skuldaskjöl, sem eru skiptanleg fyrir skírteini fyrir hlut í eign, og skuldbindingar sem leiða af úthlutun hlutafjár til handa starfsfólki.

6) Gagnsæi er forsenda þess að hægt sé að koma í veg fyrir markaðssvik. Í þessu skyni er aðildarríkjunum heimilt að tilgreina opinberlega á hvern hátt skuli birta opinberlega upplýsingar sem krafist er í þessari reglugerð að séu birtar opinberlega.

7) Útgefendur, sem hafa samþykkt „endurkaupaáætlanir“, skulu tilkynna það til lögbærs yfirvalds og opinberlega ef þörf krefur.

8) Viðskipti með eigin hlutabréf í „endurkaupaáætlunum“ geta farið fram með afleiddum fjármálagerningum.

9) Til þess að koma í veg fyrir markaðssvik skal daglegt umfang viðskipta með eigin hlutabréf í „endurkaupaáætlunum“ vera takmarkað. Þó er þörf á einhverjum sveigjanleika til þess að bregðast við markaðsaðstæðum, s.s. lítilli veltu.

10) Leggja skal sérstaka áherslu á sölu eigin hlutafjár á meðan á „endurkaupaáætlun“ stendur, á möguleg, lokuð tímabil hjá útgefendum þar sem viðskipti eru bönnuð og á það að útgefandi getur haft lögmætar ástæður til þess að fresta því að birta innherjaupplýsingar opinberlega.

11) Verðjöfnunarviðskipti hafa einkum þau áhrif að veita, í takmarkaðan tíma, stuðning við verð á verðbréfum sem boðin eru út ef þau eru undir söluþrýstingi, og létta þar með á þrýstingi frá skammtímafjárfestum og viðhalda skipulegum markaði fyrir viðkomandi verðbréf. Þetta er bæði fjárfestum í hag, sem skrá eða kaupa viðkomandi verðbréf í tengslum við sölu á verulegum eignarhlut, svo og útgefendum. Á þennan hátt getur verðjöfnun stuðlað að aukinni tiltrú fjárfesta og útgefenda á fjármálamörkuðum.

---

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2004, 9. júli 2004 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 22.

([1]) Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

([2]) Evrópsku verðbréfaeftirlitsnefndinni (CESR) var komið á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/527/EB (Stjtíð. EB 191,13.7.2001, bls. 43).

([3]) Stjtíð. EB L 26, 31.1.1977, bls. 1.

12) Verðjöfnun getur farið fram innan eða utan skipulegs markaðar og er hægt að framkvæma hana með fjármálagerningum, öðrum en þeim sem hafa verið eða verða teknir til skráningar á skipulegum markaði, sem getur haft áhrif á verð gerninganna sem hafa verið eða verða skráðir á skipulegum markaði.

13) Verðbréfin, sem um er að ræða, skulu ná til fjármálagerninga sem verða skiptanlegir að loknu upphafstímabili því að þau eru í aðalatriðum eins þótt réttur þeirra til arð- og vaxtagreiðslna sé mismunandi í upphafi.

14) Í tengslum við verðjöfnun skulu stórviðskipti ekki teljast til sölu á verulegum eignarhlut viðkomandi verðbréfa þar sem þar er um að ræða afmörkuð einkaviðskipti.

15) Þegar aðildarríkin leyfa viðskipti, í tengslum við almennt frumútboð, áður en viðskipti hefjast opinberlega á skipulegum markaði, nær leyfið til „viðskipta við útgáfu“.

16) Vegna heildarvirkni markaðarins er nauðsynlegt að útgefendur eða aðilar sem framkvæma verðjöfnun birti verðjöfnunaraðgerðirnar opinberlega á viðunandi hátt hvort sem þeir koma fram fyrir hönd útgefendanna eða ekki. Aðferðir, sem notaðar eru til að birta slíkar upplýsingar opinberlega á viðunandi hátt, skulu vera skilvirkar og geta tekið tillit til markaðsvenja sem lögbær yfirvöld samþykkja.

17) Viðunandi samræming skal hafa verið gerð milli allra fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana sem annast verðjöfnun. Við verðjöfnun skal beina spurningum til fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða lánastofnunar í tengslum við hverja eftirlitsaðgerð lögbærs yfirvalds í því aðildarríki sem um er að ræða.

18) Til þess að koma í veg fyrir rugling meðal markaðsaðila skal verðjöfnun fara fram að teknu tilliti til markaðsaðstæðna og útboðsverðs viðkomandi verðbréfa og skal stofna til viðskipta til þess að losa stöðu sem upp kemur vegna verðjöfnunar til þess að draga úr markaðsáhrifum að teknu tilhlýðilegu tilliti til ríkjandi markaðsaðstæðna.

19) Umframsöluheimildir og umframsölukaupréttur tengjast verðjöfnun verulega því að með þeim skapast fjármagn og baktrygging fyrir verðjöfnun.

20) Huga skal sérstaklega að því, ef fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða lánastofnun beitir umframsöluheimild til verðjöfnunar, hvort það leiði til stöðu sem umframsölukaupréttur nær ekki til.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

**SKILGREININGAR**

*1. gr.*

**Viðfangsefni**

Í þessari reglugerð eru sett fram skilyrðin sem endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga þurfa að uppfylla til þess að falla undir undanþáguna sem kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 2003/6/EB.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka, auk þeirra sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/6/EB, sem hér segir:

1. „fyrirtæki í verðbréfaþjónustu“: lögaðili eins og hann er skilgreindur í 2-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 93/22/EBE ([1]),

2. „lánastofnun“: lögaðili eins og hann er skilgreindur í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB ([2]),

3. „endurkaupaáætlanir“: viðskipti með eigin hlutabréf í samræmi við 19. og 24. gr. tilskipunar ráðsins 77/91/EBE,

4. „tímasett endurkaupaáætlun“: endurkaupaáætlun þar sem dagsetningar og magn verðbréfa, sem gerð verða viðskipti með á tímabili áætlunarinnar, er gefið upp þegar endurkaupaáætlunin er birt opinberlega,

5. „viðunandi, opinber birting“: birting í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 102. gr. og 103. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB ([3]),

6. „viðkomandi verðbréf“: framseljanleg verðbréf eins og skilgreint er í tilskipun 93/22/EBE sem tekin hafa verið til skráningar á skipulegum markaði eða sem lögð hefur verið fram beiðni um að skrá á slíkum markaði og eru háð sölu á verulegum eignarhlut,

([1]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27.
([2]) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1.

7. „verðjöfnun“: kaup eða kauptilboð fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða lánastofnunar á viðkomandi verðbréfum eða hvers konar viðskipti með tilheyrandi, jafngilda gerninga í tengslum við sölu á verulegum eignarhlut verðbréfanna sem um er að ræða, eingöngu til þess að styðja við markaðsverð slíkra verðbréfa í fyrir fram ákveðinn tíma, vegna söluþrýstings á slíkum verðbréfum,

8. „jafngildir gerningar“: eftirfarandi fjármálagerningar (þ.m.t. þeir sem ekki hafa verið teknir til skráningar á skipulegum markaði, eða sem ekki hefur verið lögð fram beiðni um að taka til skráningar á slíkan markað, að því tilskildu að viðkomandi lögbær yfirvöld hafi samþykkt kröfur um gagnsæi að því er varðar viðskipti með slíka fjármálagerninga):

   a) samningar eða réttur til að skrá sig fyrir, kaupa eða selja viðkomandi verðbréf,

   b) afleiddir fjármálagerningar varðandi viðkomandi verðbréf,

   c) verðbréf sem breytanlegum eða skiptanlegum skuldaskjölum er breytt í eða skipt út fyrir, þegar viðkomandi verðbréf eru breytanleg eða skiptanleg skuldaskjöl,

   d) skjöl sem útgefandi eða ábyrgðaraðili viðkomandi verðbréfa gefur út eða ábyrgist, þar sem líklegt er að markaðsverð þeirra hafi áhrif á verð viðkomandi verðbréfa eða öfugt,

   e) þegar viðkomandi verðbréf eru jafngild hlutabréfum, hlutabréfin sem eru í formi þessara verðbréfa (og öll önnur verðbréf sem eru jafngild slíkum hlutabréfum),

9. „sala á verulegum eignarhlut“: frumútboð eða útboð viðkomandi verðbréfa á eftirmarkaði sem er auglýst opinberlega og er aðgreint frá venjulegum viðskiptum, bæði með tilliti til virðis verðbréfanna, sem boðin eru út, og söluaðferðanna sem eru viðhafðar,

10. „útbjóðandi“: fyrrverandi handhafi eða aðili sem gefur út viðkomandi verðbréf,

11. „úthlutun“: ferlið sem unnið er eftir við ákvörðun á fjölda viðkomandi verðbréfa til handa fjárfestum sem hafa áður skráð sig fyrir þeim eða sótt um þau,

12. „stuðningur við verðjöfnun“: beiting umframsöluheimildar eða umframsölukaupréttar fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða lánastofnunar, í tengslum við sölu á verulegum eignarhlut viðkomandi verðbréfa, eingöngu til að auðvelda verðjöfnun,

13. „umframsöluheimildir“: eru ákvæði í sölutryggingarsamningi eða samningi við umsjónaraðila sem heimilar að samþykktar séu skráningar eða kauptilboð á fleiri viðkomandi verðbréfum en þeim sem boðin voru í upphafi,

14. „umframsölukaupréttur“: réttur sem útbjóðandi veitir fjárfestingarfyrirtækjum eða lánastofnunum, sem eiga hlut að útboðinu, í því skyni að ná til umframsölu heimilda en slíkum fyrirtækjum eða stofnunum er heimilt að kaupa, samkvæmt skilmálum hans, tiltekið magn af viðkomandi verðbréfum á útboðsverði í ákveðinn tíma eftir að viðkomandi verðbréf hafa verið boðin út.

II. KAFLI

**„ENDURKAUPAÁÆTLANIR“**

*3. gr.*

**Markmið endurkaupaáætlana**

Til þess að undanþágan, sem kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 2003/6/EB, nái til endurkaupaáætlunar verður hún að vera í samræmi við ákvæði 4., 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar og verður slík endurkaupaáætlun að vera gerð í þeim tilgangi einum að minnka hlutafé útgefandans (virði eða fjölda hlutabréfa) eða til þess að standa við skuldbindingar sem leiðir af eftirfarandi:

a) skuldaskjöl sem eru skiptanleg yfir í skírteini fyrir hlut í eign,

b) áætlanir um forkaupsrétt starfsmanna á hlutabréfum eða aðrar úthlutanir hlutabréfa til handa starfsmönnum útgefandans eða hlutdeildarfélags.

*4. gr.*

**Skilyrði varðandi „endurkaupaáætlanir“ og birtingu**

1. „Endurkaupaáætlunin“ verður að vera í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 77/91/EBE.

2. Áður en viðskipti hefjast skal birta almenningi á viðunandi hátt ítarlega lýsingu á áætluninni, sem samþykkt hefur verið í samræmi við 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 77/91/EBE, í þeim aðildarríkjum þar sem útgefandi hefur óskað eftir að fá hlutabréf sín skráð á skipulegum markaði.

Í þessari lýsingu skal koma fram markmið áætlunarinnar eins og um getur í 3. gr., hámarksendurgjald, hámarksfjöldi þeirra hlutabréfa, sem kaupa á, og tímabilið sem heimildin fyrir áætlunina gildir.

Breytingar á áætluninni, sem fylgja í kjölfarið, skulu vera með fyrirvara um viðunandi, opinbera birtingu í aðildarríkjunum.

3. Útgefandinn skal hafa kerfi sem tryggja að uppfylltar séu kvaðir um að tilkynna lögbæru yfirvaldi um viðskipti á skipulega markaðnum þar sem hlutabréfin hafa verið skráð. Með þessu kerfi skal skrá hverja færslu sem tengist „endurkaupaáætlunum“, þ.m.t. upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 93/22/EBE.

4. Útgefanda ber að birta opinberlega lýsingu á öllum færslum eins og getið er í 3. mgr. eigi síðar en við lok sjöundu daglegu markaðslotu eftir að slík viðskipti fara fram.

*5. gr.*

**Skilyrði varðandi viðskipti**

1. Að því er varðar verð er útgefanda ekki heimilt, þegar hann stundar viðskipti samkvæmt „endurkaupaáætlun“, að kaupa hlutabréf á hærra verði en sem nemur hæsta verði síðustu, óháðra viðskipta og hæsta, fyrirliggjandi, óháða boði á þeim stöðum þar sem kaupin fara fram.

Ef kaupin fara ekki fram á skipulegum markaði skal verð síðustu, óháðra viðskipta eða hæsta, fyrirliggjandi, óháða boðs, sem miðað er við, vera gengið á skipulegum markaði aðildarríkisins þar sem kaupin fara fram.

Ef kaup útgefanda á eigin hlutabréfum eru gerð með afleiddum fjármálagerningum, skal uppgjörsverð þessara afleiddu fjármálagerninga ekki vera hærra en verð síðustu, óháðra viðskipta og hæsta, fyrirliggjandi, óháða boðs.

2. Að því er varðar magn er útgefandanum ekki heimilt að kaupa á einum degi meira en sem nemur 25% af meðaltali daglegra viðskipta með hlutabréf á skipulegum markaði þar sem kaupin fara fram.

Meðaltal daglegra viðskipta skal byggjast á meðaltali daglegra viðskipta í mánuðinum á undan þeim mánuði þegar áætlunin er birt opinberlega og haldast það sama út það tímabil sem heimildin fyrir áætlunina gildir.

Ef ekki er vísað í magnið í áætlununum skal meðaltal daglegra viðskipta byggjast á meðaltali daglegra viðskipta síðustu 20 viðskiptadaga á undan kaupdegi.

3. Að því er varðar aðra málsgrein er útgefanda heimilt, þegar lausafjárstaða á viðkomandi markaði er mjög lág, að hækka 25% mörkin, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) útgefandi tilkynnir lögbæru yfirvaldi viðkomandi markaðar fyrir fram um áætlanir sínar um að víkja frá 25% mörkunum,

b) útgefandi birtir opinberlega á viðunandi hátt að hann kunni að víkja frá 25% mörkunum,

c) útgefandi fer ekki yfir 50% af meðaltali daglegra viðskipta.

*6. gr.*

**Takmarkanir**

1. Til þess að falla undir undanþáguna, sem kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 2003/6/EB, skal útgefandi ekki stunda eftirfarandi viðskipti á meðan hann tekur þátt í endurkaupaáætlun:

a) sölu eigin hlutbréfa á meðan á áætluninni stendur,

b) viðskipti á tímabili sem telst lokað tímabil samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem viðskiptin fara fram,

c) viðskipti þar sem útgefandi hefur ákveðið að fresta opinberri birtingu innherjaupplýsinga í samræmi við 2. mgr. 6. gr. í tilskipun 2003/6/EB.

2. Ákvæði a-liðar 1. mgr. gilda ekki ef útgefandi er fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða lánastofnun og hefur komið á skilvirkum upplýsingahindrunum (Kínamúrum), sem skulu vera undir eftirliti lögbærs yfirvalds, milli þeirra sem bera ábyrgð á meðhöndlun innherjaupplýsinga, sem tengjast útgefandanum beint eða óbeint, og þeirra sem bera ábyrgð á öllum ákvörðunum sem tengjast viðskiptum með eigin hlutabréf (þ.m.t. viðskipti með eigin hlutabréf fyrir hönd viðskiptavina), þegar viðskipti með eigin hlutabréf byggjast á slíkum ákvörðunum.

Ákvæði b- og c-liðar 1. mgr. gilda ekki ef útgefandi er fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða lánastofnun og hefur komið á skilvirkum upplýsingahindrunum (Kínamúrum), sem skulu vera undir eftirliti lögbærs yfirvalds, milli þeirra sem bera ábyrgð á meðhöndlun innherjaupplýsinga, sem tengjast útgefandanum beint eða óbeint (þ.m.t. viðskiptaákvarðanir samkvæmt „endurkaupaáætlunum“), og þeirra sem bera ábyrgð á viðskiptum með eigin hlutabréf fyrir hönd viðskiptavina, þegar viðskipti með eigin hlutabréf eru stunduð fyrir hönd þessara viðskiptavina.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

a) útgefandi hefur gert tímasetta „endurkaupaáætlun“, eða

b) fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða lánastofnun, sem tekur viðskiptaákvarðanir í tengslum við hlutafé útgefandans, óháð útgefandanum og án áhrifa frá honum að því er varðar tímasetningu kaupanna, hefur umsjón með „endurkaupaáætluninni“.

III. KAFLI

**VERÐJÖFNUN FJÁRMÁLAGERNINGA**

*7. gr.*

**Skilyrði varðandi verðjöfnun**

Til þess að falla undir undanþáguna, sem kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 2003/6/EB, skal verðjöfnun fjármálagerninga fara fram í samræmi við 8., 9. og 10. gr. þessarar reglugerðar.

*8. gr.*

**Tímatengd skilyrði varðandi verðjöfnun**

1. Verðjöfnun skal einungis fara fram í takmarkaðan tíma.

2. Að því er varðar hlutabréf og önnur verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum skal tímabilið, sem um getur í 1. mgr., þegar um er að ræða frumútboð sem er auglýst opinberlega, hefjast á þeim degi sem viðskipti með viðkomandi verðbréf hefjast á skipulegum markaði og ljúka eigi síðar en 30 almanaksdögum þar á eftir.

Þegar frumútboð, sem er auglýst opinberlega, fer fram í aðildarríki, sem leyfir viðskipti áður en viðskipti á skipulegum markaði hefjast, skal tímabilið, sem um getur í 1. mgr., hefjast á þeim degi sem endanlegt verð viðkomandi verðbréfa er birt opinberlega á viðunandi hátt og ljúka eigi síðar en 30 almanaksdögum þar á eftir, að því tilskildu að slík viðskipti fari fram í samræmi við reglur um skipulegan markað, séu þær til, þar sem viðkomandi verðbréf verða skráð, þ.m.t allar reglur um opinbera birtingu og skýrslugjöf um viðskiptin.

3. Að því er varðar hlutabréf og önnur verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum skal tímabilið, sem um getur í 1. mgr., þegar um er að ræða útboð á eftirmarkaði, hefjast á þeim degi sem endanlegt verð viðkomandi verðbréfa er birt opinberlega og ljúka eigi síðar en 30 almanaksdögum eftir dagsetningu úthlutunar áskrifta.

4. Að því er varðar skuldabréf og annars konar tryggð skuldaskjöl (sem ekki eru breytanleg eða skiptanleg í hlutabréf eða önnur verðbréf, jafngild hlutabréfum) skal tímabilið, sem um getur í 1. mgr., hefjast á þeim degi sem útboðsskilmálar viðkomandi verðbréfa eru birtir opinberlega (þ.m.t. frávik frá settu viðmiði, ef um það er að ræða) og ljúka annaðhvort eigi síðar en 30 almanaksdögum eftir þann dag sem útgefandi gerninganna fær í hendur greiðslu fyrir útgáfuna eða eigi síðar en 60 almanaksdögum eftir dagsetningu úthlutunar áskrifta að viðkomandi verðbréfum, hvort sem verður fyrr.

5. Að því er varðar tryggð skuldaskjöl sem eru breytanleg eða skiptanleg í hlutabréf eða önnur verðbréf, jafngild hlutabréfum, skal tímabilið, sem um getur í 1. mgr., hefjast á þeim degi sem skilmálar lokaútboðs viðkomandi verðbréfa eru birtir opinberlega og ljúka annaðhvort eigi síðar en 30 almanaksdögum eftir þann dag, sem útgefandi gerninganna fær í hendur greiðslu fyrir útgáfuna, eða eigi síðar en 60 almanaksdögum eftir dagsetningu úthlutunar áskrifta að viðkomandi verðbréfum, hvort sem verður fyrr.

*9. gr.*

**Skilyrði um birtingu og skýrslugjöf fyrir verðjöfnun**

1. Útgefendur, útbjóðendur eða aðilar, sem framkvæma verðjöfnun, hvort heldur er fyrir hönd fyrrnefndu aðilanna eða ekki, skulu birta eftirfarandi upplýsingar opinberlega á viðunandi hátt áður en útboðstímabil viðkomandi verðbréfa er opnað:

a) að verðjöfnun kunni að fara fram, að ekki sé öruggt að hún fari fram og að hún kunni að verða stöðvuð hvenær sem er,

b) að verðjöfnunarviðskipti séu ætluð til að styðja við markaðsverð viðkomandi verðbréfa,

c) hvenær tímabilið sem verðjöfnun kann að fara fram hefjist og hvenær því ljúki,

d) hver stjórni verðjöfnuninni, nema það sé ekki ljóst við birtingu og verður þá að birta það opinberlega áður en hafist er handa við verðjöfnun,

e) hvort umframsöluheimild eða umframsölukaupréttur liggi fyrir og hámarksumfang slíkra heimilda, tímabil hámarkskaupréttarins og öll skilyrði fyrir því að nýta sér umframsöluheimild eða umframsölukauprétt.

Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um útboð sem falla undir gildissvið ráðstafana til framkvæmdar tilskipunar 2004/.../EB (útboðslýsingartilskipun) frá og með þeim degi er þessar ráðstafanir taka gildi.

2. Útgefendur, útbjóðendur eða aðilar, sem taka að sér verðjöfnun skulu gefa lögbærum yfirvöldum viðkomandi markaðar, eigi síðar en við lok sjöundu, daglegu markaðslotu eftir að slík viðskipti fara fram, hvort heldur er fyrir hönd fyrrnefndu aðilanna eða ekki, allar upplýsingar um öll verðjöfnunarviðskipti, sbr. þó c-lið 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/6/EB.

3. Eigi síðar en einni viku eftir lok verðjöfnunartímabilsins skulu útgefendur, útbjóðendur eða aðilar, sem framkvæma verðjöfnun, hvort heldur er fyrir hönd fyrrnefndu aðilanna eða ekki, birta eftirfarandi upplýsingar opinberlega á viðunandi hátt:

a) hvort verðjöfnun hafi farið fram,

b) upphafsdag verðjöfnunar,

c) dagsetningu síðustu verðjöfnunar,

d) á hvaða verðbili verðjöfnun hafi verið fyrir hvern þann dag sem verðjöfnunarviðskipti fóru fram.

4. Útgefendur, útbjóðendur eða aðilar, sem taka að sér verðjöfnun, hvort heldur er fyrir hönd fyrrnefndu aðilanna eða ekki, skulu skrá öll verðjöfnunarfyrirmæli eða -viðskipti ásamt a.m.k. þeim upplýsingunum sem tilgreindar eru í 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 93/22/EBE sem skulu einnig ná til fjármálagerninga, annarra en þeirra sem hafa verið eða verða skráðir á skipulegum markaði.

5. Þegar nokkur fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða lánastofnanir taka að sér verðjöfnun, hvort heldur er fyrir hönd útgefenda eða útbjóðenda eða ekki, skal einn þessara aðila vera upplýsingafulltrúi sem lögbær yfirvöld skipulegs markaðar, þar sem viðkomandi verðbréf hafa verið skráð, geta snúið sér til.

*10. gr.*

**Sérstök verðlagsskilyrði**

1. Þegar um er að ræða útboð hlutabréfa eða annarra verðbréfa sem eru jafngild hlutabréfum má verðjöfnun viðkomandi verðbréfa aldrei fara yfir útboðsverðið.

2. Þegar um er að ræða útboð á tryggðum skuldaskjölum sem eru breytanleg eða skiptanleg fyrir gerninga eins og getið er í 1. mgr. skal verðjöfnun ekki við neinar aðstæður vera hærri en markaðsverð þessara gerninga þegar lokaskilmálar nýja útboðsins eru birtir.

*11. gr.*

**Skilyrði varðandi stuðning við verðjöfnun**

Til þess að falla undir undanþáguna, sem kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 2003/6/EB, skal stuðningur við verðjöfnun vera í samræmi við 9. gr. þessarar reglugerðar og eftirfarandi:

a) einungis er heimilt að leyfa umframsölu á viðkomandi verðbréfum á skráningartímabilinu og á útboðsverði,

b) staða sem upp kemur vegna umframsöluheimildar fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða lánastofnunar, sem umframsölukaupréttur nær ekki til, má ekki vera hærri en sem nemur 5% af upprunalegu útboði,

c) rétthafar umframsölukaupréttar geta einungis nýtt sér slíkan rétt þegar leyfð hefur verið umframsala á viðkomandi verðbréfum,

d) umframsölukaupréttur getur ekki verið hærri en sem nemur 15% af upprunalegu útboði,

e) tímabilið, sem nýta má umframsölukauprétt á, skal vera það sama og verðjöfnunartímabilið skv. 8. gr.,

f) tilkynna skal opinberlega um umframsölukauprétt tafarlaust, ásamt öllum viðeigandi upplýsingum, þ.m.t. hvenær hann verður nýttur og um fjölda viðkomandi verðbréfa og hvers eðlis þau eru.

IV. KAFLI

**LOKAÁKVÆÐI**

*12. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Frederik BOLKESTEIN

*framkvæmdastjóri.*

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/124/EB** **2007/EES/16/20**

**frá 22. desember 2003**

**um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar skilgreiningu og birtingu á innherjaupplýsingum og skilgreiningu á markaðsmisnotkun (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) ([1]), einkum annarri málsgrein 1. gr. og fyrsta, öðrum og þriðja undirlið 10. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við evrópsku verðbréfaeftirlitsnefndina (CESR) ([2]) um tæknilega ráðgjöf,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Upplýstir fjárfestar byggja fjárfestingarákvarðanir sínar á upplýsingum sem þeir hafa þá þegar aðgang að, þ.e.a.s. á aðgengilegum fyrirframupplýsingum. Þess vegna verður að meta á grundvelli aðgengilegra fyrirframupplýsinga hve miklar líkur eru á því að upplýstur fjárfestir taki tillit til tiltekinna upplýsinga þegar hann tekur fjárfestingarákvörðun. Við slíkt mat verður að taka tillit til væntanlegra áhrifa upplýsinganna með hliðsjón af heildarstarfsemi viðkomandi útgefanda, áreiðanleika upplýsinganna og öllum öðrum breytum sem kunna að hafa áhrif á tengdan fjármálagerning eða afleiddan fjármálagerning, sem honum tengist, við umræddar aðstæður.

2) Upplýsingar, sem veittar eru eftir á, má nota til að kanna hvort aðgengilegar fyrirframupplýsingar hafi haft verðmótandi áhrif en ekki skal nota þær til að grípa til aðgerða gegn aðila sem hefur dregið upplýstar ályktanir af fyrirframupplýsingum sem hann hafði aðgang að.

3) Tryggja ber markaðsaðilum aukið réttaröryggi með því að skilgreina nánar tvo grundvallarþætti í skilgreiningu á innherjaupplýsingum, nánar tiltekið hvaða sérstaka vitneskja felst í viðkomandi upplýsingum og þýðingu mögulegra áhrifa þeirra á verð fjármálagerninga eða afleiddra fjármálagerninga sem þeim tengjast.

4) Að því er varðar vernd fjárfesta er ekki aðeins nauðsynlegt að útgefendur birti innherjaupplýsingar í tæka tíð heldur skal einnig birta þær eins skjótt og með eins samstilltum hætti og unnt er öllum flokkum fjárfesta í öllum aðildarríkjum, þar sem útgefandi hefur sótt um eða samþykkt að fjármálagerningar hans verði teknir til skráningar á skipulegum markaði, í því skyni að tryggja jafnan aðgang fjárfesta í Bandalaginu að slíkum upplýsingum og koma í veg fyrir innherjasvik. Í þessu skyni er aðildarríkjunum heimilt að tilgreina opinberlega hvaða birtingaraðferð skuli nota.

5) Til að vernda lögmæta hagsmuni útgefenda skal við sérstakar og vel skilgreindar aðstæður vera leyfilegt að fresta því að birta innherjaupplýsingar opinberlega. Til að vernda fjárfesta eru upplýsingarnar í slíkum tilvikum þó trúnaðarmál til að koma í veg fyrir innherjasvik.

6) Bæði markaðsaðilar og lögbær yfirvöld skulu taka mið af vísbendingum þegar verið er að rannsaka hugsanlega misnotkun.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

HEFUR SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Innherjaupplýsingar**

1. Við beitingu 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/6/EB skal litið svo á að upplýsingar séu sérstök vitneskja ef þær gefa til kynna aðstæður sem eru fyrir hendi eða sem ætla má að verði fyrir hendi eða viðburð sem hefur átt sér stað eða sem ætla má að muni eiga sér stað og sem eru nógu nákvæmar til að unnt sé að draga ályktun um möguleg áhrif þeirra aðstæðna eða viðburðar á verð fjármálagerninga eða afleiddra fjármálagerninga sem þeim tengjast.

2. Við beitingu 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/6/EB er „vitneskja sem væri líkleg til að hafa veruleg áhrif á verð fjármálagerninga eða afleiddra fjármálagerninga sem þeim tengjast, yrði hún gerð opinber“ sú vitneskja sem líkur eru á að upplýstur fjárfestir noti sem hluta af þeim grunni sem hann byggir fjárfestingarákvarðanir sínar á.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 339, 24.12.2003, bls. 70. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2004, 9. júli 2004 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 22.

([1]) Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

([2]) Evrópsku verðbréfaeftirlitsnefndinni (CESR) var komið á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/527/EB (Stjtíð. EB L 191, 13.7.2001, bls. 43.

*2. gr.*

**Aðferðir við og frestur á því að birta innherjaupplýsingar opinberlega**

1. Við beitingu 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2003/6/EB gildir 1. mgr. 102. gr. svo og 103. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB ([1]).

Enn fremur skulu aðildarríki sjá til þess að útgefandinn birti innherjaupplýsingar opinberlega með þeim hætti að almenningur fái skjótan aðgang að upplýsingunum og geti lagt fullkomið og nákvæmt mat á þær í tæka tíð.

Að auki skulu aðildarríkin sjá til þess að útgefandinn blandi því ekki saman á misvísandi hátt að veita almenningi innherjaupplýsingar og að markaðssetja starfsemi sína.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að útgefendur teljist hafa farið að fyrstu undirgrein 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2003/6/EB ef útgefandinn hefur þegar í stað upplýst almenning um það þegar upp koma ákveðnar aðstæður eða viðburður sem þó hefur ekki verið staðfestur formlega.

3. Allar verulegar breytingar varðandi innherjaupplýsingar, sem þegar hafa verið birtar opinberlega, skulu tafarlaust birtar opinberlega eftir að breytingarnar hafa orðið og eftir sömu leiðum og notaðar voru til að birta upprunalegu upplýsingarnar opinberlega.

4. Aðildarríkin skulu fara fram á það við útgefendur að þeir tryggi að innherjaupplýsingar séu veittar almenningi með eins samstilltum hætti og unnt er öllum flokkum fjárfesta í öllum aðildarríkjum, þar sem þessir útgefendur hafa sótt um eða samþykkt að fjármálagerningar þeirra verði teknir til skráningar á skipulegum markaði.

*3. gr.*

**Lögmætir hagsmunir í því að fresta birtingu upplýsinga og meðhöndla upplýsingar sem trúnaðarmál**

1. Við beitingu 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2003/6/EB geta lögmætir hagsmunir einkum varðað eftirfarandi aðstæður, þótt upptalningin sé ekki tæmandi:

a) yfirstandandi samningaviðræður eða tilheyrandi aðstæður þar sem birting gæti haft áhrif á niðurstöðu eða eðlilegan gang viðræðnanna. Ef fjárhagsafkoma útgefanda er í alvarlegri og yfirvofandi hættu, án þess að það falli undir gildandi lög um gjaldþrot, er hægt að fresta birtingu upplýsinga í takmarkaðan tíma ef birtingin kynni að tefla hagsmunum hluthafa og hugsanlegra hluthafa í tvísýnu með því að draga úr líkum þess að unnt sé að leiða til lykta tilteknar samningaviðræður sem eiga að tryggja fjárhagslega endurreisn útgefandans til langs tíma,

b) ákvarðanir sem stjórnarnefnd útgefanda tekur eða samningar sem hún gerir og útheimta samþykki annarrar nefndar á vegum útgefandans til að öðlast gildi, ef skipulag útgefandans krefst þess að þessar nefndir séu aðskildar, að því tilskildu að birting upplýsinganna áður en slíkt samþykki er veitt, samtímis því að tilkynnt er að samþykkis sé enn beðið, kynni að tefla því í tvísýnu að almenningur geti lagt nákvæmt mat á upplýsingarnar.

2. Við beitingu 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2003/6/EB skulu aðildarríkin, til að tryggja að innherjaupplýsingar séu trúnaðarmál, fara fram á að útgefandi stýri aðgangi að slíkum upplýsingum, einkum:

a) að útgefandi geri skilvirkar ráðstafanir til að neita aðilum um aðgang að slíkum upplýsingum, nema þeir þurfi á þeim að halda til að geta gegnt skyldum sínum hjá útgefanda,

b) að útgefandi geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir aðilar, sem hafa aðgang að slíkum upplýsingum, viðurkenni þá laga- og eftirlitsskyldu sem því fylgir og geri sér grein fyrir þeim viðurlögum sem eru við misnotkun eða óviðurkvæmilegri miðlun slíkra upplýsinga,

c) að útgefandi geri ráðstafanir sem veita möguleika á tafarlausri birtingu í tilvikum þegar útgefandi er ekki fær um að tryggja að viðkomandi innherjaupplýsingar séu trúnaðarmál, sbr. þó aðra undirgrein 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 2003/6/EB.

*4. gr.*

**Misnotkun sem leiðir til rangra eða misvísandi vísbendinga eða tryggir óeðlilegt verð**

Við beitingu a-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/6/EB, með fyrirvara um dæmin sem sett eru fram í annarri undirgrein 2. mgr., skulu aðildarríkin sjá til þess að markaðsaðilar og lögbær yfirvöld, sem rannsaka viðskipti eða fyrirmæli um viðskipti, taki tillit til eftirfarandi vísbendinga, þótt upptalningin sé ekki tæmandi, sem í sjálfu sér teljast ekki endilega til markaðsmisnotkunar:

a) fyrirmæli um viðskipti, sem gefin hafa verið, eða viðskipti, sem hafa átt sér stað, eru stór hluti daglegs umfangs viðskipta með viðeigandi fjármálagerninga á viðkomandi skipulegum markaði, einkum þegar starfsemi þessi hefur í för með sér marktækar breytingar á verði fjármálagerninga,

b) fyrirmæli um viðskipti, sem gefin hafa verið, eða viðskipti, sem hafa átt sér stað, frá hendi aðila með góða kaup- eða sölustöðu í fjármálagerningi, hafa í för með sér marktækar breytingar á verði fjármálagernings eða afleidda gerningsins, sem því tengist, eða undirliggjandi eignar sem tekin hefur verið til skráningar á skipulegum markaði,

c) viðskipti, sem hafa átt sér stað, hafa ekki í för með sér neinar breytingar á raunverulegum eignarrétti í fjármálagerningi sem tekinn hefur verið til skráningar á skipulegum markaði,

([1]) Stjtíð. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1.

d) fyrirmæli um viðskipti, sem gefin hafa verið, eða viðskipti, sem hafa átt sér stað, fela í sér umskipti í stöðu á skömmum tíma og eru stór hluti daglegs umfangs viðskipta með viðeigandi fjármálagerninga á viðkomandi skipulegum markaði og geta tengst marktækum breytingum á verði fjármálagernings sem tekinn hefur verið til skráningar á skipulegum markaði,

e) fyrirmæli um viðskipti, sem gefin hafa verið, eða viðskipti, sem hafa átt sér stað, fara fram með stuttu millibili á degi viðskiptanna og hafa í för með sér verðbreytingar sem síðan ganga í öfuga átt,

f) fyrirmæli um viðskipti, sem gefin hafa verið, breyta upplýsingum um besta kaup- eða söluverð á fjármálagerningi, sem tekinn hefur verið til skráningar á skipulegum markaði, eða í víðara samhengi upplýsingum í pöntunarbókinni, sem markaðsaðilar hafa aðgang að, og eru dregin til baka áður en þau eru afgreidd,

g) fyrirmæli um viðskipti, sem gefin hafa verið, eða viðskipti, sem hafa átt sér stað á eða nálægt tilteknum tíma við útreikning á viðmiðunarverði, uppgjörsverði og virðismati, og hafa í för með sér verðbreytingar sem geta haft áhrif á slíkt verð og virðismat.

*5. gr.*

**Misnotkun þar sem gylliboðum eða öðru sem er misvísandi eða sviksamlegt er beitt**

Við beitingu b-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/6/EB, með fyrirvara um dæmin sem sett eru fram í annarri undirgrein 2. mgr., skulu aðildarríkin sjá til þess að markaðsaðilar og lögbær yfirvöld, sem rannsaka viðskipti eða fyrirmæli um viðskipti, taki tillit til eftirfarandi vísbendinga, þótt upptalningin sé ekki tæmandi, sem í sjálfu sér teljast ekki endilega til markaðsmisnotkunar:

a) áður en eða eftir að aðilar hafa gefið fyrirmæli um viðskipti eða átt í viðskiptum miðla þessir sömu aðilar eða aðilar sem standa í nánu sambandi við þá röngum eða misvísandi upplýsingum,

b) aðilar hafa gefið fyrirmæli um viðskipti eða átt í viðskiptum áður en eða eftir að þeir eða aðrir aðilar sem standa í nánu sambandi við þá setja saman eða miðla niðurstöðum kannana eða ráðleggingum um fjárfestingar sem eru rangar eða hlutdrægar eða augljóst er að hagsmunir hafa haft áhrif á.

*6. gr.*

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 12. október 2004. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þegar í stað þessi ákvæði og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*7. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

*8. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 22. desember 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Frederik BOLKESTEIN

*framkvæmdastjóri.*

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/125/EB** **2007/EES/16/21**

**frá 22. desember 2003**

**um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar óhlutdræga kynningu ráðlegginga um fjárfestingu og birtingu upplýsinga um hagsmunaárekstra (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) ([1]), einkum sjötta undirlið 10. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við evrópsku verðbréfaeftirlitsnefndina (CESR) ([2]) um tæknilega ráðgjöf,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Nauðsynlegt er að aðilar, sem taka saman eða miðla upplýsingum, sem fela í sér ráðleggingu eða tillögu um fjárfestingaráætlun, sem ætlunin er að fari um dreifileiðir eða ætlaðar eru almenningi, fari eftir samhæfðum stöðlum um óhlutdræga, skýra og nákvæma kynningu upplýsinga og birtingu upplýsinga um hagsmuni og hagsmunaárekstra. Sér í lagi útheimtir heildarvirkni markaðar að gerðar séu miklar kröfur um óhlutdrægni, ráðvendni og gagnsæi þegar settar eru fram upplýsingar sem fela í sér ráðleggingu eða tillögu um fjárfestingaráætlun.

2) Ráðleggingar eða tillögur um fjárfestingaráætlun eru annaðhvort settar fram með beinum hætti (á borð við ráðleggingar um að „kaupa“, „eiga“ eða „selja“) eða með óbeinum hætti (með því að vísa til gengis eða með öðrum hætti).

3) Ekki skal líta á fjárfestingarráðgjöf, sem felst í persónulegum ráðleggingum til viðskiptavinar varðandi viðskipti í einu eða fleiri tilvikum, tengdum fjármálagerningum (einkum óformlegum ráðleggingum um skammtímafjárfestingar sem sölu- eða viðskiptadeild fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða lánastofnunar gefur viðskiptavinum) og ekki er líklegt að verði aðgengilegar öllum, sem ráðleggingar í sjálfu sér í skilningi þessarar tilskipunar.

4) Geti ráðleggingar um fjárfestingar verið grundvöllur fjárfestingarákvarðana skal vanda mjög samantekt og miðlun þeirra til að þær verði ekki misvísandi gagnvart markaðsaðilum.

5) Gefa skal upp deili á einstaklingi sem tekur saman ráðleggingar um fjárfestingar, viðskiptareglur hans svo og deili á viðkomandi lögbæru yfirvaldi þar eð þessar upplýsingar gætu komið sér vel fyrir fjárfesta í tengslum við fjárfestingarákvarðanir.

6) Ráðleggingarnar skulu vera skýrar og nákvæmar.

7) Eigin hagsmunir eða hagsmunaárekstrar aðila, sem mæla með eða gera tillögu um fjárfestingaráætlun, kunna að hafa áhrif á það álit sem þeir gefa í ráðleggingum um fjárfestingar. Til að tryggja að unnt sé að meta hlutlægni og áreiðanleika upplýsinganna skal birta á viðeigandi hátt upplýsingar um verulega fjárhagslega hagsmuni í fjármálagerningum, sem upplýsingar eru veittar um í því skyni að mæla með fjárfestingaráætlunum, eða um hagsmunaárekstra eða yfirráðatengsl með tilliti til þess útgefanda sem upplýsingarnar eiga við um, beint eða óbeint. Með þessari tilskipun er þó ekki ætlast til þess að hlutaðeigandi aðilar, sem taka saman ráðleggingar um fjárfestingar, ryðji úr vegi skilvirkum upplýsingahindrunum sem eru reistar til að koma í veg fyrir og forðast hagsmunaárekstra.

8) Öðrum aðila en þeim sem tekur saman ráðleggingar um fjárfestingar er heimilt að miðla þeim óbreyttum, breyttum eða í samantekt. Meðferð þessara ráðlegginga af hálfu þeirra sem miðla upplýsingum getur haft mikilvæg áhrif á mat fjárfesta á þeim ráðleggingum. Einkum getur vitneskja um deili á einstaklingi sem miðlar ráðleggingum um fjárfestingar, viðskiptareglur hans eða um það hversu mikið upprunalegu ráðleggingunum hefur verið breytt komið sér vel fyrir fjárfesta í tengslum við fjárfestingarákvarðanir.

9) Birting á ráðleggingum um fjárfestingu á vefsetrum skal vera í samræmi við reglur um flutning persónuupplýsinga til þriðju landa, eins og mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([3]).

10) Matsfyrirtæki gefa álit á lánstrausti tiltekins útgefanda eða fjármálagernings á tilteknum degi. Slíkt álit er í sjálfu sér ekki ráðlegging í skilningi þessarar tilskipunar. Matsfyrirtæki skulu þó íhuga að taka upp innanhússstefnu og -aðferðir, sem eiga að tryggja að allt lánshæfismat, sem þau birta, sé sett fram af óhlutdrægni og að greint sé með viðeigandi hætti frá verulegum hagsmunum eða hagsmunaárekstrum viðvíkjandi fjármálagerningum eða útgefendum sem lánshæfismatið á við um.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 339, 24.12.2003, bls. 73. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2004, 9. júli 2004 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 22.

([1]) Stjtíð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

([2]) Evrópsku verðbréfaeftirlitsnefndinni (CESR) var komið á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/527/EB (Stjtíð. EB L 191,13.7.2001, bls. 43).

([3]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

11) Í þessari tilskipun er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum 11. gr., og í 10. gr. Evrópusáttmálans um mannréttindi. Þessi tilskipun kemur því engan veginn í veg fyrir að aðildarríkin beiti stjórnarskrárákvæðum sínum um prentfrelsi og tjáningarfrelsi í fjölmiðlum.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

**SKILGREININGAR**

*1. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka, sem hér segir, en auk þeirra gilda skilgreiningarnar í tilskipun 2003/6/EB í þessari tilskipun.

1. „fyrirtæki í verðbréfaþjónustu“: einstaklingur eða lögaðili eins og hann er skilgreindur í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 93/22/EBE ([1]),

2. „lánastofnun“: einstaklingur eða lögaðili eins og hann er skilgreindur í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB ([2]),

3. „ráðleggingar“: rannsóknarniðurstöður eða aðrar upplýsingar sem með beinum eða óbeinum hætti fela í sér ráðleggingar eða tillögu um fjárfestingaráætlun, sem ætlunin er að fari um dreifileiðir eða ætluð er almenningi, og sem á við um einn eða fleiri fjármálagerninga eða útgefendur fjármálagerninga, þ.m.t. álit á núverandi eða væntanlegu verðmæti eða verði slíkra gerninga,

4. „rannsóknarniðurstöður eða aðrar upplýsingar sem fela í sér ráðleggingar eða tillögu um fjárfestingaráætlun“:

   a) upplýsingar sem beint eða óbeint fela í sér tiltekna ráðleggingar um fjárfestingu varðandi fjármálagerning eða útgefanda fjármálagernings og sem óháður sérfræðingur, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, lánastofnun eða yfirleitt hver sá aðili, sem hefur það að aðalstarfi að taka saman ráðleggingar, eða einstaklingur, sem starfar hjá þessum aðilum samkvæmt ráðningarsamningi eða á annan hátt, leggur fram,

   b) upplýsingar sem aðrir en þeir aðilar, sem um getur í a-lið, setja fram sem fela í sér beina ráðleggingu um tiltekna fjárfestingarákvörðun að því er varðar fjármálagerning,

5. „hlutaðeigandi aðili“: einstaklingur eða lögaðili sem tekur saman eða miðlar ráðleggingum í starfi sínu eða viðskiptum,

6. „útgefandi“: útgefandi fjármálagernings sem ráðleggingar eiga við um með beinum eða óbeinum hætti,

7. „dreifileiðir“: leið til að miðla upplýsingum sem verða þar með eða líklegt er að verði aðgengilegar öllum. „Upplýsingar sem líklegt er að verði aðgengilegar öllum“: upplýsingar sem fjölmargir aðilar hafa aðgang að,

8. „viðeigandi eftirlit“: allt eftirlit, þ.m.t. sjálfseftirlit, sem er fyrir hendi í aðildarríkjunum eins og um getur í tilskipun 2003/6/EB.

II. KAFLI

**SAMANTEKT RÁÐLEGGINGA**

*2. gr.*

**Deili á einstaklingum sem taka saman ráðleggingar**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi eftirlit til að tryggja að í öllum ráðleggingum séu á skýran og áberandi hátt sögð deili á aðilanum sem ber ábyrgð á samantekt ráðlegginganna, einkum nafn og starfsheiti einstaklingsins, sem tók saman ráðleggingarnar, og nafn lögaðilans sem ber ábyrgð á samantekt þeirra.

2. Ef hlutaðeigandi aðili er fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða lánastofnun skulu aðildarríkin fara fram á að sögð séu deili á viðkomandi, lögbæru yfirvaldi.

Ef hlutaðeigandi aðili er hvorki fyrirtæki í verðbréfaþjónustu né lánastofnun, en heyrir undir sjálfseftirlitsstaðla eða siðareglur, skulu aðildarríkin sjá til þess að tilvísun til þessara staðla eða reglna sé birt.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi eftirlit til að tryggja að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr., séu aðlagaðar þannig að þær verði ekki óhóflegar þegar ráðleggingar eru ekki skriflegar. Þessi aðlögun getur falið í sér tilvísun til þess staðar þar sem almenningur hefur beinan og auðveldan aðgang að slíkum upplýsingum, s.s. viðeigandi vefseturs hlutaðeigandi aðila.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um blaðamenn sem hliðstætt, viðeigandi eftirlit gildir um í aðildarríkjunum, þ.m.t. hliðstætt viðeigandi sjálfseftirlit, að því tilskildu að slíkt eftirlit hafi lík áhrif og ákvæði 1. og 2. mgr.

*3. gr.*

**Almennur staðall um óhlutdræga kynningu ráðlegginga**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi eftirlit til að sjá um að allir hlutaðeigandi aðilar geri eðlilegar varúðarráðstafanir til að tryggja:

a) að gerður sé skýr greinarmunur á staðreyndum og túlkun, mati, áliti og öðrum upplýsingum sem ekki eru staðreyndir,

([1]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27.
([2]) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1.

b) að allar heimildir séu áreiðanlegar eða tekið sé skýrt fram ef vafi leikur á að heimild sé áreiðanleg,

c) að allir framreikningar, spár og gengi sé greinilega tilgreint sem slíkt og að efnislegar forsendur, sem gengið er út frá við gerð eða notkun þeirra, séu tilgreindar.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi eftirlit til að tryggja að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., séu aðlagaðar þannig að þær verði ekki óhóflegar þegar ráðleggingar eru ekki skriflegar.

3. Aðildarríkin skulu fara fram á að allir hlutaðeigandi aðilar geri eðlilegar varúðarráðstafanir til að tryggja að hægt sé að rökstyðja, að beiðni lögbærra yfirvalda, að allar ráðleggingar séu eðlilegar.

4. Ákvæði 1. og 3. mgr. eiga ekki við um blaðamenn sem hliðstætt viðeigandi eftirlit gildir um í aðildarríkjunum, þ.m.t. hliðstætt viðeigandi sjálfseftirlit, að því tilskildu að slíkt eftirlit hafi lík áhrif og ákvæði 1. og 3. mgr.

*4. gr.*

**Frekari skuldbindingar með tilliti til óhlutdrægrar kynningar ráðlegginga**

1. Auk þeirra skuldbindinga, sem mælt er fyrir um í 3. gr., þar sem hlutaðeigandi aðili er óháður sérfræðingur, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, lánastofnun, tengdur lögaðili eða annar hlutaðeigandi aðili sem hefur það að aðalstarfi að taka saman ráðleggingar eða einstaklingur sem starfar hjá þessum aðilum samkvæmt ráðningarsamningi eða á annan hátt, skulu aðildarríkin sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi eftirlit til að sjá um að sá aðili geri eðlilegar varúðarráðstafanir til að tryggja a.m.k.:

a) að allar efnislegar heimildir séu tilgreindar á viðeigandi hátt, þ.m.t. hlutaðeigandi útgefandi, ásamt því hvort ráðleggingarnar hafi verið lagðar fyrir útgefandann og hafi því næst verið breytt áður en þeim var miðlað,

b) að gefið sé fullnægjandi yfirlit yfir sérhvern matsgrundvöll eða sérhverja aðferð sem beitt er við mat á fjármálagerningi eða útgefanda fjármálagernings eða við ákvörðun á gengi fjámálagernings,

c) að gefin sé fullnægjandi skýring á merkingu allra ráðlegginga sem veittar eru, s.s. að kaupa, eiga eða selja, sem kann að fela í sér sjónarmið um tímaramma þeirrar fjárfestingar sem ráðleggingarnar eiga við um, og að veitt sé fullnægjandi áhættuviðvörun, þ.m.t. næmisgreining viðkomandi forsendna,

d) að þess sé getið hversu oft fyrirhugað sé að uppfæra ráðleggingarnar, ef um slíkt er að ræða, og um helstu breytingar á áður auglýstri tíðniáætlun,

e) að dagurinn, þegar ráðleggingunum var fyrst miðlað, sé tilgreindur á skýran og áberandi hátt og að verð fjármálagerninga sé tilgreint ásamt viðkomandi degi og tíma,

f) að ef ráðleggingar eru frábrugðnar fyrri ráðleggingum um sama fjármálagerning eða útgefanda, sem voru gefnar út á síðustu tólf mánuðum áður en ráðleggingum er miðlað, þá sé breytingin tilgreind á skýran og áberandi hátt ásamt dagsetningu fyrri ráðlegginga.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ef kröfurnar, sem mælt er fyrir um í a-, b- eða c-lið 1. mgr., eru ekki í hæfilegu hlutfalli við lengd viðkomandi ráðleggingar sé nægilegt að vísað sé í ráðleggingunni á greinilegan og áberandi hátt til þess staðar þar sem almenningur hefur beinan og auðveldan aðgang að slíkum upplýsingum, svo sem viðeigandi vefseturs hlutaðeigandi aðila, að því tilskildu að aðferð eða matsgrundvelli, sem beitt er, hafi ekki verið breytt.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi eftirlit til að tryggja að kröfurnar í 1. mgr. séu aðlagaðar þannig að þær verði ekki óhóflegar þegar ráðleggingar eru ekki skriflegar.

*5. gr.*

**Almennur staðall um birtingu upplýsinga um hagsmuni og hagsmunaárekstra**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi eftirlit til að tryggja að hlutaðeigandi aðilar tilgreini öll tengsl og aðstæður sem ætla má að hafi áhrif á ráðleggingarnar, einkum ef þeir eiga mikilla hagsmuna að gæta í einum eða fleiri fjármálagerningum sem ráðleggingarnar fjalla um eða um er að ræða umtalsverða hagsmunaárekstra við útgefanda sem ráðleggingarnar fjalla um.

Ef hlutaðeigandi aðili er lögaðili gildir þessi krafa einnig um lögaðila eða einstakling sem starfar hjá honum samkvæmt samningi eða á annan hátt og tók þátt í að taka saman ráðleggingarnar.

2. Ef hlutaðeigandi aðili er lögaðili skulu upplýsingar, sem eru veittar í samræmi við 1. mgr., a.m.k. ná yfir eftirfarandi:

a) hagsmuni eða hagsmunaárekstra hlutaðeigandi aðila eða tengdra lögaðila, sem aðilar sem taka þátt í að taka saman ráðleggingarnar, hafa aðgang að eða sem ætla má að þeir hafi aðgang að,

b) hagsmuni eða hagsmunaárekstra hlutaðeigandi aðila eða tengdra lögaðila, sem þeir aðilar þekkja sem höfðu eða ætla má að hefðu aðgang að ráðleggingum áður en henni var miðlað til viðskiptavina eða til almennings, enda þótt þeir tækju ekki þátt í að taka saman ráðleggingar.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi eftirlit til að sjá um að þær upplýsingar, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr., séu í ráðleggingunum sjálfum. Ef birting þessara upplýsinga er ekki í hæfilegu hlutfalli við lengd ráðlegginga sem miðlað er skal nægja að vísa í ráðleggingunum á greinilegan og áberandi hátt til þess staðar þar sem almenningur hefur beinan og auðveldan aðgang að slíkum upplýsingum, s.s. viðeigandi vefseturs hlutaðeigandi aðila.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi eftirlit til að tryggja að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., séu aðlagaðar þannig að þær verði ekki óhóflegar þegar ráðleggingar eru ekki skriflegar.

5. Ákvæði 1. til 3. mgr. eiga ekki við um blaðamenn sem hliðstætt, viðeigandi eftirlit gildir um í aðildarríkjunum, þ.m.t. hliðstætt viðeigandi sjálfseftirlit, að því tilskildu að slíkt eftirlit hafi lík áhrif og ákvæði 1. og 3. mgr.

*6. gr.*

**Frekari skuldbindingar með tilliti til birtingar upplýsinga um hagsmuni og hagsmunaárekstra**

1. Auk þeirra skuldbindinga, sem mælt er fyrir um í 5. gr., skulu aðildarríkin fara fram á að allar ráðleggingar, sem eru teknar saman hjá óháðum sérfræðingi, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, lánastofnun, tengdum lögaðila eða öðrum hlutaðeigandi aðila sem hefur það að aðalstarfi að taka saman ráðleggingar, innihaldi á greinilegan og áberandi hátt eftirfarandi upplýsingar um hagsmuni þeirra og hagsmunaárekstra:

a) mikil hlutafjáreign sem hlutaðeigandi aðili eða tengdur lögaðili annars vegar og útgefandi hins vegar eru saman um. Mikil hlutafjáreign nær a.m.k. yfir eftirfarandi:

   — hlutaðeigandi aðili eða tengdur lögaðili á meira en 5% af öllu hlutafé í útgefanda samkvæmt útgefnum hlutabréfum, eða

   — útgefandi á meira en 5% af öllu hlutafé í hlutaðeigandi aðila eða tengdum lögaðila samkvæmt útgefnum hlutabréfum. Aðildarríkin geta ákveðið lægri viðmiðunarmörk en þau 5% sem kveðið er á um í þessum tveimur dæmum,

b) aðrir umtalsverðir, fjárhagslegir hagsmunir hlutaðeigandi aðila eða tengds lögaðila í tengslum við útgefanda,

c) yfirlýsing, eftir atvikum, um að hlutaðeigandi aðili eða tengdur lögaðili sé viðskiptavaki eða útvegi lausafé í tengslum við fjármálagerning útgefanda,

d) yfirlýsing, eftir atvikum, um að hlutaðeigandi aðili eða tengdur lögaðili hafi stýrt eða átt þátt í að stýra opinberu tilboði varðandi fjármálagerning útgefanda á undanförnum tólf mánuðum,

e) yfirlýsing, eftir atvikum, um að hlutaðeigandi aðili eða tengdur lögaðili sé aðili að öðrum samningi við útgefanda í tengslum við veitingu fjárfestingarbankaþjónustu, að því tilskildu að þetta leiði ekki til afhjúpunar trúnaðarmála í viðskiptaupplýsingum og að samningurinn hafi verið í gildi undanfarna tólf mánuði eða hafi á því tímabili getið af sér bótagreiðslu eða loforð um bætur,

f) yfirlýsing, eftir atvikum, um að hlutaðeigandi aðili eða tengdur lögaðili sé aðili að samningi við útgefanda í tengslum við samantekt ráðlegginganna.

2. Aðildarríkin skulu fara fram á að almennar upplýsingar séu veittar um það skipulags- og stjórnsýslufyrirkomulag, þ.m.t. upplýsingahindranir, sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða lánastofnun hefur tekið upp til að koma í veg fyrir og varast hagsmunaárekstra sem varða ráðleggingar.

3. Með tilliti til einstaklinga eða lögaðila sem starfa hjá fjárfestingarfyrirtækjum eða lánastofnunum samkvæmt ráðningarsamningi eða á annan hátt, og sem tóku þátt í samantekt ráðleggingar, skulu aðildarríkin fara fram á að krafan samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 5. gr. nái sérstaklega yfir upplýsingar um það að hve miklu leyti þóknun til slíkra aðila er bundin viðskiptum sem teljast til fjárfestingarbankaþjónustu sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, lánastofnun eða tengdur lögaðili veitir.

Ef þessir einstaklingar fá afhent eða kaupa hlutabréf útgefenda áður en þau standa almenningi til boða skal enn fremur tilgreina kaupverð þeirra og daginn sem þau voru keypt.

4. Aðildarríkin skulu fara fram á að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og lánastofnanir tilgreini ársfjórðungslega hve stór hluti allra ráðlegginga felur í sér „kaupa“, „eiga“, „selja“ eða samsvarandi hugtök og hve stór hluti útgefenda, sem samsvara hverjum þessara flokka, hefur fengið umtalsverða þjónustu hjá fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða lánastofnun á undanförnum tólf mánuðum.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að í viðkomandi ráðleggingum séu þær upplýsingar sem krafist er skv. 1. til 4. mgr. Ef krafan skv. 1. til 4. mgr. er ekki í hæfilegu hlutfalli við lengd ráðlegginga sem miðlað er skal nægja að vísa í ráðleggingunni sjálfri á greinilegan og áberandi hátt til þess staðar þar sem almenningur hefur beinan og auðveldan aðgang að slíkum upplýsingum, s.s. viðeigandi vefseturs hlutaðeigandi aðila.

6. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi eftirlit til að tryggja að kröfurnar í 1. mgr. séu aðlagaðar þannig að þær verði ekki óhóflegar þegar ráðleggingar eru ekki skriflegar.

III. KAFLI

**MIÐLUN RÁÐLEGGINGA SEM ÞRIÐJU AÐILAR HAFA TEKIÐ SAMAN**

*7. gr.*

**Deili á einstaklingum sem miðla ráðleggingum**

Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi eftirlit til að tryggja að þegar hlutaðeigandi aðili miðlar á eigin ábyrgð ráðleggingum sem þriðji aðili hefur tekið saman séu á greinilegan og áberandi hátt sögð deili á þeim hlutaðeigandi aðila í ráðleggingunum.

*8. gr.*

**Almennur staðall um miðlun ráðlegginga**

Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi eftirlit til að tryggja að þegar ráðleggingum, sem þriðji aðili hefur tekið saman, er breytt verulega við miðlun upplýsinga sé breytingin tilgreind greinilega í smáatriðum í upplýsingunum. Þegar veruleg breyting á ráðleggingum felur í sér stefnubreytingu (t.d. að breyta ráðleggingum um að „kaupa“ í ráðleggingum um að „eiga“ eða „selja“ eða öfugt) skulu aðildarríkin sjá til þess að sá sem miðlar ráðleggingum fari að kröfunum, sem mælt er fyrir um í 2. til 5. gr., um þá sem taka saman ráðleggingar, að því marki sem nemur þessari verulegu breytingu.

Að auki skulu aðildarríkin sjá til þess að fyrir hendi sé viðeigandi eftirlit til að tryggja að hlutaðeigandi lögaðilar sem sjálfir eða fyrir tilstilli einstaklinga miðla ráðleggingum, sem hefur verið breytt verulega, hafi formlega, skriflega stefnu, þannig að hægt sé að benda þeim sem taka við upplýsingunum á þann stað þar sem þeir geta fengið vitneskju um deili á þeim sem tók saman ráðleggingarnar, aðgang að ráðleggingunum sjálfum og að upplýsingum um hagsmuni eða hagsmunaárekstra þess sem hefur tekið ráðleggingarnar saman, að því tilskildu að þessi atriði séu öllum aðgengileg.

Fyrsta og önnur málsgrein eiga ekki við um fréttaflutning af ráðleggingum sem þriðji aðili hefur tekið saman hafi ráðleggingunum ekki verið breytt verulega.

Við miðlun á samantekt ráðlegginga, sem þriðji aðili hefur tekið saman, skulu hlutaðeigandi aðilar, sem miðla samantektinni, sjá til þess að hún sé skýr og ekki misvísandi, að tilgreind séu frumgögn og sá staður þar sem allir geta fengið beinan og auðveldan aðgang að frumgögnunum, að því tilskildu að þau séu öllum aðgengileg.

*9. gr.*

**Frekari skuldbindingar fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana**

Til viðbótar þeim skuldbindingum sem mælt er fyrir um í 7. og 8. gr. skulu aðildarríkin fara fram á eftirfarandi ef hlutaðeigandi aðili er fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, lánastofnun eða einstaklingur sem starfar hjá þessum aðilum samkvæmt ráðningarsamningi eða á annan hátt og miðlar ráðleggingum sem þriðji aðili hefur tekið saman:

a) heiti lögbærs yfirvalds fyrirtækis í verðbréfaþjónustu eða lánastofnunar skal tilgreint á skýran og áberandi hátt,

b) ef sá sem tók saman viðkomandi ráðleggingar hefur ekki þegar miðlað henni um dreifileið skulu aðilar, sem miðla ráðleggingum, fara að kröfum 6. gr. um þá aðila sem taka saman ráðleggingar,

c) ef fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða lánastofnun hefur breytt ráðleggingum að verulegu leyti skal fara að þeim kröfum sem mælt er fyrir um í 2. til 6. gr.

IV. KAFLI

**LOKAÁKVÆÐI.**

*10. gr.*

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 12. október 2004. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þegar í stað þessi ákvæði og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*11. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*12. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. desember 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Frederik BOLKESTEIN

*framkvæmdastjóri.*

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/87/EB** **2007/EES/16/22**

**frá 16. desember 2002**

**um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB (*)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í gildandi lögum Bandalagsins er kveðið á um heildarreglur um varfærniseftirlit með einstökum lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum [ↄ: fjárfestingarfyrirtækjum], hverju fyrir sig, og með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af samstæðu bankaeða verðbréfafyrirtækja annars vegar og samstæðu vátryggingafélaga hins vegar, þ.e. samstæðum með einsleita fjármálastarfsemi.

2) Þróun á fjármálamörkuðum nýverið hefur haft það í för með sér að stofnaðar hafa verið fjármálasamstæður sem bjóða fram þjónustu og vörur á ólíkum sviðum fjármálamarkaðar og nefnast fjármálasamsteypur. Fram að þessu hefur vantað allt varfærniseftirlit með samstæðum lánastofnana, vátryggingafélaga og verðbréfafyrirtækja sem eru hluti af slíkum samsteypum, einkum að því er varðar gjaldþol og áhættusamþjöppun á vettvangi samsteypunnar, viðskipti innan samstæðunnar, aðferðir við innri áhættustjórnun á vettvangi samsteypunnar og eðlilega og viðeigandi stjórnun. Sumar af þessum samsteypum eru meðal stærstu fjármálasamstæðna sem starfa á fjármálamörkuðum og veita þjónustu um allan heim. Ef slíkar samsteypur, einkum lánastofnanir, vátryggingafélög og verðbréfafyrirtæki, sem eru hluti af slíkri samsteypu, lentu í fjárhagserfiðleikum gæti það veikt mjög stöðu fjármálakerfisins og haft áhrif á einstaka sparifjáreigendur, vátryggingataka og fjárfesta.

3) Í aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar um fjármálaþjónustu er gerð grein fyrir röð aðgerða sem eru nauðsynlegar til að gera einn óskiptan markað fyrir fjármálaþjónustu að veruleika og þar er tilkynnt um að verið sé að þróa viðbótarlög um varfærniseftirlit með fjármálasamsteypum, sem eiga að fylla upp í eyður í núverandi löggjöf um sérsvið og taka til annarrar viðbótaráhættu til að tryggja traust eftirlitsfyrirkomulag með tilliti til. fjármálasamstæðna sem stunda fjármálastarfsemi þvert á sérsvið. Svo metnaðarfullu markmiði verður einungis náð í áföngum. Einn þeirra áfanga er að taka upp viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu.

4) Aðrar alþjóðlegar stofnanir hafa einnig ákvarðað þörfina á því að þróa viðeigandi eftirlitsfyrirkomulag fyrir fjármálasamsteypur.

5) Til að viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum, sem eru hluti af fjármálasamsteypu, geti verið skilvirkt þarf að beita því gagnvart öllum slíkum samsteypum sem stunda fjármálastarfsemi þvert á sérsvið í verulegum mæli, sem er reyndin þegar tilteknar viðmiðanir hafa náðst hver svo sem uppbygging þeirra er. Rétt er að viðbótareftirlit nái yfir alla fjármálastarfsemi sem er

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2004, 9. júli 2004 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 24.

([1]) Stjtíð. EB C 213 E, 31.7.2001, bls. 227.

([2]) Stjtíð. EB C 36, 8.2.2002, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB C 271, 26.9.2001, bls. 10.

([4]) Álit Evrópuþingsins frá 14. mars 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 12. september 2002 (Stjtíð. EB C 253 E, 22.10.2002, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 20. nóvember 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

tilgreind í löggjöf um sérsvið fjármála og skulu allir aðilar, sem sinna aðallega slíkri starfsemi, falla undir viðbótareftirlitið, þ.m.t. eignastýringarfélög.

6) Ákvarðanir um að undanskilja tiltekinn aðila viðbótareftirliti skulu teknar með það í huga m.a. hvort slíkur aðili falli undir eftirlit á samstæðugrundvelli samkvæmt reglum um sérsvið.

7) Lögbær yfirvöld skulu eiga möguleika á því að meta, á samstæðugrundvelli, fjárhagsstöðu lánastofnana, vátryggingafélaga og verðbréfafyrirtækja sem eru hluti af fjármálasamsteypu, einkum að því er varðar gjaldþol (þ.m.t. að útiloka margnotkun gerninga sem eru ígildi eigin fjár), áhættusamþjöppun og viðskipti innan samstæðu.

8) Fjármálasamsteypum er oft stjórnað á grundvelli starfsemi sem svarar ekki að öllu leyti til rekstrarforms samsteypunnar að lögum. Rýmka ber kröfur um stjórnun svo að tekið sé tillit til þessarar þróunar, einkum að því er varðar stjórn blandaðra eignarhaldsfélaga á fjármálasviði.

9) Allar fjármálasamsteypur, sem falla undir viðbótareftirlit, skulu hafa samræmingaraðila sem eitthvert af viðkomandi, lögbærum yfirvöldum tilnefnir.

10) Verkefni samræmingaraðilans skulu ekki hafa áhrif á verkefni og ábyrgð lögbærra yfirvalda samkvæmt reglunum um sérsvið.

11) Viðkomandi lögbær yfirvöld, og einkum samræmingaraðilinn, verða að hafa úrræði til að afla sér nauðsynlegra upplýsinga frá aðilum innan fjármálasamsteypu eða frá öðrum lögbærum yfirvöldum til þess að geta gegnt viðbótareftirlitshlutverki sínu.

12) Knýjandi þörf er fyrir aukið samstarf milli yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum, þ.m.t. að þróa sérstakt fyrirkomulag um samvinnu milli yfirvalda sem koma að eftirliti með aðilum sem tilheyra sömu fjármálasamsteypu.

13) Lánastofnanir, vátryggingafélög og verðbréfafyrirtæki, sem hafa aðalskrifstofu í Bandalaginu, geta verið hluti af fjármálasamsteypu þar sem aðilinn, sem fer fyrir samsteypunni, er utan Bandalagsins. Þessir eftirlitsskyldu aðilar skulu einnig sæta jafngildu og viðeigandi viðbótareftirliti þar sem markmið og niðurstöður nást, sem eru svipuð þeim sem eru sett með ákvæðum þessarar tilskipunar. Í þessu sambandi er afar mikilvægt að reglur og upplýsingaskipti við yfirvöld í þriðju löndum, um allt sem málinu viðkemur, séu gagnsæ.

14) Einungis má gera ráð fyrir því að jafngilt og viðeigandi viðbótareftirlit sé fyrir hendi ef eftirlitsyfirvöld í þriðja landi hafa samþykkt að starfa með lögbærum yfirvöldum, sem málið varðar, að úrræðum og markmiðum varðandi framkvæmd viðbótareftirlits með eftirlitsskyldum aðilum í fjármálasamsteypu.

15) Í þessari tilskipun er ekki gerð krafa um að lögbær yfirvöld afhendi nefnd um fjármálasamsteypur upplýsingar sem eru háðar þagnarskyldu samkvæmt þessari tilskipun eða öðrum tilskipunum um sérsvið.

16) Þar sem aðildarríkin geta ekki, svo vel sé, náð markmiðinu með fyrirhuguðum aðgerðum, þ.e. að settar verði reglur um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum í fjármálasamsteypu, og auðveldara er að ná markmiðunum á vettvangi Bandalagsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðanna, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi þessu markmiði. Þar eð mælt er fyrir um lágmarksstaðla í þessari tilskipun geta aðildarríkin ákveðið strangari reglur.

17) Í þessari tilskipun er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

18) Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

19) Annað slagið kann að vera nauðsynlegt að semja tæknilegar leiðbeiningar og gera framkvæmdarráðstafanir vegna þeirra reglna sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun með hliðsjón af breyttum starfsháttum á fjármálamörkuðum. Þess vegna skal framkvæmdastjórnin hafa heimild til að samþykkja framkvæmdaráðstafanir, að því tilskildu að þær breyti ekki þessari tilskipun í grundvallaratriðum.

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

20) Aukið skal við gildandi reglur um sérsvið lánastofnana, vátryggingafélaga og verðbréfafyrirtækja að tilteknu lágmarki, einkum til að forðast ósamræmi milli reglna um sérsvið annars vegar og reglna um fjármálasamsteypur hins vegar. Því ber að breyta eftirfarandi tilskipunum í samræmi við þetta: fyrstu tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga ([1]), fyrstu tilskipun ráðsins 79/267/EBE frá 5. mars 1979 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur líftryggingastarfsemi í frumtryggingu ([2]), tilskipun ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) ([3]), tilskipun ráðsins 92/96/EBE frá 10. nóvember 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar á sviði líftrygginga (þriðja tilskipun um líftryggingar) ([4]), tilskipun ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana ([5]) og tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta ([6]), svo og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB frá 27. október 1998 um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í vátryggingahópi ([7]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana ([8]). Markmiðinu um frekari samhæfingu verður þó aðeins náð í áföngum og þarf það að byggjast á nákvæmri greiningu.

21) Til að hægt sé að meta þörfina á og undirbúa einhvers konar samhæfingu í framtíðinni á meðferð eignastýringarfélaga sem eru háð reglum um sérsvið skal framkvæmdastjórnin gefa skýrslu um starfsvenjur aðildarríkjanna á þessu sviði.

([1]) Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/13/EB (Stjtíð. EB L 77, 20.3.2002, bls. 17).
([2]) Stjtíð. EB L 63, 13.3.1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/12/EB (Stjtíð. EB L 77, 20.3.2002, bls. 11).
([3]) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).
([4]) Stjtíð. EB L 360, 9.12.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/64/EB.
([5]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/33/EB (Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 29).
([6]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/64/EB.
([7]) Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 1.
([8]) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2000/28/EB (Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

**MARKMIÐ OG SKILGREININGAR**

*1. gr.*

**Markmið**

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur um viðbótareftirlit með eftirlitsskyldum aðilum sem hafa fengið starfsleyfi samkvæmt 6. gr. tilskipunar 73/239/EBE, 6. gr. tilskipunar 79/267/EBE, 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 93/22/EBE eða 4. gr. tilskipunar 2000/12/EB og eru hluti af fjármálasamsteypu. Með tilskipuninni er einnig breytt viðeigandi reglum um sérsvið, sem gilda um aðila sem falla undir tilskipanirnar sem um getur hér að framan.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Lánastofnun“: lánastofnun í skilningi annars undirliðar 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB.

2. „Vátryggingafélag“: vátryggingafélag í skilningi 6. gr. tilskipunar 73/239/EBE, 6. gr. tilskipunar 79/267/EBE eða b-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB.

3. „Verðbréfafyrirtæki“: verðbréfafyrirtæki í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE, þ.m.t. fyrirtækin sem um getur í 4. mgr. 2. gr. tilskipunar 93/6/EBE.

4. „Eftirlitsskyldur aðili“: lánastofnun, vátryggingafélag eða verðbréfafyrirtæki.

5. „Eignastýringarfélag“: rekstrarfélag í skilningi 2. mgr. 1. gr. a í tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum ([9]), og einnig fyrirtæki með skráða skrifstofu utan Bandalagsins, sem þyrfti starfsleyfi skv. 1. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar ef það hefði skráða skrifstofu sína í Bandalaginu.

6. „Endurtryggingafélag“: endurtryggingafélag í skilningi c-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB.

([9]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB (Stjtíð. EB L 41, 13.2.2002, bls. 35).

7. „Reglur um sérsvið“: löggjöf Bandalagsins varðandi varfærniseftirlit með eftirlitsskyldum aðilum, sem einkum er mælt fyrir um í tilskipunum 73/239/EBE, 79/267/EBE, 98/78/EB, 93/6/EBE, 93/22/EBE og 2000/12/EB.

8. „Fjármálasvið“: starfssvið sem er myndað af einum eða fleiri af eftirtöldum aðilum:

   a) lánastofnun, fjármálastofnun eða þjónustufyrirtæki í tengslum við bankastarfsemi, í skilningi 5. og 23. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB (svið bankamála),

   b) vátryggingafélagi, endurtryggingafélagi eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði í skilningi i-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB (vátryggingasvið),

   c) verðbréfafyrirtæki eða fjármálastofnun í skilningi 7. mgr. 2. gr. tilskipunar 93/6/EBE (verðbréfaþjónustusvið),

   d) blönduðu eignarhaldsfélagi á fjármálasviði.

9. „Móðurfyrirtæki“: móðurfyrirtæki í skilningi 1. gr. sjöundu tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga ([1]) og hvert það fyrirtæki sem, að áliti lögbærra yfirvalda, fer í raun með ráðandi hlut í öðru fyrirtæki.

10. „Dótturfyrirtæki“: dótturfyrirtæki í skilningi 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE og hvert það fyrirtæki sem móðurfyrirtæki fer í raun með ráðandi hlut í að mati lögbærs yfirvalds; öll dótturfyrirtæki dótturfyrirtækja skulu einnig teljast dótturfyrirtæki móðurfyrirtækisins.

11. „Hlutdeild“: hlutdeild í skilningi fyrsta málsliðar 17. gr. fjórðu tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([2]) eða beinn eða óbeinn eignarhlutur sem er 20% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé fyrirtækis.

12. „Samstæða“: fyrirtækjasamstæða sem í eru móðurfyrirtæki, dótturfyrirtæki þess og aðilar sem móðurfyrirtækið eða dótturfyrirtækin eiga hlutdeild í og einnig fyrirtæki sem tengjast hvert öðru með tengslum sem um getur í 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE.

13. „Náin tengsl“: þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast í gegnum:

   a) „hlutdeild“: eignarhald á 20% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé fyrirtækis, beint eða með yfirráðarétti, eða

   b) „yfirráð“: tengsl á milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækis í öllum tilvikunum sem um getur í 1. og 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE eða sambærileg tengsl milli einstaklings eða lögaðila og fyrirtækis; einnig skal litið á dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis sem dótturfyrirtæki móðurfyrirtækisins sem fer fyrir þessum fyrirtækjum.

   Þegar svo ber við að tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar eru varanlega tengdir sama aðilanum með yfirráðatengslum skal einnig litið á það sem náin tengsl milli aðila.

14. „Fjármálasamsteypa“: samstæða sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði skv. 3. gr.:

   a) eftirlitsskyldur aðili, í skilningi 1. gr., fer fyrir samstæðunni, eða a.m.k. eitt af dótturfyrirtækjunum í samstæðunni er eftirlitsskyldur aðili í skilningi 1. gr.,

   b) þegar eftirlitsskyldur aðili, í skilningi 1. gr., fer fyrir samstæðunni er hann annaðhvort móðurfyrirtæki aðila á viðkomandi fjármálasviði, aðili sem á hlutdeild í aðila á fjármálasviðinu eða aðili sem tengist aðila á fjármálasviðinu með tengslum í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE,

   c) ef enginn eftirlitsskyldur aðili, í skilningi 1. gr., fer fyrir samstæðunni fer starfsemi hennar aðallega fram á fjármálasviðinu í skilningi 1. mgr. 3. gr.,

   d) a.m.k. einn aðili í samstæðunni er á vátryggingasviði og a.m.k. einn á sviði bankamála eða verðbréfaþjónustu,

   e) starfsemi á samstæðugrundvelli og/eða samanlögð starfsemi annars vegar aðila á vátryggingasviði í samstæðunni og hins vegar aðila á sviði bankamála og verðbréfaþjónustu, er í báðum tilvikum umtalsverð í skilningi 2. eða 3. mgr. 3. gr.

   Allar undirsamstæður samstæðu í skilningi 12. liðar, sem uppfylla skilyrðin í þessum lið, skulu teljast fjármálasamsteypur.

([1]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB (Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 28).
([2]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/65/EB.

15. „Blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði“: móðurfyrirtæki, sem er ekki eftirlitsskyldur aðili, sem myndar fjármálasamsteypu ásamt dótturfyrirtækjum sínum og öðrum aðilum og a.m.k. eitt dótturfyrirtækjanna er eftirlitsskyldur aðili með aðalskrifstofu í Bandalaginu.

16. „Lögbær yfirvöld“: innlend yfirvöld aðildarríkjanna sem heimilt er, samkvæmt lögum eða reglum, að hafa eftirlit með lánastofnunum og/eða vátryggingafélögum og/eða verðbréfafyrirtækjum, hvort heldur er með einstökum fyrirtækjum eða á samstæðugrundvelli.

17. „Viðkomandi lögbær yfirvöld“:

a) lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum sem bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli með eftirlitsskyldum aðilum innan hvers sérsviðs í fjármálasamsteypu,

b) samræmingaraðilinn, sem er tilnefndur skv. 10. gr., ef hann er annar en yfirvöldin sem um getur í a-lið,

c) önnur lögbær yfirvöld, ef við á, sem málið varðar að áliti yfirvaldanna sem um getur í a- og b-lið. Í þessu áliti skal einkum taka tillit til markaðshlutdeildar eftirlitsskyldra aðila samsteypunnar í öðrum aðildarríkjum, einkum ef hún fer yfir 5%, og mikilvægis eftirlitsskyldra aðila innan samsteypunnar, sem eru stofnaðir í öðrum aðildarríkjum.

18. „Viðskipti innan samstæðu“: öll viðskipti þar sem eftirlitsskyldir aðilar innan fjármálasamsteypu eru, beint eða óbeint, háðir öðrum fyrirtækjum innan sömu samstæðu, eða einstaklingi eða lögaðila sem er í „nánum tengslum“ við fyrirtækin í þeirri samstæðu, varðandi það að standa við skuldbindingu, hvort sem hún er samningsbundin eða ekki og hvort heldur er gegn greiðslu eða ekki.

19. „Áhættusamþjöppun“: öll áhætta aðila innan fjármálasamsteypu sem getur hugsanlega haft í för með sér tap sem er nógu mikið til að gjaldþoli eftirlitsskyldra aðila innan samsteypunnar sé ógnað eða fjárhagsstöðu þeirra almennt; slík staða getur skapast vegna mótaðilaáhættu /lánsáhættu, fjárfestingaráhættu, vátryggingaáhættu, markaðsáhættu, annarrar áhættu eða samspils eða víxlverkunar þessara áhættuþátta.

*3. gr.*

**Viðmiðanir fyrir sanngreiningu á fjármálasamsteypu**

1. Til að starfsemi samstæðu teljist vera aðallega á fjármálasviði, í skilningi c-liðar 14. mgr. 2. gr., skal niðurstöðutala efnahagsreikninga eftirlitsskyldra og óeftirlitsskyldra aðila á fjármálasviði innan samstæðunnar vera meira en 40% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings samstæðunnar í heild.

2. Til að starfsemi á hinum ýmsu fjármálasviðum teljist umtalsverð, í skilningi e-liðar 14. mgr. 2. gr., skal, fyrir hvert fjármálasvið, meðaltalið af eftirfarandi fara yfir 10%; annars vegar hlutfall niðurstöðutölu efnahagsreiknings á viðkomandi fjármálasviði af niðurstöðutölu efnahagsreiknings aðila samstæðunnar á fjármálasviði og hins vegar hlutfall gjaldþolskrafna fyrir sama fjármálasvið af samtölu gjaldþolskrafna aðila samstæðunnar á fjármálasviði.

Að því er varðar þessa tilskipun er umfangsminnsta fjármálasvið í fjármálasamsteypu það svið þar sem meðaltalið er lægst og mikilvægasta fjármálasviðið í fjármálasamsteypu er það svið þar sem meðaltalið er hæst. Við útreikning á meðaltali og mati á því hvaða fjármálasvið er umfangsminnst eða mikilvægast skal skoða svið bankamála og verðbréfaþjónustu samanlagt.

3. Starfsemi þvert á sérsvið telst einnig umtalsverð í skilningi e-liðar 14. mgr. 2. gr. ef niðurstöðutala efnahagsreiknings umfangsminnsta fjármálasviðsins innan samstæðunnar fer yfir 6 billjónir evra. Nái samstæðan ekki þeim viðmiðunum, sem um getur í 2. mgr., geta viðkomandi lögbær yfirvöld ákveðið, með samkomulagi sín á milli, að ekki skuli líta á samstæðuna sem fjármálasamsteypu eða að ekki skuli beita ákvæðum 7., 8. eða 9. gr. ef þau líta svo á að ekki sé nauðsynlegt að fella samstæðuna inn í gildissvið þessarar tilskipunar eða beita slíkum ákvæðum eða það eigi ekki við eða sé villandi að því er varðar markmið um viðbótareftirlit, t.d. með tilliti til eftirfarandi:

a) hlutfallsleg stærð umfangsminnsta fjármálasviðsins fer ekki yfir 5%, hvort sem mælt er með tilliti til meðaltalsins sem um getur í 2. mgr. eða niðurstöðutölu efnahagsreiknings eða kröfu um gjaldþol á því fjármálasviði, eða

b) markaðshlutdeild fer ekki yfir 5% í neinu aðildarríki, mælt með tilliti til niðurstöðutölu efnahagsreiknings á sviði bankamála eða verðbréfaþjónustu og með tilliti til brúttóiðgjalda á sviði vátrygginga.

Ákvarðanir, sem eru teknar í samræmi við þessa málsgrein, skulu tilkynntar til annarra lögbærra yfirvalda sem málið varðar.

4. Við beitingu 1., 2. og 3. mgr. geta viðkomandi lögbær yfirvöld, með samkomulagi sín á milli:

a) undanskilið aðila við útreikning hlutfallstalna í þeim tilvikum sem um getur í 5. mgr. 6. gr.,

b) tekið tillit til samræmis við viðmiðanirnar sem lagt er til að verði notaðar skv. 1. og 2. mgr. í þrjú ár í röð til að komast hjá skyndilegum breytingum á reglukerfi og litið framhjá slíku samræmi ef umtalsverðar breytingar verða á uppbyggingu samstæðunnar.

Þegar fjármálasamsteypa hefur verið sanngreind skv. 1., 2. og 3. mgr. skulu ákvarðanirnar, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, teknar á grundvelli tillögu frá samræmingaraðila þeirrar fjármálasamsteypu.

5. Við beitingu 1. og 2. mgr. geta viðkomandi lögbær yfirvöld, í undantekningartilvikum og með samkomulagi sín á milli, notað aðra eða báðar eftirfarandi færibreytur í stað viðmiðunarinnar um niðurstöðutölu efnahagsreiknings, eða bætt við annarri eða báðum þessum færibreytum, ef þau eru þeirrar skoðunar að þessar færibreytur skipti verulegu máli að því er varðar viðbótareftirlit samkvæmt þessari tilskipun; tekjusamsetning, liðir utan efnahagsreiknings.

6. Fari hlutfallið, sem um getur í 1. og 2. mgr. niður fyrir 40% annars vegar og 10% hins vegar fyrir samsteypur, sem þegar sæta viðbótareftirliti, skal lægra hlutfall, eða 35% annars vegar og 8% hins vegar, gilda næstu þrjú ár á eftir, að því er varðar beitingu þessara málsgreina, til að komist verði hjá skyndilegum breytingum á reglukerfi.

Á svipaðan hátt, ef niðurstöðutala efnahagsreiknings umfangsminnsta fjármálasviðsins innan samstæðunnar fer niður fyrir 6 billjón evrur fyrir samsteypur sem þegar sæta viðbótareftirliti skal lægri tala, eða 5 billjón evrur, gilda við beitingu 3. mgr. næstu þrjú ár á eftir til að komist verði hjá skyndilegum breytingum á reglukerfi.

Á tímabilinu, sem um getur í þessari málsgrein, getur samræmingaraðilinn, með samþykki annarra viðkomandi lögbærra yfirvalda, ákveðið að lægra hlutfallið eða lægri fjárhæðin, sem um getur í þessari málsgrein, skuli ekki lengur gilda.

7. Útreikningarnir, sem um getur í þessari grein varðandi efnahagsreikninginn, skulu gerðir á grundvelli samanlagðra niðurstöðutalna efnahagsreiknings aðilanna í samstæðunni samkvæmt ársreikningum þeirra. Við útreikninginn skal, að því er varðar hlutdeildarfyrirtæki, miða við þann hluta af niðurstöðutölu efnahagsreiknings þeirra sem samsvarar samanlögðum, hlutfallslegum eignarhlut samstæðunnar. Þegar samstæðureikningar eru fyrir hendi skulu þeir þó notaðir í staðinn fyrir samanlagða reikninga.

Gjaldþolskrafan, sem um getur í 2. og 3. mgr., skal reiknuð í samræmi við ákvæði reglna um viðkomandi sérsvið.

*4. gr.*

**Sanngreining fjármálasamsteypu**

1. Lögbær yfirvöld, sem hafa veitt eftirlitsskyldum aðilum starfsleyfi, skulu sanngreina allar samstæður sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar á grundvelli 2. 3. og 5. gr.

Með það fyrir augum:

— skulu lögbær yfirvöld, sem hafa veitt eftirlitsskyldum aðilum í samstæðunni starfsleyfi, hafa með sér náið samstarf, ef nauðsyn krefur,

— skal lögbært yfirvald láta önnur lögbær yfirvöld, sem málið varðar, vita ef það telur að eftirlitsskyldur aðili, sem það sama yfirvald hefur veitt starfsleyfi, sé aðili að samstæðu sem er hugsanlega fjármálasamsteypa en hefur ekki verið sanngreind sem slík samkvæmt þessari tilskipun.

2. Samræmingaraðilinn, sem er tilnefndur í samræmi við 10. gr., skal tilkynna móðurfyrirtækinu, sem fer fyrir samstæðunni, eða, ef ekki er um móðurfyrirtæki að ræða, eftirlitsskylda aðilanum með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings á mikilvægasta fjármálasviði innan samstæðu, að samstæðan hafi verið sanngreind sem fjármálasamsteypa og um tilnefningu samræmingaraðila. Samræmingaraðilinn skal einnig tilkynna þeim lögbæru yfirvöldum, sem veittu eftirlitsskyldum aðilum í samstæðunni starfsleyfi, um þetta, svo og lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem blandaða eignarhaldsfélagið á fjármálasviði hefur aðalskrifstofu sína, sem og framkvæmdastjórninni.

II. KAFLI

**VIÐBÓTAREFTIRLIT**

1. ÞÁTTUR

**GILDISSVIÐ**

*5. gr.*

**Gildissvið viðbótareftirlits með eftirlitsskyldum aðilum sem um getur í 1. gr.**

1. Með fyrirvara um ákvæði um eftirlit í reglum um sérsvið skulu aðildarríkin sjá til þess að viðbótareftirlit sé haft með eftirlitsskyldu aðilunum sem um getur í 1. gr. að því marki og á þann hátt sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

2. Eftirfarandi eftirlitsskyldir aðilar skulu sæta viðbótareftirliti á vettvangi fjármálasamsteypu í samræmi við 6.—17. gr.:

a) allir eftirlitsskyldir aðilar sem fara fyrir fjármálasamsteypu,

b) allir eftirlitsskyldir aðilar þar sem móðurfyrirtækið er blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði með aðalskrifstofu í Bandalaginu,

c) allir eftirlitsskyldir aðilar sem tengjast öðrum aðila á fjármálasviði í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE.

Ef fjármálasamsteypa er undirsamstæða í annarri fjármálasamsteypu, sem uppfyllir kröfur fyrstu undirgreinar, geta aðildarríkin einungis beitt 6.—17. gr. gagnvart eftirlitsskyldu aðilunum í síðarnefnda hópnum og allar tilvísanir í tilskipuninni til hugtaksins samstæða og fjármálasamsteypa skulu þá teljast vera tilvísun í síðarnefnda hópinn.

3. Allir eftirlitsskyldir aðilar, sem ekki sæta viðbótareftirliti í samræmi við 2. mgr., og móðurfyrirtæki þeirra er eftirlitsskyldur aðili eða blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði með aðalskrifstofu utan Bandalagsins, skulu sæta viðbótareftirliti á vettvangi fjármálasamsteypu að því marki og á þann hátt sem mælt er fyrir um í 18. gr.

4. Þegar aðilar eiga hlutdeild í eða hafa eignatengsl við einn eða fleiri eftirlitsskylda aðila eða hafa umtalsverð áhrif á slíka aðila án þess að eiga þar hlutdeild eða eignatengsl, önnur en þau sem um getur í 2. og 3. mgr., skulu viðkomandi lögbær yfirvöld ákvarða, með samkomulagi sín á milli og í samræmi við landslög, hvort og í hve miklum mæli hafa eigi viðbótareftirlit með eftirlitsskyldu aðilunum á sama hátt og væru þeir fjármálasamsteypa.

Til að unnt sé beita slíku viðbótareftirliti verður a.m.k. einn af aðilunum að vera eftirlitsskyldur aðili eins og um getur í 1. gr. og uppfylla verður skilyrðin sem eru sett fram í d- og e-lið 14. mgr. 2. gr. Viðkomandi lögbær yfirvöld skulu taka ákvörðun að teknu tilliti til markmiðanna með viðbótareftirlitinu eins og kveðið er á um í þessari tilskipun.

Við beitingu fyrstu undirgreinar gagnvart „samstæðum samvinnufélaga“ skulu lögbær yfirvöld taka tillit til almennra, fjárhagslegra skuldbindinga þessara samstæðna gagnvart öðrum aðilum á fjármálasviði.

5. Viðbótareftirlit á vettvangi fjármálasamsteypu skal á engan hátt fela það í sér að lögbærum yfirvöldum sé gert skylt að gegna eftirlitshlutverki gagnvart einstökum, blönduðum eignarhaldsfélögum á fjármálasviði, einstökum eftirlitsskyldum aðilum í þriðju löndum, sem tilheyra fjármálasamsteypu, eða einstökum óeftirlitsskyldum aðilum í fjármálasamsteypu, sbr. þó 13. gr.

2. ÞÁTTUR

**FJÁRHAGSSTAÐA**

*6. gr.*

**Eiginfjárkröfur**

1. Með fyrirvara um reglur um sérsvið skal viðbótareftirlit haft með eiginfjárkröfu eftirlitsskyldra aðila í fjármálasamsteypu í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 2. til 5. mgr. 9. gr., í 3. þætti þessa kafla og í I. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að eftirlitsskyldir aðilar í fjármálasamsteypu tryggi að nægilegt eigið fé sé fyrir hendi á vettvangi fjármálasamsteypunnar til þess að uppfylla a.m.k. eiginfjárkröfurnar sem eru reiknaðar í samræmi við I. viðauka.

Aðildarríkin skulu einnig krefjast þess að eftirlitsskyldir aðilar hafi mótaða stefnu varðandi eiginfjárkröfur á vettvangi fjármálasamsteypunnar.

Samræmingaraðilinn skal hafa sérstakt eftirlit með kröfunum sem um getur í fyrstu og annarri málsgrein í samræmi við 3. þátt.

Samræmingaraðilinn skal ganga úr skugga um að útreikningurinn, sem um getur í fyrstu undirgrein, fari fram a.m.k. einu sinni á ári, annaðhvort af hálfu eftirlitsskyldra aðila eða blandaðra eignarhaldsfélaga á fjármálasviði.

Samræmingaraðilinn skal fá niðurstöður útreikningsins og gögn þar að lútandi frá eftirlitsskylda aðilanum, í skilningi 1. gr., sem fer fyrir fjármálasamsteypunni, eða, ef eftirlitsskyldur aðili í skilningi 1. gr. fer ekki fyrir fjármálasamsteypunni, frá blönduðu eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða eftirlitsskyldum aðila í fjármálasamsteypunni, sem samræmingaraðilinn hefur sanngreint, að höfðu samráði við önnur viðkomandi, lögbær yfirvöld og við fjármálasamsteypuna.

3. Að því er varðar útreikning á eiginfjárkröfunum, sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr., skulu eftirfarandi aðilar falla undir viðbótareftirlit á þann hátt og í þeim mæli sem skilgreint er í I. viðauka:

a) lánastofnun, fjármálastofnun eða þjónustufyrirtæki í tengslum við bankastarfsemi í skilningi 5. og 23 mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB,

b) vátryggingafélag, endurtryggingafélag eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði í skilningi i-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,

c) verðbréfafyrirtæki eða fjármálastofnun í skilningi 7. mgr. 2. gr. tilskipunar 93/6/EBE,

d) blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði.

4. Við útreikning á viðbótareiginfjárkröfum fyrir fjármálasamsteypu með aðferð 1 (aðferð byggð á samstæðureikningsskilum), sem um getur í I. viðauka, skal reikna eigið fé og kröfur um gjaldþol aðilanna í samstæðunni með því að beita viðeigandi reglum um sérsvið, bæði að því er varðar form og umfang samstæðunnar eins og mælt er fyrir um í 54. gr. tilskipunar 2000/12/EB og B-hluta 1. liðar í I. viðauka við tilskipun 98/78/EB.

Þegar beitt er aðferð 2 eða 3 (frádráttur og samlagning, bókfært verð/frádráttur kröfu) sem um getur í I. viðauka skal, við útreikninginn, taka mið af hlutfallslegum eignarhlut móðurfyrirtækisins eða fyrirtækis sem á hlutdeild í öðrum aðila innan samstæðunnar. „Hlutfallslegur eignarhlutur“ merkir hlutfall skráðs hlutafjár sem það fyrirtæki á, beint eða óbeint.

5. Samræmingaraðilinn getur ákveðið að undanskilja tiltekinn aðila þegar hann reiknar út viðbótareiginfjárkröfur í eftirfarandi tilvikum:

a) ef aðilinn er staðsettur í þriðja landi þar sem lagalegar hömlur eru á því að flytja nauðsynlegar upplýsingar á milli, með fyrirvara um reglur um sérsvið varðandi þá skyldu lögbærra yfirvalda að synja um starfsleyfi þegar þau eru hindruð í því að framkvæma eftirlitshlutverk sitt á skilvirkan hátt,

b) ef aðilinn hefur óverulega þýðingu að því er varðar markmið viðbótareftirlits með eftirlitsskyldum aðilum í fjármálasamsteypu,

c) ef óviðeigandi væri eða villandi að telja aðilann með, með tilliti til markmiðanna um viðbótareftirlit.

Ef undanskilja á marga aðila skv. b-lið fyrstu undirgreinar, verður þó að taka þá með ef áhrif þeirra samanlagt eru ekki óveruleg.

Í tilvikinu, sem getið er í c-lið fyrstu undirgreinar, skal samræmingaraðilinn hafa samráð við önnur viðkomandi, lögbær yfirvöld áður en hann tekur ákvörðun nema taka þurfi ákvörðunina án tafar.

Þegar samræmingaraðili undanskilur eftirlitsskyldan aðila í einhverju af þeim tilvikum sem kveðið er á um í b- og c-lið fyrstu undirgreinar geta lögbær yfirvöld aðildarríkisins, þar sem sá aðili er staðsettur, óskað eftir upplýsingum frá aðilanum, sem fer fyrir fjármálasamsteypunni, sem geta auðveldað eftirlit þeirra með eftirlitsskylda aðilanum.

*7. gr.*

**Áhættusamþjöppun**

1. Með fyrirvara um reglur um sérsvið skal viðbótareftirlit haft með áhættusamþjöppun hjá eftirlitsskyldum aðilum í fjármálasamsteypu í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 2.–4. mgr. 9. gr., í 3. þætti þessa kafla og í II. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að eftirlitsskyldir aðilar eða blönduð eignarhaldsfélög á fjármálasviði gefi samræmingaraðilanum reglulega skýrslu, a.m.k. árlega, um alla umtalsverða áhættusamþjöppun á vettvangi fjármálasamsteypunnar, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein og í II. viðauka. Samræmingaraðilinn skal fá nauðsynlegar upplýsingar frá eftirlitsskylda aðilanum, í skilningi 1. gr., sem fer fyrir fjármálasamsteypunni, eða, þar sem eftirlitsskyldur aðili, í skilningi 1. gr., fer ekki fyrir fjármálasamsteypunni, frá blönduðu eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða eftirlitsskyldum aðila í fjármálasamsteypunni sem samræmingaraðilinn hefur sanngreint, að höfðu samráði við önnur viðkomandi, lögbær yfirvöld og við fjármálasamsteypuna.

Samræmingaraðilinn skal hafa sérstakt eftirlit með þessari áhættusamþjöppun í samræmi við 3. þátt.

3. Þar til frekari samræming verður gerð á löggjöf Bandalagsins geta aðildarríkin sett magntakmarkanir eða leyft lögbærum yfirvöldum sínum að setja magntakmarkanir eða gera aðrar eftirlitsráðstafanir til að ná markmiðunum með viðbótareftirlitinu er varða hvers konar áhættusamþjöppun á vettvangi fjármálasamsteypu.

4. Þegar blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði fer fyrir fjármálasamsteypu skulu reglur um sérsvið varðandi áhættusamþjöppun á mikilvægustu sviðum fjármála í fjármálasamsteypunni, ef einhverjar eru, gilda um viðkomandi svið í heild sinni, þ.m.t. blönduð eignarhaldsfélög á fjármálasviði.

*8. gr.*

**Viðskipti innan samstæðu**

1. Með fyrirvara um reglur um sérsvið skal viðbótareftirlit haft með viðskiptum eftirlitsskyldra aðila innan fjármálasamsteypu í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 2.—4. mgr. 9. gr., í 3. þætti þessa kafla og í II. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að eftirlitsskyldir aðilar eða blönduð eignarhaldsfélög á fjármálasviði gefi samræmingaraðilanum reglulega skýrslu, a.m.k. árlega, um öll umtalsverð viðskipti eftirlitsskyldra aðila innan fjármálasamsteypu, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein og í II. viðauka. Ef viðmiðanirnar, sem um getur í síðasta málslið fyrsta liðar II. viðauka, hafa ekki verið skilgreindar teljast viðskipti innan samstæðu umtalsverð ef fjárhæð þeirra fer yfir 5% af heildareiginfjárkröfum sem gilda fyrir fjármálasamsteypuna.

Samræmingaraðilinn skal fá nauðsynlegar upplýsingar frá eftirlitsskylda aðilanum, í skilningi 1. gr., sem fer fyrir fjármálasamsteypunni, eða, þar sem eftirlitsskyldur aðili, í skilningi 1. gr., fer ekki fyrir fjármálasamsteypunni, frá blönduðu eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða eftirlitsskyldum aðila í fjármálasamsteypu sem samræmingaraðilinn hefur sanngreint, að höfðu samráði við önnur viðkomandi, lögbær yfirvöld og við fjármálasamsteypuna.

Samræmingaraðilinn skal hafa sérstakt eftirlit með slíkum viðskiptum innan samstæðunnar.

3. Þar til frekari samræming verður gerð á löggjöf Bandalagsins geta aðildarríkin sett magntakmarkanir og gæðakröfur eða leyft lögbærum yfirvöldum sínum að setja magntakmarkanir og gæðakröfur eða gert aðrar eftirlitsráðstafanir til að ná markmiðunum með viðbótareftirlitinu er varða viðskipti eftirlitsskyldra aðila innan fjármálasamsteypu.

4. Þegar blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði fer fyrir fjármálasamsteypu skulu reglur um sérsvið varðandi viðskipti innan samstæðu á mikilvægasta fjármálasviði fjármálasamsteypunnar gilda um það svið í heild sinni, þ.m.t. blönduð eignarhaldsfélög á fjármálasviði.

*9. gr.*

**Innri eftirlitskerfi og aðferðir við áhættustjórnun**

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að eftirlitsskyldir aðilar hafi yfir að ráða fullnægjandi áhættustjórnunaraðferðum og kerfum fyrir innra eftirlit á vettvangi fjármálasamsteypunnar, þ.m.t. traustar stjórnunar- og bókhaldsaðferðir.

2. Aðferðir við áhættustjórnun skulu fela í sér:

a) trausta stjórnunarhætti og stjórn þar sem viðeigandi stjórnarstofnanir fjármálasamsteypunnar samþykkja og endurskoða reglulega áætlanir og stefnumið að teknu tilliti til áætlaðrar áhættu,

b) fullnægjandi stefnumið varðandi eiginfjárkröfur til að geta séð fyrir áhrif starfsstefnu sinnar á áhættustig og eiginfjárkröfur eins og ákvarðað er í samræmi við 6. gr. og I. viðauka,

c) fullnægjandi málsmeðferð til að tryggja að áhættueftirlitskerfi þeirra falli vel inn í skipulag þeirra og að allar ráðstafanir séu gerðar til að tryggja samræmi kerfa sem notuð eru í öllum fyrirtækjum sem falla undir viðbótareftirlit svo að unnt sé að mæla áhættu, fylgjast með henni og stýra henni á vettvangi fjármálasamsteypunnar.

3. Innri eftirlitskerfi skulu fela í sér:

a) fullnægjandi kerfi að því er varðar eiginfjárkröfur til að greina og mæla alla verulega áhættu og tengja eigið fé áhættunni á viðeigandi hátt,

b) trausta málsmeðferð við skýrslugjöf og bókhald sem gerir kleift að sanngreina, meta, fylgjast með og stýra viðskiptum innan samstæðunnar og áhættusamþjöppun.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að í öllum fyrirtækjum, sem falla undir viðbótareftirlit skv. 5. gr., séu fyrir hendi fullnægjandi kerfi fyrir innra eftirlit til vinnslu allra þeirra gagna og upplýsinga sem gætu skipt máli varðandi viðbótareftirlitið.

5. Samræmingaraðilinn skal hafa sérstakt eftirlit með aðferðum og kerfum, sem um getur í 1.—4. mgr.

3. ÞÁTTUR

**RÁÐSTAFANIR TIL AÐ AUÐVELDA VIÐBÓTAREFTIRLIT**

*10. gr.*

**Lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á viðbótareftirliti (samræmingaraðili)**

1. Til að tryggja eðlilega framkvæmd viðbótareftirlits með eftirlitsskyldum aðilum í fjármálasamsteypu skal tilnefna einn samræmingaraðila, sem ber ábyrgð á samræmingu og framkvæmd viðbótareftirlits, úr hópi lögbærra yfirvalda viðkomandi aðildarríkja, þ.m.t. yfirvöld þess ríkis þar sem blandaða eignarhaldsfélagið á fjármálasviði hefur aðalskrifstofu sína.

2. Tilnefningin skal byggjast á eftirfarandi viðmiðunum:

a) ef eftirlitsskyldur aðili fer fyrir fjármálasamsteypu skal lögbæra yfirvaldið, sem hefur veitt honum starfsleyfi samkvæmt viðeigandi reglum um sérsvið, gegna hlutverki samræmingaraðilans,

b) ef eftirlitsskyldur aðili fer ekki fyrir fjármálasamsteypu skal ákvarða samkvæmt eftirfarandi meginreglum hvaða lögbæra yfirvald skuli gegna hlutverki samræmingaraðila:

i) þegar móðurfyrirtæki eftirlitsskylds aðila er blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði skal lögbæra yfirvaldið, sem hefur veitt þeim eftirlitsskylda aðila starfsleyfi samkvæmt viðeigandi reglum um sérsvið, gegna hlutverki samræmingaraðila.

ii) ef tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar hafa aðalskrifstofu í Bandalaginu og eitt sameiginlegt móðurfyrirtæki, sem er blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði, og einn þessara aðila hefur fengið starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem blandaða eignarhaldsfélagið á fjármálasviði hefur aðalskrifstofu sína, skal lögbært yfirvald eftirlitsskylda aðilans, sem hefur fengið starfsleyfi í því aðildarríki, gegna hlutverki samræmingaraðila.

Ef tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar, sem starfa á ólíkum sviðum fjármála, hafa fengið starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem blandaða eignarhaldsfélagið á fjármálasviði hefur aðalskrifstofu sína skal lögbært yfirvald eftirlitsskylda aðilans, sem starfar á mikilvægasta fjármálasviðinu, gegna hlutverki samræmingaraðila.

Ef tvö eða fleiri blönduð eignarhaldsfélög á fjármálasviði, sem hafa aðalskrifstofu í ólíkum aðildarríkjum, fara fyrir fjármálasamsteypu og eftirlitsskyldur aðili er til staðar í hverju og einu þessara ríkja, skal lögbært yfirvald eftirlitsskylda

aðilans, sem hefur hæstu niðurstöðutölu á efnahagsreikningi, gegna hlutverki samræmingaraðila ef þessir aðilar starfa á sama fjármálasviði en að öðrum kosti lögbært yfirvald eftirlitsskylda aðilans sem starfar á mikilvægasta fjármálasviðinu,

iii) ef tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar hafa aðalskrifstofu í Bandalaginu og eitt sameiginlegt móðurfyrirtæki, sem er blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði, og enginn þessara aðila hefur fengið starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem blandaða eignarhaldsfélagið á fjármálasviði hefur aðalskrifstofu sína, skal það lögbæra yfirvald gegna hlutverki samræmingaraðila, sem hefur veitt þeim eftirlitsskylda aðila starfsleyfi, sem er með hæstu niðurstöðutölu á efnahagsreikningi á mikilvægasta fjármálasviðinu,

iv) ef fjármálasamsteypa er samstæða sem móðurfyrirtæki fer ekki fyrir, eða í öðrum tilvikum, skal lögbæra yfirvaldið, sem veitti þeim eftirlitsskylda aðila starfsleyfi sem hefur hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings á mikilvægasta fjármálasviðinu, gegna hlutverki samræmingaraðilans.

3. Í sérstökum tilvikum geta viðkomandi lögbær yfirvöld, með samkomulagi sín á milli, vikið frá viðmiðununum, sem um getur í 2. mgr., ef beiting þeirra yrði óviðeigandi að teknu tilliti til uppbyggingar samsteypunnar og hlutfallslegs mikilvægis starfsemi hennar í ýmsum löndum og tilnefnt annað lögbært yfirvald sem samræmingaraðila. Í þessum tilvikum skulu lögbær yfirvöld gefa samsteypunni kost á að tjá sig um fyrirætlun yfirvaldanna áður en ákvörðun er tekin.

*11. gr.*

**Verkefni samræmingaraðilans**

1. Verkefnin, sem samræmingaraðilinn þarf að sinna með tilliti til viðbótareftirlits, skulu fela í sér:

a) samræmingu söfnunar og miðlunar viðeigandi eða mikilvægra upplýsinga, í áframhaldandi rekstri eða í neyðartilvikum, þ.m.t. miðlun upplýsinga sem eru mikilvægar fyrir eftirlitshlutverk lögbærs yfirvalds samkvæmt reglum um sérsvið,

b) að hafa sérstakt eftirlit með og meta fjárhagsstöðu fjármálasamsteypu,

c) mat á því hvort farið sé að reglunum um eiginfjárkröfur og áhættusamþjöppun og á viðskiptum innan samstæðunnar eins og fram kemur í 6., 7. og 8. gr.,

d) mat á uppbyggingu, skipulag og innra eftirlitskerfi í fjármálasamsteypu eins og fram kemur í 9. gr.,

e) áætlanagerð og samræmingu eftirlitsstarfa, hvort heldur er í áframhaldandi rekstri eða í neyðartilvikum, í samvinnu við viðkomandi, lögbær yfirvöld,

f) önnur verkefni, ráðstafanir og ákvarðanir sem samræmingaraðilanum eru falin samkvæmt þessari tilskipun eða sem leiða af beitingu hennar.

Til að auðvelda og koma á viðbótareftirliti á breiðum lagagrundvelli skulu samræmingaraðili, önnur viðkomandi, lögbær yfirvöld og, ef þörf krefur, önnur lögbær yfirvöld sem málið varðar, koma upp sérstöku samræmingarfyrirkomulagi. Samræmingarfyrirkomulagið getur haft í för með sér viðbótarverkefni fyrir samræmingaraðilann og þar kann að vera sagt fyrir um málsmeðferð fyrir ákvarðanatökuferli viðkomandi lögbærra yfirvalda eins og um getur í 3. gr., 4. gr., 5. gr. (4. mgr.), 6. gr., 12. gr. (2. mgr.), 16. gr. og 18. gr. og um samvinnu við önnur lögbær yfirvöld.

2. Ef samræmingaraðili þarfnast upplýsinga, sem hafa þegar verið gefnar öðru lögbæru yfirvaldi í samræmi við reglur um sérsvið, skal hann hafa samband við það yfirvald, þegar unnt er, til að koma í veg fyrir að hin ýmsu yfirvöld, sem koma að eftirliti, fái sömu upplýsingarnar tvisvar.

3. Með fyrirvara um þann möguleika að fela öðrum sérstök eftirlitsstörf og ábyrgð, eins og kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins, skal starf samræmingaraðila, sem hefur verið falið að vinna sérstök störf á sviði viðbótareftirlits með eftirlitsskyldum aðilum í fjármálasamsteypu, ekki hafa áhrif á verkefni og skyldur lögbærra yfirvalda sem sinna eftirliti á grundvelli reglna um sérsvið.

*12. gr.*

**Samvinna og upplýsingaskipti á milli lögbærra yfirvalda**

1. Lögbæru yfirvöldin, sem bera ábyrgð á eftirliti með eftirlitsskyldum aðilum í fjármálasamsteypu, og lögbæra yfirvaldið, sem er tilnefnt sem samræmingaraðili fyrir samsteypuna, skulu hafa með sér náið samstarf. Með fyrirvara um ábyrgð þessara yfirvalda, hvers um sig, samkvæmt reglum um sérsvið, skulu þau, hvort sem þau hafa staðfestu í sama aðildarríki eða ekki, veita hvert öðru allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar eða skipta máli fyrir eftirlitsstarf annarra yfirvalda samkvæmt reglum um sérsvið og þessari tilskipun. Að því er þetta varðar skulu lögbæru yfirvöldin og samræmingaraðilinn senda allar upplýsingar sem málið varðar ef óskað er eftir því og allar mikilvægar upplýsingar að eigin frumkvæði.

Þetta samstarf skal a.m.k. ná til öflunar og miðlunar upplýsinga um eftirfarandi atriði:

a) greiningu á uppbyggingu allra samstæðna helstu aðila, sem tilheyra fjármálasamsteypunni og einnig á því hver eru lögbær yfirvöld eftirlitsskyldra aðila innan samstæðunnar,

b) stefnumið fjármálasamsteypunnar,

c) fjárhagsstöðu fjármálasamsteypunnar, einkum varðandi eiginfjárkröfur, viðskipti innan samstæðunnar, áhættusamþjöppun og arðsemi,

d) stóra hluthafa og stjórn fjármálasamsteypunnar,

e) skipulag, áhættustjórnun og innri eftirlitskerfi á vettvangi fjármálasamsteypu,

f) aðferðir við öflun upplýsinga frá aðilum að fjármálasamsteypu og sannprófun á þeim upplýsingum,

g) neikvæða þróun hjá eftirlitsskyldum aðilum eða öðrum aðilum að fjármálasamsteypu sem gæti haft alvarleg áhrif á eftirlitsskyldu aðilana,

h) ströng viðurlög og óvenjulegar ráðstafanir lögbærra yfirvalda í samræmi við reglur um sérsvið eða þessa tilskipun.

Lögbær yfirvöld geta einnig skipst á upplýsingum um eftirlitsskylda aðila í fjármálasamsteypu, sem nauðsynlegar eru til að þau geti gegnt hlutverki sínu, við eftirtalin yfirvöld í samræmi við ákvæði í reglunum um sérsvið: seðlabanka, Seðlabankakerfi Evrópu og Seðlabanka Evrópu.

2. Með fyrirvara um ábyrgð hvers og eins lögbærs yfirvalds sem málið varðar, eins og skilgreint er í reglum um sérsvið, skulu viðkomandi lögbær yfirvöld hafa samráð sín á milli áður en þau taka ákvörðun um eftirfarandi atriði ef þessar ákvarðanir eru mikilvægar fyrir eftirlitshlutverk annarra lögbærra yfirvalda:

a) breytingar á hlutafjáreign, skipulagi eða stjórnkerfi eftirlitsskyldra aðila í fjármálasamsteypu sem þarfnast samþykkis eða leyfis frá lögbærum yfirvöldum,

b) ströng viðurlög eða óvenjulegar ráðstafanir lögbærra yfirvalda.

Lögbært yfirvald getur ákveðið að hafa ekki samráð í málum sem þola enga bið eða þegar slíkt samráð getur teflt skilvirkni ákvarðana í tvísýnu. Í því tilviki skal lögbæra yfirvaldið án tafar tilkynna öðrum lögbærum yfirvöldum um það.

3. Samræmingaraðilinn getur farið fram á að lögbær yfirvöld aðildarríkisins þar sem móðurfyrirtækið hefur aðalskrifstofu sína, sem hafa ekki sjálf með höndum viðbótareftirlit skv. 10. gr., leiti eftir öllum upplýsingum frá móðurfyrirtækinu sem gætu skipt máli fyrir framkvæmd samræmingarverkefnanna sem mælt er fyrir um í 11. gr. og sendi samræmingaraðilanum þær upplýsingar.

Ef upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr. 14. gr., hafa þegar verið veittar lögbæra yfirvaldinu í samræmi við reglur um sérsvið geta lögbæru yfirvöldin, sem bera ábyrgð á viðbótareftirlitinu, snúið sér til fyrrnefnda yfirvaldsins til að fá upplýsingarnar.

4. Aðildarríkin skulu heimila upplýsingaskipti á milli lögbærra yfirvalda sinna og á milli lögbærra yfirvalda sinna og annarra yfirvalda eins og um getur í 1., 2. og 3. mgr. Þótt upplýsingar séu fyrir hendi varðandi aðila innan fjármálasamsteypu, sem er ekki eftirlitsskyldur aðili, eða þeirra aflað, felur það á engan hátt í sér að lögbæra yfirvaldinu sé skylt að gegna eftirlitshlutverki gagnvart hverjum og einum þessara aðila.

Um upplýsingar sem aflað er við viðbótareftirlit, einkum hvers konar upplýsingaskipti á milli lögbærra yfirvalda og á milli lögbærra yfirvalda og annarra yfirvalda, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, gilda ákvæði um þagnarskyldu eins og kveðið er á um í reglunum um sérsvið.

*13. gr.*

**Stjórnendur blandaðra eignarhaldsfélaga á fjármálasviði**

Aðildarríkin skulu krefjast þess að þeir, sem í reynd stjórna starfsemi blandaðs eignarhaldsfélags á fjármálasviði, hafi nægilega gott orð á sér og næga reynslu til að gegna þeim skyldum.

*14. gr.*

**Aðgangur að upplýsingum**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að innan lögsögu þeirra séu engar lagalegar hömlur sem koma í veg fyrir að einstaklingar og lögaðilar sem koma að viðbótareftirliti, hvort sem um er að ræða eftirlitsskylda aðila eða ekki, skiptist á upplýsingum sem gætu skipt máli í tengslum við viðbótareftirlit.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þegar lögbær yfirvöld þeirra, sem bera ábyrgð á framkvæmd viðbótareftirlits, snúa sér beint eða óbeint til aðila í fjármálasamsteypu, hvort sem um er að ræða eftirlitsskyldan aðila eða ekki, skuli þau hafa aðgang að öllum upplýsingum sem geta skipt máli í tengslum við viðbótareftirlit.

*15. gr.*

**Sannprófun**

Kjósi lögbær yfirvöld, við beitingu þessarar tilskipunar, að sannprófa, í sérstökum tilvikum, upplýsingar um aðila sem er hluti af fjármálasamsteypu og staðsettur í öðru aðildarríki, hvort sem hann er eftirlitsskyldur eða ekki, skulu þau fara þess á leit að lögbær yfirvöld þess aðildarríkis annist sannprófunina.

Yfirvöld, sem fá slíka beiðni, skulu bregðast við henni innan ramma síns valdsviðs, annaðhvort með því að framkvæma sannprófunina sjálf, með því að leyfa að endurskoðandi eða sérfræðingur geri það eða með því að heimila yfirvaldinu, sem lagði fram beiðnina, að annast sannprófunina sjálft.

Lögbæra yfirvaldið, sem lagði fram beiðnina, getur tekið þátt í sannprófun, sem það annast ekki sjálft, ef það óskar eftir því.

*16. gr.*

**Ráðstafanir til framfylgdar**

Uppfylli eftirlitsskyldir aðilar í fjármálasamsteypu ekki kröfurnar, sem um getur í 6.—9. gr., eða, ef kröfunum er fullnægt en gjaldþoli kann engu að síður að vera teflt í tvísýnu eða ef viðskipti innan samstæðunnar eða áhættusamþjöppun ógnar fjárhagsstöðu eftirlitsskyldu aðilanna, er þess krafist að eftirfarandi aðilar geri nauðsynlegar ráðstafanir til að ráða bót á vandanum eins fljótt og unnt er:

— samræmingaraðilinn, þegar um er að ræða blönduð eignarhaldsfélög á fjármálasviði,

— lögbær yfirvöld þegar um er að ræða eftirlitsskylda aðila; í því skyni skal samræmingaraðilinn upplýsa lögbæru yfirvöldin um niðurstöður sínar.

Með fyrirvara um 2. mgr. 17. gr. geta aðildarríkin ákvarðað hvaða ráðstafana lögbær yfirvöld þeirra geta gripið til varðandi blönduð eignarhaldsfélög á fjármálasviði.

Viðkomandi lögbær yfirvöld, þ.m.t. samræmingaraðilinn, skulu samræma eftirlitsaðgerðir sínar þegar það á við.

*17. gr.*

**Viðbótarheimildir lögbærra yfirvalda**

1. Þar til reglur um sérsvið verða samræmdar frekar skulu aðildarríkin sjá til þess að lögbær yfirvöld þeirra hafi heimild til að gera allar eftirlitsráðstafanir sem teljast nauðsynlegar til að koma í veg fyrir eða bregðast við því að eftirlitsskyldir aðilar innan fjármálasamsteypu sniðgangi reglur um sérsvið.

2. Með fyrirvara um ákvæði hegningarlaga skulu aðildarríki tryggja að viðurlögum eða ráðstöfunum, sem miða að því að binda enda á uppvís brot eða uppræta orsakir þeirra, sé beitt gagnvart blönduðum eignarhaldsfélögum á fjármálasviði eða stjórnendum þeirra sem brjóta gegn ákvæðum laga eða stjórnsýslufyrirmæla sem sett eru til framkvæmdar þessari tilskipun. Í ákveðnum tilvikum kunna slíkar aðgerðir að hafa í för með sér afskipti dómstóla. Lögbær yfirvöld skulu hafa með sér náið samstarf til að tryggja að slík viðurlög eða ráðstafanir beri tilætlaðan árangur.

4. ÞÁTTUR

**ÞRIÐJU LÖND**

*18. gr.*

**Móðurfyrirtæki utan Bandalagsins**

1. Með fyrirvara um reglur um sérsvið skulu lögbær yfirvöld, í því tilviki sem um getur í 3. mgr. 5. gr., sannprófa hvort eftirlitsskyldir aðilar, þar sem móðurfyrirtækið hefur aðalskrifstofu sína utan Bandalagsins, sæti eftirliti lögbærs yfirvalds í þriðja landi, jafngildu því sem kveðið er á um í þessari tilskipunar um viðbótareftirlit með eftirlitsskyldum aðilum sem um getur í 2. mgr. 5. gr. Lögbæra yfirvaldið, sem væri samræmingaraðili ef viðmiðanirnar, sem eru settar fram í 2. mgr. 10. gr., giltu skal framkvæma sannprófunina að beiðni móðurfyrirtækisins eða einhvers af eftirlitsskyldu aðilunum sem fengið hafa starfsleyfi í Bandalaginu eða að eigin frumkvæði. Þetta lögbæra yfirvald skal hafa samráð við önnur viðkomandi, lögbær yfirvöld og taka tillit til allra viðeigandi leiðbeininga nefndarinnar um fjármálasamsteypur í samræmi við 5. gr. 21. gr. Þess vegna skal lögbæra yfirvaldið hafa samráð við nefndina áður en það tekur ákvörðun.

2. Sé jafngilt eftirlit, eins og um getur í 1. mgr., ekki fyrir hendi skulu aðildarríkin á hliðstæðan hátt beita, gagnvart eftirlitsskyldu aðilunum, ákvæðum varðandi viðbótareftirlit með eftirlitsskyldum aðilum sem um getur í 2. mgr. 5. gr. Að öðrum kosti geta lögbær yfirvöld beitt einni af aðferðunum sem eru settar fram í 3. mgr.

3. Aðildarríkin skulu heimila lögbærum yfirvöldum sínum að beita öðrum aðferðum sem tryggja viðeigandi viðbótareftirlit með eftirlitsskyldum aðilum í fjármálasamsteypu. Samræmingaraðilinn verður að samþykkja þessar aðferðir að höfðu samráði við önnur viðkomandi, lögbær yfirvöld. Lögbær yfirvöld geta einkum krafist þess að komið sé á fót blönduðu eignarhaldsfélagi á fjármálasviði með aðalskrifstofu í Bandalaginu og beitt þessari tilskipun gagnvart eftirlitsskyldum aðilum í fjármálasamsteypu sem eignarhaldsfélagið fer fyrir. Markmiðin með viðbótareftirlitinu skulu nást með þessum aðferðum eins og skilgreint er í þessari tilskipun og skal tilkynna öðrum lögbærum yfirvöldum, sem málið varðar, og framkvæmdastjórninni um þær.

*19. gr.*

**Samvinna við lögbær yfirvöld í þriðju löndum**

1. Ákvæði 1. og 2. mgr. 25. gr. í tilskipun 2000/12/EB og 10. gr. a í tilskipun 98/78/EB skulu að breyttu breytanda gilda um samningaviðræður við eitt eða fleiri þriðju lönd um aðferðir við framkvæmd viðbótareftirlits með eftirlitsskyldum aðilum í fjármálasamsteypu.

2. Framkvæmdastjórnin, ráðgjafarnefndin um bankamál, vátrygginganefndin og nefndin um fjármálasamsteypur skulu fara yfir niðurstöður samningaviðræðnanna sem um getur í 1. mgr. og stöðuna að þeim loknum.

III. KAFLI

**VALDSVIÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR OG NEFNDARMEÐFERÐ**

*20. gr.*

**Valdsvið framkvæmdastjórnarinnar**

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 21. gr., samþykkja tæknilegar breytingar sem gera þarf á þessari tilskipun varðandi eftirfarandi:

a) nákvæmari framsetning skilgreininganna í 2. gr. svo að tekið sé tillit til þróunar á fjármálamörkuðum við beitingu þessarar tilskipunar,

b) nákvæmari framsetning skilgreininganna í 2. mgr. til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar í Bandalaginu,

c) samræming hugtaka og afmörkun skilgreininga í tilskipuninni í samræmi við síðari gerðir Bandalagsins um eftirlitsskylda aðila og skyld mál,

d) nákvæmari skilgreining á reikniaðferðunum sem eru settar fram í I. viðauka svo að tekið sé tillit til þróunar á fjármálamörkuðum og aðferða við varfærniseftirlit,

e) samræming ákvæða sem eru samþykkt skv. 7. og 8. gr. og II. viðauka með það fyrir augum að hvetja til samræmdrar beitingar þeirra innan Bandalagsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa almenning um allar tillögur sem lagðar eru fram í samræmi við þessa grein og hafa samráð við hagsmunaaðila áður en drög að ráðstöfunum eru lögð fyrir nefndina um fjármálasamsteypur sem um getur í 21. gr.

*21. gr.*

**Nefnd**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um fjármálasamsteypur, hér á eftir kölluð „nefndin“.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

4. Með fyrirvara um framkvæmdarráðstafanir sem þegar hafa verið samþykktar skulu ákvæði þessarar tilskipunar um samþykkt tæknireglna og ákvarðana í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr., falla niður fjórum árum eftir gildistöku hennar. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að endurnýja viðkomandi ákvæði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans og skulu þau endurskoða þau áður en tímabilinu, sem um getur hér að framan, lýkur.

5. Nefndin getur veitt almennar leiðbeiningar um það hvort líklegt sé að markmiðunum með viðbótareftirliti, eins og þau eru skilgreind í þessari tilskipun, verði náð með viðbótareftirlitsfyrirkomulagi lögbærra yfirvalda í þriðju löndum þegar um er að ræða eftirlitsskylda aðila í fjármálasamsteypu þar sem aðilinn, sem fer fyrir samsteypunni, hefur aðalskrifstofu sína utan Bandalagsins. Nefndin skal endurskoða allar slíkar leiðbeiningar reglulega og taka tillit til allra breytinga á viðbótareftirliti slíkra lögbærra yfirvalda.

6. Aðildarríkin skulu jafnan veita nefndinni upplýsingar um meginreglurnar sem þau beita varðandi eftirlit með viðskiptum innan samstæðu og áhættusamþjöppun.

IV. KAFLI

**BREYTINGAR Á GILDANDI TILSKIPUNUM**

*22. gr.*

**Breytingar á tilskipun 73/239/EBE**

Tilskipun 73/239/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi grein bætist við:

„*12. gr. a*

1. Hafa skal samráð við lögbær yfirvöld hins aðildarríkisins áður en vátryggingafélagi er veitt starfsleyfi ef það er:

a) dótturfyrirtæki vátryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki, eða

b) dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis vátryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki, eða

c) undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem einnig hefur yfirráð yfir vátryggingafélagi með starfsleyfi í öðru aðildarríki.

2. Hafa skal samráð við lögbært yfirvald í viðeigandi aðildarríki, sem annast eftirlit með lánastofnunum eða verðbréfafyrirtækjum, áður en vátryggingafélagi er veitt starfsleyfi ef það er:

a) dótturfyrirtæki lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu, eða

b) dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu, eða

c) undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem einnig hefur yfirráð yfir lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í Bandalaginu.

3. Viðkomandi, lögbær yfirvöld, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu einkum hafa samráð sín á milli er þeir meta hæfi hluthafanna, svo og orðspor og reynslu yfirmanna sem koma að stjórn annars aðila í sömu samstæðu. Þau skulu veita hvert öðru allar upplýsingar um hæfi hluthafanna og orðspor og reynslu yfirmanna, sem skipta máli fyrir önnur lögbær yfirvöld sem koma að málinu vegna leyfisveitingar eða yfirstandandi mats á því hvort rekstrarskilyrði séu uppfyllt.“

2. Eftirfarandi undirgreinar bætist við 2. mgr. 16. gr.:

„Gjaldþol, sem er fyrir hendi, skal einnig lækkað sem nemur eftirfarandi atriðum:

a) hlutdeild vátryggingafélagsins í

— vátryggingafélögum, í skilningi 6. gr. þessarar tilskipunar, 6. gr. fyrstu tilskipunar 79/267/EBE frá 5. mars 1979 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur líftryggingastarfsemi í frumtryggingu (*) eða b-liðar 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB (**),

— endurtryggingafélögum í skilningi c-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,

— eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði í skilningi i-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,

— lánastofnunum og fjármálastofnunum í skilningi 1. og 5. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB (***),

— verðbréfafyrirtækjum [ↄ: fjárfestingarfyrirtækjum] og fjármálastofnunum í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE (****) og 4. og 7. mgr. 2. gr. tilskipunar 93/6/EBE (*****),

b) öllum eftirtöldum atriðum sem vátryggingafélagið á sem varða aðilana sem eru skilgreindir í a-lið og það á hlutdeild í:

— gerningum sem um getur í 3. mgr.,

— gerningum sem um getur í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 79/267/EBE,

— víkjandi kröfum og gerningum sem um getur í 35. gr og 3. mgr. 36. gr. tilskipunar 2000/12/EB,

Þegar hlutaeign í annarri lánastofnun, verðbréfafyrirtæki, fjármálastofnun, vátrygginga- eða endurtryggingafélagi eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði er bráðabirgðaráðstöfun og ætluð sem fjárhagsaðstoð til endurskipulagningar eða til bjargar hlutaðeigandi aðila er lögbærum yfirvöldum heimilt að veita undanþágu frá ákvæðunum um frádrátt sem um getur í a- og b-lið fjórðu undirgreinar.

Í stað frádráttar liðanna, sem um getur í a- og b-lið fjórðu undirgreinar, sem vátryggingafélag á í lánastofnunum, verðbréfafyrirtækjum og fjármálastofnunum geta aðildarríkin heimilað vátryggingafélögum sínum að beita, að breyttu breytanda, aðferðum 1, 2 eða 3 í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu (******). Einungis skal beita aðferð 1 (samstæðureikningsskil) ef lögbæra yfirvaldið hefur fulla vissu fyrir því að hve miklu leyti stjórnun er samþætt og

innra eftirlit viðhaft að því er varðar aðila sem eiga að falla undir samstæðureikninga. Jafnan skal beita aðferðinni, sem valin er, á sama hátt.

Aðildarríkin geta kveðið á um að fyrirtæki, sem eiga að vera undir viðbótareftirliti í samræmi við tilskipun 98/78/EB eða viðbótareftirliti í samræmi við tilskipun 2002/87/EB, þurfi ekki, við útreikning á gjaldþoli eins og kveðið er á um í þessari tilskipun, að draga frá liðina, sem um getur í a- og b-lið fjórðu undirgreinar, sem eru eign í lánastofnunum, verðbréfafyrirtækjum, fjármálastofnunum, vátrygginga- eða endurtryggingafélögum eða eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði sem viðbótareftirlitið nær til.

Að því er varðar frádrátt á hlutdeild, sem um getur í þessari málsgrein, er orðið hlutdeild notað í skilningi f-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB.

(*) Stjtíð. EB L 63, 13.3.1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/12/EB (Stjtíð. EB L 77, 20.3.2002, bls. 11).

(**) Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 1.

(***) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2000/28/EBE (Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37).

(****) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).

(*****) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/33/EB (Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 29).

(******) Stjtíð. EB L 35, 11.2.2003.“

*23. gr.*

**Breytingar á tilskipun 79/267/EBE**

Tilskipun 79/267/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi grein bætist við:

*„12. gr. a*

1. Hafa skal samráð við lögbær yfirvöld hins aðildarríkisins áður en líftryggingafélagi er veitt starfsleyfi ef það er:

a) dótturfyrirtæki vátryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki, eða

b) dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis vátryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki, eða

c) undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem einnig hefur yfirráð yfir vátryggingafélagi með starfsleyfi í öðru aðildarríki.

2. Hafa skal samráð við lögbært yfirvald í viðeigandi aðildarríki sem annast eftirlit með lánastofnunum eða verðbréfafyrirtækjum áður en líftryggingafélagi er veitt starfsleyfi ef það er:

a) dótturfyrirtæki lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu, eða

b) dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu, eða

c) undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem einnig hefur yfirráð yfir lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í Bandalaginu.

3. Viðkomandi, lögbær yfirvöld, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu einkum hafa samráð sín á milli við mat á hæfi hluthafanna, svo og á orðspori og reynslu yfirmanna sem koma að stjórn annars aðila í sömu samstæðu. Þau skulu veita hvert öðru allar upplýsingar um hæfi hluthafa og um orðspor og reynslu yfirmanna sem skipta máli fyrir önnur lögbær yfirvöld sem koma að málinu vegna leyfisveitingar eða yfirstandandi mats á því hvort rekstrarskilyrði séu uppfyllt.“

2. Eftirfarandi undirgreinar bætist við 2. mgr. 18. gr.:

„Gjaldþol, sem er fyrir hendi, skal einnig lækkað sem nemur eftirfarandi:

a) hlutdeild vátryggingafélagsins í

— vátryggingafélögum í skilningi 6. gr. þessarar tilskipunar, 6. gr. tilskipunar 73/239/EB (*) eða b-liðar 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB (**),

— endurtryggingafélögum í skilningi c-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,

— eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði í skilningi i-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,

— lánastofnunum og fjármálastofnunum í skilningi 1. og 5. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB (***),

— verðbréfafyrirtækjum og fjármálastofnunum í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE (****) og 4. og 7. mgr. 2. gr. tilskipunar 93/6/EBE (*****),

b) öllum eftirtöldum gerningum sem vátryggingafélagið á sem varða aðila sem eru skilgreindir í a-lið og það á hlutdeild í:

— gerningum sem um getur í 3. mgr.,

— gerningum sem um getur í 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 73/239/EBE,

— víkjandi kröfum og gerningum sem um getur í 35. gr. og 3. mgr. 36. gr. tilskipunar 2000/12/EB.

Þegar hlutaeign í annarri lánastofnun, verðbréfafyrirtæki, fjármálastofnun, vátrygginga- eða endurtryggingafélagi eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði er bráðabirgðaráðstöfun og ætluð sem fjárhagsaðstoð til endurskipulagningar eða til bjargar hlutaðeigandi aðila, er lögbærum yfirvöldum heimilt að veita undanþágu frá ákvæðunum um frádrátt sem um getur í a- og b-lið þriðju undirgreinar.

Í stað frádráttar liðanna, sem um getur í a- og b-lið þriðju undirgreinar, sem vátryggingafélag á í lánastofnunum, verðbréfafyrirtækjum og fjármálastofnunum, geta aðildarríkin heimilað vátryggingafélögum sínum að beita, að breyttu breytanda, aðferðum 1, 2 eða 3 í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu (******). Einungis skal beita aðferð 1 (samstæðureikningsskil) ef lögbæra yfirvaldið hefur fulla vissu fyrir því að hve miklu leyti stjórnun er samþætt og innra eftirlit viðhaft þegar um er að ræða aðila sem eiga að falla undir samstæðureikninga. Jafnan skal beita aðferðinni, sem valin er, á sama hátt.

Aðildarríkin geta kveðið á um að fyrirtæki, sem eiga að vera undir viðbótareftirliti í samræmi við tilskipun 98/78/EB eða viðbótareftirliti í samræmi við tilskipun 2002/87/EB, þurfi ekki, við útreikning á gjaldþoli, eins og kveðið er á um í þessari tilskipun, að draga frá liðina sem um getur í a- og b-lið þriðju undirgreinar, sem eru eign í lánastofnunum, verðbréfafyrirtækjum, fjármálastofnunum, vátrygginga- eða endurtryggingafélögum eða eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði sem viðbótareftirlitið nær til.

Að því er varðar frádrátt á hlutdeild, sem um getur í þessari málsgrein, er orðið hlutdeild notað í skilningi f-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB.

---

(*) Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/13/EB (Stjtíð. EB L 77, 20.3.2002, bls. 17).

(**) Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 1.

(***) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/28/EB (Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37).

(****) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).

(*****) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/33/EB (Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 29).

(******) Stjtíð. EB L 35, 11.2.2003.“

*24. gr.*

**Breytingar á tilskipun 92/49/EBE**

Tilskipun 92/49/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein er skotið inn í 15. gr.:

„1a. Ef sá er aflar eignarhluta, sem um getur í 1. mgr., er vátryggingafélag, lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfyrirtæki slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili, sem hefur yfirráð yfir slíkum aðila, og ef fyrirtækið, sem þessi aðili hyggst afla eignarhlutar í, yrði dótturfyrirtæki hans eða hann fengi yfirráð yfir því í kjölfar öflunar þessara eignarhluta, skal mat á öflun eignarhlutanna ekki fara fram fyrr en að höfðu samráði svo sem um getur í 12. gr. a í tilskipun 73/239/EBE.“

2. Í stað 5. mgr. c í 16. gr. komi eftirfarandi:

„5c. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki koma í veg fyrir að lögbært yfirvald veiti:

— seðlabönkum og öðrum stofnunum sem gegna svipuðu hlutverki á sviði peningamála,

— eftir atvikum, öðrum opinberum yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með greiðslukerfum,

upplýsingar sem koma að haldi við störf þeirra, né heldur skulu þau koma í veg fyrir að viðkomandi yfirvöld eða stofnanir komi á framfæri við lögbær yfirvöld upplýsingum sem þau geta þurft á að halda með tilliti til 4. mgr. Um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu samkvæmt þessari grein.“

*25. gr.*

**Breytingar á tilskipun 92/96/EBE**

Tilskipun 92/96/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein er skotið inn í 14. gr.:

„1a. Ef sá er aflar eignarhluta sem um getur í 1. mgr., er vátryggingafélag, lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfyrirtæki slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili, sem hefur yfirráð yfir slíkum aðila, og ef fyrirtækið sem þessi aðili hyggst öðlast eignarhlut í yrði dótturfyrirtæki hans eða hann fengi yfirráð yfir því í kjölfar öflunar þessara eignarhluta, skal mat á öflun eignarhlutanna ekki fara fram fyrr en að höfðu samráði svo sem um getur í 12. gr. a í tilskipun 79/267/EBE.“

2. Í stað 5. mgr. c í 15. gr. komi eftirfarandi:

„5c. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki koma í veg fyrir að lögbært yfirvald veiti:

— seðlabönkum og öðrum stofnunum sem gegna svipuðu hlutverki á sviði peningamála,

— eftir atvikum, öðrum opinberum yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með greiðslukerfum,

upplýsingar sem koma að haldi við störf þeirra, né heldur skulu þau koma í veg fyrir að viðkomandi yfirvöld eða stofnanir komi á framfæri við lögbær yfirvöld upplýsingum sem þau geta þurft á að halda með tilliti til 4. mgr.Um upplýsingar, sem eru fengnar í þessu sambandi, skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu samkvæmt þessari grein.“

*26. gr.*

**Breytingar á tilskipun 93/6/EBE**

Í 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 93/6/EBE komi eftirfarandi í stað fyrsta og annars undirliðar:

„—„Eignarhaldsfélag á fjármálasviði“: fjármálastofnun þar sem dótturfyrirtækin eru annaðhvort eingöngu eða aðallega verðbréfafyrirtæki eða aðrar fjármálastofnanir og a.m.k. eitt dótturfyrirtækjanna er verðbréfafyrirtæki, sem er ekki blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu (*),

— „blandað eignarhaldsfélag“: móðurfyrirtæki sem er ekki eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða verðbréfafyrirtæki eða blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði í skilningi tilskipunar 2002/87/EB þar sem a.m.k. eitt dótturfyrirtækjanna er verðbréfafyrirtæki.

(*) Stjtíð. EB L 35, 11.2.2003.“

*27. gr.*

**Breytingar á tilskipun 93/22/EBE**

Tilskipun 93/22/EBE er breytt sem hér segir:

1 Í 6. gr. bætist eftirfarandi málsgreinar við:

„Hafa skal samráð við lögbært yfirvald í viðeigandi aðildarríki sem annast eftirlit með lánastofnunum eða vátryggingafélögum áður en verðbréfafyrirtæki er veitt starfsleyfi ef það er:

a) dótturfyrirtæki lánastofnunar eða vátryggingafélags með starfsleyfi í Bandalaginu, eða

b) dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis lánastofnunar eða vátryggingafélags með starfsleyfi í Bandalaginu, eða

c) undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem einnig hefur yfirráð yfir lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki sem hefur starfsleyfi í Bandalaginu.

Viðkomandi, lögbær yfirvöld, sem um getur í fyrstu og annarri mgr., skulu einkum hafa samráð sín á milli við mat á hæfi hluthafanna, svo og á orðspori og reynslu yfirmanna sem koma að stjórn annars aðila í sömu samstæðu. Þau skulu veita hvert öðru allar upplýsingar um hæfi hluthafa og orðspor og reynslu yfirmanna, sem skipta máli fyrir önnur lögbær yfirvöld sem koma að málinu vegna leyfisveitingar eða yfirstandandi mats á því hvort rekstrarskilyrði séu uppfyllt.“

2. Í stað 2. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„2. Ef sá er aflar eignarhluta, sem um getur í 1. mgr., er verðbréfafyrirtæki, lánastofnun eða vátryggingafélag með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfyrirtæki verðbréfafyrirtækis, lánastofnunar eða vátryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir verðbréfafyrirtæki, lánastofnun eða vátryggingafélagi með starfsleyfi í öðru aðildarríki, og ef fyrirtækið sem þessi aðili hyggst öðlast eignarhlut í yrði dótturfyrirtæki hans eða hann fengi yfirráð yfir því í kjölfar öflunar þessa eignarhluta, skal mat á öflun eignarhlutans ekki fara fram fyrr en að höfðu samráði svo sem kveðið er á um í 6. gr.“

*28. gr.*

**Breytingar á tilskipun 98/78/EB**

Tilskipun 98/78/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað g-, h-, i- og j-liðar í 1. gr. komi eftirfarandi:

„g) „hluteignarfélag“: félag sem er annaðhvort móðurfélag eða annað félag sem á hlutdeild í öðru félagi eða fyrirtæki sem hefur tengsl við annað fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE,

h) „tengt félag“: annaðhvort dótturfélag eða annað félag sem önnur félög eiga hlutdeild í eða fyrirtæki með tengsl við annað fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE,

i) „eignarhaldsfélag á vátryggingasviði“: móðurfélag sem hefur það að meginmarkmiði að afla og eiga hlutdeild í dótturfélögum sem eru annaðhvort eingöngu eða aðallega vátryggingafélög, endurtryggingafélög eða vátryggingafélög utan Bandalagsins þar sem a.m.k. eitt dótturfélaganna er vátryggingafélag og sem er ekki blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu (*),

j) „blandað eignarhaldsfélag á vátryggingasviði“: móðurfélag sem er ekki vátryggingafélag innan eða utan Bandalagsins, endurtryggingafélag, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði í skilningi tilskipunar 2002/87/EB þar sem a.m.k. eitt dótturfélaganna er vátryggingafélag.

(*) Stjtíð. L 35, 11.2.2003.“

2. Í 3. mgr. 6. gr. bætist eftirfarandi málsliður við:

„Lögbæra yfirvaldið, sem lagði fram beiðnina, getur tekið þátt í sannprófun sem það annast ekki sjálft ef það óskar eftir því.

3. Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu krefjast þess að vátryggingafélög hafi yfir að ráða viðeigandi áhættustjórnunaraðferðum og kerfum fyrir innra eftirlit, þ.m.t. áreiðanlegar skýrslugjafar- og reikningsskilaaðferðir, til að geta á heppilegan hátt sanngreint, metið, fylgst með og stýrt viðskiptum eins og kveðið er á um í 1. mgr. Aðildarríkin skulu einnig krefjast þess að vátryggingafélög gefi lögbærum yfirvöldum skýrslu um öll umtalsverð viðskipti, a.m.k. árlega. Lögbær yfirvöld skulu hafa eftirlit með þessum aðferðum og kerfum.“

4. Eftirfarandi greinar bætist við:

*„10. gr. a*

**Samstarf við lögbær yfirvöld í þriðju löndum**

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, að leggja fyrir ráðið tillögur vegna samningaviðræðna við eitt eða fleiri þriðju lönd um hvernig annast skuli viðbótareftirlit með:

a) vátryggingafélögum sem eiga, sem hluteignarfélög, fyrirtæki í skilningi 2. gr. sem hafa aðalskrifstofu sína í þriðja landi, og

b) vátryggingafélögum utan Bandalagsins sem eiga, sem hluteignarfélög, fyrirtæki í skilningi 2. gr. sem hafa aðalskrifstofu sína í Bandalaginu.

2. Í samningunum sem um getur í 1. mgr. skal einkum leitast við að tryggja:

a) að lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geti fengið þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir viðbótareftirlit með vátryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu í Bandalaginu og eiga dótturfélög eða hlutdeild í fyrirtækjum utan Bandalagsins, og

b) að lögbær yfirvöld í þriðju löndum geti fengið þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir viðbótareftirlit með vátryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þeirra og eiga dótturfélög eða hlutdeild í fyrirtækjum í einu eða fleiri aðildarríkjum.

3. Framkvæmdastjórnin og vátryggingarnefndin skulu fara yfir niðurstöður samningaviðræðnanna sem um getur í 1. mgr. og meta árangur þeirra.

*10. gr. b*

**Stjórnendur eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði**

Aðildarríkin skulu krefjast þess að þeir, sem í reynd stjórna starfsemi eignarhaldsfélags á vátryggingasviði,

hafi nægilega gott orð á sér og næga reynslu til að gegna þeim skyldum.“

5. Eftirfarandi málsliður bætist við í 1. lið B í I. viðauka:

„Ef engin eignatengsl eru á milli sumra fyrirtækjanna í vátryggingasamstæðu skal lögbært yfirvald ákvarða hvaða hlutfallslega eignarhlutar þurfi að taka tillit til.“

6. Í 2. lið I. viðauka bætist eftirfarandi liður við:

„2.4a. **Tengdar lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og fjármálastofnanir**

Þegar reiknað er út aðlagað gjaldþol vátryggingafélags sem er hluteignarfélag í lánastofnun, verðbréfafyrirtæki eða fjármálastofnun skulu reglurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 16. gr. í tilskipun 73/239/EBE og í 18. gr. tilskipunar 79/267/EBE um frádrátt slíkrar hlutdeildar, gilda, að breyttu breytanda, svo og ákvæðin um að aðildarríkin geti, við tilteknar aðstæður, leyft aðrar aðferðir og að slík hlutdeild komi ekki til frádráttar.“

*29. gr.*

**Breytingar á tilskipun 2000/12/EB**

Tilskipun 2000/12/EB er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 9. tölul. komi eftirfarandi:

„9. „hlutdeild að því er varðar eftirlit á samstæðugrundvelli og að því er varðar 15. og 16. tölul. 2. mgr. 34. gr.:“ hlutdeild í skilningi fyrsta málsliðar 17. gr. tilskipunar 78/660/EBE, eða bein eða óbeinn eign sem nemur 20% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé fyrirtækis.“

b) Í stað 21. og 22. tölul. komi eftirfarandi:

„21. „Eignarhaldsfélag á fjármálasviði“: fjármálastofnun þar sem dótturfyrirtækin eru annaðhvort eingöngu eða aðallega lánastofnanir eða fjármálastofnanir og a.m.k. eitt dótturfyrirtækjanna er lánastofnun, sem er ekki blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu (*).

22. „Blandað eignarhaldsfélag“: móðurfyrirtæki sem er ekki eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða lánastofnun eða blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði í skilningi tilskipunar 2002/87/EB og þar sem a.m.k. eitt dótturfyrirtækjanna er lánastofnun.

(*) Stjtíð. L 35, 11.2.2003.“

2. Í 12. gr. bætist eftirfarandi málsgreinar við:

„Hafa skal samráð við lögbær yfirvöld í viðeigandi aðildarríki sem annast eftirlit með vátryggingafélögum eða verðbréfafyrirtækjum áður en lánastofnun er veitt starfsleyfi ef hún er:

a) dótturfyrirtæki vátryggingafélags eða verðbréfafyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu, eða

b) dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis vátryggingafélags eða verðbréfafyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu, eða

c) undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem einnig hefur yfirráð yfir vátryggingafélagi eða verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í Bandalaginu.

Viðkomandi, lögbær yfirvöld, sem um getur í fyrstu og annarri málsgrein, skulu einkum hafa samráð sín á milli við mat á hæfi hluthafanna, svo og á orðspori og reynslu yfirmanna sem koma að stjórn annars aðila í sömu samstæðu. Þau skulu veita hvert öðru allar upplýsingar um hæfi hluthafanna og um orðspor og reynslu yfirmanna, sem skipta máli fyrir önnur lögbær yfirvöld sem koma að málinu vegna leyfisveitingar eða yfirstandandi mats á því hvort rekstrarskilyrði séu uppfyllt.“

3. Í stað 2. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„2. Ef sá er aflar eignarhluta, svo sem um getur í 1. mgr., er lánastofnun, vátryggingafélag, eða verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfyrirtæki lánastofnunar, vátryggingafélags eða verðbréfafyrirtækis með starfsleyfi í öðru aðildarríki, eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir lánastofnun, vátryggingafélagi eða verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í öðru aðildarríki, og ef fyrirtækið, sem þessi aðili hyggst öðlast eignarhlut í, yrði dótturfyrirtæki hans eða hann fengi yfirráð yfir því í kjölfar öflunar þessara eignarhluta, skal mat á öflun eignarhlutanna ekki fara fram fyrr en að höfðu samráði svo sem kveðið er á um í 12. gr.“

4. Ákvæðum 2. mgr. 34. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 12. og 13. liðar í 1. undirgrein komi eftirfarandi:

„12. eignarhlutir í öðrum lána- og fjármálastofnunum sem nema meira en 10% af eigin fé þeirra,

13. víkjandi kröfur og gerningar, sem um getur í 35. gr. og 3. mgr. 36. gr., sem lánastofnun á hjá lána- og fjármálastofnunum sem hún á eignarhlut í og sem nema meira en 10% af eigin fé hvers um sig,

14. eignarhlutir í öðrum lána- og fjármálastofnunum sem nema allt að 10% af höfuðstóli þeirra, víkjandi kröfur og gerningar sem um getur í 35. gr. og 3. mgr. 36. gr. og lánastofnun á í öðrum lána- og fjármálastofnunum en þeim sem um getur í 12. og 13. tölul. þessarar undirgreinar að svo miklu leyti sem heildarfjárhæð slíkra eignarhluta, víkjandi krafna og gerninga er umfram 10% af eigin fé þeirrar lánastofnunar áður en atriðin í 12.–16. lið þessarar undirgreinar eru dregin frá,

15. hlutdeild í skilningi 9. mgr. 1. gr. sem lánastofnun á í

— vátryggingafélögum í skilningi 6. gr. tilskipunar 73/239/EB, 6. gr. tilskipunar 79/267/EBE eða b-liðar 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB (*),

— endurtryggingafélögum í skilningi c-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78/EB,

— eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði í skilningi i-liðar 1. gr. tilskipunar 98/78 /EB,

16. allir eftirtaldir liðir sem lánastofnunin á hjá aðilunum sem eru skilgreindir í 15. tölul. og hún á hlutdeild í:

— gerningar sem um getur í 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 73/239/EBE,

— gerningar sem um getur í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 79/267/EBE,

(*) Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 1.“

b) Í stað annarrar undirgreinar komi eftirfarandi:

„Þegar hlutaeign í annarri lánastofnun, fjármálastofnun, vátrygginga- eða endurtryggingafélagi eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði er bráðabirgðaráðstöfun og ætluð sem fjárhagsaðstoð til endurskipulagningar eða til bjargar hlutaðeigandi aðila er lögbærum yfirvöldum heimilt að veita undanþágu frá ákvæðunum um frádrátt sem um getur í 12.–16. tölul.

Í stað frádráttar liðanna, sem um getur í 15. og 16. tölul., geta aðildarríkin leyft lánastofnunum sínum að beita, að breyttu breytanda, aðferð 1, 2, eða 3 í I. viðauka við tilskipun 2002/87/EB. Einungis skal beita aðferð 1 (samstæðureikningsskil) ef lögbæra yfirvaldið hefur fulla vissu fyrir því að hve miklu leyti stjórnun er samþætt og innra eftirlit viðhaft að því er varðar aðila sem á að taka með í samstæðunni. Jafnan skal beita aðferðinni, sem valin er, á sama hátt.

Aðildarríkin geta kveðið á um að lánastofnanir, sem eru undir eftirliti á samstæðugrundvelli í samræmi við 3. kafla eða viðbótareftirliti í samræmi við tilskipun 2002/87/EB, þurfi ekki, við útreikning á eigin fé hvers fyrirtækis um sig, að draga frá liði, sem um getur í 12.–16. tölul., sem eru eign í lánastofnunum, fjármálastofnunum, vátrygginga- eða endurtryggingafélögum eða eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði sem falla undir eftirlit á samstæðugrundvelli eða viðbótareftirlit.

Þetta ákvæði skal gilda um allar varfærnisreglur sem eru samhæfðar með löggjöf Bandalagsins.“

5. Í stað 3. mgr. 51. gr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríkin þurfa ekki að setja mörkin, sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr., að því er varðar eignarhluti í vátryggingafélögum eins og skilgreint er í tilskipun 73/239/EBE og tilskipun 79/267/EBE eða í endurtryggingafélögum eins og skilgreint er í tilskipun 98/78/EB.“

6. Í stað síðasta málsliðar í 2. mgr. 52. gr. komi eftirfarandi:

„Þótt fjárhag eignarhaldsfélags á fjármálasviði sé komið á samstæðugrundvöll hefur það á engan hátt í för með sér að lögbærum yfirvöldum sé skylt að hafa eftirlit með hverju einstöku eignarhaldsfélagi á fjármálasviði, sbr. þó 54. gr. a.“

7. Ákvæðum 54. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr.:

„Ef tengsl eru á milli fyrirtækja í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE skulu lögbær yfirvöld ákveða hvernig þeim skuli komið á samstæðugrundvöll.“

b) Þriðji undirliður fyrstu undirgreinar í 4. mgr. falli niður.

8. Eftirfarandi grein bætist við:

*„54. gr. a*

**Stjórnendur eignarhaldsfélaga á fjármálasviði**

Aðildarríkin skulu krefjast þess að þeir, sem í reynd stjórna starfsemi eignarhaldsfélags á fjármálasviði, hafi nægilega gott orð á sér og næga reynslu til að gegna þeim skyldum.“

9. Eftirfarandi grein bætist við:

*„55. gr. a*

**Viðskipti innan samstæðu við blönduð eignarhaldsfélög**

Aðildarríkin skulu sjá til þess að ef móðurfélag einnar eða fleiri lánastofnana er blandað eignarhaldsfélag hafi lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á eftirliti með þessum lánastofnunum, almennt eftirlit með viðskiptum lánastofnunarinnar og blandaða eignarhaldsfélagsins og dótturfyrirtækja þess, sbr. þó ákvæði 3. þáttar 2. kafla V. bálks í þessari tilskipun.

Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að lánastofnanir hafi yfir að ráða viðeigandi áhættustjórnunaraðferðum og kerfum fyrir innra eftirlit, þ.m.t. áreiðanlegar skýrslugjafar- og reikningsskilaaðferðir, til að geta á heppilegan hátt sanngreint, metið, fylgst með og stýrt viðskiptum við móðurfyrirtæki sitt, sem er blandað eignarhaldsfélag, og dótturfyrirtæki þess. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að lánastofnunin gefi skýrslu um öll umtalsverð viðskipti við þessa aðila nema þau sem um getur í 48. gr. Lögbær yfirvöld skulu hafa eftirlit með þessum aðferðum og umtalsverðum viðskiptum.

Ef slík viðskipti innan samstæðu ógna fjárhagsstöðu lánastofnunar skal lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á eftirliti með stofnuninni, gera viðeigandi ráðstafanir.“

10. Í 7. mgr. 56. gr. bætist eftirfarandi málsliður við:

„Lögbæra yfirvaldið, sem lagði fram beiðnina, getur, ef það óskar eftir því, tekið þátt í sannprófun, sem það annast ekki sjálft.“

11. Eftirfarandi grein bætist við:

*„56. gr. a*

**Móðurfyrirtæki í þriðja landi**

Ef lánastofnun, þar sem móðurfyrirtækið er lánastofnun eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði með aðalskrifstofu sína utan Bandalagsins, er ekki undir eftirliti á samstæðugrundvelli skv. 52. gr. skulu lögbæru yfirvöldin sannprófa hvort lánastofnunin eigi að sæta eftirliti á samstæðugrundvelli af hálfu lögbærs yfirvalds í þriðja landi sem jafngildir því eftirliti sem fellur undir meginreglurnar sem mælt er fyrir um í 52. gr. Lögbæra yfirvaldið, sem bæri ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli ef fjórða undirgreinin gilti, skal framkvæma sannprófunina að beiðni móðurfyrirtækisins eða einhvers af eftirlitsskyldu aðilunum sem fengið hafa starfsleyfi í Bandalaginu eða að eigin frumkvæði. Lögbæra yfirvaldið skal hafa samráð við önnur lögbær yfirvöld sem koma að málinu.

Ráðgjafarnefndin um bankamál getur veitt almennar leiðbeiningar um það hvort líklegt sé að markmiðum með eftirliti á samstæðugrundvelli, eins og þau eru skilgreind í þessum kafla, verði náð með eftirlitsfyrirkomulagi lögbærra yfirvalda í þriðju löndum þegar um er að ræða lánastofnanir þar sem móðurfyrirtækið hefur aðalskrifstofu sína utan Bandalagsins. Nefndin skal fara yfir allar slíkar leiðbeiningar og taka tillit til allra breytinga á eftirlitsfyrirkomulagi á samstæðugrundvelli sem slík lögbær yfirvöld hafa með höndum.

Lögbæra yfirvaldið sem annast sannprófunina, sem er tilgreind í annarri undirgrein, skal taka tillit til allra slíkra leiðbeininga. Þess vegna skal lögbæra yfirvaldið hafa samráð við nefndina áður en það tekur ákvörðun.

Sé slíkt jafngilt eftirlit ekki fyrir hendi skulu aðildarríki beita ákvæðum 52. gr. um lánastofnanir á hliðstæðan hátt.

Að öðrum kosti skulu aðildarríki heimila lögbærum yfirvöldum sínum að beita öðrum viðeigandi eftirlitsaðferðum til að ná markmiðum með eftirliti með lánastofnunum á samstæðugrundvelli. Lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli, verður að samþykkja þessar aðferðir og hafa samráð við önnur lögbær yfirvöld sem málið varðar. Lögbær yfirvöld geta einkum krafist þess að komið sé á fót eignarhaldsfélagi á fjármálasviði sem hefur aðalskrifstofu sína í Bandalaginu og beitt ákvæðum um eftirlit á samstæðugrundvelli gagnvart því eignarhaldsfélagi sem hluta af samstæðu.

Markmiðin með eftirliti á samstæðugrundvelli, eins og þau eru skilgreind í þessum kafla, skulu nást með þessum aðferðum og skal tilkynna öðrum lögbærum yfirvöldum sem málið varðar og framkvæmdastjórninni um þær.“

V. KAFLI

**EIGNASTÝRINGARFÉLÖG**

*30. gr.*

**Eignastýringarfélög**

Þar til frekari samræming verður gerð á reglum um sérsvið skulu aðildarríkin sjá til þess að eignastýringarfélög falli undir:

a) eftirlit á samstæðugrundvelli með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum og/eða viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í vátryggingasamstæðu, og

b) viðbótareftirlit í skilningi þessarar tilskipunar ef samstæðan er fjármálasamsteypa.

Vegna beitingar fyrstu málsgreinar skulu aðildarríkin ákveða, eða gefa lögbærum yfirvöldum sínum heimild til að ákveða, hvaða reglur um sérsvið (svið bankamála, vátryggingasvið eða verðbréfaþjónustusvið) eignastýringarfélög skuli falla undir við eftirlit á samstæðugrundvelli og/eða viðbótareftirlitið sem um getur í a-lið fyrstu málsgreinar. Við þessa ákvörðun skulu viðkomandi reglur um sérsvið, sem varða það á hvern hátt og að hve miklu leyti fjármálastofnanir (þar sem eignastýringarfélög falla undir eftirlit á samstæðugrundvelli með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum) og endurtryggingarfyrirtæki (þar sem eignastýringarfélög falla undir viðbótareftirlit með vátryggingarfélögum) skuli tekin með, gilda að breyttu breytanda um eignastýringarfélög. Þegar um er að ræða viðbótareftirlit, sem um getur í b-lið fyrstu málsgreinar, skal líta á eignastýringarfélag sem hluta af því sviði sem það tilheyrir samkvæmt a-lið fyrstu málsgreinar.

Ef eignastýringarfélag er hluti af fjármálasamsteypu skal skilja tilvísanir í hugtakið eftirlitsskyldur aðili og í hugtakið lögbær yfirvöld og viðkomandi lögbær yfirvöld í þessari tilskipun sem svo að átt sé við annars vegar eignastýringarfélög og hins vegar lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með eignastýringarfélögum. Þetta gildir, að breyttu breytanda, um samstæður sem um getur í a-lið fyrstu málsgreinar.

VI. KAFLI

**BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI**

*31. gr.*

**Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar**

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 11. ágúst 2007, leggja skýrslu fyrir nefndina um fjármálasamsteypur sem um getur í 21. gr., um aðgerðir aðildarríkjanna og, ef nauðsyn krefur, um þörfina fyrir frekari samræmingu að því er varðar

— að eignastýringarfélög séu tekin inn í eftirlit á samstæðugrundvelli,

— að velja og beita aðferðum varðandi eiginfjárkröfur sem eru settar fram í I. viðauka,

— skilgreiningu á verulegum viðskiptum innan samstæðu og verulegri áhættusamþjöppun og eftirlit með þessum þáttum sem um getur í II. viðauka, einkum varðandi það hvernig ber að skilgreina magntakmarkanir og gæðakröfur í þessu sambandi,

— það hve oft fjármálasamsteypur skuli reikna eiginfjárkröfur eins og fram kemur í 2. mgr. 6. gr. og gefa samræmingaraðilanum skýrslu um verulega áhættusamþjöppun eins og kemur fram í 2. mgr. 7. gr.

Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við nefndina áður en hún leggur fram tillögur.

2. Innan árs frá því að alþjóðlegt samkomulag hefur tekist um reglur til að koma í veg fyrir að fjármálasamstæður geti tvínotað eigið fé skal framkvæmdastjórnin rannsaka hvernig unnt sé að færa ákvæði þessarar tilskipunar til samræmis þessu alþjóðlega samkomulagi og, ef þörf krefur, koma með viðeigandi tillögur.

*32. gr.*

**Lögleiðing**

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 11. ágúst 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að ákvæðin, sem um getur í fyrstu undirgrein, skuli fyrst gilda um eftirlit með reikningum fyrir fjárhagsárið sem hefst 1. janúar 2005 eða á því almanaksári.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*33. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*34. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. desember 2002.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| P. COX | M. FISCHER BOEL |
| *forseti.* | *forseti.* |

*I. VIÐAUKI*

**EIGINFJÁRKRÖFUR**

Útreikningur á viðbótareiginfjárkröfum eftirlitsskyldra aðila í fjármálasamsteypunni, sem um getur í 1. mgr. 6. gr., skal fara fram í samræmi við tæknilegar meginreglur og eina af aðferðunum sem er lýst í þessum viðauka.

Með fyrirvara um ákvæði næstu málsgreinar skulu aðildarríkin veita lögbærum yfirvöldum sínum leyfi til að ákveða, þegar þau taka að sér hlutverk samræmingaraðila tiltekinnar fjármálasamsteypu, að höfðu samráði við önnur viðkomandi, lögbær yfirvöld og samsteypuna sjálfa, hvaða aðferð skuli beitt gagnvart þeirri fjármálasamsteypu.

Aðildarríkin geta krafist þess að útreikningurinn fari fram samkvæmt einni af þeim aðferðum sem lýst er í þessum viðauka ef eftirlitsskyldur aðili, sem hefur starfsleyfi í því aðildarríki, fer fyrir fjármálasamsteypunni. Ef eftirlitsskyldur aðili, í skilningi 1. gr., fer ekki fyrir fjármálasamsteypu skulu aðildarríkin heimila beitingu einhverrar af aðferðunum sem lýst er í þessum viðauka, nema við aðstæður þar sem viðkomandi lögbær yfirvöld eru staðsett í sama aðildarríki, en þá geta aðildarríkin krafist þess að tiltekinni aðferð sé beitt.

I. **Tæknilegar meginreglur**

1. *Umfang viðbótareiginfjárkrafna og aðferðir við útreikning þeirra*

Ef aðili er dótturfyrirtæki með ófullnægjandi gjaldþol eða, ef um er að ræða óeftirlitsskyldan aðila á fjármálasviði, hugsað ófullnægjandi gjaldþol þarf að taka tillit til ófullnægjandi gjaldþols dótturfyrirtækisins í heild, án tillits til þess hvaða aðferð er notuð. Ef samræmingaraðilinn telur að ábyrgð móðurfyrirtækisins, sem á hlut í eigin fé fyrirtækisins, takmarkist algerlega og ótvírætt við þann eignarhlut getur hann veitt leyfi fyrir því að tekið verði hlutfallslega tillit til ófullnægjandi gjaldþols dótturfyrirtækisins.

Ef ekki eru nein eignatengsl á milli aðila í fjármálasamsteypu, skal samræmingaraðilinn ákveða, að höfðu samráði við önnur viðkomandi lögbær yfirvöld, hvaða hlutfallslega eignarhlut skuli taka með í reikninginn m.t.t. þeirrar ábyrgðar sem þau tengsl, sem eru fyrir hendi, hafa í för með sér.

2. *Aðrar tæknilegar meginreglur*

Án tillits til þess hvaða aðferð er notuð við útreikning á viðbótareiginfjárkröfum fyrir eftirlitsskylda aðila í fjármálasamsteypu eins og mælt er fyrir um í II. þætti þessa viðauka, skal samræmingaraðilinn og, ef þörf krefur, önnur lögbær yfirvöld sem málið varðar, ganga úr skugga um að eftirfarandi meginreglum sé beitt:

i) að komið sé í veg fyrir margnotkun á liðum sem teknir eru með í útreikningi á eigin fé á vettvangi fjármálasamsteypu (margnotkun eiginfjárliða) og einnig óheimila myndun eigin fjár innan samstæðunnar; til að tryggja að komið sé í veg fyrir margnotkun og myndun eigin fjár innan samstæðunnar skulu lögbær yfirvöld á hliðstæðan hátt beita viðeigandi meginreglum sem mælt er fyrir um í viðkomandi reglum um sérsvið,

ii) þar til reglur um sérsvið verða samræmdar frekar skulu liðir, sem teljast með í útreikningi til eigin fjár, jafngilda kröfum um gjaldþol fyrir hvert einstakt fjármálasvið í fjármálasamsteypu í samræmi við reglur um viðeigandi sérsvið; þegar fjármálasamsteypan uppfyllir ekki eiginfjárkröfur í heild sinni; skulu einungis liðir, sem teljast með við útreikning á eigin fé samkvæmt reglum um hvert sérsvið (eigið fé þvert á sérsvið) vera gjaldgengir sem eiginfjárliðir við að uppfylla viðbótarkröfur um gjaldþol,

ef reglur um sérsvið takmarka notkun tiltekinna gerninga sem eru ígildi eigin fjár, sem gætu gilt sem eigið fé þvert á sérsvið, gilda þær takmarkanir að breyttu breytanda við útreikning á eigin fé á vettvangi fjármálasamsteypunnar,

við útreikning á eigin fé á vettvangi fjármálasamsteypunnar skulu lögbær yfirvöld einnig taka tillit til þess hve auðvelt er að nálgast og færa eigið fé á milli mismunandi lögaðila innan samstæðunnar, miðað við markmiðin í reglunum um eiginfjárkröfur,

ef hugsuð gjaldþolskrafa er reiknuð í samræmi við II. þátt þessa viðauka, þegar um er að ræða aðila á fjármálasviði sem er ekki eftirlitsskyldur, merkir hugsuð gjaldþolskrafa eiginfjárkröfu sem slíkur aðili þyrfti að uppfylla samkvæmt reglum um viðkomandi sérsvið ef hann væri eftirlitsskyldur á því sviði fjármála.Ef um er að ræða eignastýringarfélög merkir gjaldþolskrafa eiginfjárkröfuna sem er sett fram í a-lið 1. mgr. 5. gr. a í tilskipun 85/611/EBE; hugsuð gjaldþolskrafa fyrir blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði skal reiknuð samkvæmt reglum um sérsvið á mikilvægasta fjármálasviðinu í fjármálasamsteypunni.

II. **Aðferðir við tæknilega útreikninga**

Aðferð 1: „Aðferð byggð á samstæðureikningsskilum“

Útreikningur á viðbótareiginfjárkröfum fyrir eftirlitsskylda aðila í fjármálasamsteypu skal gerður á grundvelli samstæðureikninga.

Viðbótareiginfjárkröfur skulu reiknaðar sem mismunurinn á:

i) eigin fé fjármálasamsteypunnar, sem reiknað er á grundvelli efnahagsstöðu samstæðunnar; liðirnir sem nota má eru þeir liðir sem eru viðurkenndir samkvæmt reglum um viðkomandi sérsvið,

og

ii) samtölu gjaldþolskrafna fyrir hvert og eitt fjármálasvið innan samsteypunnar; gjaldþolskröfurnar fyrir hvert fjármálasvið eru reiknaðar í samræmi við reglur um viðeigandi sérsvið.

Reglurnar um sérsvið, sem vísað er til, eru einkum 3. kafli í V. bálki tilskipunar 2000/12/EB, að því er varðar lánastofnanir, tilskipun 98/78/EB að því er varðar vátryggingafélög og tilskipun 93/6/EBE að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki.

Ef um er að ræða óeftirlitsskylda aðila á fjármálasviði sem eru ekki teknir með í fyrrgreindum útreikningum á gjaldþoli einstakra sérsviða, skal reikna út hugsaða gjaldþolskröfu fyrir þá.

Mismunurinn má ekki vera neikvæður.

Aðferð 2: „Frádráttar- og samlagningaraðferð“

Útreikningur á viðbótareiginfjárkröfum fyrir eftirlitsskylda aðila í fjármálasamsteypu skal gerður á grundvelli reikninga hvers aðila í samstæðunni.

Viðbótareiginfjárkröfur skulu reiknaðar sem mismunurinn á:

i) samtölu eigin fjár allra eftirlitsskyldra og óeftirlitsskyldra aðila á fjármálasviði í fjármálasamsteypu; liðirnir sem nota má eru þeir liðir sem eru viðurkenndir samkvæmt reglum um viðkomandi sérsvið,

og

ii) samtölu

— krafna um gjaldþol allra eftirlitsskyldra og óeftirlitsskyldra aðila á fjármálasviði í samstæðunni; gjaldþolskröfurnar skulu reiknaðar samkvæmt viðeigandi reglum um viðkomandi sérsvið, og

— bókfærðs verðs á hlutdeildareignum í öðrum aðilum í samstæðunni.

Ef um er að ræða óeftirlitsskylda aðila á fjármálasviði, skal reikna út hugsaða gjaldþolskröfu fyrir þá. Taka skal hlutfallslega tillit til eigin fjár og gjaldþolskrafna eins og kveðið er á um í 4. mgr. 6. gr. og í samræmi við I. þátt þessa viðauka.

Mismunurinn má ekki vera neikvæður.

Aðferð 3: „Aðferð byggð á bókfærðu verði/frádrætti kröfu“

Útreikningur á viðbótareiginfjárkröfum fyrir eftirlitsskylda aðila í fjármálasamsteypu skal gerður á grundvelli reikninga hvers aðila í samstæðunni.

Viðbótareiginfjárkröfur skulu reiknaðar sem mismunurinn á:

i) eigin fé móðurfyrirtækis eða þess aðila sem fer fyrir fjármálasamsteypunni; liðirnir sem nota má eru þeir liðir sem eru viðurkenndir samkvæmt reglum um viðkomandi sérsvið,

og

ii) samtölu

— gjaldþolskröfu móðurfyrirtækisins eða aðilans sem fer fyrir samsteypunni, sem um getur í i-lið, og

— þess sem hærra er, bókfærðs verðs á hlutdeild þess fyrrnefnda í öðrum aðilum í samsteypunni eða gjaldþolskrafna fyrir þessa aðila; taka skal hlutfallslega tillit til gjaldþolskrafna þessara aðila eins og kveðið er á um í 4. mgr. 6. gr. og í samræmi við I. þátt þessa viðauka.

Ef um er að ræða óeftirlitsskylda aðila á fjármálasviði skal reikna út hugsaða gjaldþolskröfu fyrir þá. Þegar það er metið hvaða liði megi nota við útreikning á viðbótareiginfjárkröfum er heimilt að meta hlutdeildareign samkvæmt hlutdeildaraðferð í samræmi við heimildina í b-lið 2. mgr. 59. gr. tilskipunar 78/660/EBE.

Mismunurinn má ekki vera neikvæður.

Aðferð 4: Sambland af aðferðum 1, 2 og 3

Lögbær yfirvöld geta leyft að aðferðum 1, 2 og 3 sé blandað saman eða tveimur af þessum aðferðum blandað saman.

*II. VIÐAUKI*

**TÆKNILEG BEITING ÁKVÆÐA UM VIÐSKIPTI INNAN SAMSTÆÐU OG ÁHÆTTUSAMÞJÖPPUN**

Samræmingaraðilinn skal, að höfðu samráði við önnur viðkomandi lögbær yfirvöld, sanngreina þá tegund viðskipta og áhættu sem eftirlitsskyldir aðilar í tiltekinni fjármálasamsteypu eiga að tilkynna um í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 8. gr. um viðskipti innan samstæðu og áhættusamþjöppun. Þegar samræmingaraðili og viðkomandi, lögbær yfirvöld skilgreina eða gefa álit sitt á tegund viðskipta eða áhættu skulu þeir taka tillit til sérstakrar uppbyggingar samstæðna og áhættustjórnunaraðferða í fjármálasamsteypunni. Til að geta sanngreint veruleg viðskipti innan samstæðunnar og verulega áhættusamþjöppun, sem þarf að tilkynna í samræmi við ákvæði 7. og 8. gr., skal samræmingaraðilinn, að höfðu samráði við önnur viðkomandi, lögbær yfirvöld og samsteypuna sjálfa, skilgreina viðeigandi viðmiðanir byggðar á reglum um eigið fé og/eða tæknilegum ákvæðum.

Við eftirlit með viðskiptum innan samstæðunnar og áhættusamþjöppun skal samræmingaraðilinn einkum fylgjast með mögulegri smithættu innan fjármálasamsteypunnar, hættu á hagsmunaárekstrum, hættu á því að reglur um sérsvið séu sniðgengnar og stigi eða umfangi áhættu.

Aðildarríkin skulu heimila lögbærum yfirvöldum sínum að beita, á vettvangi fjármálasamsteypu, ákvæðum reglna um sérsvið á viðskipti innan samstæðu og áhættusamþjöppun, einkum til að komast hjá því að reglur um sérsvið séu sniðgengnar.

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR** **2007/EES/16/23**

**frá 21. nóvember 2003**

**um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga á Guernsey (*)**

*(tilkynnt með númeri C(2003) 4309)*

(2003/821/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]), einkum 6. mgr. 25. gr.,

að höfðu samráði við starfshópinn um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB er aðildarríkjunum gert að kveða á um að því aðeins megi flytja persónuupplýsingar til þriðja lands að það land tryggi fullnægjandi vernd og farið hafi verið að lögum aðildarríkisins við beitingu annarra ákvæða tilskipunarinnar áður en flutningurinn á sér stað.

2) Framkvæmdastjórnin kann að komast að þeirri niðurstöðu að þriðja land tryggi fullnægjandi vernd. Sé svo er heimilt að flytja persónuupplýsingar frá aðildarríkinu án þess að frekari tryggingar sé krafist.

3) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB skal meta það hve mikil gagnaverndin er með hliðsjón af öllum kringumstæðum sem hafa áhrif á gagnaflutningsaðgerðina eða röð gagnaflutningsaðgerða, og sérstaklega með tilliti til nokkurra þátta sem skipta sköpum varðandi flutninginn og skráðir eru í 2. mgr. 25. gr. tilskipunarinnar.

4) Í ljósi þess hve ólíkar leiðir eru farnar að gagnavernd í þriðju löndum skal fara fram mat á fullnægjandi vernd og allar ákvarðanir, sem eru byggðar á 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, skulu teknar og þeim framfylgt á þann hátt að það hafi hvorki í för með sér geðþóttabundna eða óréttlætanlega mismunun gegn þriðju löndum eða á milli þeirra þar sem skilyrði eru svipuð né myndi dulbúnar viðskiptahindranir, að teknu tilliti til skuldbindinga Bandalagsins á alþjóðavettvangi.

5) Fógetaumdæmið Guernsey er eitt af yfirráðasvæðum Bresku krúnunnar (en hvorki hluti Breska konungsríkisins né nýlenda) sem er að fullu sjálfstætt, nema að því er varðar alþjóðasamskipti og varnir sem eru á ábyrgð ríkisstjórnar Breska konungsríkisins. Fógetaumdæmið Guernsey skal því teljast vera þriðja land í skilningi þessarar tilskipunar.

6) Frá og með ágúst 1987 var fullgilding Breska konungsríkisins á samþykkt Evrópuráðsins um vernd einstaklinga að því er varðar sjálfvirka vinnslu persónuupplýsinga (samþykkt nr. 108) víkkuð út þannig að hún nái einnig til fógetaumdæmisins Guernsey.

7) Að því er varðar fógetaumdæmið Guernsey hefur verið kveðið á um lagareglur um vernd persónuupplýsinga, sem byggjast á reglum sem settar voru í tilskipun 95/46/EB í gagnaverndarlögum frá 2001 (fyrir fógetaumdæmið Guernsey), sem tóku gildi 1. ágúst 2002.

8) Sextán lagagerningar (tilmæli) hafa einnig verið samþykktir í Guernsey árið 2002, þar sem mælt er fyrir um sérstakar reglur sem varða málefni á borð við aðgang að skráðum aðilum, vinnslu viðkvæmra gagna og tilkynningar til gagnaverndaryfirvalda Þessir gerningar eru lögunum til fyllingar.

9) Lagareglurnar sem gilda í Guernsey taka til allra þeirra grundvallarreglna sem eru nauðsynlegar til að veita einstaklingum fullnægjandi vernd. Með lagaúrræðum er tryggt að þessum reglum sé beitt og einnig með óháðu eftirliti sem yfirvöldin annast, t.d. hefur eftirlitsmaður með gagnavernd vald til rannsókna og íhlutunar.

10) Guernsey skal því teljast veita fullnægjandi vernd persónuupplýsinga eins og um getur í tilskipun 95/46/EB.

11) Til að tryggja gagnsæi, og til að gera lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum kleift að vernda einstaklinga, að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga um þá, er nauðsynlegt að tilgreina undantekningartilvik þar sem réttlætanlegt er að stöðva tímabundið tilteknar gagnasendingar þótt vernd sé talin nægileg.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 308, 25.11.2003, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2004, 9. júli 2004 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 25.

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

([2]) Álit 5/2003 um vernd persónuupplýsinga á Guernsey, sem starfshópurinn samþykkti 13. júní 2003, má nálgast á vefsetrinu http://europa.eu.int/comm/ internal_market/privacy/workingroup/ wp2003/wpdocs03_en.htm.).

12) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 1. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Með tilliti til 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB telst fógetaumdæmið Guernsey tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga sem eru sendar frá Bandalaginu.

*2. gr.*

Þessi ákvörðun varðar það hvort veitt sé fullnægjandi vernd á Guernsey með tilliti til þess hvort kröfurnar í 1. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB séu uppfylltar og hefur ekki áhrif á önnur skilyrði eða takmarkanir við beitingu annarra ákvæða þeirrar tilskipunar sem snerta vinnslu persónuupplýsinga í aðildarríkjunum.

*3. gr.*

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geta, án þess að það hafi áhrif á heimild þeirra til að grípa til aðgerða til að tryggja að farið sé að innlendum ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt öðrum ákvæðum tilskipunar 95/46/EB en 25. gr., beitt valdi sínu til að stöðva tímabundið gagnasendingar til viðtakanda á Guernsey í því skyni að vernda einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga um þá í eftirfarandi tilvikum:

a) þar sem lögbær yfirvöld á Guernsey hafa ákvarðað að viðtakandi brjóti gildandi reglur um vernd eða

b) þar sem verulegar líkur eru á því að reglur um vernd séu brotnar, gild ástæða sé til að ætla að lögbært yfirvald á Guernsey geri ekki eða muni ekki gera nægilegar ráðstafanir í tæka tíð til að leysa málið sem um er að ræða, áframhaldandi gagnaflutningur mundi stofna hinum skráðu í hættu á að skaðast alvarlega og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum hafa gert verulegt átak í málinu til að veita þeim aðila viðvörun sem ber ábyrgð á vinnslunni og hefur staðfestu á Guernsey og veitt honum tækifæri til andsvara.

2. Tímabundinni stöðvun skal aflétt jafnskjótt og tryggt er að farið sé að reglum um vernd og viðkomandi lögbært yfirvald aðildarríkjanna, sem hlut á að máli, hefur verið gert viðvart.

*4. gr.*

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um ráðstafanir sem eru gerðar á grundvelli 3. mgr.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem tryggja skulu samræmi við reglur um vernd á Guernsey, tryggja ekki slíkt samræmi.

3. Ef upplýsingarnar, sem er aflað skv. 3. gr. og skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, leiða í ljós að einhver aðili, sem ber ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd á Guernsey, gegnir ekki hlutverki sínu á skilvirkan hátt skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru yfirvaldi á Guernsey um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fresta gildistöku þessarar ákvörðunar eða takmarka gildissvið hennar.

*5. gr.*

Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með framkvæmd þessarar ákvörðunar og greina nefndinni, sem var komið á fót samkvæmt 31. gr. tilskipunar 95/46/EB, frá öllum niðurstöðum þar að lútandi, þar á meðal öllum gögnum sem geta haft áhrif á þá niðurstöðu í 1. gr. þessarar ákvörðunar að vernd á Guernsey sé fullnægjandi í skilningi 25. gr. tilskipunar 95/46/EB og öllum tilvikum þar sem framkvæmd þessarar ákvörðunar hefur haft mismunum í för með sér.

*6. gr.*

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari innan sex mánaða frá því að tilkynnt var um hana.

*7. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. nóvember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frederik BOLKESTEIN

framkvæmdastjóri.

# TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/47/EB 2007/EES/16/24

## frá 6. júní 2002

## um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf ([5]) var áfangi í því að koma upp traustum lagaramma fyrir greiðsluuppgjörskerfi og uppgjörskerfi fyrir verðbréf. Með framkvæmd þessarar tilskipunar hefur verið sýnt fram á mikilvægi þess að takmarka kerfistengda áhættu, sem fylgir slíkum kerfum og stafar af ólíkum áhrifum margra lögsagnarumdæma, og ávinninginn af sameiginlegum reglum um tryggingu sem slík kerfi bjóða upp á.

2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins frá 11. maí 1999, sem ber heitið „Að setja ramma um starfsemi fjármálamarkaða: aðgerðaáætlun“, skuldbatt framkvæmdastjórnin sig, að höfðu samráði við sérfræðinga í markaðsmálum og innlend yfirvöld, til að vinna að frekari tillögum um lagasetningu um tryggingar og hvatti til meiri framþróunar á sviði trygginga, umfram tilskipun 98/26/EB.

3) Setja skal Bandalagsreglur um tryggingar í formi verðbréfa og reiðufjár, bæði með tilliti til veðsamninga og samninga um framsal á eignarrétti, þ.m.t. endurhverf verðbréfakaup. Þetta mun stuðla að samþættingu og kostnaðarhagkvæmni á fjármálamarkaðnum og auka stöðugleika fjármálakerfisins í Bandalaginu og efla þannig frelsi til að veita þjónustu og frjálsa fjármagnsflutninga í fjármálaþjónustu á innri markaðnum. Í þessari tilskipun er einkum fjallað um tvíhliða samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

4) Þessi tilskipun er tekin upp í evrópskan lagaramma sem samanstendur einkum af fyrrgreindri tilskipun 98/26/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB frá 4. apríl 2001 um endurskipulagningu og slit lánastofnana ([6]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/17/EB frá 19. mars 2001 um endurskipulagningu og slit vátryggingafélaga ([7]) og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1346/2000 frá 29. maí 2000 um gjaldþrotaskipti ([8]). Þessi tilskipun er í samræmi við almenn atriði þessara fyrri löggerninga og er ekki í andstöðu við þau. Þessi tilskipun er í reynd til fyllingar þeim löggerningum sem fyrir eru með því að hún tekur til fleiri viðfangsefna og fjallar ítarlegar um einstök mál sem þegar er fjallað um í þeim löggerningum.

5) Aðildarríkin skulu, til að bæta réttaröryggi að því er varðar samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, tryggja að tiltekin ákvæði gjaldþrotalaga taki ekki til slíkra samninga, einkum samninga sem gætu hindrað skilvirka innlausn fjárhagslegra trygginga eða vefengt lögmæti þeirra aðferða sem nú eru notaðar, s.s. skuldajöfnun til uppgjörs, framlagning viðbótartrygginga og staðgöngutrygginga.

6) Í þessari tilskipun er ekki fjallað um réttindi sem einstaklingur kann að hafa með tilliti til eigna sem eru settar sem fjárhagsleg trygging og verða til með öðrum hætti en samkvæmt skilmálum samnings um fjárhagslega tryggingarráðstöfun og með öðrum hætti en á grundvelli lagaákvæðis eða réttarreglu vegna upphafs eða framhalds slitameðferðar eða endurskipulagningarráðstafana, s.s. skaðabætur vegna yfirsjónar, skekkju eða vanhæfis.

7) Meginreglan í tilskipun 98/26/EB, þar sem lögin, sem eiga við um rafrænt eignarskráð verðbréf (rafbréf) sem eru lögð fram sem trygging, eru lög lögsagnarumdæmisins þar sem viðkomandi skrá, reikningur eða miðlægt vörslukerfi er geymt, skal rýmkuð í því skyni að skapa réttaröryggi að því er varðar notkun slíkra verðbréfa sem haldið er vegna sambands yfir landamæri og eru notuð sem fjárhagsleg trygging innan gildissviðs þessarar tilskipunar.

8) Öll aðildarríkin viðurkenna nú regluna *lex rei sitae*, en samkvæmt henni eru lög landsins þar sem fjárhagsleg trygging er staðsett þau lög sem fylgja

---

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. EB L 168, 27.6.2002, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2004, 9. júli 2004 um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 26.

([1]) Stjtíð. EB C 180 E, 26.6.2001, bls. 312.

([2]) Stjtíð. EB C 196, 12.7.2001, bls. 10.

([3]) Stjtíð. EB C 48, 21.2.2002, bls. 1.

([4]) Álit Evrópuþingsins frá 13. desember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 5. mars 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. maí 2002.

([5]) Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45.

([6]) Stjtíð. EB L 125, 5.5.2001, bls. 15.

([7]) Stjtíð. EB L 110, 20.4.2001, bls. 28.

([8]) Stjtíð. EB L 160, 30.6.2000, bls. 1.

skal þegar ákvarðað er hvort samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun hefur öðlast gildi og njóti þar með réttarverndar gagnvart þriðju aðilum. Vörslustaður rafbréfa, sem eru sett sem fjárhagsleg trygging og eru í vörslu eins eða fleiri millilliða, skal ákvarðaður án þess að það hafi áhrif á beitingu þessarar tilskipunar varðandi verðbréf sem eru í beinni vörslu aðila. Ef tryggingarhafinn hefur gert lögmætan og haldgóðan samning um tryggingarráðstöfun, í samræmi við gildandi lög þess lands þar sem viðkomandi reikningur er skráður, skal lögmæti hans gagnvart öðru tilkalli til eignarréttar eða annarri hlutdeild í sömu eign og fullnustuhæfi tryggingarinnar einungis ráðast af lögum þess lands, og er með þeim hætti komið í veg fyrir réttaróvissu vegna annarrar, ófyrirséðrar löggjafar.

9) Í því skyni að takmarka stjórnsýsluálag á aðila, sem nota fjárhagslegar tryggingar innan gildissviðs þessarar tilskipunar, skal eina krafan, sem heimilt er að gera um gildi fjárhagslegra trygginga að landslögum, vera að tryggingin skuli afhent, framseld, vera í vörslu, skráð eða með öðrum hætti komið í hendur eða undir yfirráð tryggingarhafa eða aðila sem er í fyrirsvari fyrir hann, sem útilokar þó ekki tryggingaraðferðir sem veita tryggingarveitanda heimild til að skipta út tryggingu eða draga umframtryggingu til baka.

10) Af sömu ástæðum skal gerð, lögmæti, gildi, fullnustuhæfi eða gildi samnings um fjárhagslega tryggingarráðstöfun sem sönnunargagns eða framlagning fjárhagslegrar tryggingar á grundvelli slíks samnings ekki bundin formlegri framkvæmd, s.s. að samið verði skjal í sérstöku formi eða með sérstökum hætti, vistun fari fram hjá opinberri stofnun eða opinberum aðila eða skráning gerð í opinber gögn, auglýsing birt í dagblaði eða tímariti, í opinberri skrá eða útgáfu eða á einhvern annan hátt, tilkynning send til opinbers starfsmanns eða lögð fram gögn á tilteknu formi til vitnis um dagsetningu á framkvæmd skjals eða gernings, fjárhæð viðkomandi fjárskuldbindinga eða öðrum málum. Þessi tilskipun verður þó að mynda jafnvægi milli skilvirkni markaðarins og öryggis þeirra sem eru aðilar að samningnum og þriðju aðila þannig að komist verði m.a. hjá hættu á svikum. Þessu jafnvægi er náð ef gildissvið þessarar tilskipunar nær aðeins til þeirra samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir þar sem kveðið er á um einhvers konar eignarsviptingu, þ.e. framlagningu fjárhagslegrar tryggingar, og þegar unnt er að færa sönnur á framlagningu þeirra skriflega eða á varanlegum miðli og tryggja þannig að unnt sé að rekja tryggingguna. Í þessari tilskipun skulu aðgerðir, sem kveðið er á um í lögum aðildarríkis að séu skilyrði fyrir því að framselja eða stofna tryggingarréttindi í fjármálagerningum, öðrum en rafbréfum, s.s. framsal handhafabréfa eða skráning í verðbréfaskrá þegar um er að ræða skráð verðbréf, ekki teljast formlegar framkvæmdir.

11) Enn fremur skal þessi tilskipun einungis vernda samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir sem hægt er að færa sönnur á. Slík sönnunargögn geta verið veitt skriflega eða með öðrum hætti sem unnt er að framfylgja samkvæmt lögum sem gilda um samning um fjárhagslega tryggingarráðstöfun.

12) Einfölduð notkun á fjárhagslegum tryggingum, sem næst með takmörkunum á stjórnsýsluálagi, eykur skilvirkni í starfsemi Seðlabanka Evrópu og seðlabanka aðildarríkja, sem taka þátt í Efnahags- og myntbandalaginu, yfir landamæri, sem er nauðsynleg vegna framkvæmdar sameiginlegrar stefnu í peningamálum. Jafnframt leiðir sú takmarkaða vernd, sem samningar um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir njóta gegn tilteknum ákvæðum gjaldþrotalaga, til frekari stuðnings við sameiginlega peningamálastefnu í víðari skilningi, þar sem þátttakendur í peningamarkaðnum jafna, sín á milli, heildarfjárhæð lausafjár á markaðnum með viðskiptum yfir landamæri gegn tryggingu.

13) Með þessari tilskipun er leitast við að vernda lögmæti samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir sem byggjast á framsali á fullum eignarrétti yfir fjárhagslegu tryggingunni, t.d. með því að útiloka að litið sé á slíka samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir (þ.m.t. endurhverf verðbréfakaup) sem veðsamninga.

14) Fullnustuhæfi tvíhliða skuldajöfnunar til uppgjörs skal vera verndað, ekki einungis sem fullnustuleið gagnvart samningum um framsal eignarréttar yfir fjárhagslegri tryggingu, þ.m.t. endurhverf verðbréfakaup, heldur, í almennari skilningi, þegar skuldajöfnun til uppgjörs er hluti af samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun. Traustar áhættustjórnunaraðferðir, sem eru almennt notaðar á fjármálamarkaði, skulu njóta verndar með því að þátttakendum sé gert kleift að stjórna og draga úr lánaáhættu, sem stafar af alls kyns fjármálaviðskiptum á jöfnuðum grunni, þegar lánaáhættan er reiknuð með því að sameina áætlað núvirði áhættu vegna allra útistandandi viðskipta við mótaðila, jafna út gagnkvæma liði til að fá fram eina heildarfjárhæð sem er borin saman við núvirði tryggingarinnar.

15) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á takmarkanir eða kröfur í landslögum um það hvenær fram skuli fara skuldajöfnun eða nettun í tengslum við kröfur og skyldur, t.d. um að kröfurnar og skyldurnar skuli vera gagnkvæmar eða að þeim hafi verið lokið áður en tryggingarhafinn vissi eða hefði mátt vita að slitameðferð eða endurskipulagningarráðstafanir séu hafnar hjá tryggingarveitanda (eða um bindandi lagagerninga sem leiða til þess að slíks).

16) Þær traustu markaðsvenjur sem eftirlitsyfirvöld styðja, en samkvæmt þeim nota þátttakendur í fjármálamarkaðnum samninga um fjárhagslegar ráðstafanir um viðbótartryggingar til að stjórna og takmarka lánaáhættu sína hver gagnvart öðrum og reikna gildandi markaðsvirði lánaáhættunnar og verðgildi fjárhagslegu tryggingarinnar og fara fram á, til samræmis við það, viðbótartryggingu eða skil á umframfjárhæð fjárhagslegrar tryggingar, skulu vera verndaðar gegn sérreglum um hlutlægar ógildingarástæður. Hið sama á við um möguleikann á að skipta út eignum, sem eru settar sem fjárhagsleg trygging, með öðrum eignum sem hafa sama verðgildi. Tilgangurinn er einungis að tryggja að ekki sé hægt að vefengja framlagningu fjárhagslegrar viðbótar- eða staðgöngutryggingar einvörðungu á þeim grundvelli að viðkomandi fjárskuldbindingar hafi verið fyrir hendi áður en fjárhagslega tryggingin var lögð fram eða að fjárhagslega tryggingin hafi verið lögð fram á tilteknu tímabili. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að unnt sé, samkvæmt landslögum, að vefengja samning um fjárhagslega tryggingarráðstöfun eða framlagningu fjárhagslegrar tryggingar í tengslum við upphaflega tryggingu, viðbótartryggingu eða staðgöngutryggingu, t.d. þegar tilgangurinn með framlagningu hefur verið að rýra stöðu annarra lánardrottna (þetta tekur m.a. til málaferla vegna svika eða svipaðra sérreglna um hlutlægar ógildingarástæður sem kunna að gilda á tilteknu tímabili).

17) Í þessari tilskipun er kveðið á um hraðar og óformbundnar fullnustuleiðir til að tryggja fjárhagslegan stöðugleika og takmarka smitáhrif þegar um er að ræða vanskil aðila að samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun. Með tilskipuninni er þó náð jafnvægi milli síðastnefndu markmiðanna og verndunar tryggingarveitanda og þriðju aðila en í henni er ótvírætt staðfest að aðildarríkin geti áfram haft í landslögum eftirlit dómstóla með innlausn eða mati á fjárhagslegri tryggingu og útreikningi á viðkomandi fjárskuldbindingum eftir á (*a posteriori*), eða sett það í lög síðar. Með slíku eftirliti skal dómsmálayfirvöldum gert kleift að sannreyna að innlausn eða mat hafi farið fram samkvæmt sanngjörnum viðskiptaháttum.

18) Unnt skal vera að leggja fram tryggingu í reiðufé bæði vegna samninga um framsal á eignarrétti og samninga um veðsetningu sem eru verndaðir með samþykki á nettun eða veðsetningu tryggingar í reiðufé. Með reiðufé er einungis átt við fé sem er sýnt sem inneign á reikningi eða sambærilegar kröfur um endurgreiðslu á fé (s.s. innlán á peningamarkað), og eru peningaseðlar þannig ótvírætt útilokaðir.

19) Í þessari tilskipun er kveðið á um notkunarrétt þegar um er að ræða samninga um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu sem auka lausafé á fjármálamarkaðnum með endurnotkun „veðsettra“ verðbréfa. Þessi notkunarréttur skal þó ekki hafa áhrif á ákvæði í landslögum um aðgreiningu á eignum og ósanngjarna meðferð á lánardrottnum.

20) Þessi tilskipun er með fyrirvara um beitingu og áhrif samningsskilmála fjármálagerninga, sem eru settir sem fjárhagsleg trygging, s.s. réttindi og skyldur og önnur skilyrði sem er að finna í útgáfuskilmálunum og öll önnur réttindi og skyldur og önnur skilyrði sem gilda milli útgefanda og handhafa slíkra gerninga.

21) Þessi gerð er í samræmi við grundvallarréttindin og fylgir þeim meginreglum sem einkum er mælt fyrir um í sáttmála Evrópusambandsins um þau.

22) Þar sem aðildarríkin geta ekki með fullnægjandi hætti náð því markmiði sem fyrirhuguð aðgerð felur í sér, þ.e. að setja lágmarksreglur um notkun fjárhagslegra trygginga, og auðveldara er að ná markmiðinu á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil og hefur víðtæk áhrif, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, eins og segir í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Inntak og gildissvið**

1. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um Bandalagsreglur um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, sem fullnægja kröfunum í 2. og 5. mgr., og um fjárhagslegar tryggingar í samræmi við skilyrðin í 4. og 5. mgr.

2. Tryggingarhafinn og tryggingarveitandinn verða, hvor um sig, að falla í einn af eftirfarandi flokkum:

a) opinbert yfirvald (að undanskildum fyrirtækjum sem hið opinbera er í ábyrgð fyrir nema þau falli undir b- til e-lið), þ.m.t.:

   i) opinberir aðilar í aðildarríkjum sem bera ábyrgð á eða hafa afskipti af stjórnun á skuldum hins opinbera og

   ii) opinberir aðilar í aðildarríkjum sem hafa heimild til að færa reikningshald fyrir viðskiptavini,

b) seðlabanki, Seðlabanki Evrópu, Alþjóðagreiðslubankinn, fjölþjóðlegur þróunarbanki, eins og hann er skilgreindur í 19. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana ([1]), Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Fjárfestingabanki Evrópu,

([1]) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2000/28/EB (Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37).

c) fjármálastofnun sem sætir varfærniseftirliti, þar á meðal:

i) lánastofnun, eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB, þ.m.t. þær stofnanir sem eru tilgreindar í 3. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar,

ii) fjárfestingarfyrirtæki, eins og það er skilgreint í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta ([1]),

iii) fjármálastofnun, eins og hún er skilgreind í 5. mgr. 1. gr. tilskipunar 2000/12/EB,

iv) vátryggingafélag, eins og það er skilgreint í a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar, ([2]) og líftryggingafélag eins og það er skilgreint í a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 92/96/EBE frá 10. nóvember 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar á sviði líftrygginga ([3]),

v) fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum eins og það er skilgreint í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum ([4]),

vi) rekstrarfélag eins og það er skilgreint í 2. mgr. 1. gr. a í tilskipun 85/611/EBE,

d) milligönguaðili, uppgjörsaðili eða greiðslujöfnunarstöð, eins og skilgreint er í sömu röð í c-, d- og e-lið 2. gr. tilskipunar 98/26/EB, þ.m.t. svipaðar stofnanir, sem eru eftirlitsskyldar samkvæmt landslögum, sem stunda viðskipti á mörkuðum með framvirka, staðlaða samninga, valréttarbréf og afleiður, að því marki sem er ekki fjallað um í þeirri tilskipun, og lögaðili, sem kemur fram sem vörsluaðili eða í umboði eins eða fleiri aðila, sem eru t.d. handhafar skuldabréfa eða verðbréfa í öðru formi til tryggingar skuldum, eða stofnunar eins og skilgreint er í a- til d-lið,

e) lögaðili, þ.m.t. óskráð fyrirtæki og sameignarfélög, að því tilskildu að hinn aðilinn sé stofnun eins og skilgreint er í a- til d-lið.

3. Aðildarríki geta ákveðið að samningar um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir séu ekki innan gildissviðs tilskipunarinnar ef einn af aðilunum er lögaðili sem um getur í e-lið 2. mgr.

Ef aðildarríkin notfæra sér þennan möguleika skulu þau tilkynna það framkvæmdastjórninni sem skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um það.

4. a) Fjárhagslega tryggingin, sem á að veita, verður að vera í reiðufé eða fjármálagerningar.

b) Aðildarríki geta ákveðið að fjárhagsleg trygging í eigin hlutabréfum tryggingarveitandans, hlutabréfum í eignatengdum fyrirtækjum í skilningi sjöundu tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga ([5]) og hlutabréfum í fyrirtækjum sem miðast eingöngu við eign á framleiðslutækjum, sem hafa úrslitaþýðingu fyrir fyrirtæki tryggingarveitanda, eða eign fasteigna, sé ekki innan gildissviðs þessarar tilskipunar.

5. Þessi tilskipun gildir um fjárhagslega tryggingu þegar hún hefur verið veitt og ef unnt er að færa sönnur á hana skriflega.

Í sönnunarfærslu fyrir fjárhagslegri tryggingu skal vera unnt að auðkenna fjárhagslegu tryggingunа sem hún tekur til. Í því skyni er nægilegt að færa sönnur á að trygging í formi rafbréfa hafi verið eignfærð á viðkomandi reikning eða sé innstæða á honum og að trygging í formi reiðufjár hafi verið eignfærð á tilgreindan reikning eða sé innistæða á honum.

Þessi tilskipun gildir um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir ef færðar eru sönnur á þá með skriflegum eða með öðrum hætti sem er sambærilegur í lagalegu tilliti.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun“: samningur um framsal eignarréttar yfir fjárhagslegri tryggingu eða samningur um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu hvort sem hann fellur undir rammasamning eða almenna skilmála,

b) „samningur um framsal eignarréttar yfir fjárhagslegri tryggingu“: samningur, þ.m.t. endurhverf verðbréfakaup, þar sem tryggingarveitandi framselur fullan eignarrétt yfir fjárhagslegri tryggingu til tryggingarhafa til að tryggja, eða ná fram með öðrum hætti, efndum á viðkomandi fjárskuldbindingum,

c) „samningur um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu“: samningur þar sem tryggingarveitandi leggur fram fjárhagslega tryggingu sem veð í þágu, eða á nafn, tryggingarhafans, og eignarréttur yfir fjárhagslegu tryggingunni helst að fullu hjá tryggingarveitanda þegar veðréttur er stofnaður,

([1]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).
([2]) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB.
([3]) Stjtíð. EB L 360, 9.12.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB.
([4]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB (Stjtíð. EB L 41, 13.2.2002, bls. 35).
([5]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB (Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 28).

d) „reiðufé“: fé sem er eignfært á reikning í hvaða gjaldmiðli sem er eða svipaðar kröfur um endurgreiðslu fjár, s.s. innlán á peningamarkaði,

e) „fjármálagerningar”: hlutabréf í félögum og önnur verðbréf, sem jafngilda hlutabréfum í félögum, og skuldabréf og skuldagerningar í öðru formi, ef unnt er að versla með þau á fjármagnsmarkaði, og önnur verðbréf, sem venja er að höndla með og veita rétt til kaupa á slíkum hlutabréfum, skuldabréfum eða öðrum verðbréfum, með áskrift, kaupum eða skiptum, eða bréf sem eru gerð upp í reiðufé (að undanskildum greiðsluskjölum), þ.m.t. einingar í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu, peningamarkaðsgerningar og kröfur í tengslum við eða réttindi í eða viðkomandi einhverju af framangreindu,

f) „viðkomandi fjárskuldbindingar“: skuldbindingar sem eru tryggðar með samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun og veita rétt til greiðslu í reiðufé og/eða afhendingar á fjármálagerningum.

Viðkomandi fjárskuldbindingar geta verið eða falið í sér:

i) núverandi eða í framtíð, raunverulegar eða skilyrtar eða væntanlegar skuldbindingar (þ.m.t. slíkar skuldbindingar sem rekja má til rammasamnings eða svipaðs samnings),

ii) skuldbindingar sem annar en tryggingarhafinn hefur gagnvart tryggingarveitanda eða

iii) skuldbindingar í tilteknum flokki eða af þeim toga sem verða til öðru hverju,

g) „trygging í formi rafbréfa”: fjárhagsleg trygging samkvæmt samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun og er eignarréttur yfir henni sannreyndur með færslum í skrá eða á reikningi sem er færður af eða fyrir millilið,

h) „viðkomandi reikningur“: í tengslum við tryggingu í formi rafbréfa, sem fellur undir samning um fjárhagslega tryggingarráðstöfun, skráin eða reikningurinn – sem tryggingarhafinn getur fært – sem færslurnar eru færðar í, en trygging í formi rafbréfa er látin tryggingarhafanum í té samkvæmt henni eða honum,

i) „sambærileg trygging“:

i) í tengslum við reiðufé: greiðsla sömu fjárhæðar og í sama gjaldmiðli,

ii) í tengslum við fjármálagerninga: fjármálagerningar sama útgefanda eða skuldara, sem eru hluti af sömu útgáfu eða flokki, á sama nafnvirði og í sama gjaldmiðli og með sömu lýsingu, eða aðrar eignir ef í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun er kveðið á um framsal þessara annarra eigna í kjölfar atburðar sem tengist eða hefur áhrif á fjármálagerninga sem lagðir eru fram sem fjárhagsleg trygging,

j) „slitameðferð“: sameiginleg málsmeðferð sem felur í sér innlausn eigna og skiptingu afrakstursins milli lánardrottna, hluthafa eða félaga, eftir því sem við á, og felur í sér hvers konar íhlutun stjórnvalda eða dómsmálayfirvalda, þ.m.t. þau tilvik þegar sameiginlegri málsmeðferð lýkur með nauðasamningi eða annarri hliðstæðri ráðstöfun, hvort sem hún er vegna gjaldþrots, að eigin frumkvæði eða lögboðin,

k) „endurskipulagningarráðstafanir“: ráðstafanir sem fela í sér hvers kyns íhlutun af hálfu stjórnvalda eða dómsmálayfirvalda í þeim tilgangi að viðhalda fjárhagsstöðu eða koma henni í eðlilegt horf og hafa áhrif á fyrirliggjandi réttindi þriðju aðila, þ.m.t., en þó ekki eingöngu, ráðstafanir sem fela í sér greiðslustöðvun, frestun fullnusturáðstafana eða lækkun á kröfum,

l) „grundvöllur fullnustu“: vanskil eða sambærilegur atburður, sem aðilar hafa komið sér saman um að verði til þess, samkvæmt skilmálum í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun eða vegna beitingar lagaákvæðis, að tryggingarhafinn eigi rétt á að innleysa eða taka til eignar fjárhagslega tryggingu eða að ákvæði um skuldajöfnun til uppgjörs taki gildi,

m) „notkunarréttur“: sá réttur sem tryggingarhafi hefur til að nota og ráðstafa fjárhagslegri tryggingu, sem er lögð fram samkvæmt samningi um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu, sem eigandi hennar, í samræmi við skilmála samningsins um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu,

n) „ákvæði um skuldajöfnun til uppgjörs“: ákvæði í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun eða í samningi sem fjárhagsleg tryggingarráðstöfun er hluti af eða, ef ekki er um slíkt ákvæði að ræða, lagaákvæði sem felur í sér, þegar grundvöllur er fyrir fullnustu, með skuldajöfnun, nettun eða öðrum hætti:

i) að skuldbindingum samningsaðila er flýtt þannig að þær falla þegar í stað í gjalddaga og eru tilgreindar sem skuldbinding um að greiða fjárhæð sem svarar til áætlaðs núvirðis skuldbindinganna eða er sagt upp og í stað þeirra kemur skuldbinding um að greiða slíka fjárhæð og/eða

ii) að reiknað er út hvað hvorum aðila um sig ber að greiða vegna slíkra skuldbindinga og skal nettófjárhæð, sem svarar til mismunarins, falla á þann aðila sem skuldar meira.

2. Þegar vísað er til þess að fjárhagsleg trygging sé „lögð fram“ í þessari tilskipun eða til „framlagningar“ fjárhagslegrar tryggingar er átt við að fjárhagsleg trygging sé afhent, framseld, í vörslu, skráð eða að henni sé með öðrum hætti komið í hendur eða undir yfirráð tryggingarhafa eða aðila sem er í fyrirsvari fyrir hann. Hvers kyns réttur tryggingarveitanda til að skipta út fjárhagslegri tryggingu eða draga umframtryggingu til baka hefur ekki áhrif á fjárhagslega tryggingu sem tryggingarhafi hefur fengið samkvæmt þessari tilskipun.

3. Orðið „skriflegur“ í þessari tilskipun felur í sér skráningu á rafræna miðla og hvers kyns aðra varanlega miðla.

*3. gr.*

**Formkröfur**

1. Aðildarríki skulu ekki krefjast þess að gerð, lögmæti, gildi, fullnustuhæfi eða gildi samnings um fjárhagslega tryggingarráðstöfun sem sönnunargagns eða framlagning fjárhagslegar tryggingar, samkvæmt samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun, sé háð skilyrðum um formlega framkvæmd.

2. Ákvæði 1. mgr. hefur ekki áhrif á beitingu þessarar tilskipunar að því er varðar fjárhagslega tryggingu fyrr en tryggingin hefur verið lögð fram og unnt er að sýna fram á það skriflega og þegar unnt er að sýna fram á samning um fjárhagslega tryggingarráðstöfun skriflega eða með öðrum hætti sem er sambærilegur í lagalegu tilliti.

*4. gr.*

**Fullnusta samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir**

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að þegar grundvöllur er fyrir fullnustu geti tryggingarhafi innleyst fjárhagslegar tryggingar sem eru lagðar fram samkvæmt og með fyrirvara um samþykkta skilmála í samningi um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu á eftirfarandi hátt:

a) fjármálagerninga með sölu eða töku þeirra til eignar og með því að jafna verðgildi þeirra á móti, eða til að standa skil á, viðkomandi fjárskuldbindingum,

b) reiðufé með því að jafna fjárhæðina á móti, eða til að standa skil á, viðkomandi fjárskuldbindingum.

2. Aðeins er unnt að taka fjárhagslega tryggingu til eignar ef:

a) aðilar hafa komið sér saman um það í samningi um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu og

b) aðilar hafa náð samkomulagi um mat á fjármálagerningnum í samningi um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu.

3. Aðildarríki, sem hafa ekki heimilað töku fjárhagslegrar tryggingar til eignar 27. júní 2002, eru ekki skuldbundin til að viðurkenna hana.

Ef aðildarríkin notfæra sér þennan möguleika skulu þau tilkynna það framkvæmdastjórninni sem síðan skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um það.

4. Þegar fjárhagsleg trygging er innleyst með þeim aðferðum sem um getur í 1. mgr. skal, með hliðsjón af þeim skilmálum sem eru tilgreindir í samningi um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu, ekki gera kröfu um:

a) að hafa þurfi fyrirvara á fyrirætlun um innlausn,

b) að samþykkja þurfi skilmála innlausnarinnar fyrir dómi, opinberum starfsmanni eða öðrum aðila,

c) að innlausnin fari fram með opinberu uppboði eða einhverjum öðrum tilskildum hætti eða

d) að frekari frestur þurfi að hafa liðið.

5. Aðildarríki skulu tryggja að samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun geti tekið gildi í samræmi við skilmála hans þrátt fyrir að slitameðferð eða endurskipulagningarráðstafanir tryggingarveitanda eða tryggingarhafa hefjist eða sé fram haldið.

6. Þessi grein og 5., 6. og 7. gr. eru með fyrirvara um kröfur samkvæmt landslögum þess efnis að innlausnin eða matið á fjárhagslegri tryggingu og útreikningur á viðkomandi fjárskuldbindingum verði að fara fram í samræmi við góða viðskiptahætti.

*5. gr.*

**Réttur til að nota fjárhagslegar tryggingar samkvæmt samningum um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að tryggingarhafinn hafi afnotarétt af fjárhagslegri tryggingu sem er lögð fram samkvæmt samningi um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu ef og að því marki sem ákvæði eru um það í samningnum.

2. Ef tryggingarhafi nýtir sér notkunarrétt skuldbindur hann sig þar með til að framselja sambærilega tryggingu í stað upphaflegu fjárhagslegu tryggingarinnar eigi síðar en á gjalddaga viðkomandi fjárskuldbindingar sem er tryggð með samningi um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu.

Að öðrum kosti skal tryggingarhafinn á gjalddaga viðkomandi fjárskuldbindinga annaðhvort framselja sambærilega tryggingu eða, ef og að því marki sem kveðið er á um í samningi um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu, jafna verðgildi sambærilegu tryggingarinnar á móti viðkomandi fjárskuldbindingu eða standa skil á henni.

3. Sambærilega tryggingin, sem er framseld til að standa skil á skuldbindingu eins og lýst er í fyrstu undirgrein 2. mgr., skal falla undir ákvæði sama samnings um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu og upphaflega fjárhagslega tryggingin og skal farið með hana eins og hún hafi verið lögð fram samkvæmt samningnum um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu á sama tíma og upphaflega fjárhagslega tryggingin var fyrst lögð fram.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að nýting tryggingarhafa á fjárhagslegri tryggingu samkvæmt þessari grein ógildi ekki eða geri ófullnustuhæfan rétt hans samkvæmt samningi um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu í tengslum við fjárhagslegu tryggingunna sem tryggingarhafi framselur til að standa skil á skuldbindingu, eins og lýst er í fyrstu undirgrein 2. mgr.

5. Ef grundvöllur er fyrir fullnustu áður en skuldbinding, sem lýst er í fyrstu undirgrein 2. mgr., hefur verið efnd getur skuldbindingin fallið undir ákvæði um skuldajöfnun til uppgjörs.

*6. gr.*

**Viðurkenning á samningi um framsal eignarréttar yfir fjárhagslegri tryggingu**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að samningur um framsal eignarréttar yfir fjárhagslegri tryggingu geti tekið gildi í samræmi við skilmála hans.

2. Ef grundvöllur er fyrir fullnustu áður en skuldbinding tryggingarhafa um að framselja sambærilega tryggingu samkvæmt samningi um framsal eignarréttar yfir fjárhagslegri tryggingu hefur verið efnd getur skuldbindingin heyrt undir ákvæði um skuldajöfnun til uppgjörs.

*7. gr.*

**Viðurkenning á ákvæðum um skuldajöfnun til uppgjörs**

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að ákvæði um skuldajöfnun til uppgjörs geti tekið gildi í samræmi við skilmála þess:

a) þrátt fyrir að slitameðferð eða endurskipulagningarráðstafanir, að því er varðar tryggingarveitanda og/eða tryggingarhafa, séu hafnar eða sé fram haldið og/eða

b) þrátt fyrir meint framsal, réttarfarslegt löghald eða annað löghald eða aðra lúkningu slíkra réttinda eða að því er varðar slík réttindi.

2. Aðildarríki skulu tryggja að beiting ákvæðis um skuldajöfnun til uppgjörs heyri ekki undir neina af þeim kröfum sem um getur í 4. mgr. 4. gr., nema aðilar semji um annað.

*8. gr.*

**Tilvik þegar tiltekin gjaldþrotaákvæði gilda ekki**

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að ekki sé unnt að lýsa því yfir að samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun, sem og framlagning fjárhagslegrar tryggingar samkvæmt slíkum samningi, skuli ógildur eða ómerkur eða hnekkt af þeirri ástæðu einni að hann hafi orðið til eða að fjárhagsleg trygging lögð fram:

a) sama dag og slitameðferð eða endurskipulagningarráðstafanir hófust eða var fram haldið, en áður en fyrirmæli voru gefin eða úrskurður kveðinn upp um það upphaf eða

b) innan tiltekins tíma fyrir upphaf slíkrar meðferðar eða ráðstafana og skilgreind með vísun til þess eða til þeirra fyrirmæla eða úrskurðar sem er kveðinn upp eða til annarrar aðgerðar eða annars atburðar meðan á slíkri meðferð eða ráðstöfunum stendur.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að fyrirliggjandi samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun eða viðkomandi fjárskuldbinding eða fjárhagsleg trygging, sem hefur verið lögð fram sama dag og en þó eftir að slitameðferð eða endurskipulagningarráðstafanir hófust, sé fullnustuhæf samkvæmt lögum og bindandi gagnvart þriðja aðila ef tryggingarhafi getur sannað að honum hafi ekki verið kunnugt um, né mátt vera kunnugt um, að slík meðferð eða ráðstafanir væru hafnar.

3. Þegar í samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun felst:

a) skuldbinding um að leggja fram fjárhagslega tryggingu eða fjárhagslega viðbótartryggingu til að taka mið af breytingum á verðgildi fjárhagslegu tryggingarinnar eða fjárhæð viðkomandi fjárskuldbindinga eða

b) réttur til að draga til baka fjárhagslega tryggingu með því að leggja fram, með staðgöngu eða skiptum, fjárhagslega tryggingu sem hefur nánast sama verðgildi,

skulu aðildarríki sjá til þess að ekki sé litið svo á að með því að leggja fram fjárhagslega tryggingu, fjárhagslega viðbótartryggingu eða fjárhagslega staðgöngu- eða skiptitryggingu, samkvæmt slíkri skuldbindingu eða rétti, að hún sé ógild eða numin úr gildi af þeirri ástæðu einni að:

i) slík framlagning hafi farið fram á sama degi og slitameðferð eða endurskipulagningarráðstafanir hófust, en áður en fyrirmælin voru gefin eða úrskurðurinn kveðinn upp um það upphaf, eða tilteknum tíma fyrir og hún skilgreind með vísun til upphafs slitameðferðar eða endurskipulagningarráðstafana eða til hvers kyns fyrirmæla eða úrskurðar sem er kveðinn upp eða til annarrar aðgerðar eða annars atburðar meðan á slíkri meðferð eða ráðstöfunum stendur og/eða

ii) stofnað hafi verið til viðkomandi fjárskuldbindingar fyrir þann dag sem fjárhagslega tryggingin, fjárhagslega viðbótartryggingin eða fjárhagslega staðgöngu- eða skiptitryggingin var lögð fram.

4. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á almenn ákvæði innlendra gjaldþrotalaga að því er varðar ógildingu viðskipta sem eru gerð á tilteknu tímabili sem um getur í b-lið 1. mgr. og i-lið 3. mgr., samanber þó 1., 2. og 3. mgr.

*9. gr.*

**Lagaskil**

1. Öll álitamál, sem snerta einhver þau mál sem eru tilgreind í 2. mgr. og koma upp í tengslum við tryggingar í formi rafbréfa, skulu falla undir lög þess lands þar sem viðkomandi reikningur er geymdur. Vísun í lög lands telst vera vísun í landslög, án tillits til þeirra reglna sem kveða á um að vísað skuli til laga annars lands þegar skorið er úr um viðkomandi álitamál.

2. Málin, sem um getur í 1. mgr., eru:

a) lagalegt eðli og eignarréttarleg áhrif tryggingar í formi rafbréfa,

b) kröfurnar um gildi samnings um fjárhagslega tryggingarráðstöfun í tengslum við rafbréf og framlagning tryggingar í formi rafbréfa samkvæmt slíkum samningi og almennar kröfur um hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til að slíkur samningur og framlagning tryggingar gildi gagnvart þriðja aðila,

c) hvort eignarréttur aðila eða tilkall til slíkrar tryggingar í formi rafbréfa er léttvægara eða víki fyrir eignarrétti eða tilkalli annars aðila eða hvort kaup hafi farið fram í góðri trú,

d) þær aðgerðir sem krafist er til að innleysa tryggingu í formi rafbréfa í kjölfar þess að grundvöllur myndast fyrir fullnustu.

*10. gr.*

**Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar**

Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 27. desember 2006, einkum um beitingu 3. mgr. 1. gr., 3. mgr. 4. gr. og 5. gr. ásamt meðfylgjandi tillögum um endurskoðun tilskipunarinnar eftir því sem við á.

*11. gr.*

**Framkvæmd.**

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 27. desember 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*12. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*13. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. júní 2002.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| P. COX | A. M. BIRULÉS Y BERTRÁN |
| *forseti.* | *forseti.* |

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/103/EB** **2007/EES/16/25**

**frá 17. nóvember 2003**

**um breytingu á tilskipun 2001/25/EB um lágmarksþjálfun sjómanna (*)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB frá 4. apríl 2001 um lágmarksþjálfun sjómanna ([3]) eru skilgreindar kröfur um lágmarksþjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna sem starfa um borð í skipum Bandalagsins. Þessar kröfur byggjast á kröfum samþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar frá 1978 um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW-samþykktin), með áorðnum breytingum.

2) Til að viðhalda og þróa tiltekna þekkingu og hæfni á sviði sjóflutninga í ESB er mikilvægt að gefa menntun og þjálfun sjómanna og stöðu þeirra í ESB tilhlýðilegan gaum.

3) Nauðsynlegt er að tryggja að sjómenn sem eru handhafar skírteina, sem eru gefin út í þriðju löndum, og starfa um borð í skipum Bandalagsins, búi yfir sömu hæfni og krafist er í STCW-samþykktinni. Í tilskipun 2001/25/EB er mælt fyrir um málsmeðferð og sameiginlegar viðmiðanir fyrir viðurkenningu aðildarríkjanna á skírteinum sem eru gefin út í þriðju löndum.

4) Í tilskipun 2001/25/EB er kveðið á um endurmat á málsmeðferð og viðmiðunum fyrir viðurkenningu skírteina, sem eru gefin út í þriðju löndum, og viðurkenningu mennta- og þjálfunarstofnana og námsbrauta og námskeiða fyrir sjómenn í ljósi fenginnar reynslu af beitingu tilskipunarinnar.

5) Framkvæmd tilskipunar 2001/25/EB hefur leitt í ljós að breytingar á málsmeðferð og viðmiðunum gætu stóraukið áreiðanleika viðurkenningarkerfisins en jafnframt einfaldað þær kvaðir sem eru lagðar á aðildarríkin um eftirlit og skýrslugjöf.

6) Með aukinni samræmingu er unnt að meta á mun markvissari hátt hvort þriðju lönd, sem veita menntun og þjálfun, uppfylli ákvæði STCW-samþykktarinnar. Framkvæmdastjórninni skal því falið þetta verkefni af hálfu Bandalagsins í heild.

7) Til að tryggja að land, sem hefur verið viðurkennt, uppfylli kröfur STCW-samþykktarinnar að fullu, skal endurskoða viðurkenninguna reglulega og framlengja hana ef við á. Afturkalla skal viðurkenningu þriðja lands sem uppfyllir ekki kröfur STCW-samþykktarinnar þar til annmarkar hafa verið lagfærðir.

8) Unnt er að taka markvissari ákvarðanir um framlengingu eða afturköllun viðurkenninga ef það er gert á samræmdan hátt og miðlægt í Bandalaginu. Framkvæmdastjórninni skulu því falin þessi verkefni af hálfu Bandalagsins í heild.

9) Unnt er að hafa markvissara, stöðugt eftirlit með því hvort þriðju lönd, sem hafa verið viðurkennd, uppfylli kröfur STCW-samþykktarinnar ef það er gert á samræmdan hátt og miðlægt.

10) Eitt af verkefnum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (Stofnunarinnar) er að aðstoða framkvæmdastjórnina við að leysa hvers konar verkefni, sem henni eru falin samkvæmt löggjöf Bandalagsins, sem varða menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna skipa.

11) Stofnunin skal því aðstoða framkvæmdastjórnina við þau verkefni hennar að veita, framlengja og afturkalla viðurkenningar þriðju landa. Hún skal einnig aðstoða framkvæmdastjórnina við eftirlit með því hvort þriðju lönd uppfylli kröfur STCW-samþykktarinnar.

12) Í STCW-samþykktinni eru tilgreindar tungumálakröfur sem gilda um skírteini og áritanir sem staðfesta útgáfu skírteinis. Færa skal ákvæði tilskipunar 2001/25/EB til samræmis við viðeigandi kröfur samþykktarinnar.

---

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 326, 13.12.2003, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2004, 9. júli 2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 27.

([1]) Stjtíð. EB C 133, 6.6.2003, bls. 23.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 3. september 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 6. nóvember 2003.

([3]) Stjtíð. EB L 136, 18.5.2001, bls. 17. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2002/84/EB (Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 53).

13) Í Alþjóðasamningi um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974, með áorðnum breytingum (SOLAS-samþykktin), er mælt fyrir um kröfur um tungumálakunnáttu til tryggja örugg fjarskipti milli skips og lands. Tilskipun 2001/25/EB skal uppfærð í samræmi við nýlegar breytingar á SOLAS-samþykktinni sem tóku gildi 1. júlí 2002.

14) Nauðsynlegt er að ákvarða málsmeðferð til að laga tilskipun 2001/25/EB að breytingum á lögum Bandalagsins í framtíðinni.

15) Breyta ber tilskipun 2001/25/EB til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Tilskipun 2001/25/EB er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

   a) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

      „3. Skírteini skulu gefin út í samræmi við 1. mgr. reglu I/2 í STCW-samþykktinni.“

   b) eftirfarandi málsliður bætist við 5. mgr.:

      „Áritanir eru veittar í samræmi við 2. mgr. VI. gr. í STCW-samþykktinni.“

2. Í stað e-liðar 17. gr. komi eftirfarandi:

   „e) að viðeigandi búnaður sé til staðar svo fjarskipti geti farið fram milli skips og yfirvalda í landi. Þessi fjarskipti skulu fara fram í samræmi við 4. mgr. reglu 14 í V. kafla SOLAS-samþykktarinnar.“

3. Í stað 3. mgr. 18. gr. komi eftirfarandi:

   „3. Sjómönnum, sem hafa ekki undir höndum skírteinin sem um getur í 4. gr., er heimilt að starfa um borð í skipum sem sigla undir fána aðildarríkis, að því tilskildu að samþykkt hafi verið ákvörðun um viðurkenningu þess skírteinis, sem þeir hafa undir höndum, samkvæmt málsmeðferðinni hér á eftir:

   a) Aðildarríki sem hefur í hyggju að viðurkenna, með áritun, viðeigandi skírteini, sem þriðju lönd hafa gefið út fyrir skipstjóra, yfirmann eða loftskeytamann vegna þjónustu á skipum sem sigla undir fána þess, skal leggja fram rökstudda beiðni til framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu þessa þriðja lands.

      Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (Stofnunarinnar) og hugsanlega með þátttöku einhvers hlutaðeigandi aðildarríkis, safna upplýsingunum, sem um getur í II. viðauka, og láta fara fram mat á fyrirkomulagi um menntun og þjálfun og skírteinisútgáfu í því þriðja landi, sem beiðnin um viðurkenningu á við, til að sannprófa hvort viðeigandi land uppfylli allar kröfur STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini.

   b) Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um viðurkenningu þriðja lands í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr. innan þriggja mánaða frá þeim degi sem beiðni um viðurkenninguna barst. Ef viðurkenningin er veitt skal hún gilda með fyrirvara um ákvæði 18. gr. a.

   c) Ef engin ákvörðun er tekin um viðurkenningu viðkomandi þriðja lands innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í b-lið er aðildarríkinu, sem leggur fram beiðnina, heimilt að ákveða að viðurkenna einhliða þriðja land þar til ákvörðun hefur verið tekin í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.

   d) Aðildarríki er heimilt, að því er varðar skip sem sigla undir fána þess, að árita skírteini, sem eru gefin út í þriðju löndum og viðurkennd af framkvæmdastjórninni, að teknu tilliti til ákvæða 4. og 5. liðar í II. viðauka.

   e) Viðurkenningar skírteina, sem eru gefnar út af viðurkenndum þriðju löndum og birtar í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* fyrir (...) (*), gilda áfram. Öllum aðildarríkjum er heimilt að nota þessar viðurkenningar nema framkvæmdastjórnin hafi afturkallað þær skv. 18. gr. a.

   f) Framkvæmdastjórnin skal semja og uppfæra skrá yfir þriðju lönd sem hafa verið viðurkennd. Skrána skal birta í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna*.

   _____

   (*) 18 mánuðum eftir gildistöku tilskipunarinnar.“

4. Eftirfarandi greinar bætist við:

   *„18. gr. a*

   1. Þrátt fyrir viðmiðanirnar, sem eru tilgreindar í II. viðauka, skal aðildarríki þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um það og bera fram rökstuddar ástæður fyrir því ef það telur að viðurkennt þriðja land uppfylli ekki lengur kröfur STCW-samþykktarinnar. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað vísa málinu til nefndarinnar sem um getur í 23. gr.

   2. Þrátt fyrir viðmiðanirnar, sem eru tilgreindar í II. viðauka, skal aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað og bera fram rökstuddar ástæður fyrir því þegar það telur að viðurkennt þriðja land uppfylli ekki lengur kröfur STCW-samþykktarinnar. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað vísa málinu til nefndarinnar sem um getur í 23. gr.

   3. Þegar aðildarríki hefur í hyggju að afturkalla áritanir skírteina, sem þriðju lönd gefa út, skal það þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um fyrirætlanir sínar og rökstyðja þær.

   4. Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð Stofnunarinnar, endurmeta viðurkenningu viðkomandi þriðja lands til að sannprófa hvort landið uppfylli kröfur STCW-samþykktarinnar.

5. Ef ástæða er til að ætla að tilteknar menntastofnanir fyrir sjómenn uppfylli ekki lengur kröfur STCW-samþykktarinnar skal framkvæmdastjórnin tilkynna viðkomandi landi að viðurkenning skírteina þess verði afturkölluð að tveimur mánuðum liðnum nema gerðar séu ráðstafanir til að tryggja að allar kröfur STCW-samþykktarinnar verði uppfylltar.

6. Taka skal ákvörðun um afturköllun viðurkenningar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr. innan tveggja mánaða frá þeim degi sem tilkynning barst frá aðildarríkinu. Viðkomandi aðildarríki skulu grípa til viðeigandi ráðstafanir til að hrinda ákvörðuninni í framkvæmd.

7. Áritanir til staðfestingar á viðurkenningu skírteina, sem eru gefin út í samræmi við 6. mgr. 5. gr., fyrir þann dag sem ákvörðun var tekin um að afturkalla viðurkenningu þriðja lands, skulu gilda áfram Sjómenn, sem eru handhafar slíkra skírteina, mega þó ekki krefjast áritunar sem viðurkennir aukna menntun og hæfi nema sú uppfærsla byggist eingöngu á viðbótarsiglingatíma og -reynslu.

*18. gr. b*

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við stofnunina, endurmeta með reglulegu millibili og a.m.k. á fimm ára fresti þriðju lönd, sem hafa verið viðurkennd samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í b-lið 3. mgr. 18. gr., þ.m.t. þau þriðju lönd sem um getur í f-lið 3. mgr. 18. gr., til að sannprófa hvort þau uppfylli viðeigandi viðmiðanir í II. viðauka og hvort gripið hafi verið til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini.

2. Framkvæmdastjórnin skal skilgreina forgangsviðmiðanir fyrir mat á þriðju löndum á grundvelli gagna um frammistöðu sem hafnarríkiseftirlitið kveður á um skv. 20. gr. og upplýsinga varðandi skýrslur um óháðar úttektir sem þriðju lönd afhenda samkvæmt þætti A-I/7 í STCW-kóðanum.

3. Framkvæmdastjórnin skal láta aðildarríkjunum í té skýrslu um niðurstöður matsins.“

5. Eftirfarandi málsliður bætist við 1. mgr. 22. gr.:

„Einnig má gera breytingar á þessari tilskipun samkvæmt sömu málsmeðferð í því skyni að allar viðeigandi breytingar öðlist gildi í löggjöf Bandalagsins að því er þessa tilskipun varðar.“

6. Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 14. maí 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Eigi síðar en 14. desember 2008 skal framkvæmdastjórnin leggja matsskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið sem byggist á ítarlegri greiningu og mati á samningsákvæðum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, beitingu þeirra og nýrri sýn á sambandið milli öryggis og menntunar og þjálfunar áhafna skipa.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2003.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| P. COX | G. ALEMANNO |
| *forseti.* | *forseti.* |

*VIÐAUKI*

Í stað II. viðauka við tilskipun 2001/25/EB komi eftirfarandi:

*„II. VIÐAUKI*

**VIÐMIÐANIR SEM UM GETUR Í A-LIÐ 3. MGR. 18. GR. FYRIR VIÐURKENNINGU ÞRIÐJU LANDA, SEM HAFA GEFIÐ ÚT SKÍRTEINI, EÐA VEITT ÖÐRUM UMBOÐ TIL AÐ GEFA ÚT SKÍRTEINI**

1. Þriðja landið skal vera samningsaðili að STCW-samþykktinni.

2. Siglingaöryggisnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar skal hafa staðfest að viðkomandi þriðja land hafi uppfyllt ákvæði STCW-samþykktarinnar að fullu.

3. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við Stofnunina og hugsanlega með þátttöku annarra viðkomandi aðildarríkja, hafa staðfest og gert allar nauðsynlegar ráðstafanir, m.a. að skoða aðstöðu eða kanna málsmeðferð, til að ganga úr skugga um að farið hafi verið í einu og öllu að kröfum um hæfnistaðla, útgáfu og áritun skírteina og skráningu og að gæðastaðlakerfi hafi verið komið á samkvæmt reglu I/8 í STCW-samþykktinni.

4. Aðildarríkið skal vera um það bil að ganga frá samningi við hlutaðeigandi þriðja land þess efnis að tilkynning verði gefin út þegar í stað verði mikilvæg breyting á fyrirkomulagi menntunar og þjálfunar og skírteinisútgáfu sem kveðið er á um í samræmi við STCW-samþykktina.

5. Aðildarríkið hefur gert ráðstafanir til að tryggja að sjómenn, sem leggja skírteini fram til viðurkenningar vegna starfa á stjórnunarsviði, hafi fullnægjandi þekkingu á siglingalögum viðkomandi aðildarríkis sem lúta að þeim störfum sem þeim er heimilað að gegna.

6. Ef aðildarríki óskar eftir því að gera viðbótarmat á því hvort þriðja land uppfylli ákvæðin, með því að meta menntastofnanir fyrir sjómenn, skal það gera það í samræmi við ákvæði þáttar A-I/6 í STCW-kóðanum.“

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 415/2004 2007/EES/16/26**

**frá 5. mars 2004**

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum ([1]), einkum 7. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Með reglugerð (EB) nr. 2099/2002 er COSS-nefndinni komið á fót.

2) Hlutverk COSS-nefndarinnar er að miðstýra verkefnum nefndanna, sem komið er á fót samkvæmt löggjöf Bandalagsins um öryggi á höfunum, afstýra mengun frá skipum og vernda aðbúnað og vinnuskilyrði um borð.

3) Í allri nýrri löggjöf Bandalagsins, sem er samþykkt á sviði öryggis á höfunum, skal skírskotað til COSS-nefndarinnar.

4) Í 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/6/EB frá 18. febrúar 2002 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum Bandalagsins ([2]) er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið er á fót skv. 1. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins 93/75/EBE. Í stað þessarar nefndar kemur COSS-nefndin samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2099/2002.

5) Í 28. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE ([4]) er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli njóta aðstoðar nefndar.

6) Í 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip ([5]) er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli njóta aðstoðar COSS-nefndarinnar.

7) Í 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB frá 14. apríl 2003 um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa ([6]) er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli njóta aðstoðar COSS-nefndarinnar.

8) Breyta skal 2. mgr. 2. gr. skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002 með það fyrir augum að fella inn í hana tilvísun í gerðir Bandalagsins, sem hafa öðlast gildi eftir samþykkt þeirrar reglugerðar, þar sem nefndinni um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) er veitt framkvæmdavald.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um öryggi á höfunum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðir bætist við 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002:

„p) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/6/EB frá 18. febrúar 2002 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum Bandalagsins (*),

q) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 93/75/EBE (**),

r) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip (***),

s) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB frá 14. apríl 2003 um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa (****).

(*) Stjtíð. EB L 67, 9.3.2002, bls. 31.
(**) Stjtíð. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10.
(***) Stjtíð. EB L 115, 9.5.2003, bls. 1.
(****) Stjtíð. EB L 123, 17.5.2003, bls. 22.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 68, 6.3.2004, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2004, 9. júlí 2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 28.
([1]) Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 67, 9.3.2002, bls. 31.
([3]) Stjtíð. EB L 247, 5.10.1993, bls. 19.
([4]) Stjtíð. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10.
([5]) Stjtíð. EB L 115, 9.5.2003, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 123, 17.5.2003, bls. 22.

*2. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. mars 2004.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Loyola DE PALACIO

*framkvæmdastjóri.*

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 68/2004 2007/EES/16/27**

**frá 15. janúar 2004**

**um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi ([1]), einkum 2. mgr. 4. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Framkvæmdastjórninni ber, skv. reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Evrópusambandinu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd ([2]) var fyrsta gerðin um slíkar ráðstafanir.

2) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi er rétt að ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003, séu leynilegar og ekki birtar opinberlega. Það sama gildir óhjákvæmilega um allar gerðir sem breyta henni.

3) Engu að síður er þörf á samræmdri skrá, sem almenningur hefur aðgang að, þar sem taldir eru upp þeir hlutir, sem farþegum er bannað að bera inn á haftasvæði og inn í farþegarými loftfars, og þeir hlutir sem bannað er að hafa í farangri sem geymdur er í lest loftfarsins.

4) Vitað er að slík skrá getur aldrei verið tæmandi. Viðeigandi yfirvald ætti því að hafa heimild til að banna aðra hluti til viðbótar við þá sem eru í skránni. Rétt er að tilkynna farþegum á skýran hátt, fyrir og við innskráningu, hvaða hlutir eru bannaðir.

5) Einnig skulu vera samræmdar reglur um starfsfólk, þ.m.t. flugáhafnir, og rétt starfsfólks til að flytja með sér hluti sem eru nauðsynlegir til að það geti sinnt starfi sínu en eru bannaðir farþegum.

6) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglu eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Markmið**

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Ákvæði 3. gr. þeirrar reglugerðar gilda varðandi leynd yfir viðaukanum.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. febrúar 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. janúar 2004.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Loyola DE PALACIO

*varaforseti.*

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2004, 9. júli 2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 29.

([1]) Stjtíð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 89, 5.4.2003, bls. 9.

*VIÐAUKI*

Í samræmi við 1. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

# TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/29/EB 2007/EES/16/28

**frá 22. maí 2001**

**um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (*)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagins, einkum 2. mgr. 47. gr., 55. gr. og 95. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Sáttmálinn kveður á um stofnun innri markaðar og innleiðingu kerfis sem tryggir að samkeppni á innri markaðinum raskist ekki. Samræming laga aðildarríkjanna um höfundarétt og skyld réttindi stuðlar að því að þessum markmiðum verði náð.

2) Á fundi sínum á Korfu, dagana 24. og 25. júní 1994, lagði leiðtogaráðið áherslu á nauðsyn þess að móta almennan og sveigjanlegan lagaramma á vettvangi bandalagsins með það fyrir augum að stuðla að þróun upplýsingasamfélagsins í Evrópu. Ein af forsendum þessa er að fyrir hendi sé innri markaður fyrir nýjar vörur og þjónustu. Mikilvæg bandalagslöggjöf til að tryggja slíkan lagaramma hefur þegar verið sett eða er í þann mund að verða samþykkt. Höfundaréttur og skyld réttindi gegna veigamiklu hlutverki í þessu samhengi þar eð þau vernda og ýta undir þróun og markaðssetningu nýrra vara og þjónustu sem og sköpun og hagnýtingu frumlegs inntaks þeirra.

3) Fyrirhuguð samræming greiðir fyrir því að fjórfrelsi innri markaðarins verði komið á og tengist því að farið sé að meginreglum laga og þá sérstaklega að því er varðar eignarrétt, þar á meðal á hugverkum, tjáningarfrelsi og almannaheill.

4) Samræmdur lagarammi um höfundarétt og skyld réttindi mun, í krafti aukins réttaröryggis og víðtækrar hugverkaverndar, ýta undir verulegar fjárfestingar í hugviti og nýsköpun, þar á meðal í netgrunnvirkjum, og hafa í för með sér vöxt og aukna samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar, bæði á sviði efnisframboðs og upplýsingatækni og almennt á ýmsum sviðum iðnaðar og menningar. Þetta mun tryggja atvinnu og hvetja til sköpunar nýrra starfa.

5) Tækniþróunin hefur margfaldað og aukið fjölbreytni þeirra þátta sem stuðla að sköpun, framleiðslu og hagnýtingu. Þótt ekki sé þörf á nýjum hugtökum er varða vernd hugverka er rétt að aðlaga og auka við gildandi lög um höfundarétt og skyld réttindi til að þau samsvari á fullnægjandi hátt hinum efnahagslega veruleika, svo sem nýjum formum hagnýtingar.

6) Án samhæfingar innan bandalagsins gæti lagasetning á innlendum vettvangi, en hún er þegar hafin í mörgum aðildarríkjanna til að koma til móts við þróun tækninnar, leitt til verulegs munar á réttarvernd og takmarkað þar með frjálsa þjónustustarfsemi og vöruflutninga sem fela í sér hugverk eða byggjast á hugverki en það gæti aftur leitt til skiptingar innri markaðarins og ósamræmis í lagasetningu. Áhrif þessa lagaósamræmis og réttaróvissu verða veigameiri eftir því sem upplýsingasamfélagið þróast en sú þróun hefur þegar aukið að mun hagnýtingu hugverka yfir landamæri. Þessi þróun heldur áfram og er ástæða til að efla hana. Veigamikill munur á löggjöf og óvissa í réttarvernd getur komið í veg fyrir að unnt sé að nýta hagkvæmni stórreksturs að því er varðar nýjar vörur og þjónustu með inntaki sem heyrir undir höfundarétt og skyld réttindi.

7) Því verður að aðlaga og auka við lagaramma bandalagsins um vernd höfundaréttar og skyldra réttinda í þeim mæli sem nauðsynlegt er fyrir snurðulausa starfsemi innri markaðarins. Í þessu skyni er því rétt að breyta þeim ákvæðum landslaga um höfundarétt og skyld réttindi sem eru mjög ólík milli aðildarríkja eða valda réttaróvissu sem hindrar snurðulausa starfsemi innri markaðarins og eðlilega þróun upplýsingasamfélagsins í Evrópu og forðast ber ósamræmi í því hvernig aðildarríkin bregðast við þróun tækninnar en hins vegar er ekki ástæða til að afnema eða koma í veg fyrir þann mun sem hefur ekki skaðleg áhrif á starfsemi innri markaðarins.

8) Mismunandi félagslegir, samfélagslegir og menningarlegir þættir upplýsingasamfélagsins útheimta að tekið sé mið af sérkennum í inntaki vara og þjónustu.

---

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2004, 9. júli 2004 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 30.

([1]) Stjtíð. EB C 108, 7.4.1998, bls. 6 og Stjtíð. EB C 180, 25.6.1999, bls. 6.

([2]) Stjtíð. EB C 407, 28.12.1998, bls. 30.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 10. febrúar 1999 (Stjtíð. EB C 150, 28.5.1999, bls. 171), sameiginleg afstaða ráðsins frá 28. september 2000 (Stjtíð. EB C 344, 1.12.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. febrúar 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 9. apríl 2001.

9) Öll samræming höfundaréttar og skyldra réttinda verður að byggjast á víðtækri vernd þar eð slík réttindi eru afar mikilvæg fyrir sköpun hugverka. Vernd þeirra stuðlar að því að tryggja framhald og þróun sköpunarstarfs en það kemur höfundum, listflytjendum, framleiðendum, neytendum, menningarstarfsemi, iðnaði og öllum almenningi til góða. Hugverkaréttur hefur því verið viðurkenndur sem órjúfanlegur hluti eignarréttar.

10) Eigi höfundar og listflytjendur að halda áfram skapandi og listrænu starfi sínu verða þeir að fá viðeigandi þóknun fyrir afnot af verkum sínum og sama máli gegnir um framleiðendur til að þeir geti fjármagnað þetta starf. Verulegrar fjárfestingar er þörf við framleiðslu á vörum, eins og hljóðritum, kvikmyndum eða margmiðlunarvörum, og við þjónustu eins og pöntunarþjónustu. Fullnægjandi lögvernd hugverkaréttinda er nauðsynleg til að tryggja slíka þóknun og gefa kost á viðunandi arði af fjárfestingunum.

11) Nákvæmt, skilvirkt kerfi til að vernda höfundarétt og skyld réttindi er ein helsta leiðin til að tryggja að sköpun og framleiðsla menningarverka í Evrópu fái nægilegt fjármagn og til að standa vörð um sjálfstæði og reisn listrænna höfunda og listflytjenda.

12) Einnig er mjög mikilvægt frá menningarlegu sjónarmiði að vernda á fullnægjandi hátt verk, sem njóta höfundaréttar, og efni sem nýtur skyldrar verndar. Skv. 151. gr. sáttmálans skal bandalagið í aðgerðum sínum taka tillit til menningarlegra þátta.

13) Það hefur grundvallarþýðingu að leitað sé í sameiningu að tæknilegum ráðstöfunum sem beitt skal á samræmdan hátt á evrópskum vettvangi og miða að því að vernda verk og annað efni og tryggja nauðsynlegar upplýsingar um réttindi á þessu sviði, svo fremi að lokamarkmiðið með þessum ráðstöfunum sé að tryggja raunverulega framkvæmd þeirra meginreglna og ábyrgða sem mælt er fyrir um í lögunum.

14) Með þessari tilskipun er stefnt að því að efla menntun og menningu með því að vernda verk og annað efni en gefa um leið kost á undanþágum eða takmörkunum í þágu almennings með nám og kennslu fyrir augum.

15) Á ráðstefnu sendierindreka, sem haldin var á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) í desember 1996, voru samþykktir tveir nýir samningar: samningur Alþjóðahugverkastofnunarinnar um höfundarétt og samningur Alþjóðahugverkastofnunarinnar um flutning og hljóðritun og fjallar sá fyrri um vernd höfunda og sá seinni um vernd listflytjenda og framleiðenda hljóðrita. Í sáttmálum þessum er vernd höfundaréttar og skyldra réttinda uppfærð umtalsvert, ekki síst að því er varðar hina svokölluðu stafrænu verkaskrá, auk þess sem gefinn er kostur á fleiri úrræðum til að berjast gegn stuldi á vernduðu efni um heim allan. Bandalagið og meirihluti aðildarríkjanna hafa þegar undirritað sáttmálana og hafið undirbúning að fullgildingu þeirra. Tilskipunin miðar einnig að því að koma í framkvæmd ýmsum nýjum, alþjóðlegum skuldbindingum.

16) Skaðabótaskylda fyrir starfsemi í netumhverfi varðar ekki einungis höfundarétt og skyld réttindi heldur einnig önnur málefni, svo sem ærumeiðingar, villandi auglýsingar eða brot á vörumerkjarétti, og því er fjallað um hana á breiðum grundvelli í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) ([1]) en þar eru útskýrð og samræmd ýmis lögfræðileg úrlausnarefni sem varða þjónustu í upplýsingasamfélaginu, þar á meðal rafræn viðskipti. Ákvæði þessarar tilskipunar ber að framkvæma samkvæmt svipaðri tímaáætlun og tilskipunina um rafræn viðskipti enda er í þeirri tilskipun mótaður rammi meginreglna og ákvæða sem varða m.a. mikilvæga hluta þessarar tilskipunar. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði um skaðabótaskyldu í fyrrnefndu tilskipuninni.

17) Nauðsynlegt er, einkum með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru í hinu stafrænu umhverfi, að ná fram meiri hagræðingu og gagnsæi hjá innheimtusamtökum að því er varðar samræmi við samkeppnisreglur.

18) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á fyrirkomulag í aðildarríkjunum er varðar umsýslu réttinda, svo sem með samningskvöðum.

19) Siðferðileg réttindi rétthafa skulu sótt í samræmi við löggjöf aðildarríkjanna og ákvæði Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum og samninga Alþjóðahugverkastofnunarinnar um höfundarétt og um flutning og hljóðritanir. Slík siðferðileg réttindi falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

20) Þessi tilskipun byggist á meginreglum og öðrum reglum sem hafa þegar verið settar í tilskipunum sem nú eru í gildi á þessu sviði, einkum í tilskipunum 91/250/EBE ([2]), 92/100/EBE ([3]), 93/83/EBE ([4]), 93/98/EBE ([5]) og 96/9/EB ([6]), og í henni eru þessar

([1]) Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/250/EBE frá 14. maí 1991 um lögvernd fyrir tölvuforrit (Stjtíð. EB L 122, 17.5.1991, bls. 42). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 93/98/EBE.

([3]) Tilskipun ráðsins 92/100/EBE frá 19. nóvember 1992 um leigu- og útlánsrétt og önnur réttindi tengd höfundarétti á sviði hugverkaréttar (Stjtíð. EB L 346, 27.11.1992, bls. 61). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 93/98/EBE.

([4]) Tilskipun ráðsins 93/83/EBE frá 27. september 1993 um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og réttindi tengd höfundarétti vegna útsendingar um gervihnött og endurvarps um kapal (Stjtíð. EB L 248, 6.10.1993, bls. 15).

([5]) Tilskipun ráðsins 93/98/EBE frá 29. október 1993 um samhæfingu á [verndartíma] höfundaréttar og tiltekinna skyldra réttinda (Stjtíð. EB L 290, 24.11.1993, bls. 9).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB frá 11. mars 1996 um lögverndun gagnagrunna (Stjtíð. EB L 77, 27.3.1996, bls. 20).

reglur mótaðar frekar og tengdar upplýsingasamfélaginu. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki hafa áhrif á ákvæði framangreindra tilskipana nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

21) Í þessari tilskipun ber að skilgreina gildissvið aðgerða, sem falla undir réttinn til eftirgerðar, með tilliti til mismunandi rétthafa. Þetta skal gert í samræmi við réttarreglur bandalagsins. Aðgerðirnar þarf að skilgreina á víðtækan hátt til að tryggja réttaröryggi á innri markaðinum.

22) Því markmiði, að veita tilhlýðilegan stuðning við útbreiðslu menningar, má ekki ná með tilslökunum á strangri vernd réttinda eða með því að umbera ólögleg viðskipti með fölsuð listaverk eða ólöglegar eftirgerðir.

23) Með þessari tilskipun skal samræmdur frekar réttur höfundar til miðlunar til almennings. Þennan rétt ber að skilja á almennan hátt þannig að hann taki til allrar miðlunar til almennings sem er ekki staddur á þeim stað þar sem miðlunin fer fram. Þessi réttur skal ná yfir hvers kyns útsendingar eða endurvarp á verkum til almennings um þráð eða þráðlaust, þar á meðal útvarp (hljóðvarp og sjónvarp). Þessi réttur skal ekki ná yfir neinar aðrar aðgerðir.

24) Réttinn til að gera efnið, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., aðgengilegt almenningi skal skilja með þeim hætti að hann nái yfir allar aðgerðir sem felast í að gera slíkt efni aðgengilegt almenningi sem er ekki staddur á þeim stað þar sem efnið er gert aðgengilegt, en að hann nái ekki yfir neinar aðrar aðgerðir.

25) Með því að kveða á um samræmda vernd innan bandalagins skal eytt réttaróvissu um eðli og stig verndar á aðgerðum á borð við útsendingar um net eftir pöntun á verkum sem njóta höfundaréttar og efni sem nýtur skyldrar verndar. Það skal koma skýrt fram að allir, sem eru viðurkenndir sem rétthafar samkvæmt þessari tilskipun, skulu njóta einkaréttar til að gera verk, sem njóta höfundaréttar, eða annað efni aðgengilegt almenningi með gagnvirkum útsendingum eftir pöntun. Einkenni slíkra gagnvirkra útsendinga eftir pöntun eru þau að hver og einn getur fengið aðgang að þeim á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs.

26) Þegar útvarpsrekendur bjóða pöntunarþjónustu fyrir hljóðvarps- eða sjónvarpsefni sem tónlist, hljóðrituð í hagnaðarskyni, er órjúfanlegur hluti af skal hvetja til heildarsamninga um nytjaleyfi til að auðvelda afgreiðslu réttindamála.

27) Það eitt, að útvega aðstöðu þar sem miðlun fer fram eða getur farið fram, telst ekki í sjálfu sér miðlun í skilningi þessarar tilskipunar.

28) Samkvæmt þessari tilskipun felur höfundaréttarvernd einnig í sér einkarétt til að stjórna dreifingu verks sem er hluti af efnislegri vöru. Eftir fyrstu sölu í bandalaginu á frumverki eða afritum þess af hálfu rétthafa eða með leyfi hans er rétturinn til að stjórna endursölu þessa verks í bandalaginu tæmdur. Ekki kemur til réttindaþurrðar að því er varðar frumrit verks og afrit þess sem rétthafi selur eða eru seld með samþykki hans utan bandalagsins. Leigu- og útlánsréttur höfunda hefur verið ákveðinn með tilskipun 92/100/EBE. Dreifingarrétturinn, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, hefur ekki áhrif á ákvæði um leigu- og útlánsrétt í I. kafla þeirrar tilskipunar.

29) Réttindaþurrð kemur ekki til álita þegar um þjónustu er að ræða og þá einkum beinlínuþjónustu. Þetta á einnig við um afrit verks eða annars efnis sem notandi slíkrar þjónustu hefur tekið með samþykki rétthafa. Það sama gildir því um útlán og leigu á frumriti og afritum verka eða öðru efni en hvorttveggja er í eðli sínu þjónusta. Ólíkt því sem gildir um geisladiska eða gagnvirka geisladiska, þar sem hugverkaréttur er fólginn í efnislegum hlut, með öðrum orðum vöru, er beinlínutengd þjónustustarfsemi í raun aðgerð sem skal háð leyfi enda sé gert ráð fyrir því í höfundaréttinum eða skyldum réttindum.

30) Heimilt er að framselja réttindin, sem um getur í þessari tilskipun, ánafna þeim eða veita öðrum samkvæmt samningsleyfi án þess að það hafi áhrif á viðeigandi innlenda löggjöf um höfundarétt og skyld réttindi.

31) Nauðsynlegt er að viðhalda réttlátu jafnvægi, að því er varðar réttindi og hagsmuni, milli mismunandi flokka rétthafa og einnig milli mismunandi flokka rétthafa og notenda verndaðs efnis. Endurmeta þarf gildandi undanþágur frá réttindum og takmarkanir á þeim í aðildarríkjunum með hliðsjón af hinu nýja, rafræna umhverfi. Sá munur, sem er á undanþágum og takmörkunum að því er varðar tilteknar aðgerðir sem heyra undir einkaréttindi, hefur bein, neikvæð áhrif á starfsemi innri markaðarins fyrir höfundarétt og skyld réttindi. Slíkur munur gæti hæglega aukist við frekari þróun í hagnýtingu verka yfir landamæri og starfsemi yfir landamæri. Til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins ber að skilgreina slíkar undanþágur og takmarkanir á samræmdari hátt. Hversu langt skal gengið í að samræma þær skal miðast við áhrif þeirra á snurðulausa starfsemi innri markaðarins.

32) Í þessari tilskipun er tæmandi skrá yfir undanþágur og takmarkanir er varða réttinn til eftirgerðar og réttinn til miðlunar til almennings. Sumar af þessum undanþágum og takmörkunum gilda eingöngu um réttinn til eftirgerðar eftir því sem við á. Í skránni er tekið tilhlýðilegt tillit til mismunandi lagahefða í aðildarríkjunum og um leið stefnt að því að tryggja starfhæfan innri markað. Aðildarríkjunum ber að beita þessum undanþágum og takmörkunum á samræmdan hátt og það verður metið þegar kemur að endurskoðun framkvæmdarlöggjafarinnar.

33) Einkaréttur til eftirgerðar skal háður undanþágu sem heimilar tilteknar tímabundnar aðgerðir til eftirgerðar sem eru til skamms tíma eða tilfallandi og eru órjúfanlegur og mikilvægur liður í tækniferli og eiga sér einungis stað í þeim tilgangi að gera mögulega annaðhvort skilvirka útsendingu af hálfu milliliðs í neti milli þriðju aðila eða löglega notkun verks eða annars efnis. Sjálfar aðgerðirnar skulu ekki hafa sjálfstætt efnahagslegt gildi. Svo fremi að aðgerðir til eftirgerðar uppfylli þessi skilyrði skal undanþágan

taka til aðgerða sem gera það kleift að rápa á vefnum og skyndivista, þar á meðal aðgerðir til að tryggja að útsendingarkerfi starfi á skilvirkan hátt, að því tilskildu að milliliðurinn breyti ekki upplýsingunum og grípi ekki inn í löglega notkun tækni, sem er viðurkennd og notuð í atvinnugreininni, í þeim tilgangi að afla sér gagna um notkun upplýsinganna. Notkun telst lögleg ef hún er heimiluð af rétthafa eða ekki takmörkuð með lögum.

34) Aðildarríkjunum skal gefinn kostur á að kveða á um tilteknar undanþágur eða takmarkanir, t.d. vegna fræðslu- eða vísindastarfsemi, í þágu opinberra stofnana, svo sem bóka- og skjalasafna, vegna fréttamennsku, vegna tilvitnana, til notkunar fyrir fatlað fólk, vegna almannaöryggis og vegna stjórnsýslumeðferðar eða málareksturs fyrir dómi.

35) Þegar um er að ræða ákveðnar undanþágur eða takmarkanir ber rétthöfum sanngjarnar bætur til að þeim verði bætt afnot af vernduðum verkum sínum eða öðru efni með fullnægjandi hætti. Við ákvörðun á formi þessara sanngjörnu bóta og nánara fyrirkomulagi varðandi þær og hugsanlegri fjárhæð þeirra skal tekið mið af sérstökum aðstæðum í hverju tilviki. Við mat á þessum aðstæðum er við hæfi að hafa sem viðmiðun þann skaða sem viðkomandi aðgerð gæti hugsanlega valdið rétthafa. Í tilvikum, þar sem rétthafar hafa þegar fengið greiðslu með öðrum hætti, t.d. sem hluta af höfundarþóknun, er ekki víst að þeim beri tiltekin eða sérstök greiðsla. Við ákvörðun á fjárhæð sanngjarnra bóta skal tekið fullt tillit til þess í hve miklum mæli beitt hefur verið þeim tæknilegu verndarráðstöfunum sem um getur í þessari tilskipun. Í ákveðnum tilvikum, þar sem skaði rétthafa er óverulegur, kann að vera að ekki liggi fyrir greiðsluskylda.

36) Aðildarríkin geta einnig kveðið á um sanngjarnar bætur til rétthafa þegar þau beita valfrjálsum ákvæðum um undanþágur eða takmarkanir sem innihalda ekki kröfur um slíkar bætur.

37) Innlendar reglur um ljósritun, sem kunna að vera fyrir hendi, valda ekki miklum hindrunum fyrir innri markaðinn. Aðildarríkjunum skal vera heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun að því er varðar ljósritun.

38) Aðildarríkjunum skal vera heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun á réttinum til eftirgerðar fyrir tilteknar tegundir eftirgerðar á hljóðefni, myndefni og hljóð- og myndefni til einkanota gegn sanngjörnum bótum. Þetta getur falið í sér að tekin verði upp þóknunarkerfi eða að núverandi kerfum verði haldið til að bæta skaða rétthafa. Þótt munurinn á þessum þóknunarkerfum hafi áhrif á starfsemi innri markaðarins ætti hann ekki að hafa marktæk áhrif á þróun upplýsingasamfélagsins að því er viðvíkur hliðrænni eftirgerð til einkanota. Líklegt er að stafræn afritun til einkanota verði almennari og hafi meiri áhrif í efnahagslegu tilliti. Því ber að taka tilhlýðilegt tillit til þess munar sem er á stafrænni og hliðrænni afritun til einkanota og í tilteknum tilvikum skal gerður greinarmunur á þeim.

39) Þegar aðildarríkin beita undanþágu eða takmörkun viðvíkjandi afritun til einkanota ber þeim að taka tilhlýðilegt tillit til tæknilegrar og efnahagslegrar þróunar, einkum að því er varðar stafræna afritun til einkanota og þóknunarkerfi, ef völ er á skilvirkum tæknilegum verndarráðstöfunum. Slíkar undanþágur eða takmarkanir skulu hvorki hindra að tæknilegum ráðstöfunum sé beitt né að komið sé í veg fyrir að farið sé fram hjá þeim.

40) Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun í þágu tiltekinna stofnana sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni, svo sem almenningsbókasafna og sambærilegra stofnana sem og skjalasafna. Það skal þó takmarkað við tiltekin sértilvik sem falla undir réttinn til eftirgerðar. Slík undanþága eða takmörkun skal ekki ná til afnota í tengslum við beinlínu-afhendingu á vernduðum verkum eða öðru efni. Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á möguleika aðildarríkjanna til að víkja frá ákvæðum um einkarétt til útlána til almennings í samræmi við 5. gr. tilskipunar 92/100/EBE. Því er rétt að hvetja til að gerðir verðir sérstakir samningar eða veitt sérstök nytjaleyfi sem eru hagstæð þessum stofnunum og miðlunarhlutverki þeirra án þess þó að skapa misvægi.

41) Þegar undanþágu eða takmörkun er beitt gagnvart upptökum til skamms tíma hjá útvarpsfyrirtæki telst eigin búnaður útvarpsfyrirtækisins einnig ná yfir búnað aðila sem kemur fram fyrir hönd útvarpsfyrirtækisins og á þess ábyrgð.

42) Þegar undanþágu eða takmörkun er beitt vegna fræðslu eða vísindarannsókna sem fara ekki fram í hagnaðarskyni, þar með talið fjarnám, skal það ákvarðast af starfseminni sem slíkri hvort hún er í hagnaðarskyni. Stjórnskipulag og fjármögnunarleiðir viðkomandi stofnunar eru ekki úrslitaþættir í þessum efnum.

43) Í öllum tilvikum er mikilvægt fyrir aðildarríkin að samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til að auðvelda aðgang að verkunum fyrir einstaklinga, sem eru fatlaðir á þann hátt að það geri þeim erfitt um vik að njóta verkanna sjálfra, og gefa sérstakan gaum að aðgengilegum framsetningarhætti.

44) Þegar beitt er undanþágum og takmörkunum sem kveðið er á um í þessari tilskipun skal það gert í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Þessum undanþágum og takmörkunum skal ekki beitt á neinn þann hátt sem skaðar lögmæta hagsmuni rétthafa eða brýtur í bága við eðlilega hagnýtingu verka hans eða annars efnis. Ákvæði aðildarríkjanna um slíkar undanþágur eða takmarkanir skulu einkum endurspegla á tilhlýðilegan hátt aukin efnahagsleg áhrif sem undanþágurnar eða takmarkanirnar geta haft í tengslum við hið nýja rafræna umhverfi. Því verður gildissvið tiltekinna undanþágna eða takmarkana að vera jafnvel enn takmarkaðra að því er viðvíkur tiltekinni, nýrri notkun verka, sem njóta höfundaréttar, og annars efnis.

45) Undanþágurnar og takmarkanirnar, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. 5. gr., skulu þó ekki koma í veg fyrir skilgreiningu á samningsbundnum tengslum sem ætlað er að tryggja rétthöfum sanngjarnar bætur að því marki sem það er heimilt samkvæmt landslögum.

46) Sáttaumleitanir gætu komið að gagni við lausn ágreiningsmála milli notenda og rétthafa. Framkvæmdastjórninni ber, í samvinnu við aðildarríkin, að kanna ný lagaúrræði innan tengslanefndarinnar í því skyni að leysa ágreiningsmál um höfundarétt og skyld réttindi.

47) Tækniþróunin mun einnig gera rétthöfum kleift að nýta sér tæknilegar ráðstafanir sem ætlað er að koma í veg fyrir eða takmarka aðgerðir sem eru ekki heimilaðar af rétthafa höfundaréttar, rétthafa réttinda, sem eru skyld höfundarétti, eða rétthafa sinnar tegundar réttar (*sui generis*) að gagnagrunni. Þó er sú hætta fyrir hendi að fram fari ólögleg starfsemi til að gera það kleift eða auðveldara að fara fram hjá þeirri tæknilegu vernd sem þessar ráðstafanir veita. Til að koma í veg fyrir að settar verði samhengislausar réttarreglur sem hindrað gætu starfsemi innri markaðarins þarf því að kveða á um samræmda lögvernd gegn því að farið sé fram hjá skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum og gegn sölu tækja og vara eða þjónustu í sama tilgangi.

48) Kveða ber á um slíka lögvernd að því er varðar tæknilegar ráðstafanir sem takmarka, á skilvirkan hátt, aðgerðir sem eru ekki heimilaðar af rétthafa höfundaréttar, rétthafa réttinda, sem eru skyld höfundarétti, eða rétthafa sinnar tegundar réttar að gagnagrunni, án þess þó að hindra eðlilega notkun rafeindabúnaðar og tæknilega þróun hans. Slík lögvernd felur ekki í sér skyldur til að hanna tæki, vörur, íhluti eða þjónustu sem samsvara hinum tæknilegu ráðstöfunum, svo framarlega sem þessi tæki, vörur, íhlutir eða þjónusta falla ekki á annan hátt undir bannákvæði 6. gr. Í slíkri réttarvernd ber að virða meðalhófsregluna og ekki má banna tæki eða starfsemi sem hafa annan efnahagslega mikilvægan tilgang eða eru notuð til annars en að fara fram hjá hinni tæknilegu vernd. Einkum má þessi vernd ekki hindra rannsóknir á dulkóðun.

49) Lögvernd tæknilegra ráðstafana hefur ekki áhrif á beitingu ákvæða landslaga sem kunna að banna einkaeign tækja, vara eða íhluta sem gera það kleift að fara fram hjá tæknilegum ráðstöfunum.

50) Þessi samræmda lögvernd hefur ekki áhrif á sérákvæði um vernd í tilskipun 91/250/EBE. Einkum skal hún ekki taka til verndar tæknilegra ráðstafana sem er beitt í tengslum við tölvuforrit sem fjallað er eingöngu um í þeirri tilskipun. Hún skal hvorki hamla né koma í veg fyrir þróun eða notkun neins konar úrræða til að fara fram hjá tæknilegri ráðstöfun ef slíkt er nauðsynlegt til að framkvæma aðgerðir í samræmi við skilmála 3. mgr. 5. gr. eða 6. gr. tilskipunar 91/250/EBE. Í ákvæðum 5. og 6. gr. þeirrar tilskipunar eru eingöngu tilgreindar undanþágur frá einkarétti að tölvuforritum.

51) Lögvernd tæknilegra ráðstafana gildir með fyrirvara um allsherjarreglu, í samræmi við ákvæði 5. gr., eða almannaöryggi. Aðildarríkin skulu hvetja til þess að gripið verði til valfrjálsra ráðstafana af hálfu rétthafa, þar á meðal gerð og framkvæmd samninga milli rétthafa og annarra hagsmunaaðila, til að unnt sé að ná markmiðunum með tilteknum undanþágum eða takmörkunum sem kveðið er á um í landslögum í samræmi við þessa tilskipun. Hafi ekki verið gerðar slíkar valfrjálsar ráðstafanir eða samningar innan eðlilegs tíma skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að rétthafar, með því að breyta tæknilegri ráðstöfun sem hefur verið gerð eða með öðrum hætti, veiti þeim sem eiga rétt á slíkum undanþágum eða takmörkunum viðeigandi tækifæri til að nýta þær. Til að koma í veg fyrir misnotkun á slíkum ráðstöfunum sem rétthafar gera, m.a. innan ramma samninga, eða sem aðildarríki gerir skulu þó allar tæknilegar ráðstafanir njóta lögverndar ef þeim er beitt til framkvæmdar slíkum ráðstöfunum.

52) Þegar undanþága eða takmörkun vegna afritunar til einkanota, í samræmi við b-lið 2. mgr. 5. gr., kemur til framkvæmda skulu aðildarríkin með sama hætti hvetja til notkunar valfrjálsra ráðstafana til að unnt sé að ná markmiðunum með undanþágunni eða takmörkuninni. Ef ekki hafa verið gerðar slíkar valfrjálsar ráðstafanir innan sanngjarns tíma til að gera eftirgerð til einkanota mögulega geta aðildarríkin gert ráðstafanir til að gera þeim sem eiga rétt á undanþágunni eða takmörkuninni kleift að nýta sér hana. Valfrjálsar ráðstafanir rétthafa, þar á meðal samningar milli rétthafa og annarra hagsmunaaðila, og ráðstafanir aðildarríkjanna koma ekki í veg fyrir að rétthafar geti gripið til tæknilegra ráðstafana sem samrýmast þeim undanþágum eða takmörkunum í landslögum, viðvíkjandi afritun til einkanota, sem eru í samræmi við ákvæði b-liðar 2. mgr 5. gr., að teknu tilliti til skilyrðis um sanngjarnar bætur samkvæmt því ákvæði og hugsanlegs greinarmunar sem gerður er á mismunandi skilyrðum um notkun í samræmi við 5. mgr. 5. gr., svo sem eftirliti með fjölda eftirgerða. Til að koma í veg fyrir að slíkar ráðstafanir verði misnotaðar skulu allar tæknilegar ráðstafanir til framkvæmdar þeim njóta lögverndar.

53) Vernd tæknilegra ráðstafana skal tryggja öruggt umhverfi fyrir veitingu gagnvirkrar pöntunarþjónustu með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkum eða öðru efni á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs. Ef slík þjónusta fellur undir samningsbundin tengsl gildir fyrsta og önnur undirgrein 4. mgr. 6. gr. ekki. Beinlínunotkun, sem er ekki gagnvirk, skal áfram heyra undir þessi ákvæði.

54) Miklar framfarir hafa orðið í alþjóðlegri stöðlun tæknikerfa til að auðkenna verk og verndað efni sem er með stafrænu sniði. Í umhverfi, sem verður sífellt netvæddara, getur munur á tæknilegum ráðstöfunum leitt til ósamrýmanleika milli kerfa í bandalaginu. Hvetja skal til samræmis og rekstrarsamhæfis milli mismunandi kerfa. Mjög æskilegt væri að stuðlað yrði að þróun hnattrænna kerfa.

55) Tækniþróunin mun auðvelda dreifingu verka, einkum um netkerfi, en það hefur í för með sér að rétthafar verða að auðkenna betur verkin eða annað efni og höfundinn eða annan rétthafa og veita upplýsingar um skilyrði og skilmála fyrir notkun verkanna eða annars efnis með það fyrir augum að auðvelda umsýslu réttindanna sem fylgja þeim. Rétthafar skulu hvattir til að nota merkingar, þegar verk eða annað efni er sett á netin, þar sem fram kemur heimild þeirra ásamt upplýsingunum sem um getur hér að framan.

56) Sú hætta er þó fyrir hendi að fram fari ólögleg starfsemi í þeim tilgangi að fjarlægja eða breyta rafrænum upplýsingum um umsýslu höfundaréttinda eða til að dreifa með öðrum hætti, flytja inn til dreifingar, útvarpa, miðla til almennings eða gera aðgengileg almenningi verk eða annað verndað efni sem slíkar upplýsingar hafa verið fjarlægðar úr í heimildarleysi. Til að koma í veg fyrir að settar verði samhengislausar réttarreglur sem hindrað gætu starfsemi innri markaðarins þarf því að kveða á um samræmda lögvernd gegn hvers konar starfsemi af þessu tagi.

57) Öll slík kerfi upplýsinga um réttindaumsýslu, sem um getur hér að framan, geta um leið unnið persónuupplýsingar um neyslumynstur einstaklinga í tengslum við verndað efni, ef þau eru hönnuð þannig, og gert það kleift að kortleggja hegðun þessara einstaklinga á netum. Þessi tæknibúnaður skal m.a. innihalda tæknilega tálma til að vernda friðhelgi einkalífsins í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]).

58) Aðildarríkin skulu kveða á um skilvirk viðurlög og úrræði að því er varðar brot á réttindum og skyldum sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Þau skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þessum viðurlögum og úrræðum sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi og í þeim skal kveðið á um möguleika á því að fara fram á skaðabætur og/eða lögbann og, þar sem það á við, að ólöglega efnið verði gert upptækt.

59) Þriðju aðilar geta í auknum mæli nýtt sér þjónustu milliliða til brotlegrar háttsemi, einkum í hinu stafræna umhverfi. Í mörgum tilvikum eru slíkir milliliðir í bestri aðstöðu til að binda enda á brotlega háttsemi af þessu tagi. Með fyrirvara um önnur viðurlög og úrræði sem bjóðast skulu rétthafar eiga þess kost að fara fram á lögbann gegn millilið sem miðlar um net afrakstri af broti þriðja aðila á rétti að vernduðu verki eða öðru efni. Þessi kostur skal einnig vera fyrir hendi þótt aðgerðir milliliðarins séu undanþegnar skv. 5. gr. Aðildarríkin skulu setja skilyrði og nánari ákvæði um slíkt lögbann í landslög sín.

60) Verndin, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skal ekki hafa áhrif á ákvæði í landslögum eða bandalagslögum á öðrum sviðum, svo sem ákvæði um hugverkarétt á sviði iðnaðar, gagnavernd, skilyrtan aðgang, aðgang að opinberum skjölum og regluna um tímaröðun á nýtingu miðla, sem geta haft áhrif á höfundarétt eða skyld réttindi.

61) Til að fara að ákvæðum samnings Alþjóðahugverka-stofnunarinnar um flutning og hljóðritun ber að breyta tilskipunum 92/100/EBE og 93/98/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

**MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ**

*1. gr.*

**Gildissvið**

1. Þessi tilskipun varðar lögvernd höfundaréttar og skyldra réttinda innan ramma innri markaðarins með sérstakri áherslu á upplýsingasamfélagið.

2. Ef ekki er um að ræða tilvik sem um getur í 11. gr. skal þessi tilskipun ekki skerða eða hafa á neinn hátt áhrif á núverandi bandalagsákvæði er varða:

a) lögvernd tölvuforrita;

b) leigurétt, útlánsrétt og tiltekin réttindi, sem eru skyld höfundarétti, á sviði hugverkaréttar;

c) höfundarétt og skyld réttindi vegna útsendinga um gervihnött og endurvarps um kapal;

d) verndartíma höfundaréttar og tiltekinna skyldra réttinda;

e) lögvernd gagnagrunna.

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

II. KAFLI

**RÉTTINDI OG UNDANÞÁGUR**

*2. gr.*

**Réttur til eftirgerðar**

Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til að heimila eða banna, með beinum eða óbeinum hætti, tímabundna eða varanlega eftirgerð með hvaða hætti sem er og í hvaða formi sem er, í heild eða að hluta:

a) til handa höfundum vegna verka þeirra;

b) til handa listflytjendum vegna upptakna á flutningi þeirra;

c) til handa framleiðendum hljóðrita vegna hljóðrita þeirra;

d) til handa framleiðendum frumupptakna kvikmyndaverka þegar um er að ræða frumrit og afritanir verka þeirra;

e) til handa útvarpsfyrirtækjum að því er varðar upptökur á útsendingum þeirra, hvort sem útsendingar eru um þráð eða þráðlaust, þar með taldar útsendingar um kapal eða gervihnött.

*3. gr.*

**Réttur til miðlunar verka til almennings og réttur til að gera annað efni aðgengilegt almenningi**

1. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til handa höfundum til að heimila eða banna hvers konar miðlun verka sinna til almennings, um þráð eða þráðlaust, þar með talið að gera verk sín aðgengileg almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til handa eftirtöldum aðilum til að heimila eða banna að eftirtalin verk verði gerð aðgengileg almenningi, um þráð eða þráðlaust, með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs:

a) til handa listflytjendum vegna upptakna á flutningi þeirra;

b) til handa framleiðendum hljóðrita vegna hljóðrita þeirra;

c) til handa framleiðendum frumupptakna kvikmyndaverka þegar um er að ræða frumrit og afritanir verka þeirra;

d) til handa útvarpsfyrirtækjum að því er varðar upptökur á útsendingum þeirra, hvort sem útsendingar eru um þráð eða þráðlaust, þar með taldar útsendingar um kapal eða gervihnött.

3. Réttindi, sem um getur í 1. og 2. mgr., tæmast ekki við neins konar miðlun til almennings eða við það að almenningi sé veitt aðgengi eins og kveðið er á um í þessari grein.

*4. gr.*

**Dreifingarréttur**

1. Aðildarríkin skulu kveða á um einkarétt til handa höfundum til að heimila eða banna hvers konar dreifingu til almennings með sölu eða á annan hátt að því er varðar frumrit eða afrit verka þeirra.

2. Dreifingarréttur tæmist ekki innan bandalagsins að því er varðar frumrit eða afrit verks nema rétthafi annist fyrstu sölu á viðkomandi eintaki eða annað framsal eignarréttar innan bandalagsins eða það sé gert með leyfi hans.

*5. gr.*

**Undanþágur og takmarkanir**

1. Tímabundnar aðgerðir til eftirgerðar, sem um getur í 2. gr., sem eru til skamms tíma eða tilfallandi og eru órjúfanlegur og mikilvægur liður í tækniferli í þeim tilgangi einum að gera mögulega:

a) sendingu af hálfu milliliðar í neti milli þriðju aðila, eða

b) löglega notkun

á verki eða öðru efni en hafa ekkert sjálfstætt efnahagslegt vægi, skulu undanþegnar réttinum til eftirgerðar sem kveðið er á um í 2. gr.

2. Aðildarríkin geta kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á réttinum til eftirgerðar, sem kveðið er á um í 2. gr., í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar um er að ræða eftirgerð á pappír, eða svipaðan miðil, með hvers konar ljósmyndatækni eða öðru vinnsluferli sem gefur svipaðan árangur, að hljóðfæranótum undanskildum, svo fremi að rétthafar fái sanngjarnar bætur;

b) þegar um er að ræða eftirgerð einstaklings með hvers konar miðli til einkanota og í tilgangi sem er ekki viðskiptalegs eðlis, hvorki beint né óbeint, með því skilyrði að rétthafar fái sanngjarnar bætur þar sem tekið er mið af því hvort þeim tæknilegu ráðstöfunum, sem um getur í 6. gr., hafi verið beitt vegna viðkomandi verks eða efnis eða ekki;

c) þegar um er að ræða tilteknar eftirgerðir af hálfu almenningsbókasafna, menntastofnana eða safna eða skjalasafna sem eru hvorki gerðar vegna beins eða óbeins efnahagslegs eða viðskiptalegs ávinnings;

d) þegar um er að ræða upptökur til skamms tíma á verkum hjá útvarpsfyrirtæki með eigin búnaði og til eigin útsendinga; heimilt er að leyfa varðveislu á þessum upptökum í opinberum skjalasöfnum vegna sérstaks heimildargildis þeirra;

e) þegar um er að ræða eftirgerðir félagslegra stofnana á útvarpssendingum, með því skilyrði að rétthafar fái sanngjarnar bætur, enda séu þessar stofnanir, svo sem sjúkrahús eða fangelsi, ekki reknar í hagnaðarskyni.

3. Aðildarríkin geta kveðið á um undanþágur eða takmarkanir á réttindunum, sem kveðið er á um í 2. og 3. gr., í eftirfarandi tilvikum:

a) ef um er að ræða notkun sem einungis er til skýringar við kennslu eða við vísindarannsóknir, að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt, og að því marki sem telja má réttlætanlegt miðað við tilgang sem ekki er viðskiptalegs eðlis;

b) ef um er að ræða notkun í þágu fólks sem er fatlað og notkunin er í beinu sambandi við fötlunina og ekki viðskiptalegs eðlis og að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er vegna þessarar tilteknu fötlunar;

c) ef um er að ræða að birtar dægurgreinar um hagfræðileg efni, stjórnmál eða trúmál eða útvarpsefni eða annað efni af sama toga sé tekið upp í fréttamiðlum, miðlað til almennings eða gert aðgengilegt almenningi í tilvikum þar sem slík notkun er ekki bönnuð berum orðum og að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, eða, ef um er að ræða notkun verka eða annars efnis í tengslum við fréttir af dægurmálum, að því marki sem eðlilegt er í upplýsingaskyni og að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt;

d) ef um er að ræða tilvitnanir vegna gagnrýni eða ritdóma, að því tilskildu að þær tengist verki eða öðru efni sem hefur verið gert aðgengilegt almenningi á löglegan hátt og að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt, og notkun þeirra sé í samræmi við góðar starfsvenjur og að því marki sem nauðsynlegt er í þessum sérstaka tilgangi;

e) ef um er að ræða notkun vegna almannaöryggis eða til að tryggja rétta framkvæmd eða skýrslugjöf varðandi málsmeðferð í stjórnsýslu, fyrir þingi eða fyrir dómstólum;

f) ef um er að ræða notkun á pólitískum ræðum og útdráttum úr opinberum fyrirlestrum eða svipuðum verkum eða efni, að því marki sem eðlilegt er í upplýsingaskyni og að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt;

g) ef um er að ræða notkun við trúarhátíðir eða opinber hátíðahöld sem opinbert yfirvald skipuleggur;

h) ef um er að ræða notkun verka, svo sem byggingarlistaverka eða höggmyndaverka, sem gerð eru með það fyrir augum að vera til frambúðar á almannafæri;

i) ef um er að ræða að verk eða annað efni sé tilfallandi tekið með í enn annað efni;

j) ef um er að ræða notkun í því skyni að auglýsa opinbera sýningu eða sölu á listaverkum, að því marki sem nauðsynlegt er til að kynna atburðinn og að undanskilinni hvers konar annarri notkun í viðskiptaskyni;

k) ef um er að ræða notkun vegna skopmyndar, skopstælingar eða annarrar stælingar;

l) ef um er að ræða notkun í tengslum við sýningu eða viðgerð á búnaði;

m) ef um er að ræða notkun listaverks í formi byggingar eða teikningar eða uppdráttar af byggingu í því skyni að endurgera bygginguna;

n) ef um er að ræða að verkum eða öðru efni í söfnum stofnananna, sem um getur í c-lið 2. mgr., sé miðlað til almennings eða þau gerð aðgengileg almenningi, til fræðistarfa eða einkarannsókna, með til þess gerðum endabúnaði á athafnasvæði stofnananna enda falli verkin og efnið ekki undir kaup- eða nytjaleyfisskilmála;

o) ef um er að ræða notkun í ákveðnum öðrum tilvikum sem hafa óverulega þýðingu og þar sem landslög kveða þegar á um undanþágur og takmarkanir, að því tilskildu að aðeins sé um að ræða hliðræna notkun og þetta hafi ekki áhrif á frjálsa dreifingu vara og þjónustu í bandalaginu, sbr. þó aðrar undanþágur og takmarkanir samkvæmt þessari grein.

4. Í tilvikum þar sem aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun vegna réttar til eftirgerðar, skv. 2. og 3. mgr., er þeim á sama hátt heimilt að kveða á um undanþágu eða takmörkun vegna dreifingarréttar, eins og kveðið er á um í 4. gr., að því marki sem réttlætanlegt er miðað við tilganginn með hinni leyfilegu eftirgerð.

5. Undanþágum og takmörkunum, sem kveðið er á um í 1., 2., 3. og 4. mgr., skal aðeins beitt í tilteknum sértilvikum sem stríða ekki gegn eðlilegri hagnýtingu verks eða annars efnis og skerða ekki með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni rétthafa.

III. KAFLI

**VERNDUN TÆKNILEGRA RÁÐSTAFANA OG UPPLÝSINGA FYRIR RÉTTINDAUMSÝSLU**

*6. gr.*

**Skyldur að því er varðar tæknilegar ráðstafanir**

1. Aðildarríkin skulu kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn því að farið sé fram hjá hvers konar skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum enda viti viðkomandi aðili eða hafi fulla ástæðu til að vita að hann stefnir að því marki.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn framleiðslu, innflutningi, dreifingu, sölu, leigu, auglýsingum um sölu eða leigu eða eign, í viðskiptaskyni, tækja, vara eða íhluta eða veitingu þjónustu:

a) sem eru kynnt eða auglýst sem leið til að fara fram hjá hvers konar skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum, eða

b) hafa aðeins takmarkað viðskiptalegt gildi eða notkunarmöguleika nema sem leið til að fara fram hjá hvers konar skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum, eða

c) eru fyrst og fremst hönnuð, framleidd, aðlöguð eða veitt í því skyni að gera kleift eða auðveldara að fara fram hjá hvers konar skilvirkum, tæknilegum ráðstöfunum.

3. Í þessari tilskipun er merking hugtaksins „tæknilegar ráðstafanir“ sem hér segir: hvers konar tækni, tæki eða íhlutur sem er hannaður með það fyrir augum að koma, við eðlilega notkun, í veg fyrir eða takmarka aðgerðir sem varða verk eða annað efni og hafa ekki fengið samþykki rétthafa höfundaréttar eða annarra réttinda, sem eru skyld höfundarétti, eins og kveðið er á um í lögum, eða rétthafa sinnar tegundar réttar (*sui generis*) eins og kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB. Tæknilegar ráðstafanir teljast „skilvirkar“ ef rétthafa tekst að ná verndarmarkmiðinu með því að stýra notkun verndaðs verks eða annars efnis með aðgangsstjórn, verndaraðgerð, svo sem dulkóðun, brenglun eða annarri breytingu á verkinu eða öðru efni, eða með afritunarstjórn.

4. Þrátt fyrir lögverndina, sem kveðið er á um í 1. mgr., og hafi rétthafar ekki gripið til valfrjálsra ráðstafana, svo sem samninga milli rétthafa og annarra hagsmunaaðila, skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rétthafar gefi þeim sem eiga rétt á undanþágu eða

takmörkun, sem kveðið er á um í landslögum í samræmi við a-, c-, d- eða e-lið 2. mgr. 5. gr. eða a-, b- eða e-lið 3. mgr. 5. gr., kost á að nýta þessa undanþágu eða takmörkun í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að nýta undanþáguna eða takmörkunina, að því tilskildu að sá sem nýtir hana hafi löglegan aðgang að viðkomandi verki eða efni.

Aðildarríkjunum er einnig heimilt að gera slíkar ráðstafanir með tilliti til undanþágu eða takmörkunar sem kveðið er á um í samræmi við b-lið 2. mgr. 5. gr. nema rétthafi hafi þegar gert eftirgerð til einkanota mögulega að því marki sem nauðsynlegt er til að nýta viðkomandi undanþágu eða takmörkun og í samræmi við ákvæði b-liðar 2. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 5. gr. en án þess að koma í veg fyrir að rétthafar beiti fullnægjandi ráðstöfunum að því er varðar fjölda eftirgerða í samræmi við þessi ákvæði.

Tæknilegar ráðstafanir, sem rétthafar beita af frjálsum vilja, þar á meðal ráðstafanir vegna framkvæmdar valfrjálsra samninga, og tæknilegar ráðstafanir vegna framkvæmdar ráðstafana, sem aðildarríkin hafa gripið til, skulu njóta lögverndar sem kveðið er á um í 1. mgr.

Ákvæði fyrstu og annarrar undirgreinar gilda ekki um verk eða annað efni sem gert er aðgengilegt almenningi samkvæmt samningsskilmálum á þann hátt að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs.

Þegar þessari grein er beitt með skírskotun til tilskipana 92/100/EBE og 96/9/EB gildir þessi málsgrein að breyttu breytanda.

*7. gr.*

**Skyldur að því er varðar upplýsingar vegna réttindaumsýslu**

1. Aðildarríkin skulu kveða á um fullnægjandi lögvernd gegn hverjum þeim sem vitandi vits og án heimildar grípur til eftirfarandi aðgerða:

a) fjarlægir eða breytir rafrænum upplýsingum um réttindaumsýslu;

b) dreifir, flytur inn til dreifingar, útvarpar, miðlar eða gerir aðgengilegt almenningi verk eða annað efni sem nýtur verndar samkvæmt þessari tilskipun eða skv. III. kafla tilskipunar 96/9/EB þar sem rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu hafa verið fjarlægðar eða þeim breytt án heimildar,

ef viðkomandi veit eða hefur fulla ástæðu til að vita að með þessum aðgerðum hvetur hann til brota á höfundarétti samkvæmt lögum eða hvers konar réttindum, sem eru skyld höfundarétti, samkvæmt lögum eða til brota á sinnar tegundar rétti, sem kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB, eða gerir brotin möguleg, auðveldar þau eða leynir þeim.

2. Í þessari tilskipun er merking hugtaksins „upplýsingar um réttindaumsýslu“ sem hér segir: upplýsingar, sem rétthafar veita og sem auðkenna verkið eða annað efni, sem um getur í þessari tilskipun eða sem fellur undir sinnar tegundar rétt sem kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB, og sem auðkenna höfundinn eða aðra rétthafa, eða upplýsingar um skilyrði og skilmála fyrir notkun verkanna eða annars efnis og um allar tölur og kóða sem tákna slíkar upplýsingar.

Fyrsta undirgrein gildir ef eitthvert þessara upplýsingaratriða tengist afriti af verkinu eða efninu eða birtist í tengslum við miðlun til almennings á verkinu eða öðru efni sem um getur í þessari tilskipun eða sem fellur undir sinnar tegundar rétt sem kveðið er á um í III. kafla tilskipunar 96/9/EB.

IV. KAFLI

**SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI**

*8. gr.*

**Viðurlög og úrræði**

1. Aðildarríkin skulu kveða á um viðeigandi viðurlög og úrræði að því er varðar brot á réttindum og skyldum samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þessum viðurlögum og úrræðum sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

2. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rétthafar geti höfðað skaðabótamál og/eða krafist lögbanns, ef brotleg háttsemi á yfirráðasvæði þess skaðar hagsmuni þeirra, og krafist þess, þar sem það á við, að ólöglega efnið, sem og tæki, vörur eða íhlutir, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., verði gert upptækt.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rétthafar séu í aðstöðu til að krefjast lögbanns gegn milliliðum ef þriðji aðili notar þjónustu þeirra til að brjóta gegn höfundarétti eða skyldum rétti.

*9. gr.*

**Áframhaldandi beiting annarra lagaákvæða**

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði sem varða einkum einkaleyfisréttindi, vörumerki, hönnunarréttindi, nytjamynstur, svæðislýsingar hálfleiðara, leturgerð, skilyrtan aðgang, aðgang að kapli til útvarpsútsendinga, vernd þjóðarverðmæta, skilaskyldu, lög um samkeppnishömlur og óréttmæta samkeppni, viðskiptaleyndarmál, öryggi, trúnaðarskyldu, gagnavernd og friðhelgi einkalífsins, aðgang að opinberum skjölum og samningalög.

*10. gr.*

**Tímamörk**

1. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu gilda að því er varðar öll verk og annað efni sem um getur í þessari tilskipun og njóta verndar 22. desember 2002 samkvæmt löggjöf aðildarríkjanna á sviði höfundaréttar og skyldra réttinda eða sem fullnægja viðmiðunum fyrir vernd samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar eða ákvæðunum sem um getur í 2. mgr. 1. gr.

2. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á aðgerðir sem hafa verið samþykktar fyrir 22. desember 2002 og réttindi sem hefur verið aflað fyrir framangreindan dag.

*11. gr.*

**Tæknileg aðlögun**

1. Tilskipun 92/100/EBE er breytt sem hér segir:

a) 7. gr. falli brott.

b) Í stað 3. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„3. Takmörkununum skal aðeins beitt í tilteknum sértilvikum sem stríða ekki gegn eðlilegri hagnýtingu efnisins og skerða ekki með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni rétthafa.“

2. Í stað 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 93/98/EBE komi eftirfarandi:

„2. Réttindi framleiðenda hljóðrita falla niður 50 árum eftir að upptaka fer fram. Ef hljóðritið er gefið út á löglegan hátt á þessu tímabili falla réttindin þó niður 50 árum eftir fyrsta dag löglegrar útgáfu. Ef ekki á sér stað lögleg útgáfa á tímabilinu sem nefnt er í fyrsta málslið og ef hljóðritinu hefur verið miðlað til almennings á löglegan hátt á þessu tímabili falla réttindin niður 50 árum eftir fyrsta dag löglegrar miðlunar til almennings.

Ef réttindi framleiðenda hljóðrita eru ekki lengur vernduð 22. desember 2002, vegna þess að þá er runninn út verndartíminn sem veittur var samkvæmt þeirri útgáfu þessarar málsgreinar sem er í gildi fyrir samþykkt tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsinga-samfélaginu (*), felur þessi málsgrein þó ekki í sér að hljóðritið njóti verndar á ný.

(*) Stjtíð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10.“

*12. gr.*

**Lokaákvæði**

1. Eigi síðar en 22. desember 2004 og á þriggja ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um beitingu þessarar tilskipunar þar sem hún fjallar sérstaklega, m.a. á grundvelli tiltekinna upplýsinga sem aðildarríkin veita, um beitingu 5., 6., og 8. gr. í ljósi þróunarinnar á stafræna markaðinum. Að því er varðar 6. gr. skoðar framkvæmdastjórnin sérstaklega hvort sú grein veiti nægilega vernd og hvort aðgerðir, sem eru leyfðar samkvæmt lögum, verði fyrir skaðlegum áhrifum vegna notkunar skilvirkra tæknilegra ráðstafana. Ef nauðsyn krefur, einkum til að tryggja starfsemi innri markaðarins skv. 14. gr. sáttmálans, skal hún leggja fram tillögur að breytingum á þessari tilskipun.

2. Vernd réttinda, sem eru skyld höfundarétti, samkvæmt þessari tilskipun skal ekki skerða eða hafa á neinn hátt áhrif á vernd höfundaréttar.

3. Tengslanefnd er hér með komið á fót. Hún skal skipuð fulltrúum lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal gegna formennsku í nefndinni og skal nefndin funda að frumkvæði formanns hennar eða að beiðni sendinefndar aðildarríkis.

4. Hlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

a) að rannsaka áhrif þessarar tilskipunar á starfsemi innri markaðarins og vekja athygli á öllum vandkvæðum;

b) að skipuleggja samráð um öll álitamál sem rísa vegna beitingar þessarar tilskipunar;

c) að greiða fyrir skiptum á upplýsingum um viðeigandi þróun á sviði löggjafar og dómaframkvæmdar og um viðeigandi þróun á sviði efnahags-, félags-, menningar- og tæknimála;

d) að vera vettvangur mats á stafræna markaðinum fyrir verk og annað efni, þar með talið afritun til einkanota og notkun tæknilegra ráðstafana.

*13. gr.*

**Framkvæmd**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 22. desember 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*14. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*15. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. maí 2001.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| N. FONTAINE | M. WINBERG |
| *forseti.* | *forseti.* |

**TILMÆLI RÁÐSINS** **2007/EES/16/29**

**frá 18. febrúar 2003**

**um að bæta heilsuvernd og auka öryggi á vinnustöðum hjá sjálfstætt starfandi einstaklingum (*)**

(2003/134/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 308. gr.,

með hliðsjón af tillögu um tilmæli framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um áætlun Bandalagsins varðandi öryggi, hollustuhætti og heilbrigði á vinnustöðum (1996 til 2000) ([3]) skal athuga þörfina á tillögu um að ráðið setji fram tilmæli varðandi heilbrigði og öryggi sjálfstætt starfandi einstaklinga m.t.t. sívaxandi fjölda slíkra starfsmanna.

2) Í ályktun sinni ([4]) um almenna rammann um aðgerðir framkvæmdastjórnarinnar á sviði öryggis, hollustuhátta og heilsuverndar á vinnustöðum (1994 til 2000) leggur Evrópuþingið það til að þær feli í sér ráðstafanir til að rýmka rammatilskipunina þannig að hún nái til sjálfstætt starfandi einstaklinga. Í ályktun sinni ([5]) um skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar um miðbik hennar beinir Evrópuþingið athyglinni aftur að hópi sjálfstætt starfandi einstaklinga, sem lögin ná oft ekki til, og minnir á að aukin undirverktaka hafi leitt til þess að vinnuslysum hafi fjölgað.

3) Bæði launafólk og sjálfstætt starfandi einstklingar skulu, ef unnt er, taka tillit til orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 11. mars 2002 – „Aðlögun að breytingum í vinnu og samfélagi; ný áætlun Bandalagsins um heilbrigði og öryggi á vinnustað 2002 til 2006“ – og ályktunar ráðsins frá 3. júní 2002 um nýja áætlun Bandalagsins um heilbrigði og öryggi á vinnustað (2002 til 2006), sem miðar að því að skapa viðhorf, sem eru fyrirbyggjandi og hafa áhrif á hegðun.

4) Aðilar vinnumarkaðarins leggja sérstaka áherslu á heilsuvernd og öryggi bæði sjálfstætt starfandi einstaklinga og annarra sem vinna á sama vinnustað og nær allir eru hlynntir aðgerð Bandalagsins í formi tilmæla frá ráðinu þar sem áherslunni er beint að þáttum þar sem áhættan er mikil og einkum að ráðstöfunum til að veita upplýsingar og vekja menn til vitundar um að koma þurfi í veg fyrir áhættu og viðhalda viðeigandi þjálfun og heilbrigðiseftirliti.

5) Almenna reglan er að starfsmenn, sem vinna störf sín án þess að vera í ráðningarsambandi við vinnuveitanda, eða, sem algengara er, án þess að vera í sambandi sem gerir þá að undirmönnum þriðja aðila, falla ekki undir gildissvið tilskipana Bandalagsins um heilbrigði og öryggi á vinnustað, einkum að því er varðar rammatilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ([6]). Þessir starfsmenn falla heldur ekki undir gildandi lög í sumum aðildarríkjum á sviði heilbrigðis og öryggis á vinnustað.

6) Sjálfstætt starfandi einstaklingar, hvort sem þeir vinna einir eða hafa menn í vinnu, geta verið í svipaðri áhættu varðandi heilbrigði og öryggi og starfsráðnir einstaklingar.

7) Sjálfstætt starfandi einstaklingar geta, með starfsemi sinni, stefnt í hættu öryggi og heilbrigði annarra sem vinna á sama vinnustað.

8) Einnig eru margar atvinnugreinar í Bandalaginu þar sem áhættan telst mjög mikil og fjölmargir sjálfstætt starfandi einstaklingar starfa (landbúnaður, fiskveiðar, byggingarvinna og flutningar).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 53, 28.2.2003, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2004, 9. júli 2004 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 31.

([1]) Álit frá 23. október 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

([2]) Stjtíð. EB C 241, 7.10.2002, bls. 139.

([3]) Stjtíð. EB C 262, 7.10.1995, bls. 18.

([4]) Stjtíð. EB C 205, 25.7.1994, bls. 478.

([5]) Ályktun Evrópuþingsins frá 25.2.1999 (A4-0050/1999).

([6]) Stjtíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

9) Í nýlegum tilmælum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í kjölfar samþykktar um heilbrigði og öryggi í landbúnaði ([1]) er mælt fyrir um að aðildarríki skuli smám saman auka vernd starfsmanna svo að hún nái til sjálfstætt starfandi bænda, að teknu tilliti til sjónarmiða samtaka sem eru í fyrirsvari fyrir sjálfstætt starfandi bændur ef þörf krefur.

10) Vinnuslys og atvinnusjúkdómar, sem sjálfstætt starfandi einstaklingar verða einkum fyrir, leiða af sér mikinn kostnað bæði í félagslegu og mannlegu tilliti.

11) Af þessari ástæðu er rétt að taka tillit til sjálfstætt starfandi einstaklinga og leggja, í þessum tilmælum, áherslu á að koma í veg fyrir hættuna á vinnuslysum og atvinnusjúkdómum sem sjálfstætt starfandi einstaklingum er stofnað í.

12) Að það er nauðsynlegt að taka tillit til sérstakra aðstæðna sjálfstætt starfandi einstaklinga hefur nú þegar verið viðurkennt í tengslum við vinnu sem er unnin á bráðabirgðabyggingarsvæðum eða færanlegum byggingarsvæðum þar eð kveðið er á um það í tilskipun 92/57/EBE ([2]) að rýmka skuli tiltekin ákvæði um notkun tækja á vinnustað og hlífðarbúnað svo að þau nái til sjálfstætt starfandi einstaklinga.

13) Með bættum öryggis- og heilbrigðisviðmiðunum fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga er hægt að bæta samkeppnisskilyrði og samkeppnishæfni á vettvangi Bandalagsins.

14) Einnig er nauðsynlegt að bæta aðgang sjálfstætt starfandi einstaklinga að þjálfun og upplýsingum svo að þeir geti bætt bæði eigið heilbrigði og öryggi og annarra sem vinna á sama vinnustað.

15) Aðildarríkin skulu velja þær leiðir sem þau telja heppilegastar til að ná þessum markmiðum.

16) Þessi tilmæli hafa ekki áhrif á gildandi, innlend ákvæði um hærra öryggisstig eða þau sem síðar verða sett.

17) Við núverandi aðstæður eru aðildarríkin í bestri stöðu til að gera viðeigandi ráðstafanir en Bandalaginu ber einnig að leggja sitt af mörkum til að ná markmiðunum með þessum tilmælum.

18) Þessi tilmæli voru samin að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins, í samræmi við 2. og 3. mgr. 138. gr. EB-sáttmálans, og við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum,

LEGGUR TIL AÐ AÐILDARRÍKIN:

1. stuðli að öryggi og heilbrigði sjálfstætt starfandi einstaklinga, í samræmi við þá stefnu sína að koma í veg fyrir vinnuslys og atvinnusjúkdóma, og taki um leið tillit til sérstakrar áhættu í tilteknum greinum og þess hve sérstaks eðlis sambandið er á milli verktakafyrirtækja og sjálfstætt starfandi einstaklinga,

2. velji þær ráðstafanir sem þau telja heppilegastar þegar þau stuðla að heilbrigði og öryggi sjálfstætt starfandi einstaklinga s.s. eitthvað af eftirfarandi: löggjöf, ívilnanir, upplýsingaherferðir og hvatningu viðeigandi hagsmunaaðila,

3. geri nauðsynlegar ráðstafanir, sem geta verið herferðir til vitundarvakningar, til að sjálfstætt starfandi einstaklingar geti fengið gagnlegar upplýsingar og ráð hjá þar til bærri þjónustu og/eða aðilum, svo og eigin samtökum, um það hvernig koma megi í veg fyrir vinnuslys og sjúkdóma,

4. geri nauðsynlegar ráðstafanir til að sjálfstætt starfandi einstaklingar eigi kost á nægri þjálfun til að ná viðunandi færni með tilliti til öryggis og heilbrigðis,

5. auðveldi greiðan aðgang að þessum upplýsingum og að þjálfun án þess að það hafi í för með sér óhóflegan kostnað fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga,

6. veiti sjálfstætt starfandi einstaklingum, sem þess óska, aðgang að hæfilegu heilbrigðiseftirliti miðað við áhættu, í samræmi við landslög og/eða venjur,

7. taki tillit til fáanlegra upplýsinga um reynsluna í öðrum aðildarríkjum er þau móta stefnu til að koma í veg fyrir vinnuslys og sjúkdóma,

8. rannsaki skilvirkni gildandi innlendra ráðstafana eða ráðstafana, sem eru gerðar eftir samþykkt þessara tilmæla, við lok fjögurra ára tímabils sem hefst með samþykkt þessara tilmæla og veiti framkvæmdastjórninni upplýsingar um niðurstöður sínar.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2003.

*Fyrir hönd ráðsins,*

N. CHRISTODOULAKIS

*forseti.*

([1]) ILO-samþykkt 184/2001 frá 21.6.2001.

([2]) Stjtíð. EB L 245, 26.8.1992, bls. 6.

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/73/EB** **2007/EES/16/30**

**frá 23. september 2002**

**um breytingu á tilskipun ráðsins 76/207/EBE um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör (*)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 141. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]) á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 19. apríl 2002,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í samræmi við 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið er Sambandið byggt á meginreglum um frelsi, lýðræði, virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi og á meginreglum réttarríkisins, en þessar meginreglur eru sameiginlegar öllum aðildarríkjunum, og ber Sambandinu að virða, sem almennar meginreglur Bandalagslaga, þau grundvallarréttindi sem eru tryggð í Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis og sem leiðir af sameiginlegum, stjórnskipunarhefðum aðildarríkjanna.

2) Réttur allra manna til jafnréttis að lögum og til verndar gegn mismunun er almennur réttur sem viðurkenndur er í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (almennu mannréttindayfirlýsingunni), samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum, alþjóðasamningnum um afnám alls kynþáttamisréttis, samningum Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og í sáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem öll aðildarríkin hafa undirritað.

3) Í þessari tilskipun er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

4) Jafnrétti karla og kvenna er grundvallarregla skv. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. EB-sáttmálans og dómaframkvæmd dómstólsins. Með þessum ákvæðum sáttmálans er jafnrétti karla og kvenna gert að „viðfangsefni“ og „markmiði“ Bandalagsins og lögð sú skylda (positive obligation) á Bandalagið að stuðla að framgangi þess á öllum athafnasviðum.

5) Í 141. gr. sáttmálans, einkum í 3. mgr., er sérstaklega fjallað um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna að því er varðar atvinnu og störf.

6) Í tilskipun ráðsins 76/207/EBE ([4]) eru hugtökin bein og óbein mismunun ekki skilgreind. Ráðið hefur, á grundvelli 13. gr. sáttmálans, samþykkt tilskipun 2000/43/EB frá 29. júní 2000 um beitingu meginreglunnar um jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar og þjóðernis ([5]) og tilskipun 2000/78/EB frá 27. nóvember 2000 um almennan ramma um jafna meðferð með tilliti til atvinnu og starfa ([6]) þar sem bein og óbein mismunun er skilgreind. Því er rétt að bæta við skilgreiningum varðandi kynin í samræmi við þessar tilskipanir.

7) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á félagafrelsi, þ.m.t. réttinn til að stofna stéttarfélög ásamt öðrum og ganga í slík félög til að verja eigin hagsmuni. Ráðstafanir, í skilningi 4. mgr. 141. gr. sáttmálans, geta falið í sér aðild að eða áframhaldandi starf í samtökum eða stéttarfélögum sem hafa það meginmarkmið að styðja í reynd framgang meginreglunnar um jafna meðferð kvenna og karla.

8) Áreitni sem tengist kynferði einstaklings og kynferðisleg áreitni er andstæð meginreglunni um jafna meðferð kvenna og karla. Því er rétt að slík hugtök verði skilgreind og þess háttar mismunun bönnuð. Í þessu skyni ber að vekja athygli á því að mismunun af þessu tagi kemur ekki einungis fram á vinnustað heldur einnig í tengslum við aðgang að atvinnu og starfsþjálfun, í vinnu og við störf.

9) Í þessu sambandi ber að hvetja vinnuveitendur og þá sem annast starfsþjálfun til að gera ráðstafanir til að berjast gegn hvers konar kynjamismunun og einkum

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. EB L 269, 5.10.2002, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2004, 9. júli 2004 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 32.

([1]) Stjtíð. EB C 337 E, 28.11.2000, bls. 204 og Stjtíð. EB C 270 E, 25.9.2001, bls. 9.

([2]) Stjtíð. EB C 123, 25.4.2001, bls. 81.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 31. maí 2001 (Stjtíð. EB C 47, 21.2.2002, bls. 19), sameiginleg afstaða ráðsins frá 23. júlí 2001 (Stjtíð. EB C 307, 31.10.2001, bls. 5) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 24. október 2001 (Stjtíð. EB C 112 E, 9.5.2002, bls. 14). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. júní 2002 og ákvörðun ráðsins frá 13. júní 2002.

([4]) Stjtíð. EB L 39, 14.2.1976, bls. 40.

([5]) Stjtíð. EB L 180, 19.7.2000, bls. 22.

([6]) Stjtíð. EB L 303, 2.12.2000, bls. 16.

að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir gegn áreitni og kynferðislegri áreitni á vinnustað í samræmi við landslög og venju.

10) Það er í valdi dómstóla eða annarra lögbærra aðila einstakra ríkja að meta staðreyndir sem benda til þess að bein eða óbein mismunun hafi átt sér stað, í samræmi við innlendar réttarreglur eða venju. Þessar reglur geta m.a. kveðið á um að leita megi allra leiða til að fá úr því skorið hvort óbein mismunun hafi átt sér stað, þ.m.t. með tölulegum upplýsingum. Samkvæmt dómaframkvæmd dómstólsins ([1]) felur mismunun í sér að mismunandi reglum er beitt við sambærilegar aðstæður eða að sömu reglu er beitt við mismunandi aðstæður.

11) Atvinnustarfsemi, sem aðildarríkin geta undanþegið gildissviði tilskipunar 76/207/EBE, skal takmarkast við starfsemi þar sem nauðsynlegt er, sökum eðlis viðkomandi starfsemi, að ráða annað hvort kynið til starfa, að því tilskildu að markmiðið, sem stefnt er að, sé löglegt og í samræmi við meðalhófsregluna eins og mælt er fyrir um í dómaframkvæmd dómstólsins ([2]).

12) Dómstóllinn hefur ítrekað viðurkennt lögmæti þess að, á grundvelli meginreglunnar um meginreglunnar um jafna meðferð, skuli konur njóta verndar vegna líkamlegs ástands síns á meðgöngu og þar á eftir Þar að auki hefur dómstóllinn ítrekað úrskurðað að öll meðferð óhagstæð konum, sem tengist meðgöngu og fæðingu, sé bein kynjamismunun. Þessi tilskipun er því með fyrirvara um tilskipun ráðsins 92/85/EBE frá 19. október 1992 um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti ([3]) (tíunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE), þar sem markmiðið er að tryggja líkamlega og andlega heilsuvernd þungaðra kvenna, kvenna sem hafa nýlega alið barn og kvenna sem eru með barn á brjósti. Í inngangsorðum tilskipunar 92/85/EBE er kveðið á um að vernd öryggis og heilsu þungaðra starfsmanna, sem hafa nýlega alið barn eða starfsmanna sem hafa barn á brjósti, skuli ekki fela í sér meðferð sem er óhagstæð konum á vinnumarkaði né heldur vinna gegn tilskipunum sem varða jafna meðferð karla og kvenna. Dómstóllinn hefur viðurkennt að vernda skuli rétt kvenna til atvinnu, einkum rétt þeirra til að hverfa aftur að sama eða jafngildu starfi þar sem vinnuskilyrði eru þeim ekki óhagstæðari og einnig að njóta góðs af hvers konar umbótum á vinnuskilyrðum í fjarveru sinni, sem þær hefðu átt rétt á.

13) Í ályktun ráðsins og ráðherra atvinnumála og félagsmálastefnu, sem komu saman í ráðinu 29. júní 2000, um jafnvægi í þátttöku kvenna og karla í fjölskyldu- og atvinnulífi ([4]), voru aðildarríkin hvött til þess að kanna hvert um sig hvort svigrúm væri til þess, í landslögum, að veita körlum í starfi einstaklingsbundinn og óframseljanlegan rétt til feðraorlofs og að þeir haldi jafnframt starfstengdum réttindum. Í þessu sambandi er mikilvægt að leggja áherslu á að það er í valdi aðildarríkjanna að ákveða hvort veita skuli þennan rétt og einnig að ákvarða skilyrði, að frátaldri brottvikningu og afturhvarfs til starfa, sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

14) Samkvæmt 4. mgr. 141. gr. sáttmálans geta aðildarríkin viðhaldið eða gert ráðstafanir til sérstakra hagsbóta sem auðvelda því kyninu sem er í minnihluta að stunda vinnu eða til að koma í veg fyrir eða bæta upp lakari aðstöðu til starfsframa. Miðað við núverandi aðstæður og með yfirlýsingu nr. 28 í Amsterdam-sáttmálanum í huga skulu aðildarríkin, til að byrja með, stefna að því að bæta stöðu kvenna í atvinnulífinu.

15) Bann við mismunun skal vera með fyrirvara um viðhald eða samþykkt ráðstafana sem ætlað er að koma í veg fyrir eða bæta upp lakari stöðu hóps einstaklinga af sama kyni. Með slíkum ráðstöfunum eru samtök einstaklinga af sama kyni heimiluð ef meginmarkmið þeirra er að stuðla að því að mæta sérstökum þörfum þeirra og stuðla að jafnrétti kvenna og karla.

16) Meginreglan um sömu laun karla og kvenna hefur þegar verið formlega ákveðin með 141. gr. sáttmálans og tilskipun ráðsins 75/117/EBE frá 10. febrúar 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna er varða beitingu meginreglunnar um sömu laun karla og kvenna ([5]) og er stöðugt haldið við lýði með dómaframkvæmd dómstólsins. Meginreglan felur í sér mikilvægan og ómissandi hluta af réttarreglum Bandalagsins varðandi kynjamismunun.

17) Dómstóllinn hefur úrskurðað að starfsmenn skuli, með tilliti til meginreglunnar um réttinn til að njóta haldgóðrar réttarverndar, njóta slíkrar verndar, einnig eftir að ráðningarsambandi lýkur ([6]). Starfsmaður, sem er verjandi eða ber vitni í þágu einstaklings sem nýtur verndar samkvæmt þessari tilskipum, skal eiga rétt á sömu vernd.

([1]) Mál C-394/96 Brown, [1998] dómasafn EB I-4185, mál C-342/93 Gillespie, [1996] dómasafn EB I-475.
([2]) Mál C-222/84 Johnston, [1986] dómasafn EB 1651, mál C-273/97 Sirdar [1999] dómasafn EB I-7403 og mál C-285/98 Kreil [2000] dómasafn EB I-69.
([3]) Stjtíð. EB L 348, 28.11.1992, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB C 218, 31.7.2000, bls. 5.
([5]) Stjtíð. EB L 45, 19.2.1975, bls. 19.
([6]) Mál C-185/97 Coote [1998] dómasafn EB I-5199.

18) Dómstóllinn hefur úrskurðað að til þess að meginreglan um jafna meðferð skili tilætluðum árangri þurfi hún að fela í sér að í hvert skipti sem reglan er brotin skuli bætur til starfsmannsins, sem brotið er á, nægja til að bæta honum skaðann. Dómstóllinn hefur enn fremur skilgreint að skilvirkt bótakerfi geti orðið að engu ef efri mörk eru fyrir fram ákveðin og að óheimilt sé að útiloka vaxtagreiðslur vegna skaða sem þegar er orðinn ([1]).

19) Samkvæmt dómaframkvæmd dómstólsins er leyfilegt að setja innlendar reglur um fresti til höfðunar máls að því tilskildu að þeir séu ekki óhagstæðari en frestir til svipaðra aðgerða innanlands og að þeir geri það ekki ómögulegt í reynd að nýta rétt sem kveðið er á um í lögum Bandalagsins.

20) Tryggja ber þeim sem hefur verið mismunað á grundvelli kynferðis nauðsynlega réttarvernd. Til að tryggja enn skilvirkari vernd skal einnig veita félögum, samtökum og öðrum lögaðilum heimild, sem aðildarríkin ákvarða nánar, til að koma að máli, annaðhvort fyrir hönd þess sem sætir mismunun eða honum til stuðnings, sbr. þó málsmeðferðarreglur landslaga um fyrirsvar og málsvörn fyrir dómstólum.

21) Aðildarríkjunum ber að stuðla að skoðanaskiptum milli aðila vinnumarkaðarins og við frjáls félaga-samtök, í samræmi við innlenda venju, um hin ýmsu form kynjamismununar á vinnustað og berjast gegn slíkri mismunun.

22) Aðildarríkjunum ber að kveða á um viðurlög við brotum gegn skyldum, samkvæmt tilskipun 76/207/EBE, sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

23) Í samræmi við dreifræðisregluna, eins og segir í 5. gr. sáttmálans, geta aðildarríkin ekki með góðu móti náð markmiðum fyrirhugaðra aðgerða og verður þeim betur náð á vettvangi Bandalagsins. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

24) Tilskipun 76/207/EBE skal því breytt í samræmi við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Tilskipun 76/207/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við 1. gr.:

„1a. Aðildarríkin skulu taka fullt tillit til markmiðsins um jafnrétti karla og kvenna þegar þau semja og innleiða lög, reglur, stjórnsýsluákvæði, stefnu og starfsemi á þeim sviðum sem um getur í 1. mgr.“

2. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

*„2. gr.*

1. Í eftirfarandi ákvæðum skal það felast í meginreglunni um jafnrétti að óheimilt sé að mismuna einstaklingum vegna kynferðis þeirra, hvort heldur er beint eða óbeint, einkum með tilvísun til hjúskapar- eða fjölskyldustöðu.

2. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

— bein mismunun: þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð, á grundvelli kynferðis, en annar fær, hefur fengið eða myndi fá við sambærilegar aðstæður,

— óbein mismunun: þegar að því er virðist hlutlaust ákvæði, viðmiðun eða venja setur fólk af öðru kyninu í verri stöðu en fólk af hinu kyninu nema viðkomandi ákvæði, viðmiðun eða venja sé réttlætt á hlutlægan hátt með lögmætu markmiði og aðferðirnar til að ná þessu markmiði séu viðeigandi og nauðsynlegar,

— áreitni: þegar óæskilegt framferði, sem tengist kynferði einstaklings, á sér stað og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu einstaklings og skapa ógnandi, fjandsamlegt, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi andrúmsloft,

— kynferðisleg áreitni: hvers kyns óæskilegt framferði, með orðum, án orða eða af kynferðislegum toga, sem á sér stað og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu einstaklings, einkum þegar skapað er ógnandi, fjandsamlegt, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi andrúmsloft.

3. Áreitni og kynferðisleg áreitni í skilningi þessarar tilskipunar skal teljast mismunun á grundvelli kynferðis og því bannað.

Ekki má leggja það til grundvallar ákvörðun, sem hefur áhrif á einstakling, hvort hann hafi vísað á bug eða sætt sig við slíkt framferði.

4. Fyrirmæli um að mismuna mönnum á grundvelli kynferðis skal teljast mismunun í skilningi þessarar tilskipunar.

5. Aðildarríkin skulu, í samræmi við landslög, kjarasamninga eða venju, hvetja vinnuveitendur og þá sem bera ábyrgð á aðgangi að starfsþjálfun til að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kynferðis, í hvaða mynd sem er, einkum áreitni og kynferðislega áreitni á vinnustað.

([1]) Mál C-180/95, Draehmpaehl, [1997] dómasafn EB I-2195, Mál C-271/91, Marshall [1993] dómasafn EB I-4367.

6. Aðildarríkin geta, að því er varðar aðgang að atvinnu, þ.m.t. menntun sem eykur möguleika á atvinnu, kveðið á um að mismunandi meðferð, sem grundvallast á eiginleikum sem tengjast kynferði, skuli ekki teljast mismunun ef atvinnustarfsemin, sem um er að ræða, er þess eðlis eða stunduð í umhverfi þar sem þessi eiginleiki er raunveruleg og afgerandi krafa í starfi, að því tilskildu að markmiðið sé lögmætt og krafan sé í eðlilegu hlutfalli við það.

7. Þessi tilskipun er með fyrirvara um ákvæði varðandi vernd kvenna, einkum með tilliti til meðgöngu og fæðingar.

Kona í fæðingarorlofi skal eiga rétt á að hverfa aftur að starfi sínu þegar fæðingarorlofi hennar lýkur eða jafngildu starfi þar sem skilmálar og skilyrði eru henni ekki óhagstæðari og einnig að njóta góðs af hvers konar umbótum á vinnuskilyrðum í fjarveru sinni sem hún hefði átt rétt á.

Meðferð óhagstæð konu á meðgöngu eða í fæðingarorlofi í skilningi tilskipunar 92/85/EBE telst vera mismunun í skilningi þessarar tilskipunar.

Þessi tilskipun er einnig með fyrirvara um ákvæði tilskipunar ráðsins 96/34/EB frá 3. júní 1996 um rammasamninginn um foreldraorlof sem UNICE, CEEP og ETUC hafa gert (*) og ákvæði tilskipunar ráðsins 92/85/EBE frá 19. október 1992 um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti (tíunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (**). Hún er einnig með fyrirvara um rétt aðildarríkis til að viðurkenna sérstakan rétt til feðraorlofs og/eða orlofs vegna ættleiðingar. Þau aðildarríki sem viðurkenna slíkan rétt skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda karla og konur í starfi gegn brottvikningu af þeirri ástæðu að þau neyta þessa réttar og tryggja að við lok slíks orlofs eigi þau rétt á að hverfa aftur að störfum sínum eða jafngildum störfum með skilmálum og skilyrðum sem eru þeim ekki óhagstæðari og að njóta góðs af hvers konar umbótum á vinnuskilyrðum í fjarveru sinni, sem þau hefðu átt rétt á.

8. Aðildarríkin geta viðhaldið ráðstöfunum eða samþykkt ráðstafanir í skilningi 4. mgr. 141. gr. sáttmálans með það fyrir augum að tryggja fullt jafnræði karla og kvenna í reynd.

(*) Stjtíð. EB L 145, 19.6.1996, bls. 4.

(**) Stjtíð. EB L 348, 28.11.1992, bls. 1.“

3. Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„*3. gr.*

1. Beiting meginreglunnar um jafna meðferð felur í sér að öll bein eða óbein mismunun á grundvelli kynferðis sé óheimil bæði í opinbera geiranum og einkageiranum, þ.m.t. í opinberum stofnunum, í tengslum við:

a) skilyrði fyrir aðgangi að atvinnu og sjálfstæðri atvinnustarfsemi, þ.m.t. viðmiðanir um val og forsendur ráðningar, hver sem atvinnugreinin er og á öllum starfsstigum, þ.m.t. stöðuhækkun,

b) aðgang að hvers konar starfsleiðbeiningum á öllum stigum, starfsmenntun, framhaldsstarfsmenntun og endurmenntun, að meðtalinni hagnýtri starfsreynslu,

c) atvinnu- og vinnuskilyrði, þ.m.t, brottvikningar, svo og laun eins og kveðið er á um í tilskipun 75/117/EBE,

d) aðild að og þátttöku í samtökum launafólks eða vinnuveitenda eða samtökum þar sem félagarnir stunda tiltekið starf, að meðtöldum þeim hlunnindum sem slík samtök veita félögum sínum.

2. Í þessu skyni skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:

a) að öll lög og stjórnsýslufyrirmæli, sem brjóta í bága við meginregluna um jafna meðferð, séu afnumin,

b) að öll ákvæði, sem brjóta í bága við meginregluna um jafna meðferð og eru hluti af samningum eða kjarasamningum, eigin reglum fyrirtækja, reglum um sjálfstæða starfsemi og starfsgreinar og samtök launþega og vinnuveitenda, verði eða kunni að verða lýst ógild eða þeim breytt.“

4. Ákvæði 4. og 5. gr. falli brott,

5. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„*6. gr.*

1. Aðildarríkin skulu tryggja að allir þeir sem telja sig rangindum beitta vegna þess að meginreglunni um jafna meðferð hafi ekki verið fylgt í þeirra tilviki eigi kost á dóms- og stjórnsýslumeðferð, einnig sáttameðferð þegar þau telja það við hæfi, til að tryggja að skyldum samkvæmt þessari tilskipun sé framfylgt, þótt aðstæðurnar, sem mismununin á að hafa átt sér stað við, séu ekki lengur fyrir hendi.

2. Aðildarríkin skulu innleiða í réttarkerfi sitt nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja raunverulegar bætur sem hafa áhrif eða endurgjald, sem aðildarríkin ákvarða, fyrir tap eða skaða sem einstaklingur verður fyrir vegna mismununar andstætt 3. gr. á þann hátt sem er letjandi og í réttu hlutfalli við skaðann; slíkar bætur eða endurgjald má ekki takmarka við fyrir fram ákveðin efri mörk, nema í þeim tilvikum að vinnuveitandinn geti sannað að eini skaðinn sem umsækjandinn hafi orðið fyrir af völdum mismununar, í skilningi þessarar tilskipunar, sé að starfsumsókn hans hafi ekki verið tekin til greina.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að félög, samtök eða aðrir lögaðilar, sem í samræmi við viðmiðanir í landslögum, eiga lögmætra hagsmuna að gæta í því að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar, geti átt aðild að dóms- eða stjórnsýslumeðferð sem miðar að því að fullnægja þeim skyldum sem þessi tilskipun hefur í för með sér, annaðhvort fyrir hönd kæranda eða til stuðnings honum og með eða án hans samþykkis.

4. Ákvæði 1. og 3. mgr. hafa ekki áhrif á reglur landsréttar um fresti til höfðunar máls með tilliti til meginreglunnar um jafna meðferð.“

6. Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

*„7. gr.*

Aðildarríkin skulu innleiða í réttarkerfi sitt nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda starfsmenn, eða fulltrúa starfsmanna samkvæmt landslögum og/eða venju, gegn brottvikningu eða annarri óhagstæðri meðferð sem vinnuveitandi kann að beita til að bregðast við kvörtun innan fyrirtækisins eða við málarekstri sem ætlað er að knýja fram að meginreglan um jafnrétti sé virt.“

7. Eftirfarandi greinar bætist við:

*„8. gr. a*

1. Aðildarríkin skulu tilnefna og gera nauðsynlegar ráðstafanir fyrir einn eða fleiri aðila sem eiga að stuðla að, greina, fylgjast með og styðja jafna meðferð allra manna án kynjamismununar. Þessir aðilar geta verið hluti af stofnunum sem hafa fengið það verkefni á landsvísu að verja mannréttindi eða standa vörð um réttindi einstaklinga.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að valdsvið þessara aðila taki m.a. til þess:

a) með fyrirvara um rétt einstaklinga sem sæta mismunun og félaga, samtaka eða annarra lögpersóna, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., að veita þeim sem sæta mismunun aðstoð við að reka kærumál vegna mismununar,

b) að gera óháðar kannanir á mismunun,

c) að birta óháðar skýrslur og setja fram tilmæli í málum er varða slíka mismunun.

*8. gr. b*

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við innlendar hefðir og venjur, gera viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að skoðanaskiptum milli aðila vinnumarkaðarins í því skyni að stuðla að jafnri meðferð, þ.m.t. eftirlit með starfsháttum á vinnustöðum, kjarasamningum og siðareglum, með rannsóknum eða miðlun reynslu og góðum starfsvenjum.

2. Sé það í samræmi við innlendar hefðir og venjur skulu aðildarríkin hvetja aðila vinnumarkaðarins, án þess að það hafi áhrif á sjálfstæði þeirra, til að stuðla að jafnrétti kvenna og karla og að gera samninga á viðeigandi stigi þar sem settar eru reglur um bann við mismunun á sviðum sem um getur í 1. gr. og falla undir gildissvið kjarasamninga. Í þessum samningum skulu lágmarkskröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, virtar svo og viðeigandi innlendar framkvæmdarráðstafanir.

3. Aðildarríkin skulu, í samræmi við landslög, kjarasamninga eða venju, hvetja vinnuveitendur til að stuðla að jafnri meðferð karla og kvenna á vinnustað á skipulegan og kerfisbundinn hátt.

4. Í þeim tilgangi skulu vinnuveitendur hvattir til að veita starfsmönnum og/eða fulltrúum þeirra viðeigandi upplýsingar með reglulegu millibili um jafna meðferð karla og kvenna í fyrirtækinu.

Síkar upplýsingar geta m.a. verið tölulegar upplýsingar um hlutfall karla og kvenna í ólíkum stöðum innan fyrirtækis eða stofnunar og hugsanlega ráðstafanir til að bæta ástandið í samstarfi við fulltrúa starfsmanna.

*8. gr. c*

Aðildarríkin skulu hvetja til skoðanaskipta við viðeigandi frjáls félagasamtök sem eiga, í samræmi við landslög og venju, lögmætra hagsmuna að gæta í baráttunni gegn kynjamismunun, með það fyrir augum að vinna meginreglunni um jafna meðferð aukið fylgi.

*8. gr. d*

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn innlendum lagaákvæðum sem eru samþykkt í samræmi við þessa tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt.

Viðurlögin, sem geta verið greiðsla skaðabóta til þess sem fyrir skaðanum verður, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 5. október 2005 og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar á þeim.

*8. gr. e*

1. Aðildarríkjunum er heimilt að setja eða viðhalda ákvæðum sem eru hagstæðari, að því er viðkemur vernd meginreglunnar um jafna meðferð, en ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Framkvæmd þessarar tilskipunar má aldrei verða til þess til að draga úr þeirri vernd gegn mismunun sem aðildarríkin veita nú þegar á sviðum sem tilskipun þessi tekur til.“

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 5. október 2005 eða sjá til þess að í síðasta lagi þann dag hafi aðilar vinnumarkaðarins gert nauðsynlegar ráðstafanir með samningi. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að geta ávallt ábyrgst að þau markmið, sem sett eru í þessari tilskipun, náist. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni, innan þriggja ára frá gildistöku þessarar tilskipunar, allar nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti tekið saman skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar.

3. Fjórða hvert ár skulu aðildarríkin, með fyrirvara um 2. mgr., senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem tengjast ráðstöfunum sem hafa verið samþykktar skv. 4. mgr. 141. gr. sáttmálans, svo og skýrslur um þær ráðstafanir og framkvæmd þeirra. Á grundvelli þeirra upplýsinga samþykkir framkvæmdastjórnin og birtir matsskýrslu fjórða hvert ár þar sem gerður er samanburður á ráðstöfununum í ljósi yfirlýsingar nr. 28 sem er viðauki við lokagerð Amsterdam-sáttmálans.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. september 2002.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| P. COX | M. FISCHER BOEL |
| *forseti.* | *forseti.* |

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/105/EB** **2007/EES/16/31**

**frá 16. desember 2003**

**um breytingu á tilskipun ráðsins 96/82/EB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna (*)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 22. október 2003 ([3]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Markmið tilskipunar 96/82/EB ([4]) er að fyrirbyggja stórslys af völdum hættulegra efna og draga úr afleiðingum þeirra fyrir menn og umhverfi með það í huga að um gervallt Bandalagið sé vernd gegn slíku tryggð á samkvæman og áhrifaríkan hátt.

2) Í ljósi nýlegra iðnaðarslysa og rannsókna á krabbameinsvöldum og efnum, sem eru hættuleg umhverfinu, sem gerðar voru á vegum framkvæmdastjórnarinnar að beiðni ráðsins skal víkka gildissvið tilskipunar 96/82/EB.

3) Slysið, sem varð við Baia Mare í Rúmeníu í janúar 2000 og leiddi til þess að sýaníð komst út í umhverfið og mengaði Dóná, hefur sýnt fram á að tiltekin starfsemi tengd geymslu og vinnslu efna í námugreftri, einkum förgun úrkasts, m.a. ef um er að ræða vatnsfylltar gryfjur undir úrkast eða stíflur í tengslum við úrkast, getur haft mjög alvarlegar afleiðingar. Í orðsendingum framkvæmdastjórnarinnar um öruggan námurekstur og sjöttu aðgerðaáætlun Evrópubandalagsins á sviði umhverfismála er lýst yfir þörf á því að víkka gildissvið tilskipunar 96/82/EB. Í ályktun sinni frá 5. júlí 2001 ([5]) um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um öruggan námugröft lýsti Evrópuráðið einnig lýst sig samþykkt víkkun á gildissviði tilskipunarinnar þannig að hún nái til hættu sem tengist geymslu og vinnslu efna í námugreftri.

4) Tillagan um tilskipun um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaðinum getur orðið heppilegur rammi fyrir aðgerðir í tengslum við þær úrgangsmeðhöndlunarstöðvar, sem hafa í för með sér hættu á slysum, en falla ekki undir ákvæði þessarar tilskipunar.

5) Flugeldaóhappið í Entschede í Hollandi í maí 2000 leiddi í ljós þá miklu slysahættu sem hlýst af geymslu og framleiðslu skoteldaefna og sprengiefna. Því er rétt að skýra og einfalda skilgreiningarnar í tilskipun 96/82/EB á þessum efnum.

6) Sprengingin í áburðarverksmiðju í Toulouse í september 2001 hefur opnað augu manna fyrir þeirri hættu sem stafar af geymslu ammoníumnítrats og áburðar, sem er að stofni til úr ammoníumnítrati, einkum efna sem er ýtt til hliðar í framleiðsluferlinu eða skilað til framleiðandans vegna þess að þau standast ekki gæðakröfur. Núverandi flokkar ammoníumnítrats og áburðar, sem er að stofni til úr ammoníumnítrati, í tilskipun 96/82/EB skulu því endurskoðaðir með það í huga að þeir nái til efna sem ekki standast gæðakröfur.

7) Tilskipun 96/82/EB gildir ekki um stöðvar fyrir notendur þar sem ammoníumnítrat eða áburður, sem er að stofni til úr ammoníumnítrati og sem við afhendingu uppfyllti gæðakröfur í þeirri tilskipun en rýrnaði síðar að gæðum eða mengaðist, er geymdur um tíma áður en hann er fjarlægður til endurvinnslu eða eyðingar.

8) Rannsóknir, sem fóru fram á vegum framkvæmdastjórnarinnar í náinni samvinnu við aðildarríkin, styðja að aukið verði við skrána yfir krabbameinsvalda, að tilgreint verði viðeigandi þröskuldsmagn og að þröskuldsmagnið fyrir efni í tilskipun 96/82/EB, sem eru hættuleg umhverfinu, verði lækkað umtalsvert.

9) Að því er varðar starfsstöðvar, sem á síðari stigum falla undir gildissvið tilskipunar 96/82/EB, hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að innleiða lágmarkstímabil fyrir tilkynningar og til að marka stefnu í því skyni að koma í veg fyrir stórslys, svo og til að semja öryggisskýrslur og neyðaráætlanir.

10) Reynsla og þekking viðkomandi starfsmanna í starfsstöðinni getur komið að góðum notum við að semja neyðaráætlanir og fræða skal alla starfsmenn starfsstöðvar og þá, sem líklegt er að verði fyrir áhrifum, á viðeigandi hátt um öryggisráðstafanir og -aðgerðir.

---

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 97. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2004, 9. júlí 2004 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 34.

([1]) Stjtíð. EB C 75 E, 26.3.2002, bls. 357 og Stjtíð. EB C 20 E, 28.1.2003, bls. 255.

([2]) Stjtíð. EB C 149, 21.6.2002, bls. 13.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 3. júlí 2002 (Stjtíð. EB C 271 E, 12.11.2003, bls. 315), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. febrúar 2003 (Stjtíð. EB C 102 E, 29.4.2003, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 19. júní 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 19. nóvember 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 1. desember 2003.

([4]) Stjtíð. EB L 10, 14.1.1997, bls. 13.

([5]) Stjtíð. EB C 65 E, 14.3.2002, bls. 382.

11) Samþykkt ákvörðunar ráðsins 2001/792/EB, KBE frá 23. október 2001 um að koma á Bandalagskerfi til að stuðla að auknu samstarfi við hjálparaðgerðir á sviði almannavarna ([1]) undirstrikar nauðsyn þess að auka samvinnu við hjálparaðgerðir á sviði almannavarna.

12) Gagnlegt er, til að greiða fyrir skipulagi landnotkunar, að semja leiðbeiningar með skilgreiningu á gagnagrunni, sem nota skal til að meta samhæfið milli starfsstöðvanna, sem falla undir tilskipun 96/82/EB, og svæðanna sem lýst er í 1. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar.

13) Aðildarríkjunum skal vera skylt að leggja fyrir framkvæmdastjórnina lágmarksupplýsingar um starfsstöðvarnar sem falla undir tilskipun 96/82/EB.

14) Rétt er að skýra um leið tiltekna kafla í tilskipun 96/82/EB.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru gerðar í samráði við almenning með þátttöku hagsmunaaðila.

16) Því ber að breyta tilskipun 96/82/EB til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 96/82/EB:

1. Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Í stað e- og f-liða komi eftirfarandi:

      „e) vinnsla (leit, nýting og úrvinnsla) jarðefna í námum eða gryfjum eða með borholum, að undanskilinni efnafræðilegri vinnslu og hitameðhöndlun og geymslu í tengslum við þessa starfsemi ef um er að ræða hættuleg efni samkvæmt skilgreiningu í I. viðauka,

      f) leit á hafi úti að jarðefnum og nýting þeirra, þ.m.t. vetniskolefni,“.

   b) Eftirfarandi liður bætist við:

      „g) urðunarstaðir úrgangs, að undanskilinni aðstöðu í rekstri þar sem úrkasti er fargað, þ.m.t. gryfjur undir úrkast eða stíflur, þar sem eru hættuleg efni samkvæmt skilgreiningu í I. viðauka, einkum ef notkun þeirra er í tengslum við efnavinnslu eða hitameðhöndlun jarðefna.“

2. Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Eftirfarandi undirliður bætist við 1. mgr.:

      „—vegna starfsstöðva, sem eiga eftir að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, innan þriggja mánaða frá þeim degi sem þessi tilskipun öðlast gildi að því er varðar viðkomandi starfsstöð eins og mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr.“

   b) Eftirfarandi undirliður bætist aftan við fyrsta undirlið 4. mgr. 6. gr.:

      „—að breyting verði á starfsstöð eða stöð sem gæti haft veruleg áhrif á hættu á stórslysum, eða“.

3. Eftirfarandi málsgrein bætist við 7. gr.:

   „1a. Að því er varðar starfsstöðvar, sem eiga eftir að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, skal skjalið, sem um getur í 1. mgr., helst samið þegar í stað og í engum tilvikum síðar en innan þriggja mánaða frá þeim degi sem þessi tilskipun öðlast gildi að því er varðar viðkomandi starfsstöð eins og mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr.“

4. Í stað b-liðar 2. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

   „b) séu gerðar ráðstafanir vegna samstarfs um miðlun upplýsinga til almennings og upplýsingaskil til þess yfirvalds sem ber ábyrgð á samningu neyðaráætlana til nota utan starfsstöðvarinnar.“

5. Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Eftirfarandi komi í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr.:

      „2. Í öryggisskýrslunni skulu vera a.m.k. öll þau gögn og allar þær upplýsingar sem eru tilgreindar í II. viðauka. Þar skulu koma fram heiti þeirra stofnana sem standa að samningu skýrslunnar. Þar skal einnig vera uppfærð skrá um hættuleg efni sem er að finna í starfsstöðinni.“

   b) Eftirfarandi undirlið er skotið inn milli þriðja og fjórða undirliðar 3. mgr.:

      „—vegna starfsstöðva, sem eiga eftir að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, helst þegar í stað en í öllum tilvikum innan eins árs frá þeim degi sem þessi tilskipun öðlast gildi að því er varðar viðkomandi starfsstöð eins og mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr.“

   c) Í 4. mgr. verður tilvísunin „öðrum, þriðja, fjórða og fimmta undirlið“ í stað „öðrum, þriðja og fjórða undirlið“.

   d) Eftirfarandi liður bætist við 6. mgr. 9. gr.:

      „d) Framkvæmdastjórnin er hvött til þess að endurskoða gildandi leiðbeiningar um samningu öryggisskýrslunnar eigi síðar en 31. desember 2006 og í nánu samráði við aðildarríkin.“

6. Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Eftirfarandi undirliður bætist bæði við a- og b-lið 1. mgr.:

      „—vegna starfsstöðva, sem eiga eftir að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, helst þegar í stað en í öllum tilvikum innan eins árs frá þeim degi sem þessi tilskipun öðlast gildi að því er varðar viðkomandi starfsstöð eins og mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr.“

([1]) Stjtíð. EB L 297, 15.11.2001, bls. 7.

b) Eftirfarandi komi í stað 3. mgr.:

„3. Með fyrirvara um skyldur lögbærra yfirvalda skulu aðildarríkin tryggja að þær neyðaráætlanir til nota innan starfsstöðva, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, séu gerðar í samráði við starfsfólk starfsstöðvarinnar, þ.m.t. starfsfólk sem er ráðið til langs tíma í undirverktöku og málið varðar, og að við samningu eða uppfærslu þeirra sé leitað samráðs við almenning um neyðaráætlanir til nota utan hennar.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4a. Að því er varðar neyðaráætlanir til nota utan starfsstöðva skulu aðildarríkin taka tillit til nauðsynjar þess að efla samvinnu um hjálparaðgerðir á sviði almannavarna ef kemur til meiri háttar neyðarástands.“

7. Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað annarrar undirgreinar 1. mgr.:

„Aðildarríkin skulu tryggja að í stefnu þeirra í skipulagsmálum og/eða öðrum skyldum málum og málsmeðferð við framkvæmd þeirrar stefnu sé tekið mið af því að nauðsynlegt er að halda til frambúðar hæfilegri fjarlægð milli annars vegar starfsstöðva, sem þessi tilskipun nær til, og hins vegar íbúabyggðar, bygginga og svæða til almenningsnota, meiri háttar samgönguæða eftir því sem framast er kostur, útivistarsvæða og svæða, sem eru sérstaklega áhugaverð eða viðkvæm vegna náttúrufars, og að tekið sé mið af því að nauðsynlegt er, í starfsstöðvum sem fyrir eru, að grípa til viðbótarráðstafana á sviði tæknimála í samræmi við 5. gr. til þess að auka ekki áhættu íbúanna.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Framkvæmdastjórnin er hvött til þess að semja, í nánu samráði við aðildarríkin og eigi síðar en 31. desember 2006, leiðbeiningar með skilgreiningu á tæknilegum gagnagrunni, þ.m.t. gögn um áhættu og hættulegar aðstæður sem upp kunna að koma, sem nota skal til að meta samhæfið milli starfsstöðvanna, sem falla undir þessa tilskipun, og svæðanna sem lýst er í 1. mgr. Skilgreiningin á þessum gagnagrunni skal svo framast sem kostur er taka tillit til mats, sem lögbær yfirvöld hafa gert, upplýsinga, sem fást frá rekstraraðilum, og allra annarra upplýsinga sem skipta máli, s.s. félagshagfræðilegs ávinnings sem fylgir þróun og mildandi áhrifa neyðaráætlana.“

8. Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr.:

„1. Aðildarríkin skulu tryggja að allir einstaklingar og allar stofnanir, sem starfa í þágu almennings (s.s. skólar og sjúkrahús), sem gætu orðið fyrir afleiðingum stórslyss í starfsstöð sem 9. gr. tekur til, fái óumbeðið og reglulega upplýsingar á heppilegasta formi um öryggisráðstafanir og hvernig rétt er að bregðast við ef slys verður.“

b) Eftirfarandi komi í stað 6. mgr.:

„6. Þegar um er að ræða starfsstöðvar, sem falla undir ákvæði 9. gr., skulu aðildarríkin tryggja að almenningur hafi aðgang að skránni um hættuleg efni, sem kveðið er á um í 2. mgr. 9. gr., með fyrirvara um ákvæði 4. mgr. þessarar greinar og 20. gr.“

9. Eftirfarandi málsgrein bætist við 19. gr.:

„1a. Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina a.m.k. eftirfarandi upplýsingar um starfsstöðvar sem falla undir þessa tilskipun:

a) nafn eða viðskiptaheiti rekstraraðila og fullt heimilisfang viðkomandi starfsstöðvar og

b) starfsemi starfsstöðvarinnar.

Framkvæmdastjórn skal koma á og halda uppfærðan gagnagrunn með upplýsingum sem aðildarríkin leggja fram. Aðgangur að gagnagrunninum skal einskorðast við þá einstaklinga sem framkvæmdastjórn eða lögbær yfirvöld aðildarríkjanna gefa til þess leyfi.“

10. Ákvæðum I. viðauka er breytt eins og fram kemur í viðaukanum.

11. Í stað B-liðar IV. liðar í II. viðauka komi eftirfarandi:

„B. Mat á því hversu víðtækar og alvarlegar afleiðingar skilgreind stórslys gætu haft, þ.m.t. kort, myndir eða, eftir því sem við á, jafngildar lýsingar sem sýna svæði sem geta orðið fyrir áhrifum við slík slys sem rekja má til starfsstöðvarinnar, með fyrirvara um ákvæði 4. mgr. 13. gr. og 20. gr.“

12. Í III. viðauka breytist c-liður sem hér segir:

a) í stað i-liðar komi eftirfarandi:

„i) Skipulag og starfsfólk — hlutverk og ábyrgð starfsfólks vegna stórslysavarna á öllum stigum skipulagsins. Greina skal þörf starfsfólks fyrir þjálfun og bjóða því slíka þjálfun. Samstarf skal haft við starfsmenn svo og þá sem starfa í starfsstöðinni í undirverktöku.“

b) í stað v-liðar komi eftirfarandi:

„v) Skipulag á neyðarstundu — taka skal upp og nota aðferðir við að sjá fyrir neyðartilvik með skipulagðri greiningu, við að semja, prófa og endurskoða neyðaráætlanir til að bregðast við slíkum neyðartilvikum og veita viðkomandi starfsmönnum sérhæfða þjálfun. Allir sem starfa í starfsstöðinni skulu hljóta slíka þjálfun, þ.m.t. starfsmenn í undirverktöku sem eiga hlut að máli.

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júlí 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. desember 2003.

| Fyrir hönd Evrópuþingsins, | Fyrir hönd ráðsins, |
|---|---|
| P. COX | G. ALEMANNO |
| forseti. | forseti. |

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 96/82/EB er breytt sem hér segir:

1. Í inngangínum bætist við eftirfarandi liðir:

„6. Í þessari tilskipun er lofttegund hvers kyns efni sem hefur raungufuþrýsting sem er jafn eða meiri en 101,3 kPa við 20 °C.

7. Í þessari tilskipun er vökvi hvers kyns efni sem er ekki skilgreint sem lofttegund og er ekki fast efni við 20 °C og staðalþrýsting 101,3 kPa.“

2. Í töflunni í 1. hluta:

a) komi eftirfarandi í stað færslnanna sem varða ammoníumnítrat:

| | | |
|---|---|---|
| „Ammoníumnítrat (sjá 1. athugasemd) | 5 000 | 10 000 |
| Ammoníumnítrat (sjá 2. athugasemd) | 1 250 | 5 000 |
| Ammoníumnítrat (sjá 3. athugasemd) | 350 | 2 500 |
| Ammoníumnítrat (sjá 4. athugasemd) | 10 | 50“ |

b) eftirfarandi færslur bætist við á eftir færslunum sem varða ammoníumnítrat:

| | | |
|---|---|---|
| „Kalíumnítrat (sjá 5. aths.) | 5 000 | 10 000 |
| Kalíumnítrat (sjá 6. aths.) | 1 250 | 5 000“ |

c) eftirfarandi komi í stað færslunnar sem varðar „Eftirtaldir KRABBAMEINSVALDAR“:

| | | |
|---|---|---|
| „Eftirtaldir KRABBAMEINSVALDAR í styrk yfir 5% miðað við þyngd:<br>4-amínóbífenýl og/eða sölt þess, bensótríklóríð, bensidín og/eða sölt þess, bis-(klórmetýl)etri, klórmetýlmetýletri, 1,2-díbrómetan, díetýlsúlfat, dímetýlsúlfat, dímetýlkarbamóýlklóríð, 1,2-díbróm-3-klórprópan, 1,2-dímetýlhýdrasín, dímetýlnítrósamín, hexametýlfosfórtríamíð, hýdrasín, 2-naptýlamín og/eða sölt þess, 4-nítródífenýl og 1,3-própansúlton | 0,5 | 2“ |

d) eftirfarandi komi í stað færslunnar sem varðar „Vélabensín og aðrar rokgjarnar hráolíuvörur“:

| | | |
|---|---|---|
| „Jarðolíuafurðir:<br>a) bensín og nafta,<br>b) steinolía (þ.m.t. þotueldsneyti),<br>c) gasolía (þ.m.t. dísileldsneyti, gasolía til upphitunar fyrir heimili og blöndunarþættir í gasolíu) | 2 500 | 25 000“ |

e) i) Eftirfarandi komi í stað 1. og 2. athugasemdar:

„1. Ammoníumnítrat (5 000/10 000): áburður sem getur sundrast á sjálfbæran hátt

Þetta gildir um fjölkorna/einkorna áburð með ammoníumnítrati (fjölkorna/einkorna áburð sem inniheldur ammoníumnítrat ásamt fosfati og/eða pottösku) þar sem niturinnihaldið, sem rekja má til ammoníumnítrats, er

— frá 15,75% ([1]) til 24,5% ([2]) miðað við þyngd og annaðhvort er brennanlegt/lífrænt efni í því ekki í heild meira en 0,4% eða það samræmist kröfum í II. viðauka við tilskipun 80/876/EBE,

— 15,75% ([3]) miðað við þyngd eða minna og magn brennanlegs efnis er ótakmarkað,

og það getur sundrast sjálfkrafa samkvæmt trogprófun S.þ. (UN Trough Test) (sjá tilmæli Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi: Handbók um prófanir og viðmiðanir, III. hluti, kafli 38.2).

2. Ammoníumnítrat (1250/5000): hreinleiki áburðar

   Þetta gildir um hreinan áburð með ammoníumnítrati og um fjölkorna/einkorna áburð sem inniheldur ammoníumnítrat þar sem niturinnihaldið, sem rekja má til ammoníumnítrats, er

   — meira en 24,5% miðað við þyngd, að undanskildum blöndum ammoníumnítrats og dólómíts, kalksteins og/eða kalsíumkarbónats með hreinleika sem er a.m.k. 90%,

   — meira en 15,75% miðað við þyngd að því er varðar blöndur ammoníumnítrats og ammoníumsúlfats,

   — meira en 28% ([4]) miðað við þyngd að því er varðar blöndur ammoníumnítrats og dólómíts, kalksteins og/eða kalsíumkarbónats með hreinleika sem er a.m.k. 90%,

   og samræmist kröfum í II. viðauka við tilskipun 80/876/EBE.

3. Ammoníumnítrat (350/2500): tæknilegur hreinleiki

   Þetta gildir um:

   — ammoníumnítrat og efnablöndur ammoníumnítrats þar sem niturinnihaldið, sem rekja má til ammoníumnítratsins, er

     — frá 24,5% til 28% miðað við þyngd og brennanleg efni eru ekki yfir 0,4%,

     — meira en 28% miðað við þyngd og brennanleg efni eru ekki yfir 0,2%,

   — vatnskenndar ammoníumnítratlausnir þar sem styrkur ammoníumnítrats er ekki meiri en 80% miðað við þyngd.

4. Ammoníumnítrat (10/50): efni sem stenst ekki gæðakröfur og áburður sem stenst ekki sprengiprófun

   Þetta gildir um:

   — efni, sem er hafnað í framleiðsluferlinu, og um ammoníumnítrat og efnablöndur með því, hreinan áburð, sem er að stofni til úr ammoníumnítrati, fjölkorna/einkorna áburð með ammoníumnítrati, sem um getur í 2. og 3. athugasemd og endanlegur notandi skilar eða hefur skilað til framleiðanda, á bráðabirgðageymslustað eða endurvinnslustöðvar til að vinna að nýju, til endurvinnslu eða meðhöndlunar til öruggrar notkunar, þar eð þau eru ekki lengur í samræmi við forskriftirnar í 2. og 3. athugasemd,

   — áburð sem um getur í fyrsta undirlið 1. athugasemdar og í 2. athugasemd og stenst ekki kröfur II. viðauka við tilskipun 80/876/EBE.

5. Kalíumnítrat (5 000/10 000): einkorna áburður að stofni til úr kalíumnítrati þar sem kalíumnítratið er smákornað eða kornað.

6. Kalíumnítrat (1 250/5 000): einkorna áburður að stofni til úr kalíumnítrati þar sem kalíumnítratið er kristallað.“

ii) Athugasemdin um pólýklórdíbensófúrön og pólýklórdíbensódíoxín verður 7. athugasemd.

iii) Eftirfarandi neðanmálsgreinar verða fyrir neðan töfluna, sem er undir yfirskriftinni „Alþjóðlegir eiturjafngildisstuðlar (ITEF) fyrir skyld efni sem huga þarf að (NATO/CCMS)“:

„1) Niturinnihald, sem er 15,75% miðað við þyngd og rekja má til ammoníumnítrats, svarar til 45% ammoníumnítrats.

2) Niturinnihald, sem er 24,5% miðað við þyngd og rekja má til ammoníumnítrats, svarar til 70% ammoníumnítrats.

3) Niturinnihald, sem er 15,75% miðað við þyngd og rekja má til ammoníumnítrats, svarar til 45% ammoníumnítrats.

4) Niturinnihald, sem er 28% miðað við þyngd og rekja má til ammoníumnítrats, svarar til 80% ammoníumnítrats.“

3. Í 2. hluta:

a) komi eftirfarandi komi í stað 4. og 5. færslu:

| | | |
|---|---|---|
| „4. SPRENGIEFNI (sjá 2. athugasemd)<br>ef efnið, efnablandan eða hluturinn falla undir S.þ./ADR, hættuflokk 1.4 | 50 | 200 |
| 5. Sprengiefni (sjá 2. athugasemd)<br>ef efnið, efnablandan eða hluturinn falla undir einhvern af eftirtöldum liðum S.þ./ADR: 1.1, 1.2, 1.3, 1.5 eða 1.6, eða hættusetningar H2 eða H3 | 10 | 50“ |

b) Eftirfarandi komi í stað 9. færslu:

| | | |
|---|---|---|
| „9. EFNI SEM ERU HÆTTULEG UMHVERFINU með eftirtöldum hættusetningum: | | |
| i) H50: „Mjög eitrað vatnalífverum“ (þ.m.t. H50/53) | 100 | 200 |
| ii) H51/53: „Eitrað vatnalífverum og getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni“ | 200 | 500“ |

c) Í athugasemdunum:

i) Eftirfarandi komi í stað 1. athugasemdar:

„1. Efni og efnablöndur eru flokkaðar samkvæmt eftirtöldum tilskipunum og síðustu aðlögun þeirra að tækniframförum:

tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([1]),

tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna ([2]).

Þegar um er að ræða efni og efnablöndur, sem ekki teljast til hættulegra efna samkvæmt flokkuninni í annarri hvorri framantalinna tilskipana, t.d. úrgang, en er engu að síður að finna, eða getur verið að finna, í starfsstöð og hafa eða geta haft, við ríkjandi aðstæður í starfsstöðinni, jafngilda eiginleika hvað varðar hættu á stórslysum, skal fylgja málsmeðferð vegna bráðabirgðaflokkunar samkvæmt viðeigandi grein í viðeigandi tilskipun.

Þegar um er að ræða efni og efnablöndur, sem flokka má á mismunandi vegu vegna eiginleika þeirra, skal minnsta þröskuldsmagn gilda að því er tekur til þessarar tilskipunar. Að því er varðar beitingu reglunnar í 4. athugasemd skal þröskuldsmagnið, sem er notað, ávallt vera það sem svarar til viðkomandi flokkunar.

Að því er varðar þessa tilskipun skal framkvæmdastjórnin, með samræmdri ákvörðun og í samræmi við tilskipun 67/548/EBE, taka saman skrá yfir efni, sem hafa verið flokkuð í ofangreinda flokka, og sjá til þess að hún sé uppfærð.

ii) Eftirfarandi komi í stað 2. athugasemdar:

2. Með „sprengifimu efni“ er átt við:

— efni eða efnablöndu sem er sprengifim við högg, núning, eld eða aðra hita- og neistagjafa (hættusetning H2),

— efni eða efnablöndu sem er afar sprengifim við högg, núning, eld eða aðra hita- og neistagjafa (hættusetning H3) eða

— efni, efnablöndu eða hlut, sem fellur undir 1. flokk Evrópusamnings um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (S.þ./ADR), sem var samþykktur 30. september 1957, með breytingum, eins og hann var innleiddur með tilskipun ráðsins 94/55/EB frá 21. nóvember 1994 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum ([3]).

Undir þessa skilgreiningu falla skoteldaefni sem eru í þessari tilskipun skilgreind sem efni (eða blanda efna) sem eru gerð til þess að framleiða varma, ljós, hljóð, lofttegund eða reyk eða sambland slíkra áhrifa með sjálfbærum, útvermnum efnahvörfum. Ef efni eða efnablanda er flokkuð bæði með S.þ./ADR og hættusetningunum H2 eða H3 verður S.þ./ADR-flokkunin rétthærri en flokkunin með hættusetningunum.

Efni og hlutir í 1. flokki falla undir einhvern af liðum 1.1 til 1.6 í samræmi við S.þ./ADR-flokkunarkerfið. Liðirnir, sem um er að ræða, eru:

Liður 1.1: „Efni og hlutir sem eru þess eðlis að þeim fylgir hætta á alsprengingu (mass explosion) (alsprenging er sprenging sem nær til því sem næst alls efnismagnsins nánast á augabragði).“

Liður 1.2: „Efni og hlutir sem eru þess eðlis að hætta er á að sprengjubrot og -flísar þeytist í burtu en búa ekki yfir hættu á alsprengingu.“

Liður 1.3: „Efni og hlutir sem eru þess eðlis að hætta er á bruna og annaðhvort minni háttar hætta er á höggbylgju eða minni háttar hætta er á að sprengjubrot og -flísar þeytist í burtu en efnin búa ekki yfir hættu á alsprengingu:

a) við bruna myndast talsverður geislunarvarmi eða

b) þau brenna hvert á eftir öðru og skapa minni háttar höggbylgju eða minni háttar þeytingu sprengjubrota og -flísa eða hvort tveggja.“

Liður 1.4: „Efni og hlutir sem eru þess eðlis að aðeins skapast lítils háttar hætta ef í þeim kviknar eða kveiking verður í flutningi. Áhrifin takmarkast að mestu við pakkann sjálfan og aðeins er líklegt að smágerð brot eða flísar þeytist í burtu og þá aðeins skamman veg. Utanaðkomandi eldur má ekki valda sprengingu sem verður því sem næst á augabragði í nánast öllu innihaldi pakkans.

Liður 1.5: „Mjög lítið viðkvæm efni, sem búa yfir hættu á alsprengingu, en eru svo lítt viðkvæm að mjög litlar líkur eru á kveikingu eða umbreytingu frá bruna yfir í sprengingu við venjuleg skilyrði í flutningi. Lágmarkskrafan skal vera sú að þau springi ekki í prófun með utanaðkomandi eldi.“

Liður 1.6: „Afar lítið viðkvæmir hlutir sem eru þess eðlis að ekki er hætta á alsprengingu. Í hlutunum eru aðeins afar lítið viðkvæm, sprengifim efni og þau eru þess eðlis að hverfandi líkur eru á kveikingu fyrir slysni og lítil hætta á að af hljótist annað og meira. Hættan takmarkast við sprengingu eins hlutar.“

Undir þessa skilgreiningu falla einnig sprengifim efni og skoteldaefni eða þess háttar efnablöndur sem hlutir innihalda. Ef um er að ræða hluti sem innihalda sprengifim efni eða skoteldaefni eða efnablöndur og magn efnanna er þekkt skal taka tillit til þess magns að því er varðar þessa tilskipun. Ef magnið er ekki þekkt skal farið með allan hlutinn sem sprengifimt efni að því er varðar þessa tilskipun.

iii) Eftirfarandi komi í stað annars undirliðar í 1. lið b-liðar 3. athugasemdar:

„— efni og efnablöndur með lægra kveikjumark en 55 °C sem haldast fljótandi við þrýsting, ef þannig háttar til að sérstakar aðstæður við vinnslu þeirra, t.d. hár þrýstingur eða hátt hitastig, geta valdið hættu á stórslysi,“

iv) Í stað 2. undirliðar í c-lið 3. athugasemdar komi eftirfarandi:

„2. lofttegundir sem eru eldfimar í snertingu við loft við umhverfishita og venjulegan þrýsting (hættusetning H12, annar undirliður), sem eru í loftkenndu ástandi eða yfirmarksástandi og“

v) Í stað 3. undirliðar í c-lið 3. athugasemdar komi eftirfarandi:

„3. eldfim og mjög eldfim, fljótandi efni og efnablöndur sem er haldið við hærri hita en nemur suðumarki þeirra.“

vi) Eftirfarandi komi í stað 4. athugasemdar:

„4. Ef um er að ræða starfsstöð þar sem ekkert eitt efni eða efnablanda er fyrir hendi í magni sem er yfir eða jafnt þröskuldsmagninu skal beita eftirfarandi reglu til þess að ákvarða hvort starfsstöðin falli undir viðkomandi kröfur í þessari reglugerð.

Þessi tilskipun gildir ef summan

$q_1/Q_{U1} + q_2/Q_{U2} + q_3/Q_{U3} + q_4/Q_{U4} + q_5/Q_{U5} +...$ er stærri en eða jöfn 1,

þar sem $q_x$ = magn hættulega efnisins x (eða flokks hættulegra efna) sem heyra undir 1. eða 2. hluta þessa viðauka,

og $Q_{UX}$ = viðkomandi þröskuldsmagn efnis eða flokks x í 3. dálki 1. eða 2. hluta.

Þessi tilskipun gildir, að undanskildum 9., 11. og 13. gr., ef summan

$q_1/Q_{L1} + q_2/Q_{L2} + q_3/Q_{L3} + q_4/Q_{L4} + q_5/Q_{L5} +...$ er stærri en eða jöfn 1,

þar sem $q_x$ = magn hættulega efnisins x (eða flokks hættulegra efna) sem heyra undir 1. eða 2. hluta þessa viðauka,

og $Q_{LX}$ = viðkomandi þröskuldsmagn efnis eða flokks x í 2. dálki 1. eða 2. hluta.

Þessi regla skal notuð til þess að meta heildarhættuna í tengslum við eiturhrif, eldfimi og visteiturhrif. Því er nauðsynlegt að beita henni þrisvar sinnum:

a) vegna samlagningar efna og efnablandna, sem eru tilgreind í 1. hluta og flokkuð sem eitruð eða mjög eitruð, og efna og efnablandna sem heyra undir 1. eða 2. flokk,

b) vegna samlagningar efna og efnablandna, sem eru tilgreind í 1. hluta og flokkuð sem oxandi, sprengifim, eldfim, mjög eldfim eða afar eldfim, og efna og efnablandna sem heyra undir 3., 4., 5. eða 6. flokk, 7. flokk a, 7. flokk b eða 8. flokk,

c) vegna samlagningar efna og efnablandna, sem eru tilgreind í 1. hluta og flokkuð sem hættuleg umhverfinu (H50 (þ.m.t. H50/53) eða H51/53), og efna og efnablandna sem heyra undir 9. flokk i eða 9. flokk ii,

Ákvæði þessarar tilskipunar gilda eftir því sem við á ef einhver summanna sem fæst úr a-, b- eða c-lið er stærri en eða jöfn 1.“

vii) Eftirfarandi neðanmálsgreinar bætist aftan við athugasemdirnar:

„([1]) Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. l. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 807/2003 (Stjtíð. EB L 122, 16.5.2003, bls. 36).
([2]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/60/EB (Stjtíð. EB L 226, 22.8.2001, bls. 5).
([3]) Stjtíð. EB L 319, 12.12.1994, bls. 7. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/28/EB (Stjtíð. EB L 90, 8.4.2003, bls. 45).“

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 210/2004 2007/EES/16/32**

**frá 23. desember 2003**

**um gerð vöruskráar EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2004 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 3924/91 frá 19. desember 1991 um að hefja könnun á iðnaðarframleiðslu í Bandalaginu ([1]), einkum 6. mgr. 2. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 3924/91 skulu aðildarríkin gera könnun á iðnaðarframleiðslu í Bandalaginu.

2) Könnun á iðnaðarframleiðslu skal byggjast á vöruskrá þar sem tilgreind er sú iðnaðarframleiðsla sem ber að kanna.

3) Vöruskrá er nauðsynleg samræmingu framleiðslutalna og hagskýrslna um utanríkisverlsun og til að gera samanburð við vöruflokkun Evrópubandalagsins (CPA) mögulegan.

4) Vöruskráin, sem gerðar eru kröfur um í reglugerð (EBE) nr. 3924/91 og nefnist „vöruskrá EB“, gildir fyrir öll aðildarríkin og er nauðsynleg samanburði á gögnum milli aðildarríkja.

5) Uppfæra þarf vöruskrá EB og því ber að semja skrá fyrir árið 2004.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. Senda á niðurstöður fyrir fyrstu kynningu á drögum að almennum fjárlögum Evrópusambandsins fyrir árin 2007 og 2009 hvort um sig.*

Vöruskrá EB fyrir árið 2004 skal vera eins og sett er fram í viðaukanum.

*2. Senda á niðurstöður fyrir fyrstu kynningu á drögum að almennum fjárlögum Evrópusambandsins fyrir árin 2007 og 2009 hvort um sig.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. desember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 45, 14.2.2004, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2004, 9. júli 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 35.

([1]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1)

([2]) Stjtíð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

*VIÐAUKI*

| VÖRUSKRÁ EB | Lýsing | Tilvísunarnr.. flokkunar utanríkisverslunar fyrir árið 2004 (HS/CN) | Magn<br><br>Hlutstæð eining | P | Tilvísun í athuga-semdir |
|---|---|---|---|---|---|
| **NACE 10.10: Steinkolanám og stykkjun steinkola** | | | | | |
| 10.10.11.30 | Kokskol (steinkol með heildarbrennslugildi (GCV) > 23 865 kJ/kg á röku sýni sem er laust við ösku og í gæðaflokki sem hentar framleiðslu á koksi fyrir háofna) | 27011210 | kg | S | |
| 10.10.11.50 | Gufukol (steinkol með heildarbrennslugildi (GCV) > 23 865 kJ/kg á röku sýni sem er laust við ösku og er notað til að auka gufu og til upphitunar, þ.m.t. spænskt „Lignito Negro“) | 2701 (.11 +.12.90 +.19) | kg | S | |
| 10.10.12.00 | Kolakögglar (töflur, völur og áþekkt fast eldsneyti, unnið úr steinkolum) | 270120 | kg | S | |
| **NACE 10.20: Brúnkolanám og stykkjun brúnkola** | | | | | |
| 10.20.10.30 | Brúnkol (kol með heildarbrennslugildi < 23 865 kJ/kg á röku sýni sem er laust við ösku) | 270210 | kg | S | |
| 10.20.10.50 | Brúnkolakögglar (töflur, völur og áþekkt fast eldsneyti, unnið úr brúnkolum) | 270220 | kg | S | |
| **NACE 10.30: Mótekja og stykkjun á mó** | | | | | |
| 10.30.10.00 | Mór/mókögglar (brennanleg mjúk, gropin eða þjöppuð jarðefnaset úr jurtaríkinu, þ.m.t. mókögglar sem gerðir eru með því að mala mó við mikinn þrýsting) | 2703 | kg | S | |
| **NACE 11.10: Vinnsla á hráolíu og jarðgasi** | | | | | |
| 11.10.10.30 | Óhreinsuð olía (jarðefnaolía sem finnst í náttúrunni með mörgum gerðum af vetniskolefni, þ.m.t. olía úr olíuleir, asfaltsandur, o.s.frv.) | 27090090 | kg | S | |
| 11.10.10.50 | Jarðgasþétti (fljótandi jarðgas, jarðgashlutar endurnýttir í vökvaformi (fljótandi jarðolíugas, jarðbensín, gasolía) gasvinnslustöðvar) | 27090010 | kg | S | |
| 11.10.20.00 | Jarðgas (metanríkt, brennanlegt náttúrlegt gas) | 2711 (.11 +.21) | TJ | T | |
| 11.10.40.00 | Olíuleir, asfaltsandur o.s.frv. setberg með lífrænu efni eða bikkennd eða annars konar jarðolía með mikilli seigju | 271410 | kg | S | |
| **NACE 13.10: Járnnám** | | | | | |
| 13.10.10.30 | Ómótað járngrýti og járnkirni (þó ekki brennt brennisteinskís) | 260111 | kg | S | |
| 13.10.10.50 | Mótað járngrýti og járnkirni (þó ekki brennt brennisteinskís) | 260112 | kg | S | |
| **NACE 13.20: Nám annarra málma en járns, þó ekki úran- og þórínmálmgrýtis** | | | | | |
| 13.20.11.00 | Kopargrýti og koparkirni | 2603 | kg | S | |
| 13.20.12.00 | Nikkelgrýti og nikkelkirni | 2604 | kg | S | |

| VÖRUSKRÁ EB | Lýsing | Tilvísunarnr. flokkunar utanríkisverslunar fyrir árið 2004 (HS/CN) | Magn Hlutstæð eining | P | Tilvísun í athuga-semdir |
|---|---|---|---|---|---|
| 13.20.13.00 | Álgrýti og álkirni | 2606 | kg | S | |
| 13.20.14.00 | Góðmálmsgrýti og góðmálmskirni | 2616 | kg | S | |
| 13.20.15.30 | Tingrýti og tinkirni | 2609 | kg | S | |
| 13.20.15.50 | Blýgrýti og blýkirni | 2607 | kg | S | |
| 13.20.15.70 | Sinkgrýti og sinkkirni | 2608 | kg | S | |
| 13.20.16.30 | Volframgrýti og volframkirni | 2611 | kg | S | |
| 13.20.16.50 | Mangangrýti og mangankirni | 2602 | kg | S | |
| 13.20.16.90 | Málmgrýti og málmkirni sem inniheldur ekki járn (þ.m.t. kóbalt, króm, mólýbden, títan, tantal, vanadíum, sirkon, antímon, beryllíum, bismút, germaníum, kvikasilfur) | 2605 + 2610 + 2613 + 2614 + 2615 + 2617 | kg | S | |
| | **NACE 14.11: Grjótnám til skrautsteinagerðar og til bygginga** | | | | |
| 14.11.11.33 | Marmari og travertín, óunnið eða grófhöggvið | 251511 | kg | T | |
| 14.11.11.35 | Marmari og travertín einungis hlutað sundur í rétthyrningslaga eða ferningslaga blokkir eða hellur ≤ 25 cm þykkar | 2515.12 (.20 +.50) | kg | T | |
| 14.11.11.37 | Marmari og travertín einungis hlutað sundur í rétthyrningslaga eða ferningslaga blokkir eða hellur > 25 cm þykkar | 25151290 | kg | T | |
| 14.11.11.50 | Ekussín og annar kalksteinn til höggmyndagerðar eða bygginga með eðlisþyngd ≥ 2,5 | 251520 | kg | T | |
| 14.11.12.33 | Granít, óunnið eða grófhöggvið | 251611 | kg | T | |
| 14.11.12.35 | Granít hlutað sundur í rétthyrningslaga (þ.m.t. ferningslaga) blokkir eða hellur ≤ 25 cm þykkar | 25161210 | kg | T | |
| 14.11.12.37 | Granít hlutað sundur í rétthyrningslaga (þ.m.t. ferningslaga) blokkir eða hellur > 25 cm þykkar | 25161290 | kg | T | |
| 14.11.12.53 | Sandsteinn, óunninn eða grófhöggvinn | 251621 | kg | T | |
| 14.11.12.56 | Sandsteinn einungis hlutaður sundur í rétthyrningslaga (þ.m.t. ferningslaga) blokkir eða hellur | 251622 | kg | T | |
| 14.11.12.90 | Porfyr, basalt og annar steinn til höggmyndagerðar eða bygginga, óunninn, grófhöggvinn/einungis hlutaður sundur (þó ekki kalksteinn til höggmyndagerðar eða bygginga með eðlisþyngd > 2,5 kg/10 $m^3$, granít og sandsteinn) | 251690 | kg | T | |
| | **NACE 14.12: Kalksteins-, gifs- og krítarnám** | | | | |
| 14.12.10.30 | Gifs og anhýdrít | 252010 | kg | T | |
| 14.12.10.50 | Kalksteinsflux, kalksteinn og annar kalkkenndur steinn sem notaður er til framleiðslu á kalki eða sementi (þó ekki kalksteinsmulningur og kalksteinshellur (calcareous dimension stone)) | 2521 | kg | T | |
| 14.12.20.10 | Krít | 2509 | kg | T | |
| 14.12.20.30 | Dólómít, óunnið, grófhöggvið eða einungis hlutað sundur í rétthyrningslaga eða ferningslaga blokkir eða hellur (þó ekki íblöndunarefni úr brenndu, muldu dólómíti) | 251810 | kg | T | |
| 14.12.20.50 | Brennt og sindrað dólómít, óunnið, grófhöggvið eða einungis hlutað sundur í rétthyrningslaga eða ferningslaga blokkir eða hellur | 251820 | kg | T | |
| 14.12.20.70 | Mótað dólómít (þ.m.t. tjöruborið dólómít) | 251830 | kg | T | |
| | **NACE 14.13: Flögubergsnám** | | | | |
| 14.13.10.00 | Flögusteinn, óunninn, grófhöggvinn eða einungis hlutaður sundur í rétthyrningslaga eða ferningslaga blokkir eða hellur | 2514 | kg | T | |

| VÖRUSKRÁ EB | Lýsing | Tilvísunarnr. flokkunar utanríkisverslunar fyrir árið 2004 (HS/CN) | Magn Hlutstæð eining | P | Tilvísun í athuga-semdir |
|---|---|---|---|---|---|
| **NACE 14.21: Malar- og sandnám** | | | | | |
| 14.21.11.50 | Kísilsandur (kvarssandur eða sandur til nota í iðnaði) | 250510 | kg | S | |
| 14.21.11.90 | Sandur til bygginga s.s. leirkenndur sandsteinn (clayey sands), kaólínsandur, felspatsandur (þó ekki kísilsandur eða sandur sem inniheldur málma) | 250590 | kg | S | |
| 14.21.12.10 | Möl, steinvölur, fjöruröl og tinna notuð sem íblöndunarefni í steinsteypu, fyrir slitlag á vegi eða fyrir járnbrautir eða annað undirlag | 25171010 | kg | S | |
| 14.21.12.30 | Mulinn steinn notaður sem íblöndunarefni í steinsteypu, til vegagerðar eða annars konar bygginga (þó ekki möl, steinvölur, fjöruröl og tinna) | 2517.10 (.20 +.80) | kg | S | |
| 14.21.12.50 | Korn, flísar og duft úr marmara | 251741 | kg | S | |
| 14.21.12.90 | Korn, flísar og duft úr travertíni, ekussíni, graníti, porfyri, basalti, sandsteini og öðrum steini til höggmyndagerðar | 251749 | kg | S | |
| 14.21.13.30 | Gjall til bygginga | 251720 | kg | S | |
| 14.21.13.50 | Forhúðuð íblöndunarefni | 251730 | kg | S | |
| **NACE 14.22: Leir- og kaólínnám** | | | | | |
| 14.22.11.40 | Kaólín | 25070020 | kg | T | |
| 14.22.11.60 | Kaólínleir (mótunarleir og þjáll leir) | 25070080 | kg | T | |
| 14.22.12.10 | Bentónít (natríum og kalsíum smektít), attapúlgít og sepíólít | 2508 (.10 +.20) | kg | T | |
| 14.22.12.30 | Eldtraustur leir | 250830 | kg | T | |
| 14.22.12.50 | Leir og leirsteinn til bygginga (þ.m.t. fyrir múrsteina, þaksteina, rör, sement, þó ekki bentónít, attapúlgít og sepíólít, eldtraustur leir, þaninn leir, kaólín og kaólínleir) | 250840 | kg | T | |
| 14.22.12.70 | Andalúsít, kyanít, sillímanít og múllít | 2508 (.50 +.60) | kg | T | |
| 14.22.12.90 | Chamotte: brenndur, eldfastur leir | 250870 | kg | T | |
| **NACE 14.30: Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar** | | | | | |
| 14.30.11.30 | Náttúrleg kalsíumfosföt, náttúrleg álkalsíumfosföt og fosfatrík krít | 2510 | kg | T | |
| 14.30.11.50 | Karnallít, silvít og önnur náttúrleg kalíumhrásölt sem jarðefnaáburður eða tilbúinn áburður (þó ekki áburður í töflum eða áþekku formi eða í umbúðum með heildarþyngd ≤ 10 kg) | 310410 | kg $K_2O$ | T | |
| 14.30.12.30 | Óbrennt járnkís | 2502 | kg | T | |
| 14.30.12.50 | Óunninn eða óhreinsaður brennisteinn (þ.m.t. endurheimtur brennisteinn) | 25030010 | kg | T | |
| 14.30.13.13 | Náttúrlegt baríumsúlfat (barít) | 251110 | kg | S | |
| 14.30.13.15 | Náttúrlegt baríumkarbónat (witherít) (þó ekki baríumoxíð) | 251120 | kg | T | |
| 14.30.13.55 | Náttúrleg natríumbóröt og kirni þeirra (þó ekki bóröt unnin úr náttúrlegum saltlegi) | 252810 | kg | T | |

| VÖRUSKRÁ EB | Lýsing | Tilvísunarnr. flokkunar utanríkisverslunar fyrir árið 2004 (HS/CN) | Magn Hlutstæð eining | P | Tilvísun í athuga-semdir |
|---|---|---|---|---|---|
| 14.30.13.59 | Náttúrleg bóröt (þó ekki natríum) og kirni þeirra og náttúrleg bórsýra sem í er ≤ 85% af $H_3BO_3$ miðað við þurrefnið (þó ekki bóröt unnin úr náttúrlegum saltlegi) | 252890 | kg | T | |
| 14.30.13.73 | Flússpat sem í er ≤ 97% af kalsíumflúoríði miðað við þyngd | 252921 | kg | T | |
| 14.30.13.75 | Flússpat sem í er > 97% af kalsíumflúoríði miðað við þyngd | 252922 | kg | T | |
| 14.30.13.83 | Kíserít, epsomít (náttúrleg magnesíumsúlföt) | 253020 | kg | S | |
| 14.30.13.89 | Önnur jarðefni, ót.a. | 253090 | kg | T | |
| | **NACE 14.40: Saltvinnsla** | | | | |
| 14.40.10.00 | Salt (natríumklóríð), steinsalt, sjávarsalt, salt úr saltlegi, salt í saltlegi (þ.m.t. matarsalt og mengað salt) | 2501 | kg | T | |
| | **NACE 14.50: Námugröftur og vinnsla annarra hráefna úr jörðu ót.a.** | | | | |
| 14.50.10.00 | Náttúrlegt jarðbik og náttúrlegt asfalt, asfaltít og asfaltsteinar | 271490 | kg | T | |
| 14.50.21.50 | Óflokkaðir demantar og demantar sem eru ekki til notkunar í iðnaði, óunnir eða aðeins sagaðir, klofnir eða brotnir | 7102 (.10 +.31) | c/k | T | |
| 14.50.21.90 | Eðalsteinar eða hálfeðalsteinar óunnir eða aðeins sagaðir eða grófformaðir (þó ekki demantar) | 710310 | c/k<br>@ | T | |
| 14.50.22.50 | Vikur, smergill, náttúrlegt kórund, náttúrlegt granat og önnur náttúrleg slípiefni | 2513 | kg | T | |
| 14.50.22.70 | Demantar til notkunar í iðnaði, óunnir eða aðeins sagaðir, klofnir eða brotnir | 710221 | c/k | T | |
| 14.50.23.13 | Náttúrlegt grafít | 2504 | kg | T | |
| 14.50.23.15 | Kvars og kvarsít til notkunar í iðnaði (þó ekki náttúrlegur kvarssandur) | 2506 | kg | T | |
| 14.50.23.20 | Díatómít (þ.m.t. kísilsýrurík jarðefni og leirkenndur kísilgúr (moler earth), kísilgúr og trípólít) | 2512 | kg | T | |
| 14.50.23.33 | Magnesít, náttúrlegt magnesíumkarbónat | 251910 | kg | T | |
| 14.50.23.35 | Magnesía úr náttúrlegu magnesíumkarbónati eða úr sjó eða saltlegi | 251990 | kg | T | |
| 14.50.23.40 | Asbest | 2524 | kg | T | |
| 14.50.23.53 | Gljásteinn, óunninn, þynnur og flögur, duft og úrgangur | 2525 | kg | T | |
| 14.50.23.55 | Talk (þ.m.t. steatít og klórít) | 2526 | kg | T | |
| 14.50.23.63 | Feldspat og önnur efni sem innihalda feldspat | 252910 | kg | T | |
| 14.50.23.65 | Lefsít, nefelín og nefelínsýenít | 252930 | kg | T | |
| 14.50.23.70 | Vermikúlít og perlusteinn (óþaninn) | 253010 | kg | T | |
| 14.50.23.80 | Gjall og aska þ.m.t. þörungaaska (þó ekki kvarnað gjall, aska og leifar sem í eru málmar eða málmsambönd, gjall til bygginga) | 262190 | kg | S | |

| VÖRUSKRÁ EB | Lýsing | Tilvísunarnr. flokkunar utanríkisverslunar fyrir árið 2004 (HS/CN) | Magn Hlutstæð eining | P | Tilvísun í athuga-semdir |
|---|---|---|---|---|---|
| **NACE 15.11: Framleiðsla og geymsla á kjöti** | | | | | |
| 15.11.11.40 | Nýir eða kældir skrokkar, hálfir skrokkar og fjórðungar með beini af nauta- og kálfakjöti | 0201 (.10 +.20(.20 +.30 +.50)) | kg | S | |
| 15.11.11.90 | Nýjar eða kældar nauta- og kálfakjötssneiðar | 0201 (.20.90 +.30) | kg | S | |
| 15.11.12.00 | Frystir skrokkar, hálfir skrokkar og fjórðungar og sneiðar af nauta- og kálfakjöti | 0202 | kg | S | |
| 15.11.13.30 | Nýir eða kældir skrokkar og hálfir skrokkar af svínakjöti (þ.m.t. nýtt kjöt sem er pakkað með salti sem tímabundið rotvarnarefni) | 020311 | kg | S | |
| 15.11.13.50 | Ný eða kæld svínslæri, -bógar og sneiðar af því með beini (þ.m.t. nýtt kjöt sem er pakkað með salti sem rotvarnarefni til bráðabirgða) | 020312 | kg | S | |
| 15.11.13.90 | Nýtt eða kælt svínakjöt (þ.m.t. nýtt kjöt sem er pakkað með salti sem tímabundið rotvarnarefni, þó ekki skrokkar, hálfir skrokkar, læri, bógar og sneiðar af því með beini) | 020319 | kg | S | |
| 15.11.14.30 | Frystir skrokkar og hálfskrokkar af svínakjöti | 020321 | kg | S | |
| 15.11.14.50 | Fryst svínslæri, -bógar og sneiðar af því með beini | 020322 | kg | S | |
| 15.11.14.90 | Fryst svínakjöt (þó ekki skrokkar og hálfir skrokkar, læri, bógar og sneiðar af því með beini) | 020329 | kg | S | |
| 15.11.15.00 | Nýir eða kældir skrokkar, hálfir skrokkar og sneiðar af lamba- eða kindakjöti | 0204 (.10 +.2) | kg | S | |
| 15.11.16.00 | Frystir skrokkar, hálfir skrokkar og sneiðar af lamba- eða kindakjöti | 0204 (.30 +.4) | kg | S | |
| 15.11.17.00 | Nýtt, kælt eða fryst geitakjöt | 020450 | kg | S | |
| 15.11.18.00 | Nýtt, kælt eða fryst hrossa-, asna-, múldýra- og múlasnakjöt | 0205 | kg | S | |
| 15.11.19.00 | Nýr, kældur eða frystur ætur innmatur nautgripa, svína, kinda, geita, hrossa, asna, múldýra og múlasna | 0206 | kg | S | |
| 15.11.21.00 | Feit ull, hvorki kembd né greidd (þ.m.t. þvegin ull) (þó ekki reyfi) | 510119 | kg | S | |
| 15.11.24.00 | Heilar óunnar húði{r og skinn af dýrum af nautgripa- eða hrossaætt | 4101 (.20 +.50) | p/st | S | |
| 15.11.25.00 | Óunnar húðir og skinn af dýrum af nautgripa- eða hrossaætt (þó ekki heilar húðir og skinn) | 410190 | kg | S | |
| 15.11.26.00 | Skinn af sauðfé | 4102 | p/st | S | |
| 15.11.27.00 | Óunnar húðir og skinn af geitum eða kiðlingum en ekki sútaðar, nýjar eða varðar skemmdum | 410310 | p/st | S | |
| 15.11.30.40 | Svínafita án magurs kjöts, ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi eða reykt (þó ekki brædd) | 0209.00 (.1 +.30) | kg | S | |
| 15.11.30.60 | Svínafeiti og önnur svínafita, brædd | 1501.00.1 | kg | S | |
| 15.11.30.70 | Fita af dýrum af nautgripaætt, sauðfé eða geitum, óunnin eða brædd | 1502 | kg | S | |
| 15.11.40.30 | Þarmar, blöðrur og magar úr dýrum, heilir eða í hlutum (þó ekki úr fiskum) | 0504 | kg | S | |

| VÖRUSKRÁ EB | Lýsing | Tilvísunarnr. flokkunar utanríkisverslunar fyrir árið 2004 (HS/CN) | Magn Hlutstæð eining | P | Tilvísun í athuga-semdir |
|---|---|---|---|---|---|
| 15.11.40.90 | Dýraúrgangur, óhæfur til manneldis (þó ekki fiskur, þarmar, blöðrur og magar) | 0502 + 0506 + 0507 + 0510 + 0511.99 | kg | S | |
| **NACE 15.12: Framleiðsla og geymsla á alifuglakjöti** | | | | | |
| 15.12.11.13 | Nýir eða kældir heilir kjúklingar | 020711 | kg | S | |
| 15.12.11.15 | Nýir eða kældir heilir kalkúnar | 020724 | kg | S | |
| 15.12.11.17 | Nýjar eða kældar heilar gæsir, endur og perluhænsn | 020732 | kg | S | |
| 15.12.11.30 | Ný eða kæld fitulifur gæsa og anda | 020734 | kg | S | |
| 15.12.11.53 | Nýjar eða kældar kjúklingasneiðar | 0207.13 (.10 +.20 +.30 +.40 +.50 +.60 +.70) | kg | S | |
| 15.12.11.55 | Nýjar eða kældar kalkúnasneiðar | 0207.26 (.10 +.20 +.30 +.40 +.50 +.60 +.70 +.80) | kg | S | |
| 15.12.11.57 | Nýjar eða kældar sneiðar af gæsum, öndum og perluhænsnum | 0207.35 (.1 +.2 +.31 +.41 +.5 +.6 +.7) | kg | S | |
| 15.12.11.70 | Nýr eða kældur innmatur alifugla (þó ekki fitulifur gæsa og anda) | 0207 (.13.9 +.26.9 +.35.9) | kg | S | |
| 15.12.12.13 | Frystir heilir kjúklingar | 020712 | kg | S | |
| 15.12.12.15 | Frystir heilir kalkúnar | 020725 | kg | S | |
| 15.12.12.17 | Frystar heilar gæsir, endur og perluhænsn | 020733 | kg | S | |
| 15.12.12.53 | Frystar kjúklingasneiðar | 0207.14 (.10 +.20 +.30 +.40 +.50 +.60 +.70) | kg | S | |
| 15.12.12.55 | Frystar kalkúnasneiðar | 0207.27 (.10 +.20 +.30 +.40 +.50 +.60 +.70 +.80) | kg | S | |
| 15.12.12.57 | Frystar sneiðar af gæsum, öndum og perluhænsnum | 0207.36 (.1 +.2 +.31 +.41 +.5 +.6 +.7) | kg | S | |
| 15.12.12.71 | Frystur innmatur alifugla (þó ekki lifur) | 0207 (.14.99 +.27.99 +.36.90) | kg | S | |
| 15.12.12.75 | Fryst lifur alifugla | 0207 (.14.91 +.27.91 +.36.8) | kg | S | |
| 15.12.13.00 | Nýtt, kælt eða fryst neysluhæft kjöt og innmatur (þ.m.t. kanínur, hérar og veiðidýr, þó ekki alifuglar, nautgripir og hross, svín, kindur og geitur, froskafætur) | 0208 (.10 +.30 +.40 +.50 +.90) | kg | S | |
| 15.12.14.00 | Fita af alifuglum | 0209.00.90 + 1501.00.90 | kg | S | |
| **NACE 15.13: Framleiðsla á kjötvörum og vörum úr alifuglakjöti** | | | | | |
| 15.13.11.10 | Svínslæri, -bógar og sneiðar af því með beini, saltaðar, í saltlegi, þurrkaðar eða reyktar | 021011 | kg | S | |
| 15.13.11.30 | Svínaslög og sneiðar af því, saltaðar, í saltlegi, þurrkaðar eða reyktar | 021012 | kg | S | |
| 15.13.11.50 | Svínakjöt, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt (þ.m.t. flesk, 3/4 síður/miðhlutar, framhlutar, hryggir og sneiðar af því, þó ekki læri, bógar og sneiðar af því með beini, slög og sneiðar af því) | 021019 | kg | S | |
| 15.13.11.70 | Nauta- og kálfakjöt, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt | 021020 | kg | S | |
| 15.13.11.90 | Kjöt, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt, neysluhæft mjöl, fín- og grófmalað, úr kjöti eða innmat (þó ekki svína-, nauta- og kálfakjöt, saltað, í saltlegi eða reykt) | 0210.9 | kg | S | |

| VÖRUSKRÁ EB | Lýsing | Tilvísunarnr. flokkunar utanríkisverslunar fyrir árið 2004 (HS/CN) | Magn Hlutstæð eining | P | Tilvísun í athuga-semdir |
|---|---|---|---|---|---|
| 15.13.12.13 | Pylsur og áþekkar framleiðsluvörur úr lifur (þ.m.t. kæfa og deig sem er sett í pylsugarnir eða pressað í pylsulögun) | 16010010 | kg | S | |
| 15.13.12.15 | Pylsur, ekki gerðar úr lifur | 1601009 | kg | S | |
| 15.13.12.23 | Unnar vörur úr gæsa- eða andalifur þ.m.t. kæfa og deig sem er ekki í pylsugörnum eða -lögun — tilreidd matvæli þar sem kjöt er > 20% þó ekki pylsur — jafnblönduð matvæli | 1602201 | kg | S | |
| 15.13.12.25 | Unnar vörur úr dýralifur (þ.m.t. kæfa og deig sem er ekki í pylsugörnum eða -lögun) tilreidd matvæli þar sem kjöt er > 20% (þó ekki pylsur eða jafnblönduð matvæli úr gæsa- eða andalifur) | 16022090 | kg | S | |
| 15.13.12.33 | Annað kalkúnakjöt: unnið eða varið skemmdum | 160231 | kg | S | |
| 15.13.12.35 | Annað alifuglakjöt: unnið eða varið skemmdum | 1602 (.32 +.39) | kg | S | |
| 15.13.12.43 | Svínalæri eða lærissneiðar, unnar og varðar skemmdum (þó ekki bógur sem er saltaður, í saltlegi, þurrkaður eða reyktur) | 160241 | kg | S | |
| 15.13.12.45 | Svínabógur eða bógsneiðar, unnar og varðar skemmdum (þó ekki nýjar, kældar, frystar, saltaðar, í saltlegi, þurrkaðar eða reyktar) | 160242 | kg | S | |
| 15.13.12.53 | Tilbúnar máltíðir úr svínakjöti þar sem kjöt eða innmatur er < 40% en > 20% (þ.m.t. blöndur, hvers konar fita/tilbúnar máltíðir, bökur og kjötbökur, þó ekki jafnblönduð matvæli) | 16024950 | kg | S | |
| 15.13.12.59 | Unnar kjötvörur úr svínakjöti (þ.m.t. blöndur, hvers konar fita, þó ekki pylsur og áþekkar framleiðsluvörur, kæfa og deig, jafnblönduð matvæli) | 1602.49 (.11 +.13 +.15 +.19 +.30 +.90) | kg | S | |
| 15.13.12.60 | Unnar kjötvörur úr nauta- og kálfakjöti | 160250 | kg | S | |
| 15.13.12.70 | Kjarnar og safar úr kjöti, fiski, krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum | 1603 | kg | S | |
| 15.13.12.90 | Aðrar unnar kjötvörur eða innmatur þ.m.t. blóð | 160290 | kg | S | |
| 15.13.13.00 | Mjöl, fín- og grófmalað, og kögglar, úr kjöti eða innmat sem er óhæft til manneldis, mör og hamsar | 230110 | kg | S | |
| 15.13.90.00 | Matreiðsla og önnur forvinnsluþjónusta við framleiðslu kjötvara | — | — | S | |
| | **NACE 15.20: Vinnsla og geymsla sjávarafurða** | | | | |
| 15.20.11.30 | Ný eða kæld fiskilifur og hrogn | 030270 | kg | S | |
| 15.20.11.90 | Ný eða kæld fiskflök og annað beinlaust fiskkjöt | 030410 | kg | S | |
| 15.20.12.10 | Frystur sjávarfiskur í heilu | 0303 — 0303 (.79.11 +.79.19 +.80) | kg | S | |
| 15.20.12.30 | Frystur ferskvatnsfiskur í heilu | 0303.79 (.11 +.19) | kg | S | |
| 15.20.12.50 | Fryst fiskilifur og hrogn | 030380 | kg | S | |
| 15.20.12.70 | Fryst fiskflök | 030420 | kg | S | |
| 15.20.12.90 | Fryst, beinlaust fiskkjöt (þó ekki flök) | 030490 | kg | S | |
| 15.20.13.10 | Mjöl, fín- og grófmalað, og kögglar, úr fiski sem er hæft til manneldis, fiskilifur og hrogn, þurrkuð, reykt, söltuð eða í saltlegi | 0305 (.10 +.20) | kg | S | |
| 15.20.13.30 | Fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi, en ekki reyktur | 030530 | kg | S | |
| 15.20.13.53 | Reyktur Kyrrahafslax, Atlantshafslax og Dónárlax (þ.m.t. flök) | 030541 | kg | S | |

| VÖRUSKRÁ EB | Lýsing | Tilvísunarnr. flokkunar utanríkisverslunar fyrir árið 2004 (HS/CN) | Magn Hlutstæð eining | P | Tilvísun í athuga-semdir |
|---|---|---|---|---|---|
| 15.20.13.55 | Reykt síld (þ.m.t. flök) | 030542 | kg | S | |
| 15.20.13.59 | Reyktur fiskur (þ.m.t. flök) (þó ekki kyrrahafslax, atlantshafslax og dónárlax, síld) | 030549 | kg | S | |
| 15.20.13.70 | Þurrkaður fiskur, einnig saltaður, saltaður, óþurrkaður fiskur, fiskur í saltlegi (þó ekki reykt flök) | 0305 (.5 +.6) | kg | S | |
| 15.20.14.11 | Lax unninn eða varinn skemmdum, í heilu eða í hlutum en ekki hakkaður (þ.m.t. í ediki, olíu, kryddlegi eða deigi) (þó ekki þurrkaður, saltaður, í saltlegi eða reyktur) | 160411 | kg | S | |
| 15.20.14.12 | Síld unnin eða varin skemmdum, í heilu eða í hlutum en ekki hökkuð (þ.m.t. í ediki, olíu, kryddlegi eða deigi) (þó ekki þurrkuð, söltuð, í saltlegi eða reykt) | 160412 | kg | S | |
| 15.20.14.13 | Sardínur, sardínellur, brislingur og spratti unnin eða varin skemmdum, í heilu eða í hlutum en ekki hökkuð (þ.m.t. í ediki, olíu, kryddlegi) eða deig, þó ekki þurrkuð, söltuð, í saltlegi eða reykt | 160413 | kg | S | |
| 15.20.14.14 | Túnfiskur, röndótti túnfiskur og rákungur unninn eða varinn skemmdum, í heilu eða í hlutum en ekki hakkaður (þ.m.t. í ediki, olíu, kryddlegi eða deigi) (þó ekki þurrkaður, saltaður, í saltlegi eða reyktur) | 160414 | kg | S | |
| 15.20.14.15 | Makríll unninn eða varinn skemmdum, í heilu eða í hlutum en ekki hakkaður (þ.m.t. í ediki, olíu, kryddlegi eða deigi) (þó ekki þurrkaður, saltaður, í saltlegi eða reyktur) | 160415 | kg | S | |
| 15.20.14.16 | Ansjósur unnar eða varðar skemmdum, í heilu eða í hlutum en ekki hakkaðar (þ.m.t. í ediki, olíu, kryddlegi eða deigi) (þó ekki þurrkaðar, saltaðar, í saltlegi eða reyktar) | 160416 | kg | S | |
| 15.20.14.17 | Fiskflök í soppu eða raspi, þ.m.t. fiskstautar | 16041991 | kg | S | |
| 15.20.14.19 | Annar fiskur sem er unninn eða varinn skemmdum (þó ekki fiskstautar) | 1604.19 (.10 +.3 +.50 +.92 +.93 +.94 +.95 +.98) | kg | S | |
| 15.20.14.30 | Fiskur, unninn eða varinn skemmdum (þ.m.t. pylsur og deig, jafnblandaðar, tilbúnar máltíðir, hakkaður) (þó ekki reyktur þurrkaður, saltaður, í saltlegi, fiskstautar, kavíar) | 160420 | kg | S | |
| 15.20.14.51 | Kavíar (styrjuhrogn) | 16043010 | kg | S | |
| 15.20.14.59 | Kavíarlíki | 16043090 | kg | S | |
| 15.20.15.30 | Fryst krabbadýr, fryst mjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar úr krabbadýrum, hæft til manneldis | 0306.1 | kg | S | |
| 15.20.15.53 | Diskur og kræklingur frystur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi | 0307 (.29 +.39) | kg | S | |
| 15.20.15.59 | Vatnahryggleysingjar (þó ekki krabbadýr og lindýr, frosin, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi) mjöl, fín- og grófmalað og kögglar úr vatnahryggleysingjum til manneldis | 0307 (.49 +.59 +.99) | kg | S | |
| 15.20.16.00 | Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar, unnir eða varðir skemmdum (þó ekki frystir, þurrkaðir, saltaðir eða í saltlegi eða krabbadýr í skelinni soðin með gufu eða í vatni) | 1605 | kg | S | |
| 15.20.17.00 | Mjöl, fín- og grófmalað, og kögglar, úr fiski, krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis | 230120 | kg | S | |
| 15.20.18.00 | Óætar fiskafurðir (þ.m.t. fiskúrgangur, þó ekki hvalskíði og skíðishár, kórallar og áþekk efni, skeljar og kolkrabbabein, óunnið eða lauslega forunnið, eða náttúrlegir svampar) | 051191 | kg | S | |
| | **NACE 15.31: Vinnsla og geymsla á kartöflum** | | | | |
| 15.31.11.00 | Frystar kartöflur, ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni | 071010 | kg | C | |
| 15.31.12.10 | Þurrkaðar kartöflur einnig skornar eða sneiddar en ekki frekar unnar | 07129005 | kg | C | |
| 15.31.12.30 | Fín- eða grófmalað mjöl, flögur, kyrni eða kögglar úr þurrkuðum kartöflum | 1105 | kg | C | |

| VÖRUSKRÁ EB | Lýsing | Tilvísunarnr. flokkunar utanríkisverslunar fyrir árið 2004 (HS/CN) | Magn Hlutstæð eining | P | Tilvísun í athuga-semdir |
|---|---|---|---|---|---|
| 15.31.12.50 | Frystar kartöflur, unnar eða varðar skemmdum (þ.m.t. kartöflur matreiddar eða hálfmatreiddar í olíu og síðan frystar, þó ekki með ediki eða ediksýru) | 200410 | kg | C | |
| 15.31.12.70 | Mjöl, fín- eða grófmalað, eða flögur úr kartöflum, unnar eða varðar skemmdum (þó ekki frystar eða þurrkaðar eða kartöfluflögur með ediki eða ediksýru) | 20052010 | kg | C | |
| 15.31.12.90 | Kartöflur, unnar eða varðar skemmdum (þ.m.t. kartöfluflögur, þó ekki frystar, þurrkaðar, varðar með ediki eða ediksýru, í fín- og grófmöluðu mjöli eða flögum) | 2005.20 (.20 +.80) | kg | C | |
| | **NACE 15.32: Framleiðsla ávaxta- og grænmetissafa** | | | | |
| 15.32.10.13 | Frystur óþykktur appelsínusafi | 2009.11.9 | kg | C | |
| 15.32.10.15 | Óþykktur appelsínusafi (þó ekki frosinn) | 2009 (.12 +.19.9) | l @ | C | F |
| 15.32.10.21 | Óþykktur greipaldinsafi | 2009 (.21 +.29.9) | l @ | C | F |
| 15.32.10.22 | Óþykktur safi úr hvers konar öðrum sítrusávöxtum (þó ekki appelsínum og greipaldinum) | 2009 (.31 +.39 (.3 +.5 +.9)) | l @ | C | F |
| 15.32.10.23 | Óþykktur ananassafi | 2009 (.41 +.49 (.30 +.9)) | l @ | C | F |
| 15.32.10.24 | Tómatsafi | 200950 | l @ | C | F |
| 15.32.10.25 | Óþykktur þrúgusafi (þ.m.t. þrúgulögur) | 2009 (.61 +.69 (.59 +.79 +.90)) | l @ | C | F |
| 15.32.10.26 | Óþykktur eplasafi | 2009 (.71 +.79 (.30 +.9)) | l @ | C | F |
| 15.32.10.29 | Óþykktur safi úr hvers konar öðrum ávöxtum/matjurtum, ógerjaður og án viðbætts áfengis (þó ekki appelsínu-, greipaldin-, ananas-, tómat-, þrúgu- og eplasafi) | 2009.80 (.50 +.6 +.7 +.8 +.9) | l @ | C | F |
| 15.32.10.30 | Blöndur óþykktra ávaxta- og matjurtasafa | 2009.90 (.3 +.4 +.5 +.7 +.9) | l @ | C | F |
| 15.32.10.40 | Ávaxta- og matjurtaþykkni (þ.m.t. safablöndur, þó ekki tómatsafi) | 2009 (.11.1 +.19.1 +.29.1 +.39.1 +.49.1 +.69(.1 +.51 +.71) +.79.1 +.80(.1 +.3) +.90(.1 +.2)) | l @ | C | |
| | **NACE 15.33: Vinnsla og geymsla ávaxta og matjurta, ót.a.** | | | | |
| 15.33.11.00 | Frystar matjurtir og matjurtablöndur ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni (þó ekki kartöflur) | 0710 (.2 +.30 +.40 +.80 +.90) | kg | C | |
| 15.33.12.00 | Matjurtir, varðar skemmdum til bráðabirgða með brennisteins-tvíildisgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum, en óhæfar í því ástandi til manneldis | 0711 | kg | C | |
| 15.33.13.30 | Þurrkaður laukur, heill, skorinn, sneiddur, mulinn eða í dufti, en ekki frekar unninn | 071220 | kg | C | |
| 15.33.13.50 | Þurrkaðir sveppir og jarðsveppir, heilir, skornir, sneiddir, muldir eða í dufti, en ekki frekar unnir | 0712.3 | kg | C | |
| 15.33.13.90 | Þurrkaðar matjurtir, aðrar en kartöflur, laukur, sveppir og jarðsveppir, heilar, skornar, sneiddar, muldar eða steyttar í duft, en ekki frekar unnar | 0712.90 (.1 +.30 +.50 +.90) | kg | C | |
| 15.33.14.23 | Tómatar, varðir skemmdum (þó ekki með ediki eða ediksýru) | 200210 | kg | C | |
| 15.33.14.25 | Óþykkt tómatmauk | 2002.90 (.11 +.19) | kg | C | |
| 15.33.14.27 | Þykkt tómatmauk | 2002.90 (.31 +.39 +.91 +.99) | kg | C | |
| 15.33.14.30 | Sveppir og jarðsveppir, unnið eða varið skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru | 2003 | kg | C | |

| VÖRUSKRÁ EB | Lýsing | Tilvísunarnr. flokkunar utanríkisverslunar fyrir árið 2004 (HS/CN) | Magn Hlutstæð eining | P | Tilvísun í athuga-semdir |
|---|---|---|---|---|---|
| 15.33.14.40 | Frystar matjurtir og matjurtablöndur (þ.m.t. matjurtaréttir, þó ekki unnir eða varðir með ediki eða ediksýru, einnig soðnir með gufu eða í vatni) | 200490 | kg | C | |
| 15.33.14.61 | Súrkál, unnið eða varið skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru (þó ekki þurrkað eða fryst) | 20059075 | kg | C | |
| 15.33.14.62 | Ertur, unnar eða varðar skemmdum (þó ekki með ediki eða ediksýru, þurrkaðar, frystar) | 200540 | kg | C | |
| 15.33.14.63 | Afhýdd belgaldin, unnin eða varin skemmdum (þó ekki með ediki eða ediksýru, þurrkuð eða fryst) | 200551 | kg | C | |
| 15.33.14.64 | Belgaldin með hýði, unnin eða varin skemmdum (þó ekki með ediki eða ediksýru, þurrkuð eða fryst) | 200559 | kg | C | |
| 15.33.14.65 | Spergill, unninn eða varinn skemmdum (þó ekki með ediki eða ediksýru, þurrkaður eða frystur) | 200560 | kg | C | |
| 15.33.14.66 | Ólífur, unnar eða varðar skemmdum (þó ekki með ediki eða ediksýru, þurrkaðar eða frystar) | 200570 | kg | C | |
| 15.33.14.67 | Sykurmaís, unninn eða varinn skemmdum (þó ekki með ediki eða ediksýru, þurrkaður eða frystur) | 200580 | kg | C | |
| 15.33.14.90 | Matjurtir eða matjurtablöndur, ófrystar, ót.a. | 2005.90 (.10 +.30 +.50 +.60 +.70 +.80) | kg | C | |
| 15.33.15.00 | Matjurtir, ávextir, hnetur og aðrir plöntuhlutar til manneldis, unnið eða varið skemmdum með ediki eða ediksýru | 2001 | kg | C | |
| 15.33.21.00 | Ávextir og hnetur, ósoðið eða soðið með gufu eða í vatni, fryst | 0811 | kg | C | |
| 15.33.22.30 | Sulta, ávaxtahlaup, mauk eða deig úr sítrusávöxtum, fengið með suðu (þó ekki jafnblandað) | 200791 | kg | C | |
| 15.33.22.90 | Sulta, mauk, ávaxtahlaup, ávaxta- eða hnetudeig, fengið með suðu (þó ekki úr sítrusávöxtum eða jafnblandað) | 200799 | kg | C | |
| 15.33.23.30 | Jarðhnetur, unnar eða varðar skemmdum (þ.m.t. hnetusmjör þó ekki varið með ediki eða ediksýru, fryst deig) | 200811 | kg | C | |
